

DANIEL MANÚELSSON

Erfði bílinn Rolling Stones frá afa

bílar tíska ferðir

allt í MIÐJU BLAÐSINS



FERMINGAR

Góðgæti frá öllum heimsins hornum

Sérblað um fermingar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÁBÆR

OPNUNARTILBOÐ

PARKLIS / DALVEGI 10 - 14 / SIMI 564 3500

Parki INTERIORS

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

17. mars 2007 – 75. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR



Spartverjar og magavöðvar

Skotinn og Íslandsvinurinn Gerard Butler hefur slegið rækilega í gegn sem Leonidas konungur í stórmyndinni 300 sem frumsýnd var í gær.

VIÐTAL 32

Franskir snillingar og framtíðin



Brynhildur Guðjónsdóttir um Ímyndunarveikina, Stelpurnar og aukíð frelsi.

VIÐTAL 30


Kátur í Kína



Birgir Leifur Hafþórsson stendur sig vel á golfmóti sem fram fer í Kína þessa dagana. Hann er kominn í gegnum niðurskurðinn.

ÍPRÓTTIR 56

VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR Á VESTFJÖRÐUM

- Í dag verður vaxandi norðaustan átt á Vestfjörðum, 10-15 í kvöld. Suðvestan 8-13 allra syðst annars hægari. Víða snjókomu eða él. Hiti mjög nálægt frostmarki að deginum.

VEÐUR 4

DELTA LIGHT



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16



ERFIÐ HELGI FRAMUNDAN Ungum helgarpabba í Húsaskóla í Grafarvogi er um og ó er hann tekur við raunveruleikabarni frá Elínu Hönnu Jónsdóttur, hjúkrunarfræðingi og verkefnastjóra hjá ÓB-ráðgjöf. Barnið er gætt tölvutækni og þarf margs konar þjónustu alla helgina því annars grætur það hástöfum. Á armbandinu sem sett er á úlnið unglingsins er greiningartæki sem sýnir hvort brúðan þurfi þela, þurra bleyju eða bara að ropa. Fréttablaðið mun á næstunni fjalla um forvarnir gegn ótímabæru kynlífi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óperukórinn söng á kostnað aldraðra

Stofnunum og verkefnum sem ekki hafa bein tengsl við öldrunarþjónustu hefur ítrekað verið úthlutað fé úr framkvæmdasjóði aldraðra undanfarin sjö ár og nemur það um helmingi fjárins. Ósamræmi er á milli nýrra talna og talna frá 2004.

HEILBRIGÐISMÁL „Við vissum ekki að styrkurinn kæmi úr Framkvæmdasjóði aldraðra og hefðum ekki þegið hann ef það hefði legið ljóst fyrir,“ segir Garðar Cortes, stjórnandi Óperukórsins í Reykjavík, sem fékk hálfá milljón í styrk úr framkvæmdasjóði aldraðra árið 2004. Meðal annarra sem fengu greidda styrki úr sjóðnum á árunum 1999 til 2006 voru Ungmennafélag Íslands, Söngskólinn í Reykjavík, Óperukórinn í Reykjavík, Tónaljón, Lionsklúbburinn í Búðardal, Kvenréttindafélag Íslands og fleiri verkefni og stofnanir sem ekki hafa bein tengsl við öldrunarþjónustu.

Þetta kom fram í svari Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra í vikunni við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur, þingmanns

Samfylkingarinnar, um sundurliðun styrkja úr sjóðnum fram til ársins 2006. Ásta segir heilbrigðisráðherra hafa dregið að svara í mánuð. „Það lítur út fyrir að ráðherra hafi leikið sama leik og síðast þegar hann veitti upplýsingar um sjóðinn í fyrra. Þá útbýtti hann svarinu síðasta dag þingsins þannig að ekki var hægt að taka það til umræðu. Þetta hefur nú endurtekið sig,“ segir Ásta.

Sundurliðunin á styrkjum, sem heilbrigðisráðherra afhenti á síðasta ári, leiddi í ljós að tæplega helmingi af peningum sjóðsins var varið í önnur verkefni en endurbætur og uppbyggingu dvalarheimila aldraðra. Megintilgangur sjóðsins er þó að standa straum af þeim verkefnum.

Tölur í nýju svari ráðherrans

stemma ekki við þau svör sem hann skilaði af sér á síðasta þingi. Upphæðirnar eru lægri auk þess sem nokkra styrkþega er ekki að finna í nýju svari ráðherra. Þá ber svörum ráðherra um ástæður styrks til Óperukórsins í Reykjavík ekki saman við svör kórstjóra. Í svari ráðherra segir að styrkur hafi verið veittur til kórsins vegna tónleikahalds hans á öldrunarstofnun. Það kannast kórstjórinn Garðar Cortes ekki við.

Einu hugsanlegu ástæðuna fyrir styrkveitingunni til Óperukórsins telur Garðar vera þá að þetta kunnir að vera greiðsla fyrir söng á Landspítalanum. Aldraðir hefðu þó hvergi komið nálægt því.

Heilbrigðisráðherra vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

- kdk

Samkynhneigðir í Svíþjóð: Kirkjan fellst á hjónabönd

STOKKHÓLMUR, AP Sænska kirkjan hefur ekkert lengur á móti því að gefa samkynhneigð þör saman með kirkjulegri athöfn, svo framarlega sem ríkið setur lög um hjónabönd samkynhneigðra. Þetta sagði Claes Bertil-Ytterberg biskup, talsmaður sænska kirkjubingsins.

Samkynhneigðir í Svíþjóð hafa frá árinu 1994 átt þess kost að ganga í staðfesta samvist og frá 2005 hefur sænska kirkjan boðið upp á kirkjulegar athafnir til að blessa slík sambönd.

Á miðvikudaginn í næstu viku er von á skýrslu frá opinberri nefnd um það hvort breyta eigi lögum um staðfesta samvist þannig að hjónabönd samkynhneigðra verði einnig leyfð.

- gb

Stefnt að frestun Alþingis í dag: Enn bíður fjöldi mála afgreiðslu

STJÓRN MÁL Óvissa einkenndi störf Alþingis lengst af í gær. Lungann úr deginum reyndu þingforseti og forystumenn flokkanna að ná samkomulagi um afgreiðslu þingmála og þingfrestun en á meðan ræddu nokkrir þingmenn og landbúnaðarráðherra um nýgerðan sauðfjársmning.



PÉTUR BLÖNDAL

Eftir næstum fimm klukkustunda umræður var málið samþykkt. Aðeins Pétur H. Blöndal Sjálfstæðisflokki var á móti.

Samkomulag náðist undir kvöld um meðferð margra mála, ýmist um að þau fengju brautargengi eða heyrðu sögunni til. Meðal viðamikilla mála sem ekki verða afgreidd er langtímavegaáætlun.

Næstum þrjátíu frumvörp voru samþykkt sem lög í gærkvöldi en enn bíða tugir mála afgreiðslu. Stefnt er að þingfrestun í dag.

- bps

Kringlu 20-50% kast
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

Opið 10-18 í dag

Kringlan

OLYMPUS MYNDAVÉLAR FYRIR FERMINGARNAR

OG Nikon

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

SPURNING DAGSINS



Vignir, geturðu ekki einu sinni slegið á létta strengi?

„Jú, það ætti nú alveg að vera hægt.“

Vignir Snær Vigfússon, gítarleikari og tónlistarstjóri X-Factors, er fjarri góðu gamni eftir að hafa runnið í hálfu og handleggsbrotnað.

Meintur Voganiðingur:

Áreitni gegn níu stúlkum

LÖGREGLUMÁL Tíu mál eru til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á hendur tæplega þrítugum manni sem grunaður er um að hafa áreitt ungar stúlkur í Vogahverfi og víðar.

Stúlkurnar sem um ræðir eru á aldrinum fimm til tólf ára. Maðurinn er grunaður um að hafa reynt að lokka eldri stúlkurnar upp í bíl til sín, en lögreglurannsóknin beinist að viðskiptum hans við yngri stúlkurnar.

Hann var úrskurdaður í gæsluvarðhald til 28. mars, en gert er ráð fyrir að málið verði sent ríkissóknara fyrir þann tíma. - jss



SKIPT UM JARÐVEG Menguðum jarðvegi var mokað burt. Um 350 lítrar af olíu láku úr bílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gat á olútanki bíls í Heiðmörk: 350 lítrar af olíu láku út í hraun

OLÍULEKI Um 350 lítrar af olíu láku úr 40 tonna flutningabíl sem lenti í óhappi í Heiðmörk í gær. Ökumaður bílsins missti stjórn á honum í beygju vegna hálfu, með þeim afleiðingum að bíllinn rann út í kant og lenti þar á hraundranga sem setti gat olútankinn.

Mikið magn af olíu lak úr tankinum auk þess sem smurólíuleki gerði vart við sig. Vegnum hefur verið lokað en eftir helgina verður hafin hreinsun. Ólíklegt er talið að vatnsból Reykvíkinga, sem eru skammt undan, hafi mengast. - þp

Stjórnarandstaðan hafnar orðum formanns Framsóknar um að hún beri ábyrgð á afdrifum stjórnarskrármálsins:

Jón Sigurðsson vildi aldrei samstarf

STJÓRNMÁL Formenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi hafna þeim yfirlýsingum Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins, að stjórnarandstaðan hafi gengið á bak orða sinna um samstarf í því að veita frumvarpi formanna stjórnarflokkanna um auðlindaákvæði í stjórnarskrá brautargengi.

„Þetta eru mikil vonbrigði en ég vísa ábyrgðinni á stjórnarandstöðuna,“ sagði Jón í Fréttablaðinu í gær.

Formennirnir segja boði stjórnarandstöðunnar um samstarf aldrei hafa verið tekið. Þvert á móti hafi formenn stjórnarflokka samíð og dreift frumvarpinu upp á sitt eisdæmi, án nokkurs samráðs.

Á blaðamannafundi í gær rifjuðu formennirnir upp tvö viðtöl fréttamanna Útvarpsins við Jón Sigurðsson. Í þeim kemur glögglega

fram að samstarf við stjórnarandstöðuna var ekki á dagskrá af hálfu Jóns. Í hinu fyrra, sem tekið var 3. mars, sagði Jón aldrei hafa komið til greina að vinna málið með stjórnarandstöðinni. Í síðara viðtalinu, teknu 7. mars, sagði Jón samstarf með stjórnarandstöðinni ekki á dagskrá.

Formenn Frjálslynda flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs segja þessi orð, og aukinheldur þá staðreynd að stjórnarflokkarnir hvorki föluðust eftir samstarfi að fyrra bragði né þáðu boði stjórnarandstöðunnar þar um, sýna glögglega að yfirlýsingar um ábyrgð stjórnarandstöðunnar fái ekki staðist. Séu í raun fullkomlega ósæmilegur áburður. Enda hafi aldrei alvara búið að baki málinu og það aðeins sjónarspil. - bps



ÓSÆMILEGUR ÁBURÐUR Formenn stjórnarandstöðuflokkanna; Steingrímur J. Sigfússon, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Guðjón Arnar Kristjánsson, vitna til útvarpsviðtala þegar þau segja Jón Sigurðsson aldrei hafa haft áhuga á samstarfi um auðlindaákvæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Dæmdur til að greiða bætur fyrir meiðyrði

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, var í gær dæmdur til að greiða eigendum starfsmannaleigunnar 2b miskabætur vegna ummæla sem hann lét falla um þá í fjölmiðlum. „Réttlætið sigraði,“ segir eigandi 2b.

DÓMSMÁL Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, var í gær dæmdur til að greiða eigendum starfsmannaleigunnar 2b ehf., hjónunum Eiði Eiríki Baldvinsyni og Olenu Shchavynska, alls eina og hálfu milljón króna vegna ummæla sem hann lét falla um þau haustið 2005.

Forsaga málsins er sú að 2b ehf. stóð í viðskiptum við Suðurverk ehf. sem er eitt fjölmargra verktakafyrirtækja á Kárahnjúkasvæðinu og sá fyrirtækinu fyrir starfsmönnum. Pistill

birtist á vefsvæði Rafiðnaðarsambandsins þar sem forsvarsmenn 2b ehf. voru sagðir hafa lagt til við verkstjóra Suðurverks að berja starfsmennina sem þeir hefðu leigt af 2b ehf. Í kjölfarið voru viðtöl við Guðmund Gunnarsson í fréttatímum Stöðvar 2 og Sjónvarpsins þann 23. október 2005 og lét hann þá ummælin sem hann var dæmdur fyrir í gær falla.

Auk þess að ummælin voru dæmd dauð og ómerk þá var Guðmundi gert að greiða Olenu og Eiði Eiríki samanlagt 800 þús-



EIÐUR EIRÍKUR BALDVIÐSSON

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

und krónur í miskabætur. Þá þarf hann að greiða þeim aukalega 200 þúsund krónur til að standa straum af birtingu niðurstöðu dómsins í fjölmiðlum.

Að síðustu var honum einnig gert að greiða stefnendum hálfu milljón í málskostnað. Alls gerir þetta eina og hálfu milljón auk dráttarvaxta.

Eiður Eiríkur var ánægður með niðurstöðuna.

„Þetta mál hefur tekið mikið á mig og sérstaklega konuna mína. Það er því afskaplega gleðilegt að íslenskt réttarfar sé svona skilvirkt. Ég er virkilega ánægður með þessa niðurstöðu og það er ekki spurning að réttlætið hefur sigrað. Að einn af forystumönnum íslenskrar verkaldýshreyfingar skuli láta svona ummæli falla í fjölmiðlum er með ólíkindum.“

„Dómarinn ræður,“ sagði Guðmundur Gunnarsson um dóminn en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um niðurstöðuna. Hann hafði enn ekki tekið ákvörðun um hvort dómnum yrði áfrýjað.

thordur@frettabladid.is

UMMÆLIN SEM VORU DÆMD ÓMERK

Í fréttatíma Stöðvar Tvö þann 23. október 2005:

„...að svona dólgar sem koma svona fram við fólk að þetta er í sjálfu sér nákvæmlega sama tóbakið og þeir sem eru að flytja konur frá Austurlöndum og börn og selja þau í kynlífsþrælkun.“

„Þarna eru dólgar að flytja inn bláfátækt verkafólk og notfæra sér eynd þess til þess að hagnast á því.“

„Eiginkona þessa manns, sem er samlandi þessara manna, það er að segja pólsk kona, hún er að hótta því að ef þeir séu ekki þægir og góðir þessir menn þá verði þeir fluttir til Reykjavíkur og settir í alls konar skítadjobb og þeir verði látnir borga 80 þúsund kall kostnað og fyrir 1 dollara á tímann.“

„Og hún gengur á milli verkstjóranna austur á Kárahnjúkasvæði og segir að ef þeir eru ekki þægir og góðir þessir Pólverjar þá skuli þeir bara ganga í skrokk á þeim.“

Í fréttatíma Sjónvarpsins þann 23. október 2005:

„Síðan eru okkur sýndir einhverjir launaseðlar sem eru svo bara tóm dilla. Og síðan eru okkur sýndir ráðningarsamningar sem að þeir kannski hafa aldrei séð sjálfir, þannig að þetta er svona bara skipulögð glæpastarfsemi, það er ekki hægt að kalla þetta neitt annað.“

„Já, konan, pólska konan, sem er annar eigandi þessa fyrirtækis, hún fór og sagði við verkstjórnann, einn af verkstjórunum þarna upp frá, að ef þeir væru með eitthvert múður þessir Pólverjar þá ætti bara að lemja þá, þeir væru vanir því úr sínu heimalandi.“

Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks treystir Alcan:

Virðist sakleysislegt

PERSÓNUVERND Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði, segist ekki halda að gögnum sé safnað á ólögmatan hátt í kosningakerfi Alcan sem Persónuvernd hefur nú til skoðunar. Vefurinn geymir upplýsingar um afstöðu íbúa Hafnarfjarðar til stækkunar álfvers Alcan.

„Tilfinning mín er að þetta sé svona heldur sakleysislegt,“ segir Rósa. „Þetta virðist bara vera fyrirtæki sem þarf að hella sér út í kosningabaráttu til að berjast fyrir sinni framtíð, og þetta hlýtur að vera svipað og viðþekkt kosningakerfi stjórnmálaflokkanna. Þeir segja að lögræðingar hafi séð til þess að þetta stæðist lög, og maður hlýtur að treysta þeim, þeir ættu að hafa allt sitt á hreinu.“



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

LÚÐVÍK GEIRSSON

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segist lítið þekkja til málsins og því ekki vilja taka afstöðu. „Ef málið er inni á borði hjá Persónuvernd þá er auðvitað bara þeirra að kveða upp um hvað þeir telja samræmast lögum og reglum og hvað ekki. Ég hef í sjálfu sér engar forsendur til að meta það,“ segir Lúðvík Geirsson. - sh

Sex ríki öryggisráðsins:

Hafa samið um refsiaðgerðir

SAMEINUÐU ÞJÓÐARNAR, AP Fulltrúar sex aðildarríkja Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna náðu

á fimmtudaginn samkomulagi um hertar refsiaðgerðir gegn Íran vegna kjarnorkuvinnslu, sem þar er stunduð.

Að samkomulaginu standa öll fastaríkin fimm, Bandaríkin, Rússland, Kína, Bretland og Frakkland, auk Þýskalands. Í næstu viku verður samkomulagið kynnt hinum tíu ríkjunum, sem eiga sæti í Öryggisráðinu.

Aðgerðirnar fela meðal annars í sér bann á vopnaviðskipti og fjármagnsflutninga gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum sem tengjast kjarnorkuvinnslunni í Íran. - gb



MAHMOUD AHMADINEJAD

Geðþjónusta veitt fleirum:

30 til 40 heyrnarlausir gætu þurft aðstoð

HEILBRIGÐISMÁL Þeim sem þurftu að þola ofbeldi á opinberum stofnunum býðst geðheilbrigðisþjónusta, hlíðstæð þeirri sem fyrrverandi vistmönnum Breiðavíkurheimilisins hefur staðið til boða að undanförunu.

Siv Friðleifs-dóttir heilbrigðisráðgjafi hvetur þá sem telja sig þurfa á þjónustu að halda að hafa samband við sérstakt teymi sem starfar á geðsviði Landspítala.

Um tuttugu fyrrverandi vistmenn á Breiðavík hafa notið þjónustunnar en Siv segir ómögulegt að segja til um hve margir til viðbótar þiggi hjálpinu. Hún gerir þó ráð fyrir að það geri á milli 30 og 40 heyrnarlausir sem beittir voru ofbeldi. - bps



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

SVARTFJALLALAND

Sækir um aðild að ESB

Svartfjallaland tók á fimmtudag fyrsta skrefið í áttina að Evrópusambandsaðild þegar Zeljko Sturanovic forsætisráðgjafi og Olli Rehn, stækkunarmálastjóri Evrópusambandsins, undirrituðu samning um stöðugleika og samskipti.

LÖGREGLUFRETTIR

Hraðakstur fyrir norðan

Lögreglan á Akureyri stöðvaði sjö ökumenn fyrir of hraðan akstur á Glerárgötu í gær. Að sögn lögreglunnar var kominn vorhugur í menn, allar götur auðar og því freistandi að kitla pinnann. Lögreglan á Ólafsfirði og Dalvík hafði einnig afskipti af nokkrum ökumönnum sem óku of hratt.

BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN PASSAT 4MOTION 2.0

Nýskr. 07.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 8 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð
3.180.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Blómafræ

30%
afsláttur

Nú þarf að
klippa!

25%
afsláttur

af Gardena og WolfGarten klippum



899

Hekklippur



599

Greinalippur

Vorlaukar

25%
afsláttur

Ræktunardagar í Blómavali

Úrvals
Gróðurmold

199
10 ltr



Substral blómaáburður 399


blómaval
heillandi heimur

Skútvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,95	67,27
Sterlingspund	130,43	131,07
Evra	89,22	89,72
Dönsk króna	11,977	12,047
Norsk króna	10,978	11,042
Sænsk króna	9,633	9,689
Japanskt jen	0,5738	0,5772

SDR	101,19	101,79
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,564
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hagfræðingar um lækun Fitch Ratings á lánsþæfismati íslenska ríkisins:

Hækkar lánsvexti fjölskyldna

EFNAHAGSMÁL Katrín Ólafsdóttir hagfræðingur segir að lækun Fitch Ratings á lánsþæfismati íslenska ríkisins þýði að ríkið fái almennt verri kjör í lántökum sínum. Lánsþæfismatið hafi líka áhrif á kjörin sem bankarnir fái í lántökum sínum erlendis og leiði þar með til hærri vaxta innanlands.

„Þetta þýðir væntanlega að bankarnir verða að taka lán á verri kjörum og það hlýtur því að leiða að einhverju leyti til hærri vaxta innanlands. Svo er spurning hve stór og mikil áhrifin verða. Að sumu leyti er þessi breyting fyrirséð og að einhverju leyti komin fram í gegnum væntingar. En það verða einhver áhrif, það er alveg klárt,“ segir hún.

„Það gefur augaleið að þessi lækun á lánsþæfismati hækkar lántökukostnað, ekki bara ríkisins heldur líka þjóðfélagsins. Í rauninni er verið að meta greiðsluhæfni þjóðarinnar,“ segir Gylfi



KATRÍN ÓLAFS-DÓTTIR
„Bankarnir verða að taka lán á hærri kjörum.“



GYLFI ARNBJÖRNSSON
„Hefur áhrif á stöðu okkar sem einstaklinga.“

Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. „Bankarnir verða að skila hærri tilkostnaði í gegnum útlánsvexti sína þannig að auðvitað hefur þetta áhrif á stöðu okkar sem einstaklinga. Heimilin í landinu skulda yfir 1.300 milljarða. Hálf þúsund þúsund í vöxtum jafngildir einu skattþrosenti.“

- ghs

Skoðanakönnun Gallup: Fleiri hlynntir stækkun álvers

ATVINNUMÁL 44 prósent landsmanna eru hlynnt stækkun álvers Alcan í Straumsvík samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar sem Gallup gerði fyrir RÚV og Morgunblaðið.

Þar kemur einnig fram að 39 prósent Íslendinga eru andvíg stækkuninni og 17 prósent hvorki andvíg né hlynnt henni. Úrtak könnunarinnar var 1.820 manns á aldrinum 18 til 75 ára og var svarhlutfall 61 prósent.

Rúmlega níu af hverjum tíu sem svöruðu tóku afstöðu til málsins. Koskið verður um stækkunina þann 31. mars.

- þsj



VERJAST EGGJAKASTI Öryggisverðir notuðu regnhlífir til að verjast eggjakasti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli í Ungverjalandi: Götubardagar á Þjóðhátíðinni

UNGVERJALAND, AP Mótmælaaðgerðir stjórnarandstæðinga settu sterkan svip á hátíðahöld á þjóðhátíðardegi Ungverja á miðviku-dag. Þúsundir hægrimanna söfnuðust saman og kröfðust afsagnar forsætisráðherrans og sósíalísta-ans Ferenc Gyurcsany.

Hörð átök herskára þjóðernis-sinna við lögreglu brutust út um kvöldið og voru tugir manna handteknir. Ekki er búist við miklum átökum næstu daga, en mótmæli gegn Gyurcsany hafa brotist út reglulega í vetur.

Þjóðhátíðardagurinn er haldinn til minningar um uppreisn Ungverja gegn Habsborgarveldinu árið 1848.

- gb

ALMANNAVARNIR

Hættuástandi aflýst
Íbúar við Dísarland og Traðarland í Bolungarvík, sem þurftu að rýma hús sín á mánudag, fengu að snúa aftur til síns heima í gær. Ekki er lengur talin hætt á snjóflóðum á svæðinu er viðbúnaðarstig er þó enn í gildi.

DÓMSMÁL

Skallaði lögreglu
Karlaður á Þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir héraðsdómi fyrir að skalla lögreglumann með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi hlaut skurð á augabrún, sem setja þurfti þrjú sporum.

Heimild til að greiða undir taxta felld út

Harkalegar deilur urðu á fundi samgöngunefndar Alþingis í gær. Verkalýðshreyfingin taldi frumvarp um alþjóðlega skipaskrá brot á stjórnarskrá, mannréttindasáttmála og alþjóðasamningum. Deilurnar leystust í gærkvöldi.

ALÞINGI Sátt náðist um það á fundi samgöngunefndar í gærkvöldi að fella grein um kjarasamning um frumvarpi um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Harkalegar deilur urðu milli fulltrúa ASÍ og Sjómannasambandsins annars vegar og formanns samgöngunefndar hins vegar um frumvarpið á fundi nefndarinnar eftir hádegi í gær. Fulltrúar ASÍ og Sjómannasambandsins voru alfarið mótfallnir frumvarpinu og töldu það brot á stjórnarskránni, mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamningum.

„Það féllust allir á þá niðurstöðu að kjarasamningur væru bara mál þeirra sem að kæmu og að löggjafinn ætti ekki að vera að setja einhver ákvæði þar um,“ sagði Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar, eftir að sátt náðist.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþjóðsambandsins, segist ánægður með niðurstöðuna. „Við erum mjög sáttir við að það sé tekin út úr frumvarpinu heimild til að greiða undir lágmarkslaunum. Þar með er í sjálfu sér ekkert ákveðið í þessu frumvarpi varðandi kjör, enda eru önnur lög sem fjalla um þau.“

Gylfi hafði gagnrýnt að samtök launafólks hefðu ekki vitað af þessu frumvarpi fyrr en um hádegi í fyrradag og ekki hefði verið óskað eftir umsögn ASÍ eftir fundinn í samgöngunefnd í gær. Það væri mjög sérstök málsmeðferð.

Meðal þess sem gagnrýnt var í fyrstu gerð frumvarpsins var að með því væri verið að binda í lög að kjör gætu verið lakari en kveðið er á um í kjarasamningum og í



ÁHYGGJUR AF ÁHRIFUM FRUMVARPSINS Harðar deilur urðu um frumvarp um íslenska alþjóðlega skipaskrá á fundi samgöngunefndar í gær. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og sjómanna hafa áhyggjur af því að áhrifin verði þau að íslensk kjör verði færð niður. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

raun væri verið að samþykka mismunun á grundvelli þjóðernis, sem væri óheimilt samkvæmt stjórnarskránni. Auk þessa væri verið að brjóta grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunar sem Íslendingar hefðu skuldbundið sig til að fylgja.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar, sagði að engin ástæða hefði verið til að óska eftir umsögn ASÍ enda hefði Alþjóðsambandið aldrei beitt sér

í málefnum farmanna. Íslensk alþjóðleg skipaskrá hefði lengi verið í umræðunni milli kaupskipaútgæra og stéttarféлага farmanna og nú loks náð saman.

„Fyrst samkomulag náðist sýnist mér að það sé einsýnt að þessi mál nái fram að ganga og þá vonar maður bara að þetta verði til þess að aftur muni sjást skip undir íslenskum fána og skip á íslenskri skipaskrá.“

ghs@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is



BANNMERKI MEÐ HAKAKROSSI Ekki bannað í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómur um nasistatákn: Ekki bönnuð í mótmælaskyni

BERLÍN, AP Dómstóll í Berlín komst í gær að þeirri niðurstöðu að heimilt sé að nota nasistatákn opinberlega ef augljóslega er verið að lýsa andstöðu við þau og nasismismann sem þau standa fyrir.

Jürgen Kamm og póstsendingarfyrrirtæki hans Nix Gut teljast þar með ekki hafa brotið lög með því að framleiða og selja vörur, svo sem límíða, barmmerki og boli, með nasistatáknum og selja á netinu vegna þess að táknunum fylgja greinileg skilaboð um andúð á þeim.

- gb

Árekstrar á Akureyri: Einn fluttur á slysadeild

LÖGREGLUMÁL Einn var fluttur á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eftir harðan árekstur á Akureyri í gærmorgun. Slysið varð með þeim hætti að vörubíll og fólksbíll skullu saman á gatnamótum Undirhlíðar og Krossanesbrautar. Fólksbíllinn er talinn ónýtur eftir slysið en öku- maðurinn sem slasaðist var einn í bílnum. Meisli hans voru ekki alvarleg.

Þá handtók lögreglan á Akureyri öku mann sem lenti í litlum árekstri á gatnamótum Þórunnarstrætis og Þingvallastrætis. Hann er grunaður um ölvun við akstur. Ekki urðu slys á fólki.

- þo

MÍÐASALA Í SÍMA 568 8000
OO Á WWW.BORGARLEIKUSÍÐI.IS

VesturPort BORGARLEIKUSÍÐI

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

MAGNA ÓLAFSSON KRISTRÖNG KJELD SKAPTI ÓLAFSSON

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Viðast 8-13 m/s en hvassara við austurströndina

» mánudagur


10-15 m/s allra austast annars mun hægari.

Kaupmannahöfn	8°C skúrir	London	14°C léttskýjað
Billund	8°C skúrir	Paris	12°C hálfskýjað
Oslo	3°C hálfskýjað	Frankfurt	12°C hálfskýjað
Stokkhólmur	6°C hálfskýjað	Friedrichshafen	12°C skúrir
Gautaborg	5°C hálfskýjað	Berlín	10°C skúrir

Alicante 19°C skúrir
Eindhoven 12°C alskýjað
Algarve 20°C hálfskýjað
Basel 12°C hálfskýjað
Las Palmas 19°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

ALLAN ÁRSINS HRING EF ÞÚ VILT...



GOTT FOLK

Það er stutt í hús á Spáni

...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

Opið hús laugardag og sunnudag frá 10-16.

Við bjóðum þér á nýju skrifstofu okkar á Grensásvegi 13, þar sem starfsfólk okkar gefur þér upplýsingar um allt sem varðar fasteignakaup á Spáni. Með okkar hjálp gerirðu drauminn að veruleika.

Við hjá Perla Investments höfum farsælega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:

- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Bjóðum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignþjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar

**VELKOMIN!
OPIÐ HÚS
UM HELGINA
KL. 10-16**

KJÖRKASSINN



Hefur þú verið sektuð/sektaður fyrir umferðarlagabrot?

Já	50%
Nei	50%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er aðbúnaður blindra barna á Íslandi viðunandi?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Farsæld til framtíðar var yfirskrift Iðþings sem haldið var í gær:

Aðild að ESB verði skoðuð

IÐNAÐUR „Það er kominn tími til að Íslendingar fái botn í áralanga umræðu um það hvort við ætlum að sækjast eftir aðild að ESB og taka upp evru,“ sagði Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, á Iðþingi sem fram fór í gær. Hann óskaði jafnframt eftir vitrænni umræðu um Evrópumálin. Í ályktun Iðþingsins segir að efla verði raungræinakennslu á öllum skólastigum og bæta árangur nemenda enda sé vel menntað starfsfólk undirstaða hagvaxtar í framtíðinni. Ályktun þingsins leggur einnig til að stimpilgjöld verði lögð niður og að sköpuð verði sátt um skynsamlega nýtingu auð-

linda þannig að jafnvægi ríki milli verndunar og nýtingar. Þá krefjast samtökin þess að Alþingi, sem kjörið verður í vor, taki aðild Íslands að Evrópusambandinu til varlegrar skoðunar.

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra ávarpaði þingið og fjallaði um þróun auðlindanýtingar og nýsköpun atvinnulífsins. „Takmörkuð nýsköpun í starfandi fyrirtækjum er að mínu mati einn helsti veikleiki íslensks atvinnulífs og á þeim veikleika þarf að taka,“ sagði Jón.

Aðrir ræðumenn á þinginu voru Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, Víglundur Þor-



IÐNÞING 2007 Helgi Magnússon formaður samtaka iðnaðarins fjallaði meðal annars um upptöku evrunnar í ræðu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

steinsson, stjórnarformaður BM Vallar og Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins.

-þo

Lögbrjótur í umferðinni:

Stakk af á hlaupum

LÖGREGLAN Lögreglan í Borgarnesi stóð í ströngu aðfaranótt föstudagsins. Tveir öikumenn voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur og reyndi annar þeirra að stinga af á hlaupum.

Hann náðist að lokum og var handtekinn.

Þá urðu nokkur umferðaróhöpp í umdæmi lögreglunnar vegna hálfu í gær og fyrradag.

Tilkynnt var um fjögur minniháttar óhöpp á Borgarfjarðarbrautinni.

Í einu tilfalli var ekið á hross og kenndu ökumaður og farþegi eymsla. Þeir slósuðust þó ekki alvarlega.

-þo

Tilboð óskast



Bíldshöfði 2a til sölu og brottflutnings

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir kauptilboðum í fasteignina Bíldshöfði 2a, til brottflutnings. Fasteignin er timburhús á einni hæð, á steyptum sökkli og plötu að gólfleti 130 m². Húsið er byggt árið 1984. Búið skal vera að fjarlægja húsið í síðasta lagi 1. júní 2007. Ekki er þörf á að fjarlægja sökkla og botnplötu.

Nánari upplýsingar og gögn um eignina eru á heimasíðu Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/fs/auglysingar og í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2. Húseignin verður til sýnis í samráði við Framkvæmdasvið.

Tilboð skulu berast Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 2, Reykjavík, fyrir kl. 15:00 þriðjudaginn 27. mars 2007.



Upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Árinn Fjarfestifé ehf



Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Í HÉRAÐSDÓMI Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, bar vitni í Baugsmálinu í gær. Greindi hann meðal annars frá aðstoð sinni við að finna lögmann fyrir Jón Gerald Sullenberger, sem hér ræðir við ritstjórnann að loknum vitnisburðinum.

Styrmir bundinn trúnaði

Ritstjóri Morgunblaðsins sagðist bundinn trúnaði um hver „ónefndi maðurinn“ í tölvupósti hans væri. Ekki hefur náðst í Kjartan Gunnarsson til að boða hann sem vitni og mætti hann ekki í réttinn í gær.

BAUGSMÁL Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, vildi ekki gefa upp hver „ónefndi maðurinn“ í tölvupósti hans til Jónínu Benediktsdóttur var, þegar hann bar vitni í Baugsmálinu í héraðsdómi í gær. Styrmir sagðist bundinn trúnaði sem ritstjóri dagblaðs við þá sem hann á samskipti við.

Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, var einnig á dagskrá sem vitni, en boðunardeild lögreglu hafði ekki náð í hann til að boða hann í dóminn og mætti hann ekki í réttarsal í gær.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, kallaði Styrmi fyrir dóminn sem vitni og spurði út í þá atburðarás sem fjallað var um í Fréttablaðinu í september 2005. Þar var sagt frá tölvupóst-samskiptum Styrmis og Jónínu í aðdraganda Baugsmálsins, sumarið 2002.

„Mér þótti fyndið að upplifa það að hvorki Jónína Benediktsdóttir né Jón Gerald Sullenberger töldu sig geta treyst Jóni Steinari [Gunnlaugssyni]. Á bak við þetta er ekkert annað en gamansemi og ekki alvara á nokkurn hátt,“ sagði Styrmir, þegar hann skýrði orðalagið í tölvupósti sínum.

Þar segir meðal annars: „Þegar ég talaði um þetta mál við Jón Steinari hafði ég Kjartan með. Þetta er eins innmúrað og innvígt. Þetta er eins innmúrað og innvígt eins og nokkur hlutur getur verið. Ég þekki hins vegar ekki samband Jóns Steinars og Tryggva og mun kanna það. En það er alveg sama hvaða menn Jón Steinari þekkir.

Tryggð hans við ónefndan mann er innmúrað og ófrávikjanleg og þess vegna þurfið þið Jón Gerald ekki að hafa nokkrar áhyggjur.“

Sá Kjartan sem um er rætt er Kjartan Gunnarsson, þáverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Styrmir rakti málið stuttlega í réttinum í gær og sagðist þá hafa leitað til Kjartans sem æskuvinar, en ekki sem framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Hann hafi fengið álit Kjartans á Jóni Steinari Gunnlaugssyni, þá hestaréttarlögmanni.

Gestur spurði Styrmi einnig hvað átt hafi verið við með orðalaginu „innmúrað og innvígt“. Styrmir sagði það hafa verið tilraun til fyndni, sem skiljist sennilega ekki þegar þetta sé birt í fjölmiðli, ekkert hafi verið á bak við þetta orðalag.

Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds, spurði Styrmi hvort hann hefði á þeim tíma sem hann kom Jóni Gerald í samband við lögmann vitað hvaða stefnu málið myndi taka. Styrmir sagði að aldrei hefði verið talað um kæru til lögreglu, hann hafi aðeins komið Jóni Gerald í samband við lögmann. Það hafi hann raunar gert ítrekað á sínum ferli sem ritstjóri Morgunblaðsins.

Fleiri vitni komu fyrir dóminn í gær, þar á meðal Daði Örn Jónsson, ráðgjafi hjá Kögun. Hann fékk leyfi réttarins til að sýna með aðstoð fartölvu og skjávarpa hvernig falsa mætti tölvupóst með ritvinnsluforriti, tölvupóstforriti og þekkingu sem aflla má á netinu.

brjann@frettabladid.is

ORÐRÉTT

„Það er hægt að falska alla hluti.“ Jón Lárusson, sem var sérfræðingur efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra í tölvumálum, svaraði spurningu Jakobs R. Möller, verjanda Tryggva Jónssonar, um það hvort hægt væri að falska tölvupóst.



„Jón Gerald var náttúrulega okkar maður í Ameríku, Jón Gerald reddaði því sem þurfti að redda.“ Þóður Þórisson, sem sá um innkaup fyrir Bónus í langan tíma, lýsti sambandi Bónuss og Jóns Geralds Sullenberger.



„Með fullri virðingu fyrir lögmanninum er þessi spurning orðhengilsháttur.“ Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, gagnrýndi spurningu Gestis Jónssonar, lögmanns Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, um orðalag í yfirlýsingu sem Kjartan Gunnarsson sendi frá sér eftir að fjallað var um tölvupóst-samskipti Styrmis og Jónínu Benediktsdóttur í Fréttablaðinu.



„Ert þú sprunginn, vilt þú komast að?“ Það virtist koma Arngrími Ísberg dómformanni á óvart að Tryggvi Jónsson ætlaði að gefa skýrslu í annað sinn í gær og hélt að honum lægi mikið á hjarta.



„Það er ekki allt svona flókið í heiminum, það er ekki alltaf ástæða til að snúa út úr og draga í efa.“

Tryggvi Jónsson, einn ákærðu í málinu, sagði viðskipti með Urði Verðandi Skuld ekki hafa verið sérlega flókin og óþarfa hjá saksóknara að gefa í skyn að svo hafi verið.



„Næsta spurning er þannig að ég skil hana ekki sjálfur, en ég verð að vona að þú skiljir hana.“

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, spurði eiganda tölvufyrirtækisins sem vistaði pósti Baugs um það hvers konar netþjónn hafi verið notaður.



BAUGSMÁLIÐ Á MÁNUDAG

Síðasti dagur vitnaleiðslna í Baugsmálinu verður á mánudag, en þá tekur við hlé út vikuna áður en málflytningur hefst 27. mars. Meðal þeirra sem munu koma fyrir dóminn sem vitni verða Ingibjörg Pálmadóttir, sambýliskona Jóns Ásgeirs, auk þess sem reynt verður að boða Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, sem mætti ekki á föstudaginn. Í lok dags munu svo sakborningarnir Jón Ásgeir Jóhannesson og Jón Gerald Sullenberger koma aftur fyrir dóminn til að gefa skýrslu.

Golf-áhugamenn ATHUGIÐ!



Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.

Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið





1. Hver er nýr formaður sænska jafnaðarmannaflokksins?

2. Hver er útvarpsstjóri þar til Ríkisútvarpið ohf. tekur til starfa 1. apríl?

3. Hvaða maður hefur játað að hafa skipulagt ársímar á Bandaríkin þann 11. september 2001?

Björgvin G. Sigurðsson:

Ókeypis bækur í framhaldsskóla

STJÓRN MÁL Samfylkingin vill að skólabækur framhaldsskólanema verði ókeypis, utan hvað greiða



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

skuli skilagjald til að tryggja skil og góða nýtingu. Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður flokksins, upplýsti þetta við eldhúsdagsumræðurnar í fyrra kvöld. Að sögn Björgvins hefur þessi leið verið farin í Danmörku og þótt gefa góða raun. Er hún liður í hugmyndum Samfylkingarinnar um nýjar leiðir í menntamálum og ekki síður í átt til aukinnar velferðar. Segir hann ókeypis námsefni færa nemendum og fjölskyldum þeirra kjarabót. - bps

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fimm manns:

Húsleit gerð í fíkniefnagreni

LÖGREGLUMÁL Fjórir karlmenn og ein kona voru handtekin í austurborginni í fyrradag eftir að ætluð fíkniefni höfðu fundist í vistarverum þeirra. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fólkið en talið er að það hafi haft í fórum sínum 30 grömm af kókaini, neysluskammta af e-töfludufti og marijúana.

Lögreglan fann efnin við húsleit hjá viðkomandi einstaklingum, en hún var gerð að undangengnum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Fólkið er nú laust úr haldi en rannsókn málsins heldur áfram, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Það voru lögreglumenn frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra sem tóku þátt í aðgerðinni ásamt lögreglumönnum frá Sauðárkróki, sem voru að kynna sér starfsaðferðir starfsbræðra sinna á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrradag handtók lögreglan einnig karlmann um tvítugt í Reykjavík en sá er grunaður um fíkniefnamisferli. Lögreglan fékk tilkynningu frá ónefndum íbúa sem upplýsti um hugsanlega fíkniefnasölu í einu hverfa borgarinnar. Lögreglumenn fóru strax í málið og stöðvuðu hinn grunaða en í fórum hans fannst talsvert magn



FÍKNIEFNI Fólkið var með nokkrar tegundir ætlaðra fíkniefna í fórum sínum.

af ætluðu marijúana. Þetta mál er gott dæmi um þann góða árangur sem samvinna borgaranna og lögreglunnar getur leitt af sér. - jss

Tæplega tvítugur piltur:

Hótaði að drepa lögreglumann

DÓMSMÁL Tæplega tvítugur piltur hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hóta lögreglumanni lífláti og jafnframt að skaða fjölskyldu hans.

Atburðurinn átti sér stað í lögreglubifreið í maí á síðasta ári. Pilturinn hafði uppi líflátshótanir í garð lögreglumannsins sem var að skyldustörfum. Lét pilturinn meðal annars þau orð falla að hann skyldi drepa lögreglumanninn og fjölskyldu hans og að hann ætlaði að skera fjölskylduna að honum ásjaandi.

Ríkissaksóknari krefst þess að pilturinn verði dæmdur til refsingar. - jss

Málinu endanlega vísað frá

Máli ákærvaldsins gegn Einari Benediktssyni, Geir Magnússyni og Kristni Björnssyni var vísað frá í Hæstarétti í gær. Einn dómari vildi málið í efnislega meðferð. Óskynsamleg tilraunastarfsemi, segir Ragnar Hall.

DÓMSMÁL Máli ákærvaldsins gegn Kristni Björnssyni, Geir Magnússyni og Einari Benediktssyni, forstjórum stóru olíufélaganna á árunum 1993 til 2001, hefur verið vísað frá dómi en Hæstiréttur staðfesti frávisunarúrskurð héraðsdóms frá 12. febrúar.

Dómur héraðsdóms byggði öðru fremur á því að ekki væri hægt að sækja einstaklinga til saka fyrir brot á samkeppnislögum. Meirihluti Hæstaréttar byggir niðurstöðuna á því að rannsókn samkeppniseftirlits, samkeppnisstofnunar og síðar lögreglu standist ekki lög. Sérstaklega er vitnað til þess að óskýrt hafi verið í samkeppnislögum hvernig meðferð opinberra mála skyldi háttað, ef

grunur vaknaði um að brotið hefði verið gegn lögunum.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra og sá sem fór með rannsókn málsins hjá ríkissaksóknara, segir Hæstarétt hafa vísað málinu frá á öðrum forsendum en í héraðsdómi. „Meirihluti Hæstaréttar telur rannsókn Samkeppniseftirlits, Samkeppnisstofnunar og síðar lögreglu, sem fór eftir samkeppnislögum og lögum um meðferð opinberra mála eftir að málið kom til lögreglu, ekki standast mannréttindasáttmála um réttindi saksborninga og það verði ekki byggð ákæra á henni. Allar forsendur héraðsdóms fyrir frávisuninni

eru slegnar út af borðinu og ekki fallist á þau sjónarmið að ekki sé hægt að refsa einstaklingum fyrir brot á samkeppnislögum.“

Helgi Magnús segir lögreglu og ríkissaksóknara hafa bent á það áður að fyrirkomulagið í lögum væri óheppilegt en ábendingar um þetta komu fram 2003.

Helgi Magnús útilokaði öðru fremur að endurákært yrði í málinu.

Ragnar H. Hall, lögmaður Kristins Björnssonar, segir niðurstöðu Hæstaréttar staðfesta það að málið hafi verið lögfræðileg tilraunastarfsemi. „Niðurstaðan í málinu rennir stoðum undir það að þetta hafi verið tilraunastarfsemi sem ekki hefði átt að fara út í.“



HÆSTIRÉTTUR Málinu hefur nú endanlega verið vísað frá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tveir dómara, Gunnlaugur Claessen og Ólafur Þorvaldsson, skiluðu séráliti. Gunnlaugur tók að nokkru leyti undir með meirihluta Hæstaréttar en taldi ákærna gallaða. Ólafur Þorvaldsson vildi senda málið aftur í hérað til efnismeðferðar. - mh

MotorMax

TAKTU FLUGIÐ Á NÝJUM SLEÐA 10% AFSLÁTTUR!

Af öllum nýjum vélsleðum í verslunum MotorMax í Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum.

Útborgun 99.000 kr. afborgun af láni frá 17.900 kr. á mánuði.*

Þú getur valið á milli þriggja frábærra kaupauka sem fylgja með í pakkanum.

1. Flugmiðar fyrir tvo með Icelandair til Evrópu.**
2. Bensínkort með 60.000 kr. inneign frá Skeljungu.
3. Glæsilegur aukahlutapakki frá MotorMax að andvirði 80.000 kr.

Komdu í MotorMax og láttu okkar eldhressu sölumenn segja þér betur frá þessu frábæra tilboði.

*Bílasamningur Glitnis í 60 mán. Myntkarfa GL5.

**Flugvallarskattar eru ekki innifaldir.



www.motormax.is

ICELANDAIR



GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

MotorMax Egilsstöðum

Toyota Austurlandi
Tjarnarási 6
Sími: 470-5080 / 470-5070
Ópið: 16-18 virka daga.

MotorMax Akureyri

Tækjasport og Dekk
Njarðarnesi 1
Sími: 460-4350
Ópið: 9-18 virka daga.

MotorMax Reykjavík

Kletthálsi 13
Sími: 563-4400
Ópið: 9-18 virka daga.
Laugard. 10-14. Sunnud. 12-16

„Hvernig kalla ég fram minningar sem hafa fölnað?“

Kynntu þér Safnið á siminn.is

Við gerum minningar þínar ódauðlegar í **Safninu**

Safnið er öruggasti geymslustaðurinn fyrir stafrænu gögnin þín

Geymdu stafrænu ljósmyndirnar þínar og önnur gögn í Safninu, traustum stað þar sem reglulega eru tekin afrit af þeim. Í Safninu getur þú valið hvort þú vilt skoða myndirnar þínar í tölvunni eða á sjónvarpsskjánum.

Að auki gerir Safnið þér kleift að veita vinum og vandamönnum aðgang að völdum myndum eða senda þær beint í framköllun hjá Hans Petersen. Gerðu þínar minningar ódauðlegar, fáðu þér Safnið.

Nánari upplýsingar á næsta sölustað Símans á siminn.is eða í síma 800 7000

Svona er Safnið einfalt



Þú tekur mynd með farsíma eða myndavél.



Sendir hana í tölvuna og þaðan beint í Safnið.



Þú hefur aðgang að Safninu gegnum Sjónvarp Símans.



Þú getur sent myndir úr Safninu til Hans Petersen sem framkallar þær.



SNJÓR Í KASMÍR Vegna mikilla kulda hafa helstu þjóðvegir í Kasmírhéraði verið lokaðir síðustu daga með þeim afleiðingum að þúsundir manna urðu strandglópar á ýmsum stöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr rekstur í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg:

Engin einkavæðing í gangi

HEILBRIGÐISMÁL „Ég myndi ekki kalla þetta einkarekna heilsgæslu,“ segir María Bragadóttir, sviðsstjóri heilbrigðissviðs InPro en eins og komið hefur fram í fréttum hefur dótturfélag InPro, Heilsuverndarstöðin ehf., tekið yfir rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg.

Markmiðið er að endurreisa Heilsuverndarstöðina og endurvekja hin upprunalegu gildi hennar sem snúa að því að efla líkamlega, andlega og félagslega heilsu landsmanna.

Að sögn Maríu verður reksturinn ekki svo ólíkur rekstri annarra heilbrigðisstofnana. „Það er engin

einkavæðing í gangi. Þetta er aðeins spurning um að geta boðið fagfólki, sem nú þegar vinnur að heilbrigðismálum, tækifæri til að vinna saman undir einu þaki,“ segir María.

Þá kemur þjónusta hinnar nýju Heilsuverndarstöðvar ekki til með að kosta meira en önnur heilbrigðisþjónusta. „Það gilda ákveðnir samningar milli þessara heilbrigðisráðgjafinga og ríkisins. Þeir eru einungis að flytja þjónustu sína til og rekstur þeirra mun í raun ekki breytast. Þessir starfsmenn verða ekki starfsmenn InPro,“ segir María og bætir því við að þjónusta fagfólksins komi til með að falla



HEILSUVERNÐARSTÖÐIN Þjónustan í nýju Heilsuverndarstöðinni kemur ekki til með að vera dýrari en annars staðar.

undir skilmála Tryggingastofnunar á sama hátt og hjá þeim sérfræðingum sem reka sínar eigin stofur.

- þo

Gálausar líkamsmeiðingar:

Drógu sjómann á pungnum

DÓMSMÁL Tveir karlmenn, 20 og 26 ára, voru í gær dæmdir í skil-orðsbundið fangelsi í tvo og þrjá mánuði, fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi.

Mennirnir gripu í sameiningu í buxnastræng og pung tæplega fimmtugs manns og drógu hann niður stíga á skipi sem þeir voru allir skipverjar á. Atburðurinn átti sér stað í október árið 2004.

Við þetta hlaut maðurinn varanleg meiðsla á þvagfærum og þurfti að gangast undir aðgerð. Mennirnir voru einnig dæmdir til að greiða fórnarlambinu 800 þúsund krónur í skaðabætur.

- sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sjö ölvæðir undir stýri

Sjö ökumenn voru teknir fyrir ölv-unarakstur á höfuðborgarsvæðinu á fimmtudag og aðfaranótt föstudags. Tveir ökumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi.

Ekið yfir fót konu

Kona varð fyrir bíl í Reykjavík á fimmtudag. Hún var sjálf akandi en hafði numið staðar í íbúðargötu og farið út úr bílnum til þess að huga að barni í aftursætinu. Ökumaður aðvifandi bíls gætti ekki að sér og ók yfir annan fót hennar. Konan slasaðist ekki alvarlega.

REYKJAVÍK

Fékk mark ofan á sig

Sjö ára drengur fingurbrotnaði þegar mark féll á hann í grunnskóla í austurbæ Reykjavíkur á þriðjudag. Samkvæmt lögreglu var pilturinn við nafnakall í íþróttasal skólans þegar slysið varð.

Hundar leita á heimavistum

Fíkniefnahundar eru reglulega fengnir til að leita á heimavistum sumra framhaldsskóla landsins. Misjafnt er hvort yfirmenn skóla og heimavista hafa heimild til að leita á herbergjum íbúa ef ástæða þykir.

LÖGREGLUMÁL Nemendur á heimavistum framhaldsskóla á Íslandi geta margir átt von á fíkniefnaleitarhundum í heimsókn á vistirnar fyrirvaralaust. „Fíkniefnin eru vá sem við stöndum frammi fyrir á öllu landinu og við erum auðvitað með augun mjög vel opin,“ segir Valgerður Gunnarsdóttir, skólameistari Framhaldsskólans á Laugum, en nemandi við skólann var handtekinn á heimavist á þriðjudag með mikið magn fíkniefna sem talin eru hafa verið ætluð til sölu.

Valgerður segir að mjög vel sé fylgst með áfengis- og vímuefnanotkun íbúa heimavistarinnar. Svokallaðir húsbændur séu á vakt á heimavistunum öll kvöld og helgarnætur, starfsmenn sem

nemendur fylgist vel með og láti vita ef eitthvað kemur upp, auk þess sem öflugur forvarnarfulltrúi starfi við skólann.

Valgerður hefur gripið til þess ráðs að kalla til lögreglu með fíkniefnaleitarhund einu sinni á vetri, en vill ekki gefa upp hvort eitthvað hafi fundist í slíkum leitum. Valgerður segir hundana þó ekki leita inni á herbergjum nemandar, enda sé óheimilt að fara inn á herbergin nema með húsleitarheimild frá lögreglu.

Halldór Páll Halldórsson, skólameistari Menntaskólans á Laugarvatni, hefur einnig brugðið á það ráð að kalla til fíkniefnaleitarhunda. „Það er bara hluti af því að reka heimavist að fíkniefnahundar komi þangað,“ segir hann.

„Það eru fjögur ár síðan mál tengt fíkniefnum kom hér upp síðast og síðan ég byrjaði hér hafa málin verið afskaplega fá og ekki stór.“

Í leigusamningum sem vistmenn á Laugarvatni gera er kveðið á um að stjórnendur hafi heimild til að leita í herbergjum að leigjanda viðstöddum vakni grunur um eitthvað misjafnt. Halldór segir þó mjög óalngengt að þetta þurfi að gera.

Að sögn Helga Braga Ómarssonar, skólameistara Menntaskólans á Egilsstöðum, hefur enn ekki komið til þess að fíkniefnahundar leiti á heimavistinni þar, þótt það hafi komið til tals. Helgi segir að aldrei hafi komið upp mál tengt fíkniefnum á heimavist skólans. „Það er bara svo erfitt að átta sig



GOTT ÞEFSKYN Lögreglumenn með fíkniefnahunda.

á þeim. Þau eru örugglega hér á ferðinni eins og annars staðar.“ Þá segir hann íbúa heimavistarinnar meðvitaða um það að leitað verði í herbergjum þeirra ef þurfa þykir.

stigur@frettabladid.is

www.helgafell.is

Sala er hafin á lóðum fyrir fjölbýlishús í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ

Lóðirnar eru í miðju hverfinu þar sem einnig verður að finna grunnskóla og leikskóla, auk þjónustufyrirtækja. Upplýsingar veitir Hannes Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Helgafellsbygginga, í síma 840 6801.



Helgafellsbyggingar ehf
Völuveg 8
Mosfellsbæ
Sími 575 6800, 840 6801
hannes@helgafell.is

HELGAFELL
Athyglisverður staður

BÚUM
BETUR



Glæsilegar íbúðir
fyrir 50 ára og eldri!



ENNEAM / SIX / NMS2003

OPIÐ
HÚS

frá kl. 14-17
laugardag og
sunnudag

Sýningarhelgi í Sjalandi, Garðabæ



Við bjóðum þér að koma og skoða glæsilegar sýningaríbúðir í Jónshúsi og 17. júní torgi um helgina frá kl. 14-17. Vandaðar innréttingar, traustur frágangur og þægilegt aðgengi gera þessar íbúðir einstakar í sinni röð. Nálægðin við sjávarsíðuna með stórbrotnu útsýni og framúrskarandi möguleikum til útiveru auka síðan enn á lífsgæðin í Sjalandinu.

Við tökum vel á móti þér!



Skoðu nýju heimasíðuna okkar
www.bygg.is

Söluaðilar:



BYGGINGAFÉLAG GYLFA OG GUNNARS HF

Hryðjuverkagildruna verður að forðast

Oft eru harkaleg viðbrögð gegn hryðjuverkum nákvæmlega það sem hryðjuverkamennirnir sækjast helst eftir. Til að forðast þessa gildru gæti verið heillavænlegra að sætta sig að einhverju marki við árásir þeirra.

Víðast hvar í heiminum hafa öryggis- og varnarmál síðustu árin einkum snúist um þá ógn, raunverulega jafnt sem ímyndaða, sem stafað hefur af hryðjuverkamönnum. Mestallur viðbúnað-

ur þjóða hefur haft það markmið að verjast árásum hryðjuverkamanna.

Alyson Bailes, yfirmaður sænsku friðarrannsóknastofnunarinnar SIPRI, vill nálgast þessi mál með svolitíð öðrum hætti og telur að hugsanlega hafi menn ekki farið rétta leið til að verjast hryðjuverkamönnum. Algengustu viðbrögð stjórnvalda hafa verið að herða reglur og eftirlit með almenningi, efla her og leyniþjónustu og taka af hörku á hryðjuverkamönnum. Hitt sjónarmiðið hefur þó einnig heyrst, að rétt sé að sætta sig að einhverju marki við árásir hryðjuverkamanna til þess að geta þá sýnt þeim að árás-

ir þeirra hafi ekki þau áhrif sem þeir sækjast eftir. Þeim muni ekki takast að breyta okkur. Bailes telur ekki alvitlaust að gefa þessu sjónarmiði nokkurn gaum.

Reynslan frá Þýskalandi

„Ég tek alltaf dæmi af Þýskalandi á áttunda og niunda áratugnum þegar Baader-Meinhof hópurinn gerði þar hvað mestan usla. Í dag er fólk farið að gleyma þessum hópi, en þetta voru mjög grimmir hryðjuverkamenn. Þeir stóðu fyrir sprengjuárásum sem ollu fólki miklum skaða, þeir stunduðu aftökur á fólki og mannrán og komu virkilega við kauninn á Þjóðverjum á þessum tíma. Ríkisstjórnin í Þýskalandi tók hins vegar strax mjög skýra afstöðu gagnvart þessum atburðum.“

Þjóðverjar áttuðu sig á því að Baader-Meinhof samtökin höfðu það markmið að þröngva Þýskalandi til að verða alræðisríki á ný. Þau vonuðu beinlínis að ríki myndi beita harkalegum aðgerðum gegn þeim svo þau gætu stillt sjálfum sér upp sem píslarvottum og bent á þýska ríkið sem hreint fasistaríki, engu skárra en nasistastjórn Hitlers. Bailes segir að Þjóðverjar hafi frá upphafi verið staðráðnir í að falla ekki í þessa gildru.

Gildran sniðgengin

„Þeir sögðu sem svo: við ætlum ekki að brjóta okkar eigin lög og við ætlum ekki að setja ný og strangari lög, við ætlum ekki að senda herinn aftur út á götur Þýskalands heldur ætlum við að beita venjulegum lögregluáðgerðum til að koma þeim á kné. Þetta þýddi reyndar að það tók töluvert langan tíma að hafa hendur í hári þessara hryðjuverkamanna og þeim tókst að valda verulegum skaða á meðan. En á hinn bóginn fengu þeir aldrei samúð almennings í Þýskalandi og heldur ekki í öðrum löndum. Þvert á móti fengu Þjóðverjar mikið lof frá öðrum löndum fyrir að taka á þessum málum með lýðræðislegum hætti þrátt fyrir að þurfa að færa ákveðnar fórnir.“

Bailes segir að víða í Evrópu sé fólk sér enn að meðvitað um þetta eftirminnilega fordæmi Þjóðverja.

„Mörg lönd eru að velja þessu fyrir sér í dag og ræða af mikilli alvöru um hvar finna megj rétt jafnvægi milli þess að herða tökin á samfélaginu, sem gæti bjargað einhverjum mannlífum, eða fallast kannski á einhverjar fórnir til að tryggja að landið verði áfram opið samfélag með óskert sjálfsöryggi og óbrenslað gildismat.“

Viðskipti og öryggismál

Alyson Bailes var stódd hér á landi í vikunni á vegum Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands. Hún flutti hér fyrirlestur á mánudaginn var þar sem hún fjallaði sérstaklega um tengsl viðskiptalífsins við hernaðar- og öryggismál.

Þau tengsl eru margvísleg og töluvert meiri en menn kannski gera sér grein fyrir. Þetta er frekar lítt kannað svið í öryggis- og varnarfræðum, en Bailes telur að betri þekking á tengslum viðskiptalífsins við hinn grimma heim hernaðar og öryggismála bjóði upp á margvíslega möguleika til að hafa áhrif á þróun þeirra mála í heiminum.

Aukin kostnaðarvitund getur til dæmis ein og sér vakið upp efla gagnrýni á umdeildar hliðar vopnaviðskipta, eins og til dæmis notkun jarðsprengna og klasa-sprengna.

„Við verðum að muna að hernaðaradgerðir eru ekki bara kostnaðarsamar fyrir skattgreiðendur sem þurfa að greiða fyrir vopnin,“ sagði hún í viðtali við Fréttablaðið, „heldur geta þær líka valdið öðru fólki í heiminum ómældu tjóni ef þessi vopn eru notuð á rangan hátt, til dæmis ef þeim er beitt af litlu tilefni eða af of miklu offorsi. Áhrifin af þeim geta þá orðið miklu grimmilegri en nauðsynlegt er til að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að.“



ALYSON BAILES Forstöðumaður SIPRI tekur við kennarastöðu hjá stjórnmalfræðiskóla Háskóla Íslands næsta haust. Hér er hún ásamt Baldri Þórhallssyni, prófessor í stjórnmálafræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÁHERSLA Á ÖRYGGISMÁL Í HEIMINUM

Alyson J. K. Bailes er fædd í Bretlandi árið 1949. Hún hefur síðastliðin fimm ár verið yfir alþjóðlegu friðarrannsóknastofnuninni Stockholm International Peace Research Institute (SIPRI), sem er ein sú virtasta á sínu sviði og hefur, eins og nafnið bendir til, aðalstöðvar í Stokkholmi í Svíþjóð.

Áður en Bailes tók við yfirmannsstöðunni hjá SIPRI árið 2002 hafði hún starfað hjá bresku utanríkisþjónustunni í 32 ár, þar á meðal í Ungverjalandi árin 1970-74, hjá NATO í Brussel árin 1974-76, í Þýska-

landi 1981-84, í Kína 1987-98, Norgegi 1990-93 og loks í Finnlandi árin 2000 til 2002.

Nú í vor hættir Bailes störfum hjá SIPRI og kemur í sumar til Íslands að kenna við Háskóla Íslands. Hún hefur verið ráðin til veggja ára hjá Alþjóðastofnun Háskólans.

Næsta vetur kennir hún þrjú námskeið hér á landi. Eitt þeirra fjallar um helstu öryggisstofnanir Evrópuríkja og hlutverk þeirra, annað um öryggismál á norðurlóðum og það þriðja um tengsl viðskiptalífsins við hernað og öryggismál í heiminum.

hagslegum forsendum eingöngu gæti maður komist að þeirri niðurstöðu að best væri að losa sig við þá. Og ef við ætlum að losa okkur við þá, þá gætum við einnig komist að þeirri niðurstöðu að betra væri að sannfæra aðra um að losa sig við þá líka.“

Á leiðinni til Íslands

Hún hlær þegar blaðamaður spyr hvers vegna hún hafi tekið þá ákvörðun að koma til Íslands og hefja hér störf hjá Alþjóðastofnun Háskóla Íslands.

„Það kemur engum í fjölskyldu minni á óvart né neinum sem þekkir mig heima, því ég hef alltaf verið hrifin af Íslandi, alveg frá því ég var smákrakki. Frá árinu 1983 hef ég komið hingað á hverju einasta ári, stundum oftar en einu sinni.“

Seinni árin hefur hún kynnst fólki og eignast vini, bæði meðal háskólafélags og fólks sem starfar hjá stjórnvöldum og í fjölmiðlum.

„Ég hafði alltaf hugsað með mér hvað það væri gaman að geta komið hingað til að vinna þegar ég væri laus úr starfi mínu hjá SIPRI.“

Starfsfólk Alþjóðastofnunar vissi af þessum Íslandsáhuga hennar og spurði hvort hún væri ekki til í að koma hingað að kenna, og ekki þurfti að bíða lengi eftir svári.

„Hér fæ ég tækifæri til að umgangast ungt fólk, sem er mikilvægt fyrir mig á þessu stigi lífsins. Ég fæ einnig tækifæri til að rannsaka nýjar hliðar á öryggismálum og sinna mínum eigin rannsóknum, þar á meðal á tengslum viðskiptalífsins við öryggis- og hernaðarmál.“

gudsteinn@frettabladid.is

75%
afsláttur af
erlendum
útsölubókum

- opið til kl. 22.00 öll kvöld

BOKA **MM** BÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 1B

AF HVERJU
EKKI
GOTT DJAMM
OG
ZERO
ÞYNNKA?
Coca-Cola
zero
EKTA BRAGÐ
Og ENGINN SYKUR

Prófaðu uppáhaldslitinn þinn ókeypis!

Sannreyndu frábæra stemmingu málaranna Atla og Gísla heima hjá þér. Veldu þér ókeypis prufudós með uppáhaldslitnum þínum. Þú getur valið um 900 litbrigði. Flügger gefur lífinu lit!

Sæktu þér góð ráð og leiðbeiningar í næstu Flügger verslun og á www.flugger.is



Flügger litir

Reykjavík · Kópavogur · Hafnarfjörður · Keflavík · Akureyri · Borgarnes

Bestir í kjöti



Úr Kjötborði Nóatúns

33%
afsláttur

NAUTALUND
ÚR KJÖTBORÐI
2.498 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAGRILLSTEIK
Í TÓMAT OG BASIL
2.698 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

35%
afsláttur

GRÍSAKÓTELETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
899 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

35%
afsláttur

LAMBA RIB-EYE
ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg

30%
afsláttur

MÓA KJÚKLÍNGABRINGUR
FERSKAR
1.759 kr. kg

Ferskt grænmeti
og ávextir í ítölsku réttina

30%
afsláttur

RANA FERSKT PASTA
Á TILBOÐI

20%
afsláttur

GALBANI OSTAR
Á TILBOÐI

Töfrar Ítalíu í Nóatúni

Úr
Kjötborði
Nóatúns

VILLIKRYDDAÐ
GOURMET LAMBALÆRI
25%
afsláttur **1.298** kr.
kg

Úr
Kjötborði
Nóatúns

KINDASNITZEL
Í VILLISVEPPARASPI **1.298** kr.
kg

Úr
Kjötborði
Nóatúns

44%
afsláttur
KÁLFAGÚLLAS
ÚR KJÖTBORÐI **998** kr.
kg

2 stk. í pakka!

FRESCHETTA DIAVOLO
2 PIZZUR Í EINUM PAKKA **549** kr.
pk.

Grand' Italia
bragðgott pesto

20%
afsláttur

Fiorucci
bráskinka

30%
afsláttur

Filippo berio
olíur og edik

20%
afsláttur

Nýtt kortatímabil !

„Buon' appetito“

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 7.316 +0,71% Fjöldi viðskipta: 512

Velta: 10.318 milljónir

MESTA HÆKKUN

Össur
Bakkavör
Marel

+1,61%
+1,44%
+1,33%

MESTA LÆKKUN

Atlantic Petroleum -2,09%
Eimskipafélagið -0,89%
Flaga -0,82%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,60 -0,28% ... Actavis 68,90 +0,29% ... Alfesca 4,67 -0,64% ... Atlantic Petroleum 610,00 -2,09% ... Atorka 6,51 -0,31% ... Bakkavör 63,40 +1,44% ... Eimskipafélagið 33,50 -0,89% ... FL Group 29,60 +0,34% ... Glitnir 26,30 +1,15% ... Kaupþing 1.007 +0,70% ... Landsbankinn 31,60 +0,64% ... Marel 76,00 +1,33% ... Mosaic Fashions 15,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 19,80 +1,02% ... Össur 126,00 +1,61%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Í AUSTURVEGI

Eins og kemur annars staðar fram á síðunni meira en tvöfaldaðist hagnaður MP Fjárfestingarbanka á milli árána 2005 og 2006. Bankinn hefur byggt upp víðtæka starfsemi í Eystrasaltsríkjum og opnaði útibú í Vilnius, höfuðborg Lítáens, í upphafi ársins. Bankinn hefur lagt áherslu á fjárfestingar á fjármálamörkuðum í Austur-Evrópu. Umsvið MP í austurvegi birtast strax þegar ársreikningur félagsins er skoðaður en hann er undirritaður af sex íslenskum stjórnendum fyrirtækisins í Vilnius hinn 15. mars.

EKKI JAFNFRAMANDI OG TALÍÐ VAR
Sigurður Einarsson stjórnarformaður Kaupþings hafði



orð á nýlegri markaðsherferð bankans í ræðu sinni á aðalfundi hans í gær. Hann segir nafnið sem stórleikarinn John Cleese bögglast á í auglýsingum ekki jafnframandi erlendum tungum og margur gæti haldið, enda hafi leikarinn fljótlega komist upp á lagið með framúrþinginn. Forliðurinn KAUP og seinni hlutinn PING séu báðir af Norðurgermónskum orðstofni, og svo sé orðið „kaupa“ líka þekkt í jafn óskildum málum og finnsku, svo sem í nafni finnska viðskiptablaðsins Kaupalehti.

MARKAÐSPUNKTAR...

Glitnir hefur gengið frá frá samningi sem gerður var í byrjun febrúar um kaup á 68,1 prósentum hlut í finnska félaginu FIM Group. Yfirtökutíðni er eftirstandandi hluti í FIM verður gert í fyrri hluta apríl.

Lánshæfismatsfyrirtæki Moody's hefur frestað uppfærslu á nýrri aðferðafræði sinni fram til 30. mars, samkvæmt Vegvísi Landsbankans. Ný aðferðafræði, sem kynnt var í lok febrúar, varð til þess að lánshæfiseinkunnir íslensku bankaanna hækkuðu.

Líklegt þykir að stýrivöxtum í Bandaríkjunum verði haldið óbreyttum í 5,25 prósentum við næsta vaxtaákvörðunardag á miðvikudag. Verðbólga í Bandaríkjunum er nú 2,4 prósent.

Bónus Borgarnesi
Viltu vinna með okkur?

UMSJÓNARMAÐUR KASSASVÆÐIS:
Starfsmaður óskast við umsjón kassasvæðis. Vinnutími hefst rétt fyrir opnun og lýkur stuttu eftir lokun í samráði við verslunarstjóra.

STARFSMAÐUR Í VÖRUMÓTTÖKU:
Starfsmaður óskast í vörumóttöku. Vinnutími er 8 til 15 mánudag til fimmtudags. Á föstudögum 8 - 19 og þriðja hver helgi.

Frekari upplýsingar veitir verslunarstjóri í versluninni eða starfsmannastjóri í s: 588 8699. Umsóknun má skila í verslunina eða á bonus.is.

Atorka eykur við sig í Interbulk

Interbulk fjárfestir fyrir 10,3 milljarða króna í UTI.

Atorka Group hefur eignast rúm fjörutíu prósent hlutafjár í Interbulk Investments, þriðja stærsta félagi heims í tankgámaflutningum fyrir efnaiðnað, en átti fyrir 24 prósent. Félagið hefur skráð sig fyrir kaupum á nýju hlutafé í Interbulk fyrir 2,6 milljarða króna.

Interbulk ætlar að nýta hlutafjárösluna ásamt lánsfjármagni frá Bank of Scotland til kaupa á öllu hlutafé í United Transport International (UTI) fyrir 10,3 milljarða króna. Ársvelta Interbulk er áætluð um þrjátíu milljarðar króna eftir kaupin og nær félagið leiðandi stöðu í gámaflutningum á hræfnum fyrir efnaiðnað í Evrópu.

Breska yfirtökunefndin hefur fallist á að leyfa Atorku að fara upp fyrir almenn yfirtökumörk sem miðast við þrjátíu prósent.

- eþa

MAGNÚS JÓNSSON, FORSTJÓRI ATORKU
Félagið nær ráðandi stöðu í Interbulk.



Hagnaður MP tvöfaldaðast á milli ára

Hagnaður MP Fjárfestingarbanka var ríflega tvöfalt meiri árið 2006 en árið áður. Alls hagnaðist bankinn um 1.316 milljónir króna samanborið við 613 milljónir árið 2005. Arðsemi eign fjár var tæplega fjörutíu prósent.

Mikill vöxtur einkenndi rekstur bankans í fyrra jafnt innan sem utanlands og er bankinn nú kominn í hóp veltumestu aðila í kauphöllum Eystrasaltsríkjanna. Hreinar rekstrartekjur hækkuðu alls um 126 prósent og voru 2.175 milljónir króna, þar af voru þjónustutekjur 1.052 milljónir, gengishagnaður af annarri fjármála-

starfsemi 1.059 milljónir og hreinar vaxtatekjur 65 milljónir sem var 846 prósentu aukning á milli ára.

Önnur rekstrargjöld námu 565 milljónum króna og hækkuðu um 92 prósent.

Efnahagur bankans óx um 70 prósent á milli ára og stóð í 42,7 milljörðum í árslok. Eigið fé stóð í tæpum 5,1 milljarði króna í lok ársins.

Stærstu hluthafar félagsins eru annars vegar Margeir Pétursson og félag í hans eigu, sem ráða yfir 27,8 prósentum hlutafjár, og hins vegar Byr sparisjóður með þrettán prósentu hlut.

- eþa

Hafnar orðrómi um okur

Innan við þrjú prósent af hagnaði Kaupþings í fyrra kemur af viðskiptabankastarfsemi hér á landi að sögn Sigurðar Einarssonar stjórnarformanns bankans.

Sigurður upplýsti þetta í ræðu sinni á aðalfundi bankans í gær þar sem hann hafnaði með öllu ósannindum um okur bankanna.

„Kaupþing hagnaðist um 100 milljarða króna fyrir skatt í fyrra. Af þeirri upphæð komu innan við þrjú milljarðar króna af viðskiptabankastarfsemi á Íslandi,“ sagði hann og kveður þrjú prósentin tæpu koma af viðskiptum bankans við 75 þúsund „örfyrirtæki“ hér á landi.

„Þessar tölur ættu að koma umræðunni á Íslandi í raunhæfara samhengi en verið hefur til þessa.“

- óka



SIGURÐUR EINARSSON OG HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON Stjórnarformaður Kaupþings sagði þrjú milljarða af 100 milljarða hagnaði bankans hafa komið til vegna viðskiptabankastarfsemi á Íslandi.

OPIÐ HÚS



VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD – FÉLAGSVÍSINDAEILD

Komdu í heimsókn í Odda

Miðvikudaginn 21. mars verða félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild með kynningu á öllu meistara- og diplómanámi deildanna frá kl. 16:00–18:00 í Odda við Sturlugötu.

Þar verður kynnt fjölbreytt og skemmtilegt nám.

Gríptu tækifærið!

Umsóknarfrestur er 15. apríl

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu deilda: felags.hi.is og vidskipti.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

 Fiat Ducato



Kraftur og rými!

Frumskýnum



Bíll á mynd:

Frábært verð: 3.340 þús. (m.vsk)
15m³ – 2,3 lítra vél – 120 hestöfl.

Þjónusta alla leið!

Varahlutabjónusta og eigið verkstæði á staðnum.

- **Mikið rými.** 8–17 m³.
- **Kraftur.** 2,2–3,0 lítrar, 100–157 hestöfl.
- **Aksturseiginleikar.** Framhjóladrifinn með spólvörn.
- **Þægindi.** Einstök hönnun á mælaborði og stýrishúsi ásamt auka olíumiðstöð með tímastilli.
- **Fjölbreytni.** Fáanlegur sem pallbíll, rúta og sendibíll.



Fiat Ducato



Fiat Scudo



Fiat Doblo



Fiat Multipla



Fiat Punto



Fiat Panda

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati



DUCATI



Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

Við nálgumst endimörk vaxtar án alþjóðlegrar framtíðarsýnar.

Víðsýnin ræður velferð framtíðar

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Í vikunni voru haldnir aðalfundir tveggja af stærstu fyrirtækjum landsins Exista og Kaupþings. Í ræðum stjórnarformanna þessara félaga birtust óskir um að framtíðarsýn íslenskra stjórnvalda yrði með þeim hætti að þessi öfluglu félög ættu hér höfuðstöðvar um langa framtíð.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista, og Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, eiga saman farsæla vegferð að baki í íslensku viðskiptalífi. Þeir hafa báðir leitt fyrirtæki frá því að vera smá og veikburða íslensk fyrirtæki í það að vera stór fyrirtæki á íslenskan mælikvarða og sýnileg berum augum á Evrópu korti viðskiptanna.

Þessi vegferð er töluvert afrek og það sem sætir undrun er að þeir eru ekki þeir einu. Á skömmum tíma hefur nokkur hópur fólks náð markverðum árangri í uppbyggingu alþjóðlegra fyrirtækja. Þessi árangur getur orðið uppspretta ótrúlegra tækifæra fyrir land og þjóð, ef rétt er á málum haldið.

Íslendingar eru orðin verulega efnuð þjóð og fjármálageirinn er ný stóriðja í landinu sem þúsundir fjölskyldna byggja afkomu sína á. Sem betur fer hefur orðið umræða meðal stjórnmalámalanna um að hlúa að umhverfi slíkra fyrirtækja og horfa fram á veginn til að skapa jarðveg sem nærir slíka starfsemi. Samt er eins og víða skorti skilning á mikilvægi þess að horfa til þess að nýta þetta einstaka tækifæri. Slíkri stöðu hefur áður verið klúðrað og nærtækast er að líta til hinnar auðugu Argentínu við upphaf síðustu aldar.

Stærð nokkurra íslenskra fyrirtækja er komin að þeim mörkum að þau munu ekki vaxa að neinu marki nema alþjóðlegir fjárfestar leggi fé í þau. Til þess að það gerist þarf að ríkja traust til umhverfisins sem þau starfa í. Í máli bæði Sigurðar og Lýðs kom fram ríkur vilji til þess að halda höfuðstöðvum fyrirtækjanna á Íslandi með tilheyrandi hagsauka fyrir samfélagið í formi skatta og veltu af vellaunum störfum og þjónustu sem slík starfsemi nýtir sér.

Sigurður Einarsson fór fyrir nefnd sem gerði tillögur um hvernig gera mætti Ísland að fjármálamiðstöð í framtíðinni og laða að alþjóðlega fjárfesta. Í ræðu sinni á aðalfundi Kaupþings sagði Sigurður: „Eftir því sem fjármálafyrirtæki verða alþjóðlegri, þurfa þau að hafa möguleika á að færa rök fyrir því að hafa höfuðstöðvar sínar í Reykjavík til þess að geta sannfært þá fjárfesta sem leggja enga merkingu í íslenskar rætur fyrirtækjanna.“

Þetta er kjarni málsins og mikilvægt fyrir stjórnmalámalenn sem vilja taka af ábyrgð á framtíð samfélagsins að gera sér grein fyrir því. Þeirra hlutverk er að móta komandi kynslóðum farsæla framtíð og möguleika í alþjóðavæddum heimi. Í slíku samhengi verða menn að horfa bæði af meiri dýpt og meiri breidd en raunin hefur verið upp á síðkastið þegar smíðaðar eru reglugerðir og frumvarpsdrög sem lýsa takmörkuðum skilningi á því sem er í húfi.

Í því samhengi þurfa menn einnig að horfa til hagsmuna lengri framtíðar þegar metnar eru grundvallarspurningar um hvar í hópi þjóða við viljum standa og hvers konar gjaldmiðil við viljum hafa til langrar framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00

mánudaga - laugardaga verslun opnar kl. 10:00



195,-



IKEA Restaurant & Café

Þú átt allt gott skilið!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Enginn Kjartan

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, var yfirheyrður í Baugsmáli í gær og sagði þá eins og hann hefur áður sagt að tölvupósturinn margfrægi, þar sem hann lýsir tryggð Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttardómara við ónefndan mann, hafi verið skrifaður í gríni. Ekki vildi hann þó segja hver maðurinn væri. Félagi Styrmis og vinur Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, mætti hins vegar ekki á staðinn. Þegar ljóst var að hann kæmi ekki til yfirheyrslu virtist Arnþrúði Karlsdóttur útvarpskonu, sem var á meðal áheyrenda, mikið brugðið og hálfhrópaði hún yfir salinn að skuldarar væru handteknir ef

þeir mættu ekki í dómssal. Hún vill kannski sjá Kjartan færðan í jarnum í réttarsal.

Flókið eða einfalt að falska?

Áður en Styrmir kom í salinn mætti fyrir dóminn maður frá Kögun í þeim tilgangi að sýna dómurum hvernig breyta mætti tölvupósti á einfaldan máta. Hann kom með skjávarpa og fartölvu og stutt sýnikennsla átti sér stað. Eins og oft vill verða þegar tölvur eru annars vegar þá geta aðferðir sem lærðum þykja mjög einfaldar vafist fyrir leikmönnum. Að minnsta kosti virtust þeir sem hlýddu á manninn ekki jafnsannfærðir um að eins einfalt væri að breyta pósti og hann vildi vera láta.



Breytingar á fjölmiðlum

Ýmsar breytingar áttu sér stað á fjölmiðlum í gær. Tilkynnt var um skipulagsbreytingar á Ríkisútvarpinu og tilheyrandi hrókeringar á fólki. Fréttir af þeim breytingum bárust síðdegis en lesendur Morgunblaðsins voru þá búnir að hafa hálfan dag til að virða fyrir sér verulega breytingu á baksiðu blaðsins sem þjónar ekki lengur sem önnur forsiða blaðsins. Ekki eru nema nokkur ár síðan forsiða blaðsins var lögð undir erlendar fréttir og innlendu fréttirnar voru á baksiðunni. Því var loks breytt og þótti tímabært en nú hefur skrefið til aðgreiningar síðunum verið tekið lengra. Loks var greint frá því í Viðskiptablaðinu að Óli Björn Kárasón sé hættur hjá blaðinu, þótt áfram muni hann skrifa í það. sigridur@

Þjóðin á það sem úti frýs

Ég sat á þingbekknum og hlustaði á sakleysislega umræðu um landbrot, þar sem Guðni landbúnaðarráðherra spígsporaði í kringum ræðustólinn eins og maður gerir heima hjá sér meðan maður bíður eftir kvöldmatnum eða fréttunum. Allt í einu datt einhverjum þingmanninum í hug að fara að fílosofera um hvað yrði með landið, ef áin tæki upp á því að breyta um farveg.

Ég tala nú ekki um ef árfarvegurinn upprunalegi var landamerkið sjálft, sagði þingmaðurinn. Hver er þá eigandi að breyttu landslagi, breyttum landamærum? Það var þá sem ég fór, ásamt fleirum, að spyrja Guðna, úr því hann var staddur þarna á staðnum, hvað liði endum stjórnarflokkanna um að setja það í stjórnarskrána að fiskistofnarnir væru sameiginlegir þjóðarinnar? Spurning, alveg út úr kú og allavega óralangt frá árfarvegnum og landbrotinu. En Guðni var óþolinmóður og vék sér hvatlega í ræðustól og upplýsti þessa tvo eða þrjá sem staddir voru í þingsalnum að það stæði ekki á þeim framsóknarmönnum að efna sín loforð og honum var svo mikið niðri fyrir að sjálfur formaður flokksins, sem rakst þarna inn fyrir hreina tilviljun, sá ástæðu til að gefa samskonar yfirlýsingu og sagði hans menn mundu berjast fyrir því af öllu afli að tryggja sameiginna.

Þetta hratt atburðarásinni af stað og blóðið rann framsóknarmönnum til skyldunnar og Sjálfstæðisflokkurinn vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið næstu dagana. Þeir höfðu kurteislega tekið þetta mál út af dagskrá stjórnarskrárnefndarinnar í anda þeirrar hugsjónar að sérhagsmunir ganga fyrir almannahagsmunum. Ég segi nú ekki beinlínis að ég hafi sam-



ELLERT B. SCHRAM Í DAG | Stjórnarskrárþreyingar

viskubít af því að setja þetta yfirlætisfulla bræðralag í uppnám en ég fékk þó pinulitla sektarkennd þegar ég sá nokkrum dögum síðar að þeir hefðu hnoðað saman texta að nýju stjórnarskrárákvæði sem samið hafði verið, að því er virtist, í fullri alvöru. Ég þurfti að lesa hann þrisvar sinnum yfir áður en ég skildi hann. Það átti sem sagt að tryggja náttúruauðlindirnar sem þjóðareign, þó með þeim fyrirvara að ekki skyldi haggast við þeim eignarrétti sem skapast hefði hjá öðrum á slíkum auðlindum eða þeim sem stunda fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda.

Huggan var þó í því að það voru fleiri sem þurftu að leggjast yfir þennan texta og jafnvel útlærðir stjórnlagafræðingar hafa komist að sömu niðurstöðu og ég og reyndar flestir aðrir vitibornir menn, sem sé þeirri að tillagan var tautologia sem þýðir á íslensku að ákvæðið stangast á við sjálf sig.

Svo fór ég á ráðstefnu í Háskólanum til að hlusta á sérfræðingana útlista þetta fyrir mér og öðrum almenningi og niðurstaðan var sú sama: bastarður var á leiðinni í stjórnarskrána. Einnhver utan úr sal hélt því fram að það væri sósíalismi ef þjóðin ætti eitthvað og framkvæmdastjóri útvegsmanna spurði hvort

Alþingi ætlaði virkilega að taka kvótann af útgerðinni og benti á Eirík Tómasson, útgerðarmann, sem er meðal fórnarlambanna, og framkvæmdastjórinn sagði að Eiríkur ætti kvóta fyrir tuttugu og eitthvað milljarða og hvort það yrði tekið af honum bóta-laust? Það fór klíður um salinn og menn sáu strax í hendi sinni að þjóðin gæti ekki verið svona vond við Eirík að rýja hann inn að skinninu með svona vitlausri stjórnarskrá. Hann hlýtur að eiga það sem hann á, fjandinn hafi það. Og um leið og þeir kumpánarnir frá LÍÚ blökuðu við sér, fór hrollur um mig og mér varð ljóst að eignarhaldið á þessum blessaða fiski og allri þessari óveiddu auðlind var löngu gengið úr greipum þjóðarinnar.

Ég hefði aldrei átt að stilla Guðna mínum upp við vegg. Þá hefði Framsókn þagað. Þá hefði þetta fjárans frumvarp aldrei litið dagsins ljós og þjóðin hefði ekki farið að trúá því að hún ætti eitthvað sem hún á ekki. Það eru menn suður með sjó og norður í landi sem eiga þessa auðlind og hvað vill þá þjóðin upp á dekk, þegar hún getur aldrei orðið eigandi að neinu nema vera bæði sósíalísk og sovésk? Af hverju erum við að þessu vesni? Af hverju erum við amast við því þegar valinkunnir heiðursmenn hafa eignarhald á þeim verðmætum sem máli skipta? Fiski. Sem öðru. Það eru þeir, þessir örfaú, þessir ríku, sem eiga þetta allt, sem verður ekki af þeim tekið og þjóðin á ekkert og getur aldrei átt neitt. Nema það sem úti frýs.

Enda sýnist manni að það sé niðurstaðan. Þökk sé sérhagsmunagæslu sjálfstæðismanna. Og ófrágenginni stjórnarskrá.

Kynferðislegur lágmarksaldur

UMRÆÐAN

Kynferðisbrotalög

Fagna ber afgreiðslu allsherjarnefndar á frumvarpi til breytinga á kynferðisbrotakafila hegningarlögunum. Í upphaflega frumvarpinu var gert ráð fyrir óbreyttum kynferðislegum lágmarksaldri, þ.e. að kynlíf með börnum sem orðin væru 14 ára væri refsilaust, að því gefnu að barnið hefði ekki verið tælt til verknadarins. Rökin fyrir þessu voru samkvæmt greinargerð að rannsóknir sýndu að unglingar á Íslandi byrjuðu fyrr að stunda kynlíf en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum. Þá segir orðrétt: „Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á þessari staðreynd breytir það ekki því að nauðsynlegt er að taka tillit til þessa veruleika þegar afstaða er tekin til þess hvernig háttáð verði refsíákvæðum vegna kynferðisbrota gegn börnum.“

Getur verið að viðhorf íslenskra ungmenna til kynlífs litist m.a. af því að þau eru álitin fullgildir bólfélagar 14 ára? Sú afstaða sem birtist í tilvitnuðum orðum, að unglingar á Íslandi byrji fyrr en jafnaldrar þeirra á hinum Norðurlöndunum að stunda kynlíf og það réttlæti lægri viðmiðunardursmörk að þessu leyti er röng og vinnur gegn barnavernd og ekki til þess fallin að hamla gegn kynferð-



SVALA ÓLAFSDÓTTIR

islegri misnotkun barna. Er það ekki einmitt þessi hugsunarháttur sem við viljum breyta og stuðla að því að boðskapurinn verði: Börn og kynlíf fara ekki saman. Ein leiðin til þess er að hækka aldersmörkin, þannig að fullorðnir geti ekki stundað kynlíf með börnum fyrr en þau hafa að minnsta kosti lokið feringarfræðslu! Með því að hækka aldersmörkin, þó ekki sé nema um eitt ár, höfum við gefið þau skilaboð enn skýrar en áður að börn og kynlíf eigi ekki samleið.

Það er fagnaðarefni að allsherjarnefnd skuli leggja til að aldersmörkin verði hækkuð. Með því er komið til móts við sjónarmið sem ítrekað hafa komið fram í umræðu um þessi mál. Þá er ekki síst komið til móts við vilja ungmennanna sjálfra, en fram kemur í álitum allsherjarnefndar að niðurstöður nýrrar rannsóknar, sem gerð var meðal ungmenna á Íslandi, sýni að ungt fólk hér á landi byrjadi seinna að lifa kynlífi en áður hafði verið talið og að meira en helmingur svarenda vildi hækka kynferðislegan lágmarksaldur, einkum stúlkur. Þetta hefur Barnaverndarstofa talið að mætti túlka sem ósk stúlkna um aukna vernd.

Höfundur er kennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Hornsteinn þeirra miklu verðmæta sem rekstur álversins í Straumsvík skapar í íslensku samfélagi er

samanlögð 6.750 ára reynsla og sérþekking

um 450 starfsmanna okkar í áliðnaði. Á þeim grunni er gott að byggja áfram.

Um fimmtán ára meðalstarfsaldur þeirra sem vinna í álverinu í Straumsvík talar skýru máli um gæði vinnustaðarins og þá miklu reynslu og sérþekkingu sem starfsfólk álversins býr yfir. Í þeirri hæfni eru mikil verðmæti fólgin sem skila sér í góðri afkomu, góðum tekjum starfsmanna, umtalsverðum tekjum til Hafnfirðinga og mikilvægum tekjum til íslensks samfélags. Ef ráðist verður í stækkun álversins mun um 350 manns til viðbótar opnast tækifæri til fjölbreyttra starfa innan álversins og verðmætasköpun þess mun aukast til muna.

Konum að störfum í álverinu fer stöðugt fjölgandi og eru þær um þessar mundir u.þ.b. 80 talsins en karlar 370. Alcan á Íslandi er hreykið af því að greiða nákvæmlega sömu laun fyrir sömu vinnu. Misrétti kynjanna er óþekkt hvort sem litið er til launa, verkaskiptingar eða tækifæra til menntunar og starfsframa.

Sérhæfð þekking á áliðnaði nýtist ekki, neyðist starfsmenn til að hverfa til annarra og óskyldra starfa. Sérþekking þeirra nýtist heldur ekki Hafnfirðingum hefji þeir störf í álverum annars staðar á landinu. Þess vegna hvetur Alcan Hafnfirðinga til að kynna sér röksemdir fyrir stækkun álversins og taka vel ígrundaða ákvörðun í kosningunum sem framundan eru.



Opið 10-18 í dag

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00 - 18.30	10.00 - 21.00	10.00 - 19.00	10.00 - 18.00	13.00 - 17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlu 20-50% Kast

AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM

fim-sun



Nýtt kortatímabil

Kringlan

Ennþá til miðar í stæði

Cluff

Laugardalshöll
28. mars

Islandspóst

Miðaverð:

A-stúka kr. 11.900

B-stúka kr. 9.900

Stæði kr. 5.900

Miðasala er á midi.is
Skífan Laugavegi 26,
Kringlunni, SmáralindEinnig BT Akureyri,
BT Egilsstöðum
og BT SelfossiLÉTT
BYLGJAN
967
RETTU LÖGIN... ALLTAF!

midi.is

MAÐUR VIKUNNAR

Húmorískur orkubolti

Katrín Jónsdóttir bar fyrirliðaband íslenska landsliðsins sem náði afar góðum árangri á Algarve-Cup æfingamótinu í Portúgal. Á mánudag vann Ísland lið Kína, 4-1, í leik um níunda sæti mótsins. Lið Kína er eitt hið besta í heiminum og hefur verið um áraraðir. Sigur Íslands er því einhver sá besti í sögu landsliðsins.

Katrín var fyrirliði liðsins í fjarveru vinkonu sinnar, Ásthildar Helgadóttur, en báðar eru þær uppaldar Kópavogsmeyjar. Katrín er reyndar ekki ókunnug því að gegna fyrirliðastöðunni þar sem hún gerir það í Íslands- og bikarmeistaraliði Vals.

Katrín hefur lengi verið þekkt sem ein fremsta knattspyrnukona landsins en hún lék lengi vel með einu sterkasta liði Noregs, Kolbotn. Færri vita að samhliða því að spila með því sterka liði sinni hún læknisfræðinámi í Noregi. Vinir og vandamenn segja að margir eigi erfitt með að trúá því að nokkur maður geti sinnt þessum tveimur hlutverkum jafn vel samtímis.

Katrínu er lýst sem einstaklega metnaðarfullri manneskju sem er ekki feimin við að taka að sér svo stórtæk verkefni fyrir hendur. Hún er samviskusöm með eindæmum og höfðu vinir hennar á tímabili miklar áhyggjur af því að hún myndi hreinlega „læra yfir sig“ eins og góður vinur hennar komst að orði í léttum dúr.

Katrín hefur reyndar verið með annan fótinn í Noregi alla sína ævi. Hún fluttist þangað með fjölskyldu sinni sjö ára gömul þar sem hún kynntist knattspyrnunni fyrst. Þar bjó hún í fjögur ár þar til hún kom aftur til Íslands og hélt áfram knattspyrnuferli sínum í Breiðabliki.

Hún var ekki nema fjórtán ára gömul er hún lék sinn fyrsta meistaraflokksleik í Breiðabliki. Það var árið 1991 og fagnaði hún Íslandsmeistaratitli það árið og reyndar einnig á því næsta. Alls hefur hún sex sinnum orðið Íslandsmeistari í meistaraflokki

KATRÍN JÓNSDÓTTIR



ÆVIÁGRIP

Katrín fæddist í Reykjavík 12. október 1976 og varð því þrítug í haust. Dóttir hjónanna Ingigerðar Torfadóttur hjúkrunarfræðings og Jóns Óttars Karlssonar, íþróttakennara við Hjallaskóla. Fjölskyldan fluttist til Kópavogs þegar Katrín var þriggja ára gömul og svo til Noregs fjórum árum síðar. Þar dvöldust þau í fjögur ár og komu svo aftur í Kópavoginn.

Katrín útskrifaðist með stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1997. Árið 1998 hóf hún nám í læknisfræði við Háskólann í Osló, þaðan sem hún útskrifaðist 2003. Hún sinni kandidatsnámi sínu í Kristjánssandi en fluttist til Íslands snemma árs í fyrra. Hún hóf þá störf hjá heilsugæslustöðinni í Efra-Breiðholti.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Katrín fluttist aftur til Noregs árið 1997 og hóf að leika með úrvalsdeildarliði Kolbotn. Þá hafði hún þegar orðið Íslandsmeistari í knattspyrnu í fjörgang með Breiðabliki og unnið sér fast sæti í íslenska landsliðinu.

Hún spilaði stórt hlutverk hjá Kolbotn sem varð Noregsmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins árið 2002. Hún tók sér tímabundið hlé frá knattspyrnu um haustið til að ljúka námi sínu í Osló en í Kristjánssandi tók hún skóna aftur fram og lék með 1. deildarliði Amazon Grimstad í tvö tímabil.

Katrín hefur lengi gegnt lykilhlutverki í íslenska landsliðinu og er einn allra leikjahæsti leikmaður liðsins frá upphafi með 61 leik og átta mörk skoruð. Hún er fyrirliði Íslands- og bikarmeistara Vals í dag.

SAGT UM HANA

„Hún er langelst í liðinu en getur samt látið eins og hún sé sautján ára. Það er afar góður kostur. En að sama skapi trúir því enginn að hún sé lækni.“

Elisabet Gunnarsdóttir, þjálfari meistaraflokks Vals og vinkona Katrínar til marga ára.

og það þrátt fyrir að hafa spilað í aðeins níu tímabil hér á landi.

Tvítug að aldri gekk hún til liðs við Kolbotn, eitt besta lið Noregs, sem hefur verið eitt helsta vígi kvennaknattspyrnu í heiminum. Þar spilaði hún í sjö ár en lagði skóna tímabundið á hilluna árið 2003 á meðan hún kláraði síðasta árið sitt í læknisfræðinni.

Ári síðar fluttist hún til Kristjánssands þar sem hún sinni kandidatsnámi sínu. Hún tók skóna aftur fram og spilaði með Amazon Grimstad í tvö ár áður en hún kom heim á nýjan leik, læknismenntuð og þalreyndur atvinnu- og landsliðsmaður í knattspyrnu.

Hún fór þó ekki í sitt gamla félag, Breiðablik, heldur fylgdi vinkonu sinni, Elisabetu Gunnarsdóttur, í Val. Elisabet er þjálfari liðsins. Þar var hún fyrirliði og tók við bæði Íslandsmeistara- og bikarmeistarabikarnum í haust fyrir hönd síns liðs.

Katrínu er lýst sem „orkubolta“ og ætti það að koma fáum á óvart eftir umfangreinda lýsingu. Ef hún tekur sér verkefni fyrir hendur, fylgir hún því eins ítarlega eftir og kostur er. Hún hefur til að mynda tekið upp á því að æfa frjálssar íþróttir nú í vetur til að afsanna þá kenningu að knattspyrnumenn geti ekki bætt hraða sinn á síðari hluta ferilsins.

Hún er þó fyrst og fremst afar heiðarleg og er afar auðvelt að treysta henni, bæði innan sem utan knattspyrnuvallarins. Hún getur verið skapmikil, er fljót að rjúka upp en að sama skapi fljót að ná sér aftur niður. Það er stutt í húmorinn hjá henni og getur hún alltaf komið nærstöddum til að brosa.

Ein góð vinkona hennar lýsir henni einnig sem einhverri mestu „ljósku“ sem hún viti um. Hún geti nefnt ótal dæmi því til sönnunar en segir

frá ferðalagi þeirra til Akureyrar. Þegar þær voru staddir í Varmahlíð í Skagafirði segist Katrín nú eitthvað kannast við sig.

„Já, alveg rétt. Við komum hingað þegar við fórum í æfingaferð í Vík í Mýrdal.“


550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

Væð og tilbóð gilda dagana 15. Mars. til 18. Mars 2007. Eða á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innviðarvillur og mynddröngi. *Upphæðin á TL birti er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlagan fjárfar. áhröngin: 3,5% stimpli og lánveita-gjöld ásamt vörum er innifalla. Væðir eru samkvæmt dkröðun TL á hverjum lína og eru núna 16,75%.



TILBOÐ

ALLT AÐ VERÐA VITLAUST,
AÐEINS TVEIR DAGAR EFTIR,
SJÓÐANDI HEIT SPRENGJU TILBOÐ Á
TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI Í
TÖLVULISTANUM. ÞÚ MÁTT EKKI
MISSA AF ÞESSU!!!

SJÁUMST

SPRENGJUA



SJÓÐANDI HEIT SPRENGJUTILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

FRÁ 2.241 KR ÁMÁNUÐI

Acer Aspire 5102WLMi
1.6GHz AMD TurionT 64 X2 TL50
1GB DDR2 minni, 120GB harðdiskur
15.4" WXGA skjár, 8xDVD skrifari
ATI Radeon 3D graphics skjákort
Windows Vista Home Premium

79.900

FRÁ 2.802 KR ÁMÁNUÐI

Acer TravelMate 6413WLMi
1.66GHz Intel Core 2 Duo T5500 - 2MB
512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur
15.4" WXGA skjár, 8xDVD skrifari
128MB Intel GMA 950 PCI-E skjákort
Windows XP PRO á íslensku eða ensku

99.900

FRÁ 3.362 KR ÁMÁNUÐI

Acer Aspire 5633WLMi
1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 - 2MB
2GB DDR2 minni, 120GB harðdiskur
15.4" WXGA skjár, 8xDVD skrifari
128MB DDR Geforce Go7300 skjákort
Windows Vista Home Premium

119.900

FRÁ 4.204 KR ÁMÁNUÐI

ACE SPRENGJUTILBOÐ 1
2.4GHz Intel Core 2 Duo E6600 - 4MB
2GB DDR2 minni, 320GB harðdiskur
19" Acer LCD skjár, 7.1 hljóðkort
256MB MSI Geforce NX7600GT víftulaust
18xDVD skrifari, Vista Premium

149.900

FRÁ 2.521 KR ÁMÁNUÐI

ACE SPRENGJUTILBOÐ 2
1.8GHz Intel Core 2 Duo E4300 - 2MB
1GB DDR2 minni, 250GB harðdiskur
17" Acer LCD skjár, 7.1 hljóðkort
256MB MSI Geforce NX7300GS víftu-
laust 18xDVD skrifari, Vista Basic

89.900

TÖLVULISTINN

Nóatúni	17	Reykjavík.	☎ 414 1700
Glerárgötu	36	Akureyri.	☎ 414 1730
Hafnargötu	90	Keflavík.	☎ 414 1740
Miðvangi	2-4	Egilsstaðir.	☎ 414 1735

OPNUNARTÍMAR

17. MARS	10-18
18. MARS	13-17

Hjarta þjóðarinnar

Kæra
Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er sagt frá börnum sem frelsast úr tröllahöndum, fjallað um hunda- og kattasálfræði, tölvugeðsjúkdóma, Matthías Jochumsson, eldhúsdagsumræður, þjóð á brún hengiflugs, galdramann og njósnapúka.

Úr tröllahöndum

Hápunktur dagsins var að sækja frú Sólveigu og koma með hana heim. Hún er eins og nýsleginn túskildingur eftir þessa heilsubótardvöl hjá góðu fólki á Reykjalundi sem á miklar þakkir skildar.

Börnin voru afskaplega kát að endurheimta ömmu sína – óþarflega kát, rétt eins og hún hefði birst á elleftu stund til að frelsa þau úr tröllahöndum. Þegar mestu fagnaðarlætin voru afstaðin fór amman að spyrja börnin sakleysislegra spurninga um hvernig þeim hefði líkað atlætið hjá afa sínum og það mega blessuð börnin eiga að þau báru mér svo vel söguna að ég fór hjá mér.

Hundar og kettir

Ég hef gert marga skemmtilega hluti um dagana og komist að þeirri niður-

stöðu að allra skemmtilegast sé að gera ekki neitt. Mestan part hefur þessi helgi liðið í sælu athafnaleyfi en slíkt ástand er jafnnaðsynlegt fyrir sálina í mér og hvíld er fyrir líkamann.

Einhver frægur maður, gott ef það var ekki séra Friðrik, sagði að einungis heimskingjum gæti leiðst.

Ég er ekki viss um að það hafi verið rétt hjá gamla manningnum því að mér leiðist eiginlega aldrei. Ég er frekar á því að það hafi ekkert með gáfnafar að gera hvort fólk getur haft ofan af fyrir sjálfu sér á eigin spýtur eða ekki. Ég held

þetta sé frekar spurning um skapgerð en gáfur.

Til dæmis leiðist hundum aðgerðaleyfi en kettir eru sógnir í innhverfa ihugun. Það er hverfandi greindarmunur á þessum tegundum en skaphöfnin er ólík: Hundar eru skemmtanasjúkir og ámatlega extróvert, kettir eru dulir og yfirleitt í góðu andlegu jafnvægi.

Vélarbilun eða geðbilun?

Mér finnst alltaf jafnskrýtið að tölvusérfræðingar skuli nota orðið „vélar“ um tölvur. „Hvernig vél ertu með?“ segja þeir, en ekki „hvaða tegund er tölvan þín?“

Þegar vélar bila skrifar maður þær í sundur og skiptir um varahluti.

Þegar tölva bilar þýðir



mars
9
FÖSTUDAGUR

mars
11
SUNNUDAGUR

mars
12
MÁNUDAGUR



Upp í Sigurhæðir

%/!!=(/!&!!!
Tölvufj&#!

Tölvunni tókst að eyðileggja þennan dag fyrir mér með húð og hári. Í morgun ákvað ég að láta ekki í minnipokann fyrir ómerklegu rafmagnstæki.

Það var upphafið á martröð sem stóð í allan dag og fram á kvöld. Martröð fyrir mig að minnsta kosti. Ég veit ekki hvernig tölvunni er innanturns en ég er bugður eftir þessi samskipti.

Í gærkvöldi lauk ég við að lesa ævisögu, „Upp í Sigurhæðir“, sem Þórunn Valdimarsdóttir skáld og sagnfræðingur skrif-

mars
13
ÞRIÐJUDAGUR





aði af næmum skilningi og hlýju um skáldið Matthías Jochumsson sem hvert mannsbarn á að þekkja, þótt ekki væri vegna annars en hann samdi sálminn „Ó, Guð, vors lands“, sem er þjóðsöngur Íslendinga. Mér finnst Þórinni takast frábærlega að setja sig inn í reynsluheim karla á nítjándu öld sem eykur mér bjartsýni á að karlmenn geti öðlast skilning á reynsluheimi kvenna þótt hann sé flókin.

Eldhúsdagsumræður

Ég nenni ekki að horfa nema með öðru auganu á beina útsendingu frá Alþingi og það sem ég heyrði og sá nægði mér.



Sæunn framsóknarkona hitti naglann á höfuðið. Þetta eru ekki stjórnálagsumræður heldur sömu tuggurnar upp aftur og aftur. Og aftur.

Sjallar og framsókn eru sam-mála um að allt sé í besta lagi – og það sé ríkisstjórninni að þakka.

Stjórnarandstaðan segir að stjórnin hafi leitt þjóðina og alla hennar búslóð fram á brún hengi-flugs og eina lífsvonin sé að snúa bakinu við þessari ríkisstjórn.

Báðir aðilar vita að svona full-yrðingar eru út í bláinn. En samt heldur þetta raus áfram.

Umræða af þessu tagi veldur því hvað fáir nenna að horfa á eldhúsdagsumræður sem ætti að verða stjórnálagsumræður hvatning til að sýna almenningsi þá virðingu að tala við okkur eins og viti-bornar manneskjur með þokkalega dómgreind.

En svo að sanngirni sé gætt þá er það ekki einvörðungu stjórnálagsumræður að kenna að stjórnálagsumræða hérlandis skuli vera á svona lágu plani. Fjölmíðlar eiga líka hlut að máli.

Á fjölmíðlum veður uppi sá misskilningur að íslenska þjóðin samanstandi af misháværum og mis-áhrifamiklum þrýstihópum, formlegum og óformlegum félagasamtökum og talsmenn þessara félagasamtaka séu hinir sönnu tals-



menn fólksins í landinu. Enda er auðveldara að slá á þráðinn til formanns í einhverju félagi eða fyrir-tæki og láta hann masa en að fara á stúfana og athuga hvað þjóðin er að bedrifa.

Fréttir af fólki eru sjaldséðar í fjölmíðlum – ef frá eru taldar þær sögur sem eru lifibrauð allra tímarita sem koma út á Íslandi og greina ýmist frá láni og lífs-hamingju þeirra heppnustu eða takmarkalaus óláni og óham-ingju þeirra óheppnustu.



Með allri virðingu fyrir félögum og fyrirtækjum þá slær hjarta þjóðarinnar í brjóstinu á venju-legu fólki en ekki í samþykktum félaga og fyrirtækja.

Það hefur vonandi verið djúphugsuð herstjórnarlist hjá Samfylkingunni að hvíla sinn besta ræðumann í kvöld en ekki hégómlegur ótti við að þingflokksformaðurinn skyggði á formanninn í ræðustól.

Þegar ergelsið út af reykjarkófinu sem kallast eldhúsdagsumræður bættist ofan á pír-inginn út af tölvu-skriflinu mínu ákvað ég að taka til minna ráða og útvega mér galdramann.



Galdramaður í heimsókn

Galdramaðurinn heitir Ríkharður og ég fann hann í smá-auglýsingadálki Fréttablaðsins. Ég hringdi í hann í gærkvöldi og spurði hvort hann vildi liðsinna mér. Hann tók því vel og á tilsettum tíma í morgun barði hann að dyrum.

Ég leiddi hann að tölvunni, bauð honum kaffi sem hann afþakkaði og skildi hann eftir og fór inn í stofu að spjalla við Árna vin minn sem hafði af sínu næmi skynjað að ég þyrfti á mannlegum samskiptum og hollum félagsskap að halda eftir baráttuna við þá illu anda sem hafa tekið sér bólfestu í tölvunni minni.

Á meðan við Árni fórum á skeiði yfir hinstu rök tilverunnar sat Ríkharður hreyfingarlaus yfir tölvunni og framdi sinn seið. Og það stóðst á endum að Árni var búinn að tala í mig kjark og nýja trú á framtíð mannkynsins í stað þeirrar sem ég hafði glatað í gærkvöldi og Ríkharður lauk við hreinsa tölvuna af þeirri óværu sem hafði tekið sér bólfestu í henni, en það voru mestmegnis litlir njósnapúkar sem heita á útlensku „spyware“ – þótt mér sé það hulin ráðgáta hvernig nokkrum manni dettur í hug að leggja á sig fyrirhöfn að njósna um mig.

Líf mitt er opin bók – eða öllu heldur opið Fréttablað.

90% HÚSNÆÐISLÁN AF MARKAÐSVIRÐI

Við kaup á fyrstu íbúð getur lánshlutfall skipt verulegu máli. Því geta viðskiptavinir Glitnis sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð fengið allt að **90% húsnæðislán af markaðsvirði, ekki brunabótamati eins og aðrir bjóða**. Reiknaðu dæmið til enda.

Fjármögnunarmöguleikar við kaup á fyrstu íbúð:

Dæmi miðað við meðal kaupverð, brunabótamat og lóðamat á 3ja herbergja íbúðum á höfuðborgarsvæðinu*

Kaupverð	20.890.000
Brunabótamat	14.390.000
Lóðamat	2.270.000

	LÁNSHLUTFALL	HEILDARLÁN
GLITNIR	90%	18.801.000 kr.
ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR**	79,75%	16.660.000 kr.
LANDSBANKINN***	80%	16.712.000 kr.
KAUPÞING****	79,75%	16.660.000 kr.
SPARISJÓÐURINN*****	68,88%	14.390.000 kr.

* Meðal kaupverð, brunabótamat og lóðamat á þinglýstum kaupsamningum des. 2006 - feb.2007 skv. upplýsingum frá Fasteignamat Ríkisins.

** Íbúðalánasjóður lánar ekki hærra en 18.000.000 kr. eða því sem samtala brunabótamats og lóðamats nemur.

*** Landsbankinn býður upp á 80% húsnæðislán af markaðsverði við kaup á fyrstu eign.

**** Kaupþing auglýsir 100% húsnæðislán en þegar betur er að gáð kemur í ljós að hámark lánsfjárhæðar takmarkast við samtölu brunabótamats auk lóðamats.

***** Sparisjóðurinn býður að hámarki 80% húsnæðislán af markaðsverði en veðsetning má ekki vera umfram brunabótamat fasteignar.

GLITNIR

PÁLL PÉTURSSON ER
SIÖTUGUR Í DAG

“Hross eru mun færri nú en fyrstu árin sem ég fór á fjall en þeim fjölgaði mjög um það leyti sem mæðuveikin geisadi.”

Alþingismaðurinn og ráðherra-ann rifjar upp að hann hefur farið í göngur í yfir 50 ár.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 17. MARS 1949

Fyrsti Porsche-bíllinn kynntur

Fyrsti bíllinn sem bar fjölskyldunafnið Porsche var kynntur á 19. alþjóðlegu bílasýningunni í Genf í Sviss. Eftir að hafa afplánað tveggja ára fangelsisdóm fyrir að vinna sem verkfræðingur undir stjórn Hitlers hóf Ferdinand Porsche ásamt sonum sínum að vinna að bíl sem myndi bera nafn fjölskyldunnar. Frumgerð Porsche-bílsins kallaðist 356 og var sportútgáfa af Volkswagen-bifreiðinni sem Porsche hafði hannað að beiðni Hitlers. Ávalar línur hans, tvö sæti og sú staðreynd að vélin var aftur í lagði línurnar fyrir síðari tíma útgáfu Porsche.

Árið 1950 fagnaði Ferdinand 75 ára afmæli sínu. Hann hafði náð frama sem verkfræðingur hjá Mercedes, hann hannaði Volkswagen-bifreiðina og nú hafði hann loksins hannað bifreið með eigin nafni. Ári síðar fékk Porsche hjartaáfall sem hann jafnaði sig aldrei á. Ferdinand lést í janúar 1952 en Ferry Porsche, sonur hans, gerði Porsche-fyrirtækið að því sem það er nú.



FRUMKVÖÐULL Ferdinand Porsche kynnti fyrsta Porsche-bíllinn árið 1949. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

MERKISATBURÐIR

- 1610 Tugir manna verða úti í stórhrið á landinu öllu.
- 1757 Þrjú skip frá Vestmannaeyjum farast undan Eyjafjöllum og 42 menn með þeim.
- 1901 Vincent van Gogh öðlast viðurkenningu listheimsins með sýningu í Bernheim-Jeune galleríinu í París.
- 1905 Eleanor Roosevelt giftist fjarskyldum frænda sínum, Franklin D. Roosevelt, sem varð síðar forseti Bandaríkjanna.
- 1917 Tíminn, málagn Framsóknarflokksins, er gefinn út í fyrsta sinn.
- 1988 Fyrsta íslenska barnið sem getið er með glasafrjövgun fæðist en það var tólf marka drengur.



Sigríður Jónasdóttir

Asparfelli 2, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 20. mars kl. 13.00.

Hjörtur Jónasson
Helgi Sigrður Jónasson
Kristján Össur Jónasson
Páll Jónasson
og fjölskyldur þeirra.



Við þökkum auðsýnda samúð og hlýbug vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Ástu Bjarnadóttir

Norðurbún 1.

Margrét Kjartansdóttir
Björg Kjartansdóttir
Sæunn Kjartansdóttir
Ásta Kjartansdóttir
og barnabörn.

Freysteinn G. Jónsson
Guðmundur Jónsson
Vigfús Erlendsson



Móðir okkar og amma,

Sigurrós Lárusdóttir

húsmóðir, Vesturgötu 50A,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi 7. mars. Útförin fer fram frá Grafarholtskirkju mánudaginn 19. mars klukkan 13.00.

Þorsteinn Viðar Antonsson
Sigríður Eygló Antonsdóttir
Kolbrún Lilja Antonsdóttir
Grétar Örn Antonsson
Atli Viðar Þorsteinsson
Katrín Edda Þorsteinsdóttir
Helga Björk Stefánsdóttir
Valdís Ösp Ingvadóttir
Lúcíndá Árnadóttir
Eyrún Rós Árnadóttir
Vera Grétarsdóttir
Anton Ívarsson
Benedikt Ívarsson
og Anna Birna Ívarsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



AFMÆLISBARN Heiðar Austmann hefur afþakkað afmælisgjafir og bendir í staðinn á Félag krabbameinssjúkra barna.

HEIÐAR AUSTMANN ER ÞRÍTUGUR Í DAG

Þrjátíu er bara tala

„Dagurinn byrjar á því að mér er boðið í fermingu litlu frænku minnar en svo skilst mér að samstarfsmenn mínir á FM 957 ætli að bjóða mér óvænt út að borða á Argentínu í kvöld,“ segir útvarpsmaðurinn Heiðar Austmann sem er þrítugur í dag.

Heiðar ætlar að halda veislu fyrir vini og ættingja en vill ekki gefa upp staðsetningu veislunnar. Hann hefur afþakkað allar gjafir en beðið fólk um að leggja pening inn á reikning Félags

krabbameinssjúkra barna ef það telur sig knúð til að gleðja hann í tilefni dagsins. „Ég ætla ekki að halda einhverja afmælisgjafaveislu heldur aðeins partí fyrir vini og ættingja. Ég er búinn að fá góða menn til að halda uppi fjörinu eins og Einar Ágúst, Gunna Óla, Magna og fleiri sem munu troða upp á meðan þeir hafa orku til,“ segir Heiðar og bætir við að hann sé ekki með á hreinu hvernig honum lístist á að verða þrítugur. „Suma daga er ég ánægður með þetta en aðra

daga kvíði ég fyrir. Þetta er samt bara tala og á meðan maður er ungur í anda þá skiptir hún ekki máli. Á svona dögum lítur maður um öxl á það sem maður hefur afrekað og síðustu tíu ár hafa verið virkilega viðburðarík hjá mér. Ég hef fengið að gera margt og er reynslunni ríkari svo ég er tiltölulega sáttur við aldurinn. Það er samt spurning hvort ég verði það enn þá þegar dagurinn er liðinn og allir hætta að óska mér til hamingju.“

indiana@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Helgi Hafliðason

Hátúni 23, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju mánudaginn 19. mars kl. 13.00.

Helgi Helgason
Dagbjört Helgadóttir
Júlíus B. Helgason
Hafliði Helgason
Ragnar Hauksson
afabörn og langafabörn.

Anna Kristín Hannesdóttir
Þorkell Hjaltason
Hildur Sværrisdóttir
Barbara Helgason
Josephine Pangolamus



Þökkum af hlýbug auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir og afa,

Ólafur Theodorsson

Esjubraut 19, Akranesi.

Sérstakar þakkar til starfsfólks deildar B2 á Landspítalanum Fossvogi fyrir góða aðhlyningu.

Júlija Baldursdóttir
Baldur Ólafsson
Ellen Ólafsdóttir
Ragnhildur Í. Ólafsdóttir
og barnabörn.

Auður Línal Sigmarsdóttir
Guðjón Theodorsson
Birgir Guðmundsson

TILBOÐSDAGAR

OPIÐ

20.00-22.00 Í KVÖLD

10-50%

afsláttur af öllu

50% afsláttur af öllum eldhússtólum og sófaborðum

OPNUNARTÍMI Á TILBOÐSDÖGUM:

Fimmtudagur: 20-22 Föstudagur: 10-18

Laugardagur: 11-18 Sunnudagur: 12-16

Í Bústoð færðu mikið úrval húsgagna fyrir heimilið
1500 m² sýningarsalur | Tjarnargötu 2 | Reykjanesbæ | 421 3377 | bustod.is

BÚSTOÐ
býður betur!



Gestasýning Þjóðleikhússins er rómuð uppfærsla leikstjórans Arthurs Nauzyciel á Ímyndunarveikinni eftir höfuðskáld franskra leikbókmennta, Molière, en sýningin markar jafnframt upphafið að samstarfi Þjóðleikhússins og Nauzyciel sem mun setja upp glænýtt verk þar á næsta leikári.

Brynhildur Guðjónsdóttir leikona útskýrir að bakland þessarar uppfærslu sé í harmrænni fjölskyldusögu leikskáldsins sem Nauzyciel vinnur markvisst með í uppfærslu sinni sem ekki er gróteskur gamanleikur eins og vant er þegar verk Molières eru leikin. Leikritið ber þannig lengri titil sem vísar til einþáttungs ítalska leikskáldsins Giovanni Macchia sem bætt hefur verið við verk Molières svo það heitir nú „Ímyndunarveikin eða Þögn Molières“. „Þetta er verulega persónuleg sýning fyrir leikstjóran,“ útskýrir Brynhildur og bendir á að hann leiki sjálfur í verkinu sem og faðir hans, fullorðinn fyrrum starfsmaður grænmetismarkaðar, sem ekki hefur gert sig gildandi á leiksviði fyrr. „Hann er þögull með syni sínum á sviðinu af ein-skærri löngun þess fyrrnefnda sem vill fá að sjá hann leika. Leikstjórnin heimfærir verkið á sig og fólkið í kringum hann. Ekkert í þessari sýningu er tilviljun,“ segir leikkonan. Í sama mund fer brunavarnarkerfi hússins í gang. „Þetta er allt í lagi – þetta er alltaf að gerast,“ segir hún hughreystandi.

Sifjaspell og byrðar

Fjölskyldutengslin eru þungamiðja verksins en Brynhildur leikur dóttur leikskáldsins í verkinu og flytur nútímatextann eftir Macchia auk þess að leika senu á móti persónu Molières. „Ímyndunarveikin fjallar um kolklikkaðan mann sem haldinn er í myndunarveiki. Líkt og fleiri aðalpersónur Molières er hann sjúklega afbrýðisamur og snarklikkaður – eins og margir halda að leikskáldið hafi sjálft verið. Hann var í það minnsta maníudepressífur og með rosalegar skapsveiflur.“ Saga Molière-fjölskyldunnar er skrautleg og í raun æsilegri en nokkurt leikverka hans. Brynhildur útskýrir að öll fjölskyldan hafi verið leikarar nema dóttirin Esprit Madelene sem hún leikur í verkinu – stúlkan sýnir rauf fjölskylduhæfðina og vildi ekki leika heldur gekk í klaustur. „Á þessum tíma voru leikarar úrhrök, eins og sígaunar sem lifuð á jaðri samfélagsins. Það var gasprað um sifjaspell, að móðir stúlkunnar hefði einnig verið dóttir Molières og þá synd þurfti hún að bera allt sitt líf.



Frönsk snilld og framtíðin

Það er franskt vor á klakanum þrátt fyrir kuldaköstin. Von er á virtu listafólki hingað til lands á næstu dögum sem setur upp nýstárlega klassík í Þjóðleikhúsinu. Leikkonan **Brynhildur Guðjónsdóttir** tekur þátt í sýningunni og leikur þar bæði á íslensku og frönsku. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* ræddi við hana um sýninguna, Stelpurnar og frjálsari framtíð.

Þessi stúlka var ofboðslegur töffari en með mikinn sársauka og byrðar.“

Brynhildur fer öll á flug þegar hún ræðir um einþáttunginn og þessa hádramatísku fjölskyldusögu. „Þessi nútímatexti er uppgjör stúlkunnar við föður sinn. Hún er sjö ára þegar hann deyr en hann hafði skrifað handa henni leiktexta sem hún neitaði að flytja. Hennar líf er þögnin en þarna opnar hún sig. Eftir það atriði í verkinu vaknar Molière og þau leika saman senuna sem hann hafði skrifað handa henni – það er friðþægingin, eins konar leikhúss-

kaþarsis.“ Þá senu leikur Brynhildur á frönsku ásamt leikaranum Jean-Philippe Vidal sem leikur Molière. „Það kom leikstjóranum á óvart að ég kynni að tala frönsku,“ segir Brynhildur glettnislega, „og það dýpkaði samskipti okkar aðeins. Annars er mikill heiður að fá að vinna með þessu fólki og Nauzyciel er afar fær leikstjóri. Þetta er í þriðja sinn sem þau endurvekja sýninguna og í annað sinn sem franska leikkonan, sem vanalega leikur dótturina, er skilin eftir heima því verkið hefur líka verið sýnt í Rússlandi og þá var einþáttungurinn fluttur á rússnesku.“

Brunaboðinn gellur aftur og Brynhildur ýjar líka að því að næsta verkefni Nauzyciel fyrir Þjóðleikhúsið, leikritið Sæðýrasafnið sem skrifað er fyrir húsið af franska leikskáldinu Marie Darrieussecq, verði algjör flugeldasýning. „Þetta er umsetinn leikstjóri og hann hefur valið með sér afburðafólk. Mér skilst að Barði í Bang Gang muni sjá um tónlistina og kannski muni Gabríela Friðriksdóttir sjá um leikmyndina. Svo er Sjón að þýða verkið.“ Unnendur leikhússins eiga því líklega á góðu von en þess má geta að skáldkonan og verk hennar verða einnig kynnt á frönsku menningarhátíðinni sem nú stendur yfir en hún mun koma hingað um miðjan apríl.

Pétur með ferðatösku

Brynhildur Guðjónsdóttir er annáluð tungumálakona og fékk einnig að sýna það á leikferðalagi til Bretlands á dögnum en þar sýndi Þjóðleikhúsið tíu sýningar á uppfærslu Baltasars Kormáks á ljóðleiknum Pétri Gaut eftir Ibsen. „Það var mjög gaman að fara aftur til Bretlands og leika á ensku,“ segir Brynhildur en þar var hún sannarlega á heimavelli því hún lærði í London, í Guildhall School of Music and Drama sem er í Barbican Center þar sem hópurinn setti upp Pétur Gaut við frábærar undirtektir. „Það var líka reglulega gaman að hitta fólkið aftur og hreinlega fatta hvað maður á ótrúlega góða vini – hjart-

ans vini. Maður hreinlega táraðist eftir hverja sýningu.“ Það virðast þó engin takmörk fyrir því hvert Pétur Gautur fer með fólk. Leikarar Þjóðleikhússins hafa einnig farið með kappann á heimaslóðir í Noregi og Brynhildur upplýsir að búið sé að bjóða sýningunni til Ástralíu og Japans. „Mér skilst að það sé verið að skoða þau mál –

ég líka feta í fótspor Benedikts Erlingssonar og setja upp sýningu á Sagnalofti Landnámssetursins í Borgarnesi. Það er á stóra planinu en engin dagsetning hefur verið ákveðin ennþá,“ segir hún spennt.

Margir þekkja líka Brynhildi af skjánum þar sem hún hefur sprellað ásamt kollegum sínum í gamanþættinum Stelpunum, en

„Mér fannst æðislegt að fá tækifæri til að skrifa, ég meina „kann ég eitthvað að skrifa“ en svo kom í ljós að maður hafði alveg fullt af innistæðu í slíkt og það gekk ofsalega vel. Við ruddum frá okkur frábæru efni.“

Japanarnir eru víst að bjóða okkur árið 2010 en það víst ekki ráð nema í tíma sé tekið,“ segir hún hlæjandi. „Pétur Gautur verður greinilega að fá sér ferðatösku.“

Framtíðin frjálsari

Brynhildur hefur verið fastráðin í Þjóðleikhúsinu undanfarið átta ár en sagði samningi sínum lausum fyrir stuttu. „Allt hefur sinn tíma og þetta var bara komið gott. Þetta er í raun bara eðlilegt framhald á því sem ég hef verið að gera og nú þarf ég að vera lausari og geta stjórnað því hvar ég ætla að vera. Eg er alls ekki hætt að leika í Þjóðleikhúsinu ef mér bjóðast hlutverk,“ segir hún og útskýrir að til dæmis sé mikil binding að taka þátt í barnaleikritum sem taki mikinn tíma um helgar. Brynhildur og hennar ektamaður Atli Rafn Sigurðarson eiga saman sex ára dóttur og hafa bæði verið að leika í Þjóðleikhúsinu alla hennar tíð. „Það er aldrei að vita hvað við gerum – við verðum hér og þar og alls staðar,“ segir hún brosandí. Til dæmis stendur til að Brynhildur leiki hjá Birni Hlyni Haraldssyni, Vesturportsmanni og mótleikara hennar í Pétri Gaut, sem mun leikstýra verkefni í samvinnu við Leikfélag Akureyrar. „Svo mun

hvað er að fréttu af grínleikkonunni? „Hún er nú bara atvinnulaus í augnablikinu – fólk getur bara hringt ef það hefur eitthvað fyrir hana að gera,“ svarar Brynhildur kankvís. „Þetta var allt allt öðruvísi en að standa á sviði, mér fannst æðislegt að fá tækifæri til að skrifa, ég meina „kann ég eitthvað að skrifa“ en svo kom í ljós að maður hafði alveg fullt af innistæðu í slíkt og það gekk ofsalega vel. Við ruddum frá okkur frábæru efni. En Stelpurnar eru leikstjóraveldi – þetta eru ekki bara stelpur með stelpugrín, þetta var ákveðið annars staðar. En það var meiri háttar að vera með.“ Brynhildur segir þó að ef hún taki þátt í svona verkefni aftur þá vilji hún fá að ráða meira um áherslurnar. „Þetta var svoltið eins og að ferðast í bíl – mann langaði rosalega til að fá að stýra því maður vissi að það væri alveg hægt að keyra hina leiðina.“

En nú þarf leikkonan að leggja yfir textann því leikstjórnin franski er væntanlegur til landsins til að leggja lokahönd á sýninguna. Brunaliðið og lögreglan líka eru komin til að kanna hvort menningarmusterið við Hverfisgötu standi í ljósum logum en svo reynist sem betur fer ekki þennan daginn.



STÓR Í KÓREU?

Frægðarsól Brynhildar skín víðar en í Norður-Evrópu því smekkfólk austur í Asíu hefur líka lagt eyrun við söng hennar. Búið er að gefa út tvo diska hennar í S-Kóreu, annars vegar tónlistina úr leikritinu Edith Piaf þar sem Brynhildur sló eftirminnilega í gegn í aðalhlutverkinu og diskinn Grrr... þar sem Brynhildur gerir nokkra viðfræga standarda að sínum. Nú berast fregnir þess að söngur Brynhildar hafi þegar heyrst í suðurkórskum sápuóperum og grínþáttum og hafa lög hennar einnig ratað inn á safndiska þar í landi.

Þessi snjóbolti rúllaði af stað þegar útgefandi Brynhildar, Lásur Jóhannesson hjá 12 Tónum, hitti suðurkórskasta starfsbræður sína á kaupstefnu fyrir þremur árum og gaf þeim eintak af íslenski Piaf en hann segir nú að vilji sé til frekara samstarfs hjá kollegum þeirra þar austur frá. „Þeir sem eiga útgáfufyrirtækið sem gaf út þessa tvo diska eru alveg heillaðir af Brynhildi og telja að hún og hennar stíll henti Asíumarkaði mjög vel. Við erum síðan að skoða möguleika á því að hún taki upp plötu með kórskum listamönnum og gefi út fyrir þennan markað.“

Frá kr. 3.740.000
SANTAFE

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- Fjór hjóldrif með 50/50 driflæsingu
- 6 loftþúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu undir rúðupurkum
- Tölvustýrð loftkæling
- Skriðstillir (Cruise Control)
- 17" álfelgur
- Fáanlegur 7 manna

Santa Fe, bsk. 2.7L kr.3.740.000

Kr. 37.593 á mánuði*

Hefur þú prófað bíl ársins 2007
í flokki jeppa og jepplinga?



Hefur gæðin



Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Bíll á mynd: Santa Fe GLS. Bifasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

Kvikmyndin 300 virðist ætla að fara sem stormsveipur í kringum hnöttinn miðað við móttökur í Bretlandi og Bandaríkjunum. Íslandsvinurinn **Gerard Butler** leikur aðalhlutverkið í myndinni og *Birgir Örn Steinarsson* fór og hitti hann í London og spjallaði við hann um myndina, magaæfingar, ofurmannlega Íslendinga og auðvitað íslenskt kvenfólk sem hann hefur haft góð kynni af.



VÍGALÉGUR Gerald Butler í hlutverki sínu sem forni konungurinn Leonidas í myndinni 300.

Spartanskir magavöðvar

Skotinn Gerard Butler er kannski ekki öllum kunnur eins og er. En eftir að heimurinn sér hann sem Leonidas konung höggva mann og annan í leðurbrók með rauða skikkju í myndinni 300 á hann eflaust eftir að grafa sig í minni manna. Þá sérstaklega kvenþjóðinni og samkynhneigðum. Allt leikaraliðið í myndinni, þurfti að leggja á sig átta mánaða æfingarferli í ræktinni til þess að forða brellu-sérfræðingunum frá því að þurfa að tölvuteikna á þá ýktustu magavöðva sem sést hafa á hvíta tjaldinu í lengri tíma.

Sagan er byggð á sannsögulegum atburðum, þegar 300 hermenn Spörtu vörðu klettabelti strandlengjunnar ásamt kónginum sjálfum fyrir innrás Persa og lögðu þar mörg þúsund hermenn áður en þeir féllu sjálfir. Ótrúlegt hugrekki þeirra kom blóði þjóðarinnar af stað sem varð til þess að Sparta hélt frelsi sínu. Myndin fer þó all frjálslega með staðreyndir, enda er hún nákvæmlega byggð, nær ramma fyrir ramma, á samnefndri myndasögu Frank Millers. Hann skrifaði einnig myndasögu-seríuna sem Sin City var byggð á. Leikstjórinn Zack Snyder heldur í sömu hefð og leikstjórinn Robert Rodriguez gerði fyrir Sin City, að gæða myndarömmum Frank Millers lífi með því að fylgja þeim eftir í smáatriðum. Útkoman leiðir áhorfandann inn í afar sérstaka ævintýraveröld þar sem nánast allt er leyfilegt.

Leonidas konungur

Samkvæmt þjóðsögunni voru Spartverjar mjög stolt þjóð og konungur þeirra, Leonidas, er sá stoltasti. Gerard Butler á prýðisleik í myndinni og er hárréttur maður til þess að gæða túlkun Millers á þeirri forn-sagnapersónu lífi. Hann býr yfir dýrslegum eiginleikum. Sterkbyggður, þróttmikill og vakandi einstaklingur sem gnístir tönnu með nokkurra sekúnda millibili meðan á viðtalinu stendur.

„Leonidas er mjög inni í sér og þögull. Mér leið alltaf eins og að djúpt undir niðri byggji hann yfir ótrúlegum skilningi. Það er ómögulegt að vita hvað hann er að hugsa. Hann er eins sterkur og valdamikill og þeir verða. Hann virðist hafa verið mjög einstakur maður og leiðtogi. Hugrekki hans virðist hafa jaðrað við geðveiki. Hann virðist þó búa yfir ákveðinni samúð, sem er líka hrokafullur andskoti!“

Varstu varkár vegna þess að þú varst að leika goðsögn? „Já, auðvitað. Ég er nú samt vanur því. Eins og þegar ég tók að mér að leika drauginn í Phantom of the Opera- kvikmyndinni en þá bárust mér eflaust um tíu morðhótanir. Sumt fólk er mjög sorglegt. Ég fann fyrir pressu, en það finnst mér kjöraðstæður til þess að vinna. Ég hugsa að ég skili ekki jafn góðum árangri ef ég finn ekki fyrir pressu. Ég tók þessa ábyrgð á mig með það í huga að mig langaði til þess að gera honum hátt undir höfði. Mig lang-



aði líka til þess að sýna vinnu Franks Miller virðingu og standa mig í augum leikstjórans og sjálfs míns. Þessir hlutir keyra mig áfram, og eyðileggja mig svo.“

Það verður augljóslega ekki gerð framhaldsmynd, áttu eftir að sakna Leonidas? „Já, það var alveg magnað að leika hann. Ég lærði heilmikið um Spartverja meðan á þessu stóð. Þeir voru svo fullir sjálfstrausti og voru fullir trú og ásetningi. Það er svo óvanalegt að sjá þetta. Bíómyndir fylgja yfirleitt þessari Rocky-formúlu þar sem hetjan er barin niður og fer í mikla sjálfsskoðun. Mér finnst frábært að Leonidas efast aldrei um sjálfan sig. Hann spyr sjálfan sig miklu frekar um hvað stríð snýst og hverjir Spartverjar séu. Kannski vissi hann að saga hans myndi lifa áfram og að það yrði búin til bíómynd þrjú þúsund árum seinna. Þetta er ekki flókin saga og persónurnar eru ekki mjög flóknar heldur. Það er engin ástæða til að vera að útskýra of margt.“

Áhorfandinn fer inn í þessa veröld og veit strax hverjir þessir menn eru. Þetta er náttúrulega goðsögn og því einfaldari sem þær eru, því auðveldara eiga allir með að tengja sig við þær.“

Hvernig var að þurfa að æfa svona mikið? „Hræðilegt! Við æfðum stanslaust í átta mánuði, en hvernig getur það mögulega verið nóg? Hvernig get ég mögulega verið Spartverji? Þessir gæjar gengu um með leggbrýnjur og skildi úr kopar. Þeir voru kannski með 70 kíló utan á sér. Það er ekki svo langt síðan ég lék víking og eins og

”

Þegar við vorum að vinna þessa mynd þá fannst mér ég vera svaka nagli. Æfingarnar urðu aðalatriðið hjá mér.

Þá hugsaði ég með mér að hversu harður sem mér finnst ég vera þá er ég ekki nærri því eins harður og þeir voru. Samt, þegar við vorum að vinna þessa mynd fannst mér ég vera svaka nagli. Æfingarnar urðu aðalatriðið hjá mér. Ég æfði á daginn á vegum kvikmyndafyrirtækisins, æfði svo í tvo tíma með áhættuleikumunum og fór svo heim og æfði í tvo tíma með einkaþjálfaranum. Ég vissi vel að ég var að ofæfa og að þetta væri ekki hollt fyrir mig.“ Hversu margar bollyftur þarf maður eiginlega að gera til þess að fá svona magavöðva? „Fullt,“ segir hann og hlær. „Þetta eru ekki bara bollyftur eða æfingar, líka mataræði. Venjulega passa ég ekkert upp á mataræðið.“ Verður maður þá að svelta sjálfan sig og lyfta vörubílum allann daginn? „Nei, þvert á móti. Þú verður að borða meira og reglulega. Ef þú



HVER VAR LEONIDAS?

Leonidas var stríðskonungur frá Spörtu sem var uppi á fimmtu öld fyrir Krist. Hann komst á spjóld sögunnar fyrir afburða hugrekki þegar hann leiddi 300 stríðsmenn sína á móti Persneska hernum við Thermopylae í Grikklandi. Herodotus skrifar að Leonidas hafi fengið viðvörðun frá völvunni í Delphi um að annað hvort myndi hann láta líf sitt eða að Sparta myndi farast.

Kvikmyndin 300, byggð á myndasögu Franks Miller byggir að mestu á sögu-

legum staðreyndum. Í kvikmyndinni gerir Leonidas konungur gys að heraflla Apenu sem koma Spartverjum til hjálpar í stríðinu. Spartverjar byggðu á sterki hermenningu, þar sem menn voru þjálfaðir upp í því að verða atvinnubardagamenn, en það voru Apenumenn ekki. Spartverjarnir í myndinni leiða stríðsmenn sína til sigurs og halda Persum meistaralega á ströndinni þar sem þeir komu að landi. Það sem kvikmyndin gleymir að benda á er það,

að þrátt fyrir yfirburði Spartverja á þurru landi, voru Apenumenn stórkostlegir siglingamenn. Í raunverulega bardaganum árið 480 fyrir Krist þá var það sjóher Apenu sem hélt persneska flotanum frá ströndinni, og stöðvaði ferð þeirra áfram að næsta lendarastað. Kvikmyndin bætir einnig við staðreyndir á nokkrum stöðum og skáldar rómantik á milli Leonidas og drottningu hans, ásamt sögum um spillingu, mútur og pólitík heima á Spörtu.

UPPÁHALDSMYNDIN

Ragnheiður Eiríksdóttir söngkona fann mynd sem hún heillaðist af í nýtygámi. Myndin er eftirprentun af málverki eftir Edward Hopper og stefnir Ragnheiður á að eignast frummyndina.

HEIMILI 6



MARGSLUNGINN BMW

BMW 1-línan, eða ásin, er uppfullur af andstæðum sem gera hann mjög áhugaverðan. Hann er undarleg togstreita kraftlegar hönnunar og fágúnar á sama tíma og hann virkar hálf þunglamalegur.

BÍLAR 2



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR FERÐIR HEIMILI TÍSKA]

Fiat Croma er kominn til landsins. Bílnum er hægt að reynsluaka hjá Sögu bílaumboði á Malarhöfða 2a.

Skálanætur eru af skornum skammti og þeir sem hyggja á ferðalag innanlands í sumar ættu að tryggja sér pláss í tíma.

Tekk Company stendur fyrir lagersölu þar sem sýningarvörur, gamlar vörur og útlitsgallaðar vörur eru á 50 til 80 prósentu afslætti.

Adagio er ný hárgreiðslustofa í Síðumúla 34. Í marsmánuði eru opnunartilboð og er 15 prósentu afsláttur af allri verðskrá og 10 prósentu afsláttur af vörum.



GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 17. mars, 76. dagur ársins 2007.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík 7.40	13.36	19.34
Akureyri 7.25	13.21	19.18

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Óskar Manúelsson á sérstöku sambandi við bílinn sinn sem hefur fylgt honum frá barnsaldri.

MYND/HEIDLAIS

Bíllinn hans afa

Óskar Manúelsson á margar góðar minningar um afa sinn á gula Saabnum. Nú er bíllinn kominn í eigu Óskars og gengur undir nafninu Rolling Stones.

„Afi fór oft með mig á Saabnum til Vopnafjarðar á sumrin þegar ég var lítill. Hann var mikið náttúrubarn og þótti gott að komast í bústaðinn sinn og í veiðitúra á æskustöðvunum,“ segir Óskar Manúelsson, myndlistarnemi á Akureyri, sem á forlata Saab 96 árgerð 1979 sem hann erfði eftir afa sinn fyrir tveimur árum síðan.

„Það eru miklar minningar sem fylgja bílnum og tengslin því mjög sérstök og meiri en þau myndu vera við einhverja glænýja Toyota. Við erum orðnir hálfgerðir þar ég og bíllinn,“ segir Óskar.

Bíllinn er ekinn 80.000 þúsund kílómetra samkvæmt mælum en Óskar segist ekki vita hvort það sé heilagur sannleikur. Þrátt fyrir háan aldur skilar bíllinn Óskari vel á milli staða bæði í skóla og vinnu, en sést sjaldan á hinum viðfræga Akureyrarrúnti.

„Rúnturinn er ekki mín deild.

Ég fer frekar niður á bryggju eða út fyrir bæinn þar sem er minni umferð og lítið af beygjum. Þá get ég skoðað mig um og notið náttúrunnar,“ segir Óskar sem notar gjarnan tækifærið í bílnum til að skissa og teikna.

Saabinn, sem nú gengur undir nafninu Rolling Stones, hefur lítið verið í ferðalögum með Óskari á fullorðinsárum en í sumar ætla þeir félagar að endurtaka gamlan leik og kíkja á æskustöðvar afa á Vopnafirði.

rh@frettabladid.is


speedo PUMA

50-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!



Future Cat Crib - 1.990 kr.
Rétt verð: 3.990 kr.
Stærðir 18-19

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 12 - 18
Laugardagar kl. 12 - 16



**SPORT
OUTLET**
Vinlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík



MARS
Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu
bátur

kr. 299

Gildir í mars 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.

Nánari uppl. á www.subway.is





SMS
Bílasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fíjót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smíðahöfði 12
110 Reykjavík
bílasprautunama@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

REYNSLUAKSTUR



BMW-ásinn vekur óneitanlega athygli hvert sem hann fer.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Allt á einum stað

SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAPÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**STÝRISENDAR,
SPINDILKÚLUR
OG FÓÐRINGAR**

Í jeppa í miklu úrvali

Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Heillandi andstæður

Ásinn er uppfullur af mótsögn-um. Hann er framúrsteftulegur en klassískur, einfaldur en margslunginn, heillandi og frá-hrindandi, allt á sama tíma.

Þegar BMW-1 lína, eða ásinn, keyrir niður götuna er tekið eftir honum. Skarpar línurnar skipa honum sérstöðu og gera hann að einum fallegasta hlaðbaknum á götunni. Hann er undarleg togstreita kraftlegrar hönnunar og fágunar á sama tíma og hann virkar hálf þunglamalegur. Ef hann væri kattardýr, en framljósin minna óneitanlega á kattar- augu, væri hann fjallaljón. Stutt og kröftugt með furðulegan rófundil.

Inni í bílnum kveður við annan tón. Ófugt við ytra útlitið, sem öskrar á athygli, er innréttingin í ásnum ákaflega nett og stílhrein. Það eru fáir takkar, útvarpið og miðstöðin sett upp á klass-

ískan hátt, og mælar eru ekki með neinum blikkandi aukaljósum eða óþarfa glingri. Þegar bíllinn er settur í gang kemur í ljós að sama heimspeki er höfð að leiðarljósi í vélarrúminu. Engar flækjur eða óþarfa fínheit, einungis gegnheil BMW-kraftur og nóg af honum. Það er hins vegar og blessunarlega ekki of mikið af honum, enda hefur það sýnt sig að litlir bílar með mikinn kraft verða oft handó- nýtir akstursbílar.

Ásinn hefur þá sérstöðu að hann er afturhjóladrífinn. Það, ásamt mjög jafnri þyngdardreifingu milli fram- og afturöxuls, gerir aksturinn mjög skemmtilegan. Það skal tekið fram að við vissar aðstæður getur verið erfitt að ráða við afturhjóladríf, en það gerir aksturinn svo mun meira spennandi og með stöðugleikastýringu (sem er til staðar í ásnum) og eðlilegri notkun heilabúsins þarf maður ekki að hafa of miklar áhyggjur af að missa bíllinn af veginum.

Plássíð aftur í ásnum er vægast sagt af skornum skammti og skottið ekki mikið stærra. Plássíð fram í er hins vegar mjög gott. Hann er skemmtilegur aksturs- bíll en um leið einfaldur. Hann er bíll bæði fyrir afa og piparsvein í Vesturbænum. Svona er ásinn. Annaðhvort langar mann í hann meira en allt, eða maður gengur framhjá honum og hugsar; hvað ætli sé í matinn í kvöld? Slagorð ássins er: Það er bara einn (There is only one). Það er vissulega bara einn en þar sem hann er svo fullur af óræðum andstæðum kviknar spurningin; fyrir hvern er hann? Þetta er spurning sem BMW virðist ekki hafa svarað. Er hann fjöl- skyldubíll, er hann „hot hatch“, er hann sportbíll eða er hann borgar- bíll? Í þessu felst helsti veikleiki ássins, og einnig hans helsti eiginleiki. Hann er einstakur og það er engin leið að vita hvar maður hefur hann.

tryggi@frettabladid.is

ER SAMBANDIÐ Í GÓÐU LAGI?

www.rs.is



Yaesu VX-2200

Ein vinsælasta VHF bíla- stöðin á markaðnum!

- Tíðnisvið 137–174 MHz
- Sendiafl 25 W
- 128 forritanlegar rásir
- Hópskipting á rásum (allt að 10 hópar)
- 8 stafa textaskjár
- 4 W hátalari framan á stöð, útgangur fyrir 12 W aukahátalara

KYNNINGARTILBOÐ
FRAM AÐ PÁSKUM:
33.900 kr.



R. SIGMUNDSSON

YAESU
Vertex Standard
We make a difference

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | rs@rs.is



Seint verður skottið í ásnum kallað stórt og verður það, ásamt þröngum aftur- sætum, að teljast stærsti galli bílsins.



Ófugt við ytra útlitið er innréttingin látlaus, stílhrein og smekkleg.

BMW 118i

Vél: 2,0 lítrar
129 hö / 180 Nm
Þyngd: 1.320 kg
Meðaleyðsla: 7,3 l/100 km
Verð þrúfubíls: 2.890.000 kr.
Verð frá: 2.650.000 kr.

Plús: Kraftur
Hönnun innra rýmis
Mínus: Plássleysi aftur í
Erfiður í hálfu

Aðrir sem vert er að skoða:
Ford Focus
Volswagen Golf
Volvo c30

Chrysler innkallar 490 þúsund bíla

Bílarnir eru flestir innkallaðir vegna brunahættu. Enn eitt áfallið fyrir Chrysler.

Þegar rignir, þá hellirignir. Svo finnst eigendum Chrysler örugglega þessa stundina. Fyrirtækið gerir lítið annað en að tapa peningum og Mercedes-Benz virðist hugsa um lítið annað en hvernig eigi að koma sér úr sökkvandi skútunni. Til að bæta gráu ofan á svart hefur bandaríska umferðaröryggisstofnunin NHTSA úrskurðað að innkalla verði 490 þúsund bíla Chrysler.

Ástæðan í langflestum tilfellum er brunahætta í rafkerfi undir mælaborði, en NHTSA hefur skjalfest 66 bruna af völdum gallans.

Samkvæmt vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda er um 328.000 Dodge Durango að ræða, og 150.000 Cherokee jeppa, og 11.000 Dodge Avenger en hann er innkallaður vegna galla í læsingum. -tg



Innkalla þarf fleiri þúsundir Dodge Durango vegna eldhættu.



PanasonicToyota lítur björtum augum á keppnistímabilið sem nú er að hefjast.

Formúlu-klúbbur

Toyota stendur fyrir stofnun formúluklúbbs hérlendis.

Laugardaginn 17. mars verður dagskrá Formúluklúbbs Toyota kynnt hjá Toyota Kópavogi á Nýbýlavegi. Hlutverk klúbbsins er að miðla upplýsingum um keppnislið PanasonicToyota í Formúlu 1 og að skapa vettvang fyrir stuðningsmenn liðsins að hittast og fylgjast með framgangi keppinnar.

Dagskráin hefst á laugardaginn kl. 13.00 með því að Sean Kelly kynni keppnislið PanasonicToyota en hann hefur starfað um árabíl fyrir Speed TV og Auto Sport.

Formúluklúbbur Toyota er öllum opin og hægt er að skrá sig með því að senda póst á netfangið f1@toyota.is.

Gasmiðstöðvar - Vatnshitarar í bíla, báta, húsbíla, fellihýsi, sumarbústaði ofl.

Lokað brunahólf = enginn opinn eldur
Tekur loft utan frá rými = engin hætta á súrefnisskortri
Skilar afgasi út úr rými = engin mengun



E-2400/E-4000
Hitar með blæstri, tveggja hraða með thermostati.

Vatnshitari
Hitar bæði vatn og rýmið, allt að 6000 wött, með thermostati.

S-2200
Pílofnar í alla ferðabíla og bústaði, einnig möguleiki á blæstri.

Mjög hljóðlátar og öruggar enda 50 ára reynsla.
Uppfylla alla þýska og ce-öryggisstaðla.

BÍLARAF Truma umboðið
Auðbrekku 20 • S. 564 0400

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Hyundai- og KIA-bílar eru framleiddir í Kóreu.

Tollafrumskógurinn

Nýlega var undirritaður fríverslunarsamningur milli Íslands og Suður-Kóreu. Hann gagnast umboðum kóreskra bíla hérlendis takmarkað.

Samkvæmt nýundirrituðum fríverslunarsamningi Íslands og Suður-Kóreu falla tollar niður af meðal annars bílavarahlutum sem fluttir eru milli landanna. Eðli málsins samkvæmt er sá flutningur aðeins í aðra áttina en því miður gagnast þessi samningur hérlendum umboðum lítið. Öllum varahlutum frá Kóreu er landað í Belgíu, en þar eru flest fyrirtæki með birgðastöðvar. Þegar það gerist þarf að borga tolla, þrátt fyrir að vörurnar séu á leið til Íslands.

Þetta er ástæðan fyrir því að margir framleiðendur eru að koma sér upp verksmiðjum innan Evrópska efnahagssambandsins. Með því losna þeir við tolla og komast beint inn á hinn gríðarstóra Evrópumarkað. -tg



Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Glitnir Fjármögnun býður trausta ráðgjöf og fjölbreyttar lausnir fyrir bílakaupendur. Við sníðum þjónustuna að þínum þörfum og hjálpum þér þannig að eignast draumabílinn.

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á www.glitnirfjarmognun.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4420.

HVAÐ ÞARF ÉG AÐ GREIÐA?

Dæmi um mánaðargreiðslu af 1 milljón króna bílasamningi til 7 ára.

Samsetning	Gengisáhætta	Mánaðargreiðsla*
100% ISK	Engin	15.611 kr.
34% ISK, 33% CHF, 33% JPY	Meðal	14.690 kr.
50% CHF, 50% JPY	Mikil	14.226 kr.

*M.v. Gullvildarkjör og gengi 02.03.07

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN



Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefni!

Hamraberg ehf
Pverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is



UNITED COLORS OF BENETTON.

Smáralind



Vala hefur alltaf gert sína eigin skartgrip. Nú deilir hún þeirri tómsundaðju sinni með öðrum.
FRÉTTABLAÐID/VALLI

Sér fegurðina í litlum hlutum

Sköpunargleði Völu Kristjánsson eru lítil takmörk sett. Um það ber skargripasýning hennar vott. Hún er í Kirsu-berjatrénu á Vesturgötu 4.

„Þetta er endurvinnsla á hæsta stigi,“ segir Vala brosandí og bendir á glæsilegar hálsfestar sem hún hefur búið til úr ýmsum gömlum hlutum. Þar má nefna skóspennur, ermahnappa og barnahringlu. Allt verður það að nýju skarti í höndum hennar. „Alveg frá því ég

var unglingur hef ég búið til mína eigin skartgrip svo þetta hefur alltaf blundað í mér,“ upplýsir Vala. „Ég hef gaman af fallegum formum og sé fegurðina í litlum hlutum. Hef stundað flóamarkaði erlendis, til dæmis í Vínarborg og víðað þar að mér smáhlutum af ýmsu tagi. Þetta er uppskeran,“ segir hún glaðlega og heldur áfram. „Ég set hlutina í nýtt samhengi á óhefðbundinn hátt þannig að úr verði hálsmen fyrir kjarkaðar konum með góðan barm.“

Vala er fædd í Þýskalandi en var skólaárin sín í Danmörku. Hún

flutti til Íslands um tvítugt og sló eftirminnilega í gegn sem Elísa í My Fair Lady í byrjun 7. áratugarins. Eftir leiklistarferil lagði hún fyrir sig kennslu og er nú komin á eftirlaun. „Ég er eins og ísmoli sem er kominn á bráðunarstigið og langar að deila þessari tómsundaðju minni með öðrum,“ segir hún að lokum.

Sýningin verður opin á verslunartíma Kirsu-berjatrésins til 2. apríl og Vala mun verða þar alla virka daga frá kl. 15-17 og á laugardögum. Flestir skartgripirnir eru til sölu. gun@frettabladid.is

Trúlofunarhringar



BRILLIANT

LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND



Anorakkar
Pollagallar
Vindgallar
Úlpur
Vesti
Stígvél

TICKET
TO HEAVEN

ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201

allt atvinna

Alla sunnudaga



Ermahnappar geta víða verið.

Hvert hálsmen hefur sín séreinkenni.

Aðal skvísur bæjarins eru fluttar á hina frábæru hárgreiðslustofu Apenu í mjódd.

Hlökkum til að sjá gamla og nýja kúnna



Henrietta og Sigrún

við erum með opið frá kl 09:00 til 18:00 alla virka daga og frá 10:00 til 14:00 á laugardögum.

Ápena Þangabakka 10 Sími: 557 2053

Perfection Peel sýrumeðferð

ESTÉE LAUDER PERFECTION PEEL ER TVEGGJA SKREFA SÝRUMEÐFERÐ SEM GETUR GEFIÐ SAMÁ ÁRANGUR OG 30 PRÓSENTA GLYCOLIC MEÐFERÐ Á SNYRTISTOFU.



Meðferðin er í tveimur hlutum, bæði sem maski sem fjarlægir varlega dauðar og skemmdar húðfrumur og á að örva ensím húðarinnar til að endurnýjast.

Thermal facial peel maskinn er látinn liggja á húðinni í 15 mínútur áður en hann er síðan fjarlægður með Calming Neutralizer-púðunum. Þá hitnar maskinn og auðveldar hreinsun húðarinnar um leið og þeir koma á eðlilegu sýrustigi. Meðferðina má framkvæma einu sinni í viku.



Frí heimsending um allan heim

Viðskiptavinir Branten.com fá vörur sínar sendar ókeypis.

Branten.com er sænsk vefverslun með gott úrval af fatnaði og fylgihlutum á karla og konur. Það sem meira er, viðskiptavinirnir fá vöruna senda heim sér að kostnaðarlausu. Gildir þá einu hvar þeir eru búsettir í heiminum.

Vefverslunin selur bæði þekkt og vönduð vörumerki, eins og Baum und Pferdgarten, og fót eftir unga og upprennandi hönnuði.

Leikur einn er að versla á Branten.com. Maður getur valið vörumerki vinstra megin á henni til að fá allar vörur undir því merki. Svo er hægt að skoða tiltekna vöru nánar með því að smella á hana. Með því að smella á „add to shopping bag“ fer varan í verslunarkörfu.

Þegar maður hefur verslað, þarf maður að skrá sig sem notanda áður en borgað er fyrir vöruna. Að svo búnu tekur aðeins nokkra daga þar til varan berst á leiðarenda.



Branten.com selur meðal annars fót frá Baum und Pferdgarten.



Vestin eru vinsæl núna. Þetta er úr ullargarninu Alpaka frá Sandnes og þrjónað á þrjóna nr. 4.

Ótal möguleikar í þrjónaskapnum

Þrjónablaðið Ýr nr. 37 er komið út, fullt af flottum uppskriftum fyrir bæði fullorðna og börn.

„Vestin eru heit núna og í nýja blaðinu okkar eru nokkrar vestisuppskriftir. Kannski er það þess vegna sem blaðið rýkur út og stoppar ekki í búðunum,“ segir ritstjórnin Auður



Hekluð peysa úr Kitten Mohair heklud með heklunál nr. 5.

slík sé gömul og rötgróin þá geti hún fylgt tiskunni á hverjum tíma. Þar komi til nútímaleg hönnun og vönduð framleiðsla garns og uppskrifta.

Það er fyrir tækið Tinna (www.tinna.is) sem gefur þrjónablaðið Ýr út og kynnir nú líka til sögunnar nýjar tegundir garns, Easy og Alpaka. Báðar eru úr 100% ull.



Peysa úr nýja Merinóullargarninu Easy, þrjónuð á þrjóna númer 9.

Easy er gróf 100% merinóull, sérlega mjúk og Alpaka er einnig lungamjúkt og drjúgt garn enda úr ull af lamadýri. Heimkynni þess eru meðal annars í háfjöllum Bólivíu.

Auður hvetur foreldra og aðra uppálagendur til að kenna börnum og unglíngum þrjón og hekl. „Það er svo gaman fyrir krakka að kunna þessa hluti,“ segir hún. „Auk þess eflir það sköpunargáfu þeirra og sjálfstraust og er því forvörn til framtíðar.“ -gun

Ertu skóhólisti?

Það er til lausn! Fallegu Clearbox dömuóskjumar eru svar þitt við hrúgunum sem flæða út úr skóskápunum. Óskjumar eru líka til í stærðum fyrir stígvélakósmenn og skóara. Notaðu augljósu geymsluáferðina.



www.theclearbox.com - sími 511 0909

NÝJAR VÖRUR



Ullar stuttkápur svartar og gráar

Bómullar svart og beige

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16



TE & KAFFI

Kaffið frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár gæðablöndur í hagkvæmum 400 g umbúðum. Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin





Aloa vera-jurtin er bráðnauðsynleg á öll heimili. Jurtin gerir undraverk fyrir litil brunasár og er góð í eldhúsgluggann.

Magnaða moppuskaftið

Dagar gömlu skúringarfötunnar eru taldir



- Skúringarfatan úr sögunni
- Alltaf tilbúið til notkunnar
- Gólfín þorna á augabragði
- Fljótlegt og þægilegt

Söluastaðir:
Húsasmíðjan - Byko
Pottar og prik Akureyri
Áfangar Keflavík - Brimnes Vestmannaeyjum
Fjarðarkaup - Litabúðin Ólafsvík - Parket og gólf - Rými
SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Skipavík
Stykkishólmi - Nesbakki Neskaupstað. Heildsölu dreifing: Ræstivörur ehf.



Myndin hefur fylgt Heiðu síðan hún eignaðist hana 2003.
MYND/VIKURFRÉTTIR



Myndin fannst í nytjagámi

Ragnheiður Eiríksdóttir, söngkona, útvarpskona og framþjóðandi, segist ekki þurfa marga hluti til að gera heimilið að notalegum stað.

„Ég myndi segja að það væru þrjú hlutir sem ég gæti líklega ekki verið án og búa til heimili fyrir mér en það er kaffivélin mín, blandarinn og mynd sem ég er með uppi á vegg í stofunni hjá mér,“ segir Heiða.

Myndina, sem er eftirprentun

af málverki eftir Edward Hopper, er Heiða búin að eiga síðan 2003. „Ég var að flytja og var að henda einhverju dóti í nytjagám þegar ég sá þessa mynd. Ég bara varð að eignast hana þannig að ég byrjaði á því að tékka á því hvenær gáurinn yrði losaður og hringdi svo í Góða hirðinn og fékk þann sem var að vinna til að lofa mér því að hann myndi hringja í mig þegar myndin kæmi til þeirra. Hún er búin að vera uppi á vegg hjá mér síðan þá nema þegar ég var í útlöndum í ellefu mánuði og hún fór

í þösson til mömmu. Ég hef flutt þrisvar sinnum á þessum tíma og það fyrsta sem ég geri alltaf þegar ég flyt á nýjan stað er að hengja myndina upp í stofunni og þá er ég formlega flutt inn.“

Heiða segist vera svo hrifin af myndinni að hún sé farin að stefna á að eignast frummyndina. „Ég ætla mér að eignast hana þó að ég þurfi að verða milljónamæringur til þess. Ef ég byrja að spara núna get ég kannski eignast hana um sjötugt,“ segir hún og hlær.

emilia@frettabladid.is

allt tíska

Alla fimmtudaga

Glæsilegir gólfvasar á sprengiverði

30-80% afsláttur
AÐEINS
laugardag og sunnudag



Fjölbreytt úrval
Margar stærðir



Gallery Kína

Opíð mánudaga - föstudaga 10-18
laugardaga og sunnudaga 11-18 Ármúla 42 · Sími 895 8966



Meindýr og meindýravarnir

GUÐMUNDUR ÓLI SCHEVING SKRIFAR

Grenisprotalús (Cinaria pilicornis)

Cinaria pilicornis er eina tegundin af grenisprotalúsarætt sem finnst hér á landi og er lúsin algeng um allt land. Grenisprotalús er allt að 5 mm löng, brún eða grágræn að lit. Karldýrið er aðeins um 2 mm að lengd og er blágræn á lit. Grenisprotalús er ýmist vængjuð eða vænglaus. Lýsnar klekjast út á vorin áður en trén springa út og skríða út á grenisprotana til að sjúga næringu úr trjánum. Þær skilja eftir sig saur á laufblöðum. Saurinn er sykurríkur og kallaður hunangsdögg. Saurinn veldur því að það lokast fyrir öndun laufblöðanna sem verða límkennnd og hrein gróðrarstía fyrir svarta sníkjuusveppi (Lúsasvertu, Fumago vagans). Best er að úða að vori þegar lúsarinnar verður vart og á haustin áður en hún verpir.

Varnaðarorð

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara, þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfsskírteini, útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi, gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta



er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Ein og sér hafa starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ekkert gildi. Athugaðu hvort öll skírteini séu í gildi. Félagar í Félagi meindýraeyða eru með félagsskírteini á sér. Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna. Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagasamtökum gilda ekki á Íslandi.

Heimildir:

Upplýsingar og fróðleikur um meindýr og varnir 2004.
Meindýr í húsum og gróðri 1944

Lesendum fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið: guðmunduroli@simnet.is

Umhverfissvæn hönnun í Exó

Nú þegar allir eru að hugsa um umhverfið og áhrifin sem framleiðsla á ýmsum hlutum hefur á það, er gaman að rekast á fagra muni sem taka tillit til umhverfisins. Í Exó í Faxafeni fæst þessi skemmtilega glerskál og undirskál, en báðar eru þær unnar úr endurunnu gleri. Skálin er falleg sem kerta-stjaki eða sem lítil kaffibolli. Stærri diskur ásamt þessari skál og undirskál fást í nokkrum litum.





Franskir dagar hafa staðið yfir í verslunum á Laugaveginum og Skólavörðustíg. Þeim lýkur í dag.

Frönskum dögum lýkur í miðbænum

Franskur plötusnúður leikur við lok franskra daga á Domo í kvöld.

Frönskum dögum á Laugavegi og Skólavörðustíg lýkur um helgina. Dagarnir voru skipulagðir af Fransk-Íslenska viðskiptaráðinu í því skyni að kynna franskar vörur sem seldar eru á Íslandi. Frönsku dagarnir eru hluti af frönsku hátíðinni Pourquoi Pas? – Franskt vor á Íslandi sem lýkur um miðjan maí.

Á síðustu tíu dögum hafa yfir tuttugu verslanir sýnt franskan varning í gluggum sínum og verið

með sérstök tilboð. Frönsku dagarnir hafa sýnt að sífellt fleiri fyrirtæki hafa augastað á íslenskum markaði, og innflutningur frá Frakklandi hefur aukist um rúm þrjátíu prósent tvö ár í röð. Innfluttar franskar vörur eru af ýmsu tagi; snyrtivörur, bækur, fatnaður, hin franska „baguette“ og aðrar matvörur, hönnun, skartgripir og barnafatnaður.

Ýmsir skemmtilegir viðburðir voru í tengslum við franska daga, þar á meðal hin ljúffenga matreiðsla Michelin-verðlaunakokksins Jean-Yves Johany á Hótel Holti, og í kvöld mun franskur plötusnúður frá París leika á Domo.

Slökunarstólar í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll með slitsterku áklæði eða leðri - Margir litir



Tilboðsverð m/áklæði aðeins kr. **39.900.-**

Tilboðsverð m/leðri aðeins kr. **59.900.-**

www.valhusgogn.is
Röllu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkefninu okkar Þetta verður þú að prófa!

Tilboðsverð aðeins kr.

59.500.-

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt



Opið:
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Ódýrar strengjagardínur

MÁ NOTA SEM GLUGGATJÓLD EÐA SKILRÚM.

Strengjagardínur hafa átt miklum vinsældum að fagna undanfarið og þær má sjá víða, bæði í verslunum og á heimilum.

Þau sem hafa gaman af að versla á netinu ættu að kynna sér úrvalið af strengjagardínunum þar, en á vefsíðu verslunarinnar Linens 'n Things má meðal annars festa kaup á fallegum strengjagardínunum á verði sem ekki þekktist hér. Þar kosta gardínurnar frá 14,99 dólum upp í 19,99 en það gera frá þúsund og upp í fjórtán hundruð krónur og fyrir hverja keypta gardínu fæst önnur á 50 prósentu afslætti.

Gardínurnar eru um metri á breidd og í mörgum litum, en vefsíðu búðarinnar er að finna á slóðinni www.lnt.com.

- mhg



Vinsælar gardínur sem kosta um 1.000 krónur í Bandaríkjunum.

Hvað er í matinn?

Nú er opið hjá okkur alla laugardaga frá kl. 11:00 til 17:00



Tilboð dagsins!

Rauðspretta með rækjutopp á aðeins **990.- Kr.kg**



Tilboð dagsins!

Lambalundir á aðeins

2.998.- Kr.kg



Nú hefur Fiskisaga og Gallerí Kjöt opnað nýja og stórglæsilega verslun að Búðarkór 1 í Kópavogi.



Ævintýrlegar fiskbúðir



Í kjöti erum við bestir

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Búðarkór 1
Hamraborg 14a
Skiopholti 70
Höfðabakka 1
Nesvegi 100
Sundlaugavegi 12
Háaleitisbraut 58-60

Búðarkór 1
Grensásvegi 48

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8-18
UM HELGAR 11-16

BÍLAR &
FARARTÆKI

Bilabúð
Benna

Flottasta dótabúðin

Sérpantanir frá USA
tvisvar í viku!!
Orginalvarahlutir,
aukahlutir,
skrauthlutir
og tjúnnhlutir
Allt sem
hugurinn girnist!

Gerum tilboð í stærri
pantanir og tjón!



Eigum helstu slithluti
fyrir Ameríska
bíla á lager!



DEKA rafgeymar
alvöru gæði
fyrir kuldan í vetur



Bilabúð
Benna

Vagnhöfða 23
Sími 590 2000
www.benni.is

Bilabúð Benna ehf.
Vagnhöfða 23,
Sími: 590 2000
www.benni.is

Bilamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E
Sími: 567-1800
Löggild bilasala

Bilamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

bila B8L
land
road & city
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS



Renault Laguna II. Nýskr. 06/2004,
2000cc, 5 dyra, sjálfstíptur, rauður,
ekinn 60.000þ. Verð 2.290.000.

Bilaland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

567 2277 NÝJA
BÍLAHÖLLIN
BLAKKARNYVEI BRUNDFOS TÖREYKJÓK



Nissan Patrol Elegance (37") Nýsk
10/2005 km 31 þ. Ssk., leður lúga og fl
verð 5.490 áhv. 1.000 ath skipti .



Toyota Land Cruiser 120 nýsk 1/2006
km 5 þ. ssk.álfe. og fl verð 4.980.



TOYOTA RAF DIESEL NÝSK 11/2005 KM
20 .5G ÁLFE SPOLER OG FL VERÐ 2.990
ATH SKIPTI.



DODGE DURANGO LTD 5.7 hemi nýsk
5/2005 km 34þ ssk leður. álfe. lúga og
fl verð 3.600þ



MITSUBISHI PAJERO DID DIESEL nýsk
12/2005 km 11 ssk.álfe sóllúga leður og
fl verð 5.080þ ath skipti.



Range Rover Sport HSE nýsk. 8/2006
km 1 þ. Leður, lúga, álfe., og m.m fl.
Lækkað verð 9.490 þ. Ath. skipti.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.notadirbilar.is

BÍLASALAN.IS



Toyota Rav 4 10/2000 ek. 69 þ. km Lán
761 þ. Verð 990.000.-



Hyunda Santa Fe 3,5 V6 2004 ek. 39 þ.
km DVD, SSK, 4X4 ofl Lán 1.570.000.-
Verð 2.290.000.-

Bilasalan.is
Stórhöfða 24, Reykjavík
Sími: 533 2100
Sími 5332100 og 8665354
www.bilasalan.is

Bílar til sölu



Galant 11/99 ek. 100 þ., sk08, dráttark,
filmur. Ný timareim, bremsur.. Áhv. 370
þ. Ásett 850 tilboð óskast. Uppl. í síma
698 7479.



Toyota Avensis Turbo Diesel, árgærd
2005, ekinn 29 þ. km, beinskíptur,
verð 2.590.000. lán 2.190. afb. 38 þ. á
mán., skipti koma ekki til greina, uppl.
663 9595.



Til sölu Ford Econoline, V8 '93 árg. Óska
eftir tilboðum. Uppl. í s. 861 4812, Jón.



VW Passat Station 06 Turbo Ek. 19þ.
200hó, Xenon, aðg.stýri, krókur, Ipod
tengi, V. 3.550 þús, skipti á ódyrani. S.
660 7037.



Til sölu VW Transporter T5 2004,
ek.16.900, TDI 1,9, vsk. bíll. Áhv.
1.312.000. Verð 2.100.000. Sími 892
5915.



BMW 540 '99, ek. 196 þús. Leður, lúga,
cd magasin. Áhv. 1,7 m. Ásett. 2,2 m.
S. 867 5202.



Nissan Patrol, 2.8 Turbo, diesel, árg.'92-
'93, ek. 340þ.km., v. 450þ. S. 659 3374,
Guðmundur.



Hummer H3 Sport. Einn með öllu. Uppl.
í s. 899 0255.



Ford F 350. Harley Davidsson, árg '07.
Ek. 10 þús. Einn með öllu. Verð 5,3 m.
vsk. Uppl. í s. 824 7565.



100% Lán 100% Lán
Ford Explorer Limited 4,6 V8 ekinn
16 þ. km. 6 manna, svart leður, topp-
lúga, DVD, einn með öllu. Verð 4.950.
Tilboð 4.400. Fyrsta greiðsla í maí. S.
898 2111.



Ford F 350 Lariat 6,0 Diesel árg. 2005
ekinn 39 þ. km.Toppluga Leður Góður
bíll. Verð 2,9 + VSK. S Plus Gallery ehf
898 2811.



AUDI A4. 03/12.2002. 130H6. Fæst gegn
yfirtöku á láni. 1.800.000 + 20.000. Ek.
56 þ. Uppl. í s. 690 1022.



Santa Fe '05. Ek. 26 þ. V. 2.480 þ. Tilboð
2.190 þ. Ath. ódyrani. S. 821 8415.



Volvo V50 station árg. 2005, ekinn 39
þús. 1.6 vél. Verð 2130 þús. Lán getur
fylgt. Uppl. í s. 891 7221.



Gullmoli... Mini cooper S árgærd 2003,
ekinn 49 þúsund. Ásett verð 2,5 millj.
Uppl í síma 699 6828.



Til sölu gullfallegur, Lancruiser 120GX.
Árg '05, 8 m., ek. 23 þ. 5 þrepa, sskj.,
dieselvél, há krómgrind, ljóskastarar,
spoiler, dráttarkrókur, gluggavindhlífar,
filma í rúðum, húddmerki. Bein sala.
Uppl. í s. 822 8830.



Opel Astra 6/2002 ek. 99 þús. km, 5
dyra, 5 gir, CD, lán 530 þús. Tilboð 100
þús. út 691 4441.



Nissan double cap '99, 33" breyttur,
ek. 135 þús. Bill í góðu standi. Fæst á
tilboði 1.050 þús. Uppl. í s. 897 3057.




M. Benz Compressor CLK 230, árg. '98,
ek. 127 þ., sskj., er elegant Típa, 17" AMG
felgur, v. 1850 þ. S. 893 9418, Siggí.



Til sölu Toyota Corolla 1600 Sedan árg.
'98. Uppl. í s. 693 3040.



Nissan Terrano II árg. '97, ek. 136 þús.
Uppl. í s. 691 6020.




Chevrolet step van 6/1993 ek. aðeins
59 þús. millur. Tilboð aðeins 350 þús
stgr 691 4441.



Toyota Avensis árg. '03. Ek. 39þ. Sumar
og vetrardekk. Toppeintak. Ásett 1.190
þ. Uppl. í s. 699 3686.



Toyota Rav VX, árg.'06, ek. 8 þ.
Beinskíptur, Cruise control, leður o.fl.
aukahlutir. Verð 3.520 þ. S. 899 8554.



Ford Escort 1999 ek. 103 þús. km, 5
dyra, 5 gir. Tilboð 190 þús 691 4441.



Jeep Wrangler 1991 4,0 hardtopp og
blæja, ný skoðaður '08, fæst á 350 þús.
stgr. 691 4441.



Opel Astra 6/2002 ek. 99 þús. km, 5
dyra, 5 gir, CD, lán 530 þús. Tilboð 100
þús. út 691 4441.



MMC Lancer 2004 ek. 22 þús. km 17
álfelgur CD spoiler. Ásett verð 1390 lán
1130 tilboð 100 þús. út litla bílasalan
587 7777.



Ford Excursion 2002 ek. 47 þús. km
ásett 3990 lán 2850. Tilboð 250 þús.
út 691 4441.



Skoda Oktavia TDI 4x4 árg. 2005, ekinn
48 þús. Sumar og vetrardekk á felgum.
Upplýsingar í s. 865 5060.



Toyota Land Cruiser VX 90, árg. '01. Ek.
98þ. Bensín. Vél með farinn. Sumar og
vetrardekk. Einn eigandi. Verð 2.290þ.
Uppl. í s. 699 3686.



Toyota Avensis árg. '03. Ek. 39þ. Sumar
og vetrardekk. Toppeintak. Ásett 1.190
þ. Uppl. í s. 699 3686.




Toyota Avensis árg. '03. Ek. 39þ. Sumar
og vetrardekk. Toppeintak. Ásett 1.190
þ. Uppl. í s. 699 3686.



Toyota Avensis árg. '03. Ek. 39þ. Sumar
og vetrardekk. Toppeintak. Ásett 1.190
þ. Uppl. í s. 699 3686.



Toyota Rav VX, árg.'06, ek. 8 þ.
Beinskíptur, Cruise control, leður o.fl.
aukahlutir. Verð 3.520 þ. S. 899 8554.



Landrover Discovery. 11. Diesel. Árg.
1999. Series TD5. Ek. 146 þ. km.
Öbreyttur. Mikid af aukabúnaði . Verð
1.550 þús. Uppl. í 892 4305.



Nissan Terrano 04/01, beinsk. 33" breyttur, sólluga, krómgrind, o.m.fl. Topp eintak, ek. aðeins 63 þ. V. 1.890þ., áhv. 1.050 þ. S. 845 0066.



Nissan Terrano '95 V6 3.0l. Ek. aðeins 133 þ. km, vökvast, veltist, rafm. í rúðum, speglar, glerþoppl, hiti í sætum. Stillanl. fjöðrun, höfuðp. aftan, álfelg. Hraðastillir, pluss áklæði, o.m.fl. Mjög heillegur og góður bill í finu standi. Verðtilb. Uppl. í s. 699 2447 / 821 9001.



Hyundai Getz Sport 1600, Skr. 08/05. Beinsk. filmur, toppluga, 105 hö., Mjög vel farinn. Verð 1.330 þ. S. 660 8759.



Nissan Terrano Luxury, árg. '02. Ek. 80 þ. 33" breyttur. Verð 2 millj. Toppbill. Uppl. í s. 863 3224.



100% lán. Skoda Octavia '05, ek. 49 þús. Listaverð 1.550 þús. Verð 1.150 þús. S. 863 3224.



BMW 740i árg. 1996. ek. 230. Allt rafdrifid, tölvumíðstöð, toppl., sími, nýjar felgur og fl. Er í mjög góðu ástandi. Verð 1.290 þús 898 9676, 899 9377.



Subaru Outback. Árg. '98. Ek. 186 þús. Ný tímareim og bremsuklossar. V. 690. Ath. skipti. Sími 663 8259.



MC Galant árg. '00. Ek. 104 þús. 5 girá. Ný sko. Ný tímareim. Asett v. 1150. Uppl. í s. 866 4224.



Range Rover HSE, dísel, árg. 01/03. Ek. 100 þ. Ný negld vetrard. Einnig heilsársd. Dráttarkrókur, tölvukubbur. Verð 5,8 m. Uppl. í s. 896 1116.



Ford Escort 1,6 CLX '97, ek. 85 þús. Sk. '08. Verð 190 þús. S. 866 9103.



1.490 þús staðgreitt!
Toyota Landcruiser 90 GX 4/1998 ek. 180 þ. breyttur fyrir 35", sjálfskiptur, krókur, krómgrind að framan, filmur, fjarstamlæs, o.fl. Asett verð 1,690 þ. Stendur um helgina hjá Bernhard notuðum s. 551 7171.



Kangoo '01, ek. 90 þús., m/dráttarkrók. Áhv. 460 þús. 14 þ./mán. S. 821 5789.



Dodge Ram Mega Cap 2500 Laramie Diesel árg. 2006 ekinn 32 þ. km. Góður Bill. S 898 2811.



Subaru Outback. Árg. '98. Ek. 186 þús. Ný tímareim og bremsuklossar. V. 690. Ath. skipti. Sími 663 8259.



Til sölu Ford Explorer, árg. '93, ek. 156 þ. Bill í toppstandi, fæst á 320 þ. Uppl. í s. 864 8440.



Ford Capri S 2.0 árg. 1977 ek. 109 þ. beinsk., 6 cyl, þarfnast viðh. S. 899 6624.



MMC Eclipse, árg. '95, ek. 9 þ. mílur. Sko '08. Verðtilboð 300 þ. S. 690 0360.




100% lán - Topp eintak
Explorer XLT '05, ek. 30.500 km, 7 manna, verð Aðeins 2.590 þ. Uppl. í s. 894 5100.




Toyota Avensins, SB1800, árg'98,ekinn 103 þ. skoðaður '08, sjálfsk, heilsársdekk, dráttarkr, ný tímareim. Verð 730.000 þ Uppl s. 840 5512.




MMC Pajero 3.2 GLX dísel turbo '02 til sölu. Sjálfskiptur. Ekinn 182þ. Asettverð 2.200 þús. Tilboð 1.950 þús. Uppl í síma 660 0602.




Til sölu Cherokee '94 góður bill, verð 100þús, smá tjón að framan. Varahlutir fylgja. Uppl. í síma 864 9944.



Til sölu Polo '99 ek. 105 þ. sjálfsk. Verð 350.000 eða tilboð. MMC Carisma '99 ek. 106 þ. Verð 350.000 eða tilboð. Sími 865 0768 eftir kl 15.



Honda Civic, 1.5 V-Tec. Árg. '98, ek. 197 þ. V. 250 þ. S. 865 4636. Honda Civic, 1.5 V-Tec Rok prod. 98, przebieg 197 tys. km. Cena 250 000 kr. Tel. 865 4636.



Til sölu Yamaha Blaster 220. Árg. '03. Lítið notað. Verð 390 þús. S. 868 3069.



Daihatsu Sirion árg. '99, aðeins klesstur að framan. Ek. 60 þús. Uppl. í s. 899 0312.



Vill ekki einhver kaupa MMC 4x4station árg. '97. Ekinn 85 þús. Góður vinnub. eða í hestana eða hvað sem er. Uppl. í síma 557 4404 eða 861 6442.

Subaru Impreza GX, ssk. Árg. '99. Ek. 80 þ. Ný naglad. Asett 650þ. Uppl. í s. 869 2630.

Opel Astra árg '99. Ek 119 þús. Verð tilboð. Uppl. í s. 586 2139 & 895 2139.

Toyota Aigo, árg. '06, ek. 21 þ., yfirtaka á 100% láni. S. 659 6668.

Nissan Sentra, árg.'95. 4 dyra. Ek. 129þ. Verð 150 þ. Sk. '08. S. 617 7889.

0-250 þús.




VW Golf árg '98. Ek 100 þús. Þarfnast smá lagfæringu á lakki, frammbretti og afturhurð. V. 250 þ. Staðgreitt. S. 820 3478.




Daewoo Nubira '98 1,6 nýsk., ný tímareim. Verð 190 þús. S. 820 3478.



Toyota Corolla árg. '94, ek. 190 þús., 4 dyra, í góðu standi. Verð 150 þús. S. 692 6657.



Honda Civic v-tec '98. Skoðaður '08. Þarfnast smá lagfæringar á body. 200.000 kr. stgr. Sími 847 4340, 895 5459.



Til sölu Benz 280SE árg. '84. Gullfallegr í toppstandi. Uppl. í s. 846 4518.



Renault 19 '94 sk. '08 bill í góðu standi nýkominn af verkstæði úr yfirferð. Verð 150.000. Sími 821 4995.



Nissan Sunny '94, 4x4, ek. 150 þ. sk.08. V.130 þús. Dodge Stratus '96 ek. 140 þ., sk.08. V. 220 þ. S. 659 8238.



Kia Prid, árg. '00, sskj., ek. 60þ., 1400 vél. Litur mjög vel út. Verð 250 þ. Uppl. í s. 660 7575.



Galant árg. '93. Ssk. Skoðaður '07. Ek. 170 þ. Verð 120 þ. S. 699 2707.




Toyota Corolla árg. '95 ek. 126 þús. Vel með farinn bill. Skoðaður '08. Asett verð 320 þús. S. 868 6422.



Opel Astra 1200cc '00 árgerð keyrður 80 þús. Yfirtaka á láni möguleg S. 8932859



Til sölu Plymouth árg. 1997 í mjög góðu standi. Upplýsingar í síma 863 5699.



Ford Focus árg. 1999 (22.11.99). Gulur, keyrður 88 þús. Yfirfarinn hjá Brimborg í fyrra. Bill í mjög góðu standi. Verð 690.000. Upplýsingar í síma 562 4868 eða gsm 663 2848.



Til sölu Musso '98, 2900 dísel beinsk. br 33" ek. 153 þús. Verð 500 þús. Uppl. í s. 840 5630.



M Benz A class 1600 5g 11/99 ek 72000. Sk á nyl. V. 660 þús 590 stgr. 824 5335.




Dodge Ram 250 ferðabíll, árg. '93. Uppl. í s. 568 1981 & 897 5360 & 517 1111.



Mercedes Bens 220E ek. 153 þús. Vel með farinn bill. S. 898 3189.



Til sölu Chevrolet Suburban dísel, 94 mod. Flottur bill! Tilboð: yfirt. af láni 822 þ. afb. 21 þ. Uppl. s. 699 6296.



Ford Mustang 95, V8, 5.0L. Blæjubíll með flækjum, ekinn 47 þús. mílur. verð 1.250.000.-Sími 892 6732.




Freelander 11.99 75.000 km. Toppluga, leðursæti. Mjög fallægur dekur bill. S. 897 8030.




Daewoo Tacuma 2.0 cdx. Árg 07/02. Ekinn 68 þ. sk. '08. 5g. Smurbók, ný tímareim. Aðeins 100 þús. út + yfirtaka á mjög hagstæðu láni. Uppl. í s. 849 5000.



Subaru Legacy station '00. Ssk, ek. 79 þús, skoðaður bill í toppstandi. Yfirtaka á láni 930 þús. Afborgun 32 þús. á mán. Uppl. í s. 862 1299.



Suzuki Grand Vitará. Árg. '00. Ssk. Ek. 106þ. Fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 699 2234.



Toyota Corolla Station árg. '01, ek. 49 þús. 1600cc, framdr. Skoðaður '08. Mán.afb. 26.000 Verð 870.000 þús. Uppl. í síma 664 1085 og gummiorm@simnet.is



Til sölu Ponda, árg. '04, ek. 80 þ., stgr. verð 620 þ. Áhvílandi 542 þ. Afborgun 11500 kr á mán. Uppl. í s. 862 6136.



Nissan Primera '00, ek. 150 þ. km, 2000 vél, ssk., leðurinnr., rafdr. speglar og rúður, álf., spoilerkit. V. 390 þ. S. 662 4346.



Toyota Avensis New '03 ek. 64. nýjar bremsur. Sk. hjá Toyota. V.1.750. Áhv. 1000þ. S. 663 0006.



BMW 525 '97, ek. 164þ. Ssk., leður, luga, hiti í sætum, stafræn miðstö. Verð 1.250þ. Uppl. í s. 847 8993.



Toyota Corolla árg. '03 til sölu. Beinskíptur. Ek. 51.000. Verð 1.280.000. Áhv. lán. Upplýsingar í síma 820 8019. Frábært eintak.

HÚSBÍLAR

AFL HÚSBÍLAR ehf.
FAJAFARHÉTTI 2
603 AKUREYRI
SÍMA 462 7050 + FAX 463 2880

Erum með allt sem þú þarfnast fyrir húsbílinn.

Frábærar miðstöðvar frá Truma

Sendum um allt land

REIMO MOTORHÁVAN CONVERSIONS

BÍLAR TIL SÖLU

Dekurbíll til sölu! Engin útborgun - yfirtaka á láni!

Skoda Octavia elegantie TDI 1900 Skráður 09/06 ekinn 5500 km varri metalli lakki, dískaar rúður ljótt leður, parktronic, elmeitronic miðstöð, kælibox, geisla og MP3 spilar, álfelgur, krómpúst, rafstagn í öllum rúðum. Ný summer og nagladekk. Þessi bíll er sérþantaður af Heiklu og er nú flottaði á landinu. Gott lán frá TM getur fylgt. Flækjlaus bíll!

Upplýsingar í síma 699 3166 Verð 2.800.000 kr.

PALLHÚS

www.imp.is | sími 483-3227

Pallhús

Eigum til afhendingar samdægurs þáttis á Isuzu Dmax, Toyota, Nissan og Mitsubishi

IMP

fermingar


LAUGARDAGUR 17. MARS 2007



Brauð á fermingarborðið

Uppskriftir að þremur brauðréttum

BLS. 4



FRÉTTAHLAÐIÐ/VALLU

HALLA FÉKK 43 SKEYTI – FLEST AF ÖLLUM Í BEKKNUM!

Heillaskeyti á fermingardaginn er persónuleg leið til að tjá vináttu og væntumþykju. Sendu skeyti - farðu inn á www.postur.is eða hringdu í síma 1446. Einfalt og skemmtilegt!



PÓSTURINN

allur pakkinn

Boðskort eftir þörfum

„Hér hjá Gutenberg erum við með sex eða sjö tegundir boðskorta sem fólk getur valið fyrir eigin myndir og texta. Svo eigum við líka sýnishorn af kortum sem hafa verið framleidd í gegnum tíðina og úr þeim getur fólk valið líka. Þannig er auðvelt að endurgera kort sem hafa verið gerð áður. Viðskiptavinir eiga einnig kost á því að hanna boðskortið sjálfir eða í samvinnu við hönnuði okkar en svo sjáum við um að ganga frá þeim og prenta þau út. Kortin eru sniðin að þörfum hvers og eins þannig að það er allt hægt í þessu,“ segir Sigurður Björn Blöndal markaðs-
stjóri.

Hjá Gutenberg eru einnig fánlegar fallegar gestabækur með áletrun að eigin vali, þar má láta prenta á servíettur og einnig er boðið upp á þá þjónustu að senda kortin út. Þetta þykir mörgum góður kostur því oft er í mörgu að snúast fyrir fermingar.

Varðandi fyrirvara á prentun boðskorta segir Sigurður Björn að ágætt sé að fólk gefi

sér tvo til þrjú daga, en ef allt er komið á síðasta snúningi í fermingarundirbúningi þá er hugsanlega hægt að bjarga fólk fyrir horn.

„Mörgum þykir til dæmis mjög hentugt að láta okkur sjá um að senda kortin út. Þá kemur viðskiptavinurinn með excel-skjal þar sem í er að finna nöfn gestanna og heimilisföng. Þetta er svo prentað á bakhlið boðskortsins og við sendum það til viðkomandi. Allt sem sparar fólk tíma við undirbúning ferminga er yfirleitt kærkomið,“ segir Sigurður Björn.

Hvað varðar kostnað á slíkri prentun má nefna sem dæmi að 21x10,5 stórt boðskort með áletrun á annarri hliðinni kostar 15.000 krónur séu fimmtíu kort keypt. Innifalið í verðinu er virðisaukaskattur og öll umsýsla við kortagerðina. Einnig er hægt að hafa samband við prentsmiðjuna og biðja um að fá tilboð send með tölvupósti.

Meira um Gutenberg og þjónustu fyrirtækisins má lesa á vefsíðunni: www.gutenberg.is.



Sigurður Björn Blöndal hjá Gutenberg-prentsmiðjunni segir marga foreldra kjósa að fá alla þjónustu í kringum prentun á einum stað, enda í mörgu að snúast við fermingarundirbúning.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Lilja Guðrún með armbandið góða sem hún fékk í fermingargjöf og gengur með enn þann dag í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vann fyrir fermingunni

Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir leikkona skartaði nýstárlegri greiðslu á fermingardaginn sem allar mæður öfunduðu hana af.

Vegna mikilla veikinda og fjárhagsörðugleika á heimili Lilju Guðrúnar Þorvaldsdóttur varð að fresta fermingu hennar fram á haust. „Mamma hafði verið að berjast við krabbamein og pabbi hafði lent í slysi. Á þessum tíma voru ekki komnar neinar tryggingar og því var róðurinn mjög erfiður,“ útskýrir Lilja Guðrún sem fór að vinna í fiski um sumarið til að eiga fyrir fermingunni. „Svo passaði ég öll kvöld sem ég gat fyrir konurnar í nágrenninu,“ segir Lilja Guðrún, hlær góðlátlega og minnst fermingardagsins með mikilli gleði þegar hann loks rann upp.

„Systir mín greiddi mér á nýstárlegan hátt svo það vakti eftirtekt og aðdáun foreldra annarra fermingarbarna,“ segir Lilja Guðrún en á þessum tíma voru íbúðarmiklar greiðslur í hávegum hafðar

en Lilja skar sig úr. „Systir mín setti í mig spöng sem á voru blóm og mamma saumaði eitthvað til viðbótar í hana. Hún sneri henni öfugt og þetta kom út eins og rosalega flott hárskraut,“ segir Lilja Guðrún og man vel þegar hinar mæðurnar inntu hana eftir því hvert hún hefði farið í hárgreiðslu. „Þegar ég svaraði því til að systir mín hefði greitt mér þótti það ekki lengur jafnfint,“ segir Lilja Guðrún og hlær. Fermingarbörnin í Kópavogskirkju í árganginum 1950 voru það mörg að fresta þurfti altarisgöngu sumra. Það kom sér því ágætlega fyrir Lilju að vera með hárgreiðsludömu heima. „Ég var því alveg jafnfint greidd í altarisgöngunni eins og í fermingunni.“

Lilja Guðrún skartaði fallegum dimmbláum kjól með ofnu rósamynstri í fermingarveislunni. „Mamma saumaði þennan kjól enda saumaði hún allt á okkur krakkana. Pabbi var sjómaður þegar ég var lítil og keypti alltaf tískublöð og efni á siglingum og mamma saumaði upp úr þessu bæði jakkaföt, kjóla og úlpur,“ útskýrir Lilja Guð-

rún en veislan var haldin heima hjá föðursystur hennar sem bjuggu saman í Sólheimum.

Lilja Guðrún fékk góðar gjafir þennan dag. „Til dæmis ofboðlega fallegt íslenskt silfurarmband frá föðursystur mínum sem ég geng með enn þann dag í dag. Seinna þegar ég var orðin eldri og farin að vinna fyrir mér keypti ég mér hring í stíl. Svo fékk ég silfurhálsmen með steini sem ég geng líka með. Þetta er manni mjög kærkomið,“ segir Lilja Guðrún sem fannst hún einstaklega fín eftir ferminguna enda fékk hún líka „babydoll“ náttföt, hárpurrku og náttlopp. „Á þessum tíma var stórkostlegast af öllu að fá gullúr og það fékk ég frá foreldrum mínum og systkinum.“

Lilju Guðrúnu blöskrar íbúðarfermingarveisla í dag. „Ég á sjálf tvær dætur sem hafa fermst en veislur þeirra voru fallegar og einfaldar. Fermingardagurinn líður manni aldrei úr minni þegar maður tekur mikinn þátt í að undirbúa hann og gerir sitt til að hann geti orðið að veruleika.“

solveig@frettabladid.is

PANDORA
Jewelry



BRILLIANT

LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND



HUGSAÐU UM FRAMTÍÐINA!

Fermingarbörn sem leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðarbók fá 5.000 kr. peningagjöf inn á bókina frá Kaupþingi og að auki flottan Naked Ape bol.

- Verðtryggður sparireikningur
- Hæstu vextir á verðtryggðum reikningum bankans
- Innstæðan verður laus til úttektar þegar þú verður 18 ára

www.kaupthing.is

LÁTTU
FERMINGAR-
PENINGANA
SAFNA VÖXTUM!

 KAUPÞING

Hugsum lengra

● **RÁÐ FYRIR FERMINGUNA** Verið ófeimin að biðja ættingja og vini að baka og hjálpa til við fermingarundirbúninginn. Aðalatriðið er að biðja tímanlega um greiðann.

Takið fermingarbarnið með þegar velja á kerti og servíettur. Flest börn vilja fá að vera með í ráðum um skreytingar í sinni eigin veislu.

Ef bjóða á upp á kaffi og kökur í fermingarveislunni er sniðugt að byrja strax í janúar að huga að bakstri. Veljið tertur sem auðvelt er að setja í frysti og þær sem ekki þarf að skreyta mikið. Veljið fimm sortir og bakið eina tertu hverja helgi og skellið í frysti. Sniðugra er að hafa tegundirnar færri en fleiri og hafa frekar tvær kökur af hverri tegund.

Úr hverri tertu í venjulegri stærð fást 12 sneiðar. Mátulegt er að reikna með þremur sneiðum á mann, þannig að auðvelt er að áætla hversu mikið þarf að baka.



Fermingarmappa
Glæsileg mappa sem er gestabók, myndaalbúm og fyrir skeyti. Hægt að letra á möppuna nafn fermingarbarns, fermingardag, og kirkju.

Fáir þú ekki fermingarmöppu frá Múlalundi í næstu bóka- eða blómaverslun þá fást þær hjá okkur.

www.mulalundur.is S: 5628500

Fermingarboðskort

www.myndval.is

Myndval
Áttabakka 14 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is

Brauð á fermingarborð

Einhverra hluta vegna er það brauðmeti sem hvað mest gengur á þegar sett er saman fjölbreytt veisluborð sem á að ná hylli allra aldurs hópa.

Í fermingarveislum er aldursamsetningin mjög breið og margt sem þarf að hafa í huga við að ákveða hvað skal hafa á boðstólum.

Hér eru uppskriftir að þremur brauðréttum sem ganga hæglega með ólíkum réttum á hlaðborði. Annars vegar er um að ræða ostafyllt brauð með heilum harðsoðnum eggjum en eggjin eru skemmtileg viðbót í nýbakað brauð. Hins vegar eru uppskriftir að tveim-

ur kjötfyllingum sem hægt er að nota á ýmsa vegu; með smjördeigi jafnt sem gerdeigi og að sjálfsögðu einnig flódeigi ef vilji er fyrir. Fyllingarnar er hægt að nota í rúllutertubrauð eða setja þær í tartalettur. Jafnvel setja þær ofan á pítsubotna, strá osti yfir og inn í ofn.

Það sem gerir það hins vegar hentugt að hafa brauðmeti sem þetta á borðum er að það má undirbúa allt fyrirfram. Fyllingarnar er hægt að gera daginn áður, jafnvel setja þær í deigið, sbr. ef um snúða er að ræða og baka á veisludaginn (einnig má undirbúa þetta mun fyrr og hafa tilbúið í frystikistunni í nokkra daga). Eggjabrauðið má sömuleiðis hafa tilbúið kvöldið áður.

INNBAKAÐUR BBQ-KJÚKLINGUR

2 msk. olía
4 kjúklingabringur, skornar í litla bita
200 g salamipylsa eða önnur góð pylsa, skorin í smáa bita
1 lítill laukur, fint saxaður
2 hvítlausrif, fint söxuð
salt og cayennepipar
2 dl vatn
2 dl sæt BBQ-sósa
3 msk. steinselja, söxuð
5 msk. rifinn parmesanostur
1½ dl brauðmylsna
smjördeig eða gerdeig

Brúnið kjúklinginn í olíu á heitri pönnu í 2-3 mín., látið pylsuna saman við og steikið í 2 mín., þá laukinn og hvítlaukinn og svitið í 5 mín. Kryddið með salti og cayenne-pipar eftir smekk. Hellið vatni á pönnuna, BBQ-sósu, steinselju og osti og blandið saman. Takið af hitanum og hrærið brauðmylsnu saman við. Kælið.

Nú er margt hægt að gera – nota smjördeig eða gerdeig; gera eina stóra rúllu úr smjördeigi til að



baka heila og skera í sneiðar, sbr. á myndinni, (þ.e. setja blönduna á mitt deigið og rúlla því saman) eða gera litla snúða úr gerdeigi sem flatt er út, blandan smurð á deigið og rúllað upp. Einnig er hægt að setja blönduna í tartalettur eða litlar smjördeigsskeljar sem fást í stórmörkuðum eða setja inn í rúllutertubrauð. Bakið við 200 gráður þar til deigið/brauðið er gullið. (Magn sbr. í 2 rúllutertubrauð eða í um 25 snúða).



OSTAFYLLT EGGJABRAUÐ

Gerdeig (mæli með að nota uppskrift að deigi sem þið þekkið og hafið gert áður. Ef hugað að þægindum þá er gott að kaupa deigið tilbúið í bakaríum)

6 harðsoðin egg
200 g skinka, hráskinka, steikt beikon eða salami
250 g smurostur að eigin vali
1 mosarellakúla, skorin í smáa bita
100 reyktur ostur, skorinn í smáa bita

Fletjið út deigið í langa og beina lengju, um 20 cm breiða. Smyrjið það með smurostinum. Strá-ið skinku eða öðru áleggi í eina, beina röð eftir miðju deiginu, um 5 cm breiða. Þá mosarellastinum og þeim reyktu. Setjið heil, harðsoðin egg í röð ofan á ostinn og áleggið, hafið jafnt bil á milli þeirra. Rúllið deigið upp, þ.e. lokið því yfir eggjablönduna. Setjið upprúllað deigið í hringlaga bökunarform, formkókuform með staut í miðjunni, og festið endana vel saman. Bakið við 180 gráða hita í 40-50 mín. eða þar til deigið er gullið og osturinn vel bráðinn.

Umsjón og eldamennska: Halla Bára Gestsdóttir
Myndir: Gunnar Sverrisson



INNBAKAÐ HAKK Í SÆTRI CHILLÍSÓSU

450 g nautahakk
125 g beikonbitar
1 msk. olía
1 stór laukur, smátt saxaður
2 hvítlausrif, smátt söxuð
2 msk. tómatpasta/púrpa
1 msk. söxuð basilíka
salt og chillíduft

SÆT CHILLÍSÓSA:

200 g niðursoðnir, saxaðir tómatar
1 dl sæt chillísósa
safí úr einu lime
1 msk. púðursykur
chillípipar eftir smekk

Mýkið lauk og hvítlauk í olíu á pönnu, hrærið hakkið og beikonbitana saman við og látið brúnast. Þegar það fer að gerast er tómatpúrpan hrærð saman við ásamt basilíku. Smakkið til með salti og chillídufti. Látið kólna. Setjið í matvinnsluvé og maukið örlítið, til að hakkið og beikonið blandist betur saman og eins verður það áferðarfallegra og gott að eiga við þegar sett er í snúða. Hrærið saman allt hráefnið í sætu chillísósuna. Blandið saman við hakkið.

Nú er margt hægt að gera (sbr. í uppskriftinni að bbq-kjúklingnum).

GEFÐU BAKPOKAELDFLAUG Í FERMINGARGJÖF

Í FRAMTÍÐINI VERÐUR HÆGT AÐ GERA MIKLU MEIRA VIÐ PENINGINN.

Framtíðarreikningur er fermingargjöf sem verður verðmætari með hverju ári. Reikningurinn ber hæstu sparivexti bankans og þar að auki bætum við 2.000 kr. við hverja gjöf upp á 5.000 kr. eða meira.* Framtíðarreikningurinn fæst í næsta útibúi Glitnis og á glitnir.is

* Tilboðið gildir fyrir alla sem eru fæddir 1993 og gildir allt að fimm sinnum fyrir hvern einstakling.

GLITNIR



Siðbótarmenn fóru að tengja uppfræðslu í kristinni trú við undirbúning fyrir fermingar.

Upphaf fermynga

Fermyngar eru ungdómsvígslur og sem slíkar líklegast jafngamlar mannlegu samfélagi.

Í byrjun var fermyngin ekki aðgreind frá skírni. Það gerðist ekki fyrr en á 12. öld, þegar hún varð gerð að sérstöku sakramenti.

Siðbótarmenn á 16. öld sáu hins vegar ástæðu til að afnema fermynguna sem sakramenti þegar þeir endurskipulögðu kirkjuna. Ástæðan var sú að þeim þótti hún skyggja á skírni.

Á móti fóru siðbótarmenn að tengja uppfræðslu í kristinni trú við undirbúning undir fermyngarathöfn og meðtöku heilags kvöldmáltíðarsakraments við guðspjónustu.

Segja má að fræðslan hafi í tímans rás orðið órjúfanlegur hluti af undirbúningi fyrir fermyngar innan kirkjunnar. Fermyngarfræðsla kirkjunnar miðar nú að því að undirbúa unglínga fyrir inngöngu í heim hinna fullorðnu með kristna lífsskoðun að leiðarljósi.

(Heimild: visindavefur.is)

Ekkert plat þótt fermyngin sé 1. apr-

Eitt þeirra barna sem fermist í Bjarnarneskirkju í Hornafirði á pálmásunnudag er Sigurður Ragnarsson í Akurnesi. Hann brá sér í bæinn um síðustu helgi til að festa kaup á skóm fyrir fermynguna en jakkaföt var hann búinn að kaupa í versluninni Lóninu á Höfn. Fréttablaðið rakst á hann í Kringlunni ásamt Önnu Lilju systur sinni, búinn að finna skó í Skór.is sem honum leist vel á „Ég hugsa líka að Björg frænka okkar verði ánægð, þeir eru svo finir,“ segir Anna Lilja. „Henni fannst að ég hefði átt að velja mér lakk-skó þegar ég fermdist.“

Þegar farið er að spjalla við Sigurð kemur í ljós að það var fleira en fermyngarskórnir sem drógu hann til borgarinnar því íþróttavörubúðirnar heilla. „Fótboltinn er aðaláhugamálið mitt og ég hef verið að skoða bæði takkaskó og markmannshanska,“ segir hann brosandí. Hann kveðst hafa æft fótbolta í sjö ár og skipa nú stöðu markmanns í fjórða flokki hjá Sindra sem er farinn að spila 11 manna bolta á stórum völlum. Áhuginn liggur víðar því drengurinn hefur líka gaman af búskap. „Ég fer yfirleitt í fjárhúsin á hverjum degi ef ég fer ekki út á Höfn á æfingar,“ segir hann.

Sigurður er yngstur nú systkina. Hann á von á mörgum gest-

um í fermyngarveisluna sem haldin verður heima. „Það koma líklega milli 100 og 150 gestir, þannig hefur það alltaf verið,“ segir hann og kveðst muna eftir fermyngum tveggja bræðra sinna sem eru næstir honum í aldri. Hann telur að haldið verði í þær hefðir að bjóða upp á kaffihlaðborð með heimabökuðum kökum og aðspurður segir hann skyrtertu með perum í mestu uppahaldi hjá honum.

Þar sem pálmásunnudag í ár ber upp á 1. apríl er Sigurður spurður í gamni hvort þetta verði nokkuð platfermyng. Þá hlær hann og svarar: „Nei, ég vona ekki og held það séu engar líkur á því.“ Hann kveðst hafa gengið reglulega til prestsins í vetur þar sem farið var yfir kafla úr bókinni Líf með Jesú. Einnig er hann langt kominn með að læra sálmána sem honum voru settir fyrir en messuskyldan er aðeins að þvælast fyrir. „Við eigum að fara í tíu messur yfir veturinn og ég náði fimm fyrir áramót en hef verið aðeins latari upp á síðkastið,“ segir hann en kveðst samt ágætlega trúður.

gun@frettabladid.is

Sigurður Ragnarsson fann fína fermyngarskó í Kringlunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



TIME YOUR OWN CHALLENGE

Candino svissnesk gæðaúr!

Fást í miklu úrvali í úra & skartgripaverslunum.
Verð frá kr. 8.500 - 25.200,-



TIMING YOUR OWN CHALLENGE

CANDINO
SWISS WATCH

Flottar fermingagjafir

Pú færð frelsiskort og startpakka frá Vodafone hjá okkur

Gríptu augnablikið og lifðu núna.



vodafone

SAMSUNG DIGIMAX S600

6,1 milljón pixla
5x stafræn aðdráttur
Stór 2,4" LCD-skjár
1/1,25 CCD-sensor
5 forstillingar
VGA-videóupptaka
9 innbyggðir myndarammar
16 MB innra minni



Frír GSM sími
Samsung X-160 fylgir með kaupum á Samsung Digimax S600 og 512MB minnskort

TILBOÐ Kr. 29.805,-
Kr. 2.928,-¹² man
Kr. 39.705,-

SAMSUNG X-160

65 þús lita UFB skjár
Titrari
Handfrjáls hátalari
Diktafónn
Fjölradda pólýtónar
Aðgerðalistar
Dagatal
Dual-Band GSM 900/1800
Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 210 klst. í bið
Innbyggð 1.2 MB minni
SMS/EMS/MMS skilaboð
100-240v hleðslutæki og Handfrjáls búnaður fylgir með
WAP, Java netstuðningur
GPRS gagnaflutningur
Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 210 klst. í bið
Þyngd 77 grömm



Kodak EasyShare V610

Tvær linsur Bluetooth

6.1 milljón pixla
2.8" Hágæða LCD skjár!
Hágæða Schneider linsur
Linsa nr. 1: 38-114mm
Linsa nr. 2: 130-380mm
5 cm nærmyndataka
Ljósæmni ISO 64 - 800
Hliðrar myndum sjálfvirk
Bluetooth tenging innbyggð
Videó með hristivörn
5 cm nærmyndataka
Ljósæmni ISO 64 - 800

10x aðdráttur

4.000
AFSLÁTTUR

TILBOÐ Kr. 25.900,-
Kr. 2.556,-¹² man
Kr. 29.900,-



SAMSUNG DIGIMAX NV10



10.1 milljón pixla
2.5" Hágæða LCD skjár
35-105mm Schneider linsa
Ljósop f/2.8 - f/5.1
Ljósæmni ISO 100 - 1000
4 cm nærmyndataka (Macro)
Hraðval með snerittökkum
Sterkt alúminum efni í vél
Hljóðupptaka (diktafónn)
Hleðsla með USB snúru
Notar SD kort
MPEG 4 videóupptaka (30 fps)



Kr. 3.893,-¹² man
Kr. 39.900,-

SAMSUNG DIGIMAX i6



9.000
AFSLÁTTUR

6 milljón pixla
3 x optískur aðdráttur
Mp 3 spilari
Hristivörn
2,5" skjár
Tekur videó
Mikið af séreiginleikum
Frábær hönnun

TILBOÐ Kr. 29.900,-
Kr. 2.955,-¹² man
Kr. 38.900,-



SAMSUNG DIGIMAX NV7 OPS

5.000
AFSLÁTTUR

7.2 Megapixlar
2.5" Hágæða LCD skjár
38-270mm Schneider linsa
Ljósop f/2.8 - f/4.0
TTL fókuserfi
Ljósæmni ISO 100-1000
1 cm nærmyndataka (Macro)
11 Forstillingar
Videóupptaka MPEG4
Hljóðupptaka (Diktafónn)
Hleðsla með USB snúru
19 MB innra minni

TILBOÐ Kr. 39.900,-
Kr. 3.857,-¹² man
Kr. 44.900,-



SAMSUNG DIGIMAX L70

5.000
AFSLÁTTUR

7.2 milljón pixla
2.5" Hágæða LCD skjár
37.5-112.5mm linsa
Ljósop f/2.7 - f/5.2
Ljósæmni ISO 100-800
ASR hristivörn - Algorthmi
Hljóðupptaka (Diktafónn)
MPEG 4 videóupptaka
Notar SD kort
Hleðsla með USB snúru
11 Forstillingar

TILBOÐ Kr. 24.900,-
Kr. 2.463,-¹² man
Kr. 29.900,-



EPSON Stylus D88

4.000
AFSLÁTTUR

Frábær prentari fyrir skólafólk
Allt að 5760 x 1440 dpi upplausn
22 bls á mín í svörtu
12 bls á mín í lit
4 blekhyliki
Epson Micro Piezo prenthaus
Mjög hagkvæmur í rekstri

TILBOÐ Kr. 9.590,-
Kr. 12.590,-



EPSON Stylus DX4000

Prentari og skanni

5.000
AFSLÁTTUR

Prentgæði
5760x1440 punkta upplausn
Litahylki :4
Svartur texti 23 bls á mín
Lita texti 12 bls á mín

TILBOÐ Kr. 11.790,-
Kr. 16.790,-



iriver

MP3 spilari - N11

MP3 spilari með innbyggðu
1GB flásminni (ca. 240 lög)
FM útvarp
LCD skjár
USB 2,0 tengi
Innbyggð Li-ion rafhlaða 13 klst. á hleðslu
Spilar: MPEG, MP3, WMA (DRM) og OGG (Q10)
Heyrnatól fylgir

Kr. 17.420,-



HANS PETERSEN
1907-2007

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



Vefverslun Hans Petersen er á
www.hanspetersen.is/verslun

12 man
24 man

Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða

Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind

● KORT MEÐ NOKKRUM MÚSARSLÖGUM

Boðskortin í ferminguna geta valdið höfuðverk. Á kortavef Póstsins, www.postur.is, er hægt að útbúa kortin á auðveldan hátt úr stofunni heima.

Þar er hægt að hanna kortið með mynd og þeim texta sem hver og einn vill. Hægt er að kaupa árituð umslög með nöfnum viðtakenda ásamt frímerkjum sem send eru heim til þess sem pantar en einnig er hægt að panta límmiða með nöfnum viðtakenda og fá senda heim.

Greiðsla fer fram í lokin með því að greiða með greiðslukorti á netinu.



Það á að ferma húsið mitt

Fyrirsögnin er setning sem Guðni Kolbeinsson íslenskufraeðingur heyrðist segja fyrir mörgum árum. Fermingarveisla var fram undan heima hjá honum og hann þurfti að hafa hratt á hæli og hespa ýmsu af áður. Þótt margir kannist við að finnast þeir þurfa að taka allt í gegn heima fyrir fermingu hafa fáir orðað þá tilfinningu betur en hann. Sjálfur man hann ekkert eftir að hafa sagt þetta en finnst setningin þó hljóma sennilega.

„Við fluttum inn í voðalega flott gamalt hús með sál árið 1978 og höfum verið að byggja það síðan smátt og smátt. Viðburðir eins og fermingarveislur og afmæli hafa oft verið notaðir sem átylla eða spark í rassinn til að gera einhverjar upplýftingar á því og við erum auðvitað eins og sannir Íslendingar að gera allt á síðustu stundu. Því hefur oft verið dálítill spenna í kringum þessar viðgerðir,“ segir hann glaðlega. „Við hjónin eigum fjögur börn og vorum með allar fermingarveislurnar hér heima. Ekkert voðalega fjölmennar veislur en fólk kom og dreifði sér um íbúðina eins og gengur. Oft var tækifærið notað og eitthvað klárað áður. Við settum til dæmis kvisti á húsið og þeir voru foheldir í nokkur ár þar til eitthvert tilefni gafst til að fullgera þá. Einhvern tíma man ég að við þurftum að klæða upp-gönguna því þar hafði verið lokað einum forstofudyrum. Til að bjarga málum var maskínupappír límdur yfir vegginn og þar skrifaði einhver sonurinn stórum og fögrum stöfum FERMINGAR-VEISLA. Svo stóð þessi áletrun þarna að mig minnir í ár en fjölskyldan segir fjögur ár. Það var



Guðni býr í gömlu húsi með sál og tók oft til við viðgerðir á því rétt fyrir fermingarveislurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að minnsta kosti ekkert rokið til að klæða vegginn úr því búið var að halda veisluna.

Íslendingseðlið er ríkt í okkur,

að byrja aðeins of seint og lenda í tímahraki með hlutina en redda þeim einhvern veginn.“

gun@frettabladid.is



retro
smáralind s.512 1744

Andlitsbað og brúnkusprautun

Fyrir nokkrum árum fór að bera á því að fermingarbörn, sérstaklega stúlkur, vildu fá á sig sólbrúnan lit fyrir fermingardaginn. Til að ná litnum var brugðið á það ráð að leggjast í ljósalampa, en eins og við flest vitum er það bæði óhollt fyrir húðina og getur valdið húðkrabbameini.

Öllu ódýrara og heilsusamlegra er að fara í svokallaða brúnkusprautun, en þá er þessum eftirsótta húðlit einfaldlega sprautað á líkamann.

Hjá Laugum Spa er hægt að koma í slíka meðferð en mælt er með að brúnkunni sé sprautað á einum til tveimur dögum fyrir stóra daginn.

„Við byrjum á að skrúbba húðina með kornakremi til að fjarlægja dauðar húðfrumur og gefa húðinni raka í leiðinni. Svo má velja um tvenns konar liti, eða þá að við sérblöndum þann lit sem hentar best. Það eru ekki allir með sama húðlitinn og ef manneskja er mjög dökk á fermingarmyndinni þá getur það komið undarlega út,“ segir Anna María Jónsdóttir, snyrtifræðingur hjá Laugum Spa. Þar er einnig boðið upp á húðhreinun fyrir krakka sem eru yngri en sextán ára. „Við þessa húðhreinun sjáum við til þess að eftir meðferðina þurfi unglíngurinn ekki að ganga út allur rauð-



Anna María Jónsdóttir hjá Laugum Spa ráðleggur fermingarbörnum að forðast ljósabekki og bendir á að brúnkusprautun sé öllu ódýrari og heilsusamlegri kostur en að fara í ljósatíma.

flekkóttur í andlitinu heldur getur hann eða hún vel sýnt sig á meðal fólks. Meðferðin hefst á djúphreinsun, svo er það tíu mínútna andlitsgufa, því næst eru óhreinindi kreist úr húðinni og að lokum er róandi maski borinn á. Reyndar leggjum við áherslu á að farið sé í þessa meðferð um viku áður en

fermingardagurinn rennur upp, eða svona um fjórum til fimm dögum áður,“ segir hún.

Airbrush-brúnka með kornaskrúbbi kostar 4.300 krónur í Laugum, en án kornaskrúbbs kostar meðferðin 3.650. Húðhreinun fyrir yngri en sextán ára kostar 3.850 krónur.

-mhg



retro
smáralind s.512 1744

+ Fermingar framundan ...

Úrval gjafa fyrir stelpur og stráka í verslunum Lyfju um land allt.



SKARTGRIPASKRÍN

Frábær fermingargjöf!

frá **1.699** kr.



LEVANTE SOKKABUXUR

Levante

Vekja eftirtekt!



GOSH SNYRTIVÖRUR

Góð vara á góðu verði.

Tilboð gildir til 24. mars.

20% afsláttur



SJÁLFBRÚNKULÍNAN

L'Oréal sjálfbrúnkulínan gefur náttúrulegan og fallegan lit og er auðveld í notkun. Hentar vel bæði fyrir stelpur og stráka.

20% afsláttur



EASY SUN - BRÚNKUKLÚTAR

Einfaldir og þægilegir í notkun, mynda fallega og eðlilega sólbrúnku.



MAYBELLINE

Maskarar og gloss, mikið úrval og flottir litir.

20% afsláttur

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

Aukin þekking í umslagi

Fermingargjafir geta verið ýmis konar og á meðan sumar koma sér vel það sem eftir er af ævi fermingarbarnsins eru aðrar aldrei notaðar. Til þess að koma sér vel þegar horft er til framtíðar þurfa gjafirnar ekki endilega að vera áþreifanlegar. Námskeið geta til dæmis verið mjög sniðugar fermingargjafir. Alls konar námskeið eru í boði úti um allt og auðvelt að finna eitthvað sem hentar hverjum og einum. Á meðan eitt fermingarbarn hefur kannski mestan áhuga á öðrum tungumálum gæti annað haft gaman af því að fara á leiklistarnámskeið og það þriðja viljað læra á hljóðfæri. Hvert sem áhugasviðið er og hvað sem verður fyrir valinu ætti fermingargjöfin að vera ein af þeim eftirminnilegri.

- eð



Fermingartilboð á www.bodeind.is

Asus VW192S 19" LCD skjár
Upplausn: 1440x900
Contrast: 800:1 - 5msec
Birta: 330 cd/m²
Innbyggðir hátalarar



~~kr 29.900,-~~
kr 24.900,-

Asus PG191 19" LCD skjár
SRS TruSound hátalararkerfi með bassakeilu - Birta: 320 cd/m²
Upplausn: 1280x1024 - 2 msec
Contrast ratio: 800:1 - vefmyndavél



~~kr 49.900,-~~
kr 40.900,-

Asus MW221U 22" LCD skjár
2msec - Upplausn: 1680x1050
Hlutföll: 16:10 / HDCP
Birta: 300 cd/m² - Hátalarar
Contrast 700:1



~~kr 59.900,-~~
kr 49.900,-

Boðeind hefur í 20 ár kappkostað að veita framúrskarandi þjónustu og gæðavöru. Komdu í heimsókn og fáðu faglega ráðgjöf um tölvukaup

250GB 3,5" flakkari SATA/USB 2.0 - ál hýsing
Verð kr 18.800,-

100GB 2,5" flakkari - USB
Taska fylgir með
Verð kr 14.800,-

USB 2.0 minnislyklar
1 GB Verð kr 2.490,-
2 GB Verð kr 3.990,-
4 GB Verð kr 5.990,-
8 GB Verð kr 9.900,-

Frábær fartölvutilboð á Bodeind.is

Fartölvutaska og laser mús fylgir með öllum fartölvutilboðum
Allar fartölvur koma með innbyggðri vefmyndavél og hljóðnema



Staðgreiðsluverð

kr. 94.900,-

Verð áður kr. 104.900,-

Almennt verð kr. 101.679,-

Öflug fartölva í skólann, á heimilið, í leikina eða vinnuna!

Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjær
Upplausn: 1280x800
Örgjörri: Intel Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkunleg í 2GB
Hljóðkort: Intel High definition
Netkort: 10/100/1000 LAN - Þráðlaust 802.11 a/b/g
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Innbyggð vefmyndavél 1.3MegaPixa & hljóðnemi
Helstu tengi: Kortalesari, 4x USB 2.0
1x FireWire, 1x S-Video, 56k modem
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Hugbúnaður:
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur
Nero 6 skrifarahugbúnaður/Asus DVD hugbúnaður
Rapid Recovery - Endursetur tölvuna á einfaldan hátt
Asus Director Pro - Media@ show - o.fl.

Verð áður kr 160.393,-

Staðgreiðsluverð kr 136.900,-



Asus A6JA
15,4" Glare type skjár - Dual Core T2400 1,83GHz
1GB DDR 2 PC667 - 100GB Harður diskur
Radeon X1600 256MB DDR skjá kort
Microsoft XP Professional

Verð áður kr 164.393,-

Staðgreiðsluverð kr 139.900,-



Asus A6T
15,4" Glare type skjár
AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
1GB DDR2 PC533 - 100 GB Harður diskur
Geforce 7600 256MB skjá kort - Microsoft XP Professional

Verð áður kr 174.393,-

Staðgreiðsluverð kr 149.900,-



Asus A7J
17" Glare type skjár - 1.66GHz Duo Core
1GB DDR2 PC533 - 100GB SATA Harður diskur
Radeon X1600 256MB DDR skjá kort
Microsoft XP Professional



Einstaklega fallegur hlýralaus kjóll með undirpilsu úr tjulli og fallegu svarthvítu blómamynstri. Fæst í Warehouse í Kringlunni.



Bleikur og svartur skokkur úr versluninni Mótur í Kringlunni. Er úr góðu, teygjanlegu bómullarefni og nýtist mjög vel þar sem hann fer vel bæði við buxur og sokkabuxur.



Sérlega fallegur skokkur úr silki með fallegu og svolítið 70's legu blómamynstri. Fæst í Zóru.

Dæmalaust er stúlkan fín

Allar þekkjum við það að vilja skarta okkar fínasta í veislum. Ekki síst ef veislan er manns eigin og aðalstjarnan ert þú sjálf.

Fermingarveisla er einmitt slíkur viðburður og varla er til sú fermingarstúlka sem ekki hefur miklar skoðanir á í hvernig fötum hún ætlar að vera á fermingardaginn.

Í ár eru alls konar hlýrakjólur og skokkar mikið í tísku hjá fermingarstúlkum en þá má fá í flest-

um tískuvörverslunum. Slíkir kjólur eru nokkuð sniðugir þar sem hægt er að nota þá aftur síðar, enda eru þeir hvorki galakjólur né árhátíðardress heldur fyrsti kjóllinn sem ung stúlka klæðist eftir að hún hefur verið tekin í fullorðinna manna tölu.



60's legir og sætir kjólur fást í miklu úrvali í verslunum Rokki og rósum á Laugavegi og Spútnik á Laugavegi og í Kringlunni. Það besta við að kaupa kjól í „second hand“ verslun er að enginn önnur fermingarstúlka á eftir að eiga nákvæmlega eins eintak.

Þessi páskaguli kjóll frá Oasis myndi eflaust teljast svolítið óhefðbundinn fyrir fermingarveislu, en með fallegu herðasjali gæti hann átt vel við yfir hátíðarnar.



Veldu þína framtíð

"Fermingin er einn stærsti áfangi lífs míns. Um leið og ég kemst í fullorðinna manna tölu vil ég sýna að ég er ábyrgur og skynsamur í fjármálum. Þess vegna vel ég SPRON Framtíð."

SPRON Framtíð

- Ég fæ frábæra vexti á fermingarpeningana mína
- SPRON geymir peningana mína þangað til að ég verð 18 ára
- Þegar ég stofna reikninginn og legg inn að lágmarki 2.000 kr. fæ ég 2.000 kr. mótframlag frá SPRON

Fermingartilboð

Ef lagðar eru inn 30.000 kr. eða meira fyrir 1. júní 2007 gefur SPRON 5.000 kr. inneign og DVD-mynd að eigin vali. Auk þess fara allir, sem leggja inn, í pott og eiga möguleika á að vinna PS3 leikjatölvu.

Fermingargjafabréfið frá SPRON er gjöf sem vex og vex. Kynntu þér málið á Spron.is

 **spron**

Sími 550 1200 - þjónustuver 550 1400 - www.spron.is

Opin blóm segja meira en þau sem enn eru lokuð

Blómaskreytingar koma með gleði og fegurð og mynda ljúfa stemningu.

Helga Thorberg, blómaskreytingasérfræðingur og eigandi verslunarinnar Blómálfurinn við Vesturgötu, er öllum hnútum kunnug þegar kemur að skreytingum fyrir fermingarveislur. Hún segir ferlið oft byrja á því að mæðgur komi saman til að kynna sér úrvalið og fá hugmyndir og bætir því við að skreytingarnar séu æði mismunandi, það fari allt eftir umfangi veislunnar og smekk viðkomandi.

„Kostnaðurinn við skreytingarnar getur þannig verið mjög mismunandi en þegar allt er upptalið, matur, kaffi, fatnaður og fleira þá held ég að þessi útgjalda-liður sé kannski sá sem fólk finnur minnst fyrir, en hann færir samt

með sér mikla gleði, fegurð og myndar ljúfa stemningu. Stundum kemur fólk jafnvel með vasa, skálar og annað að heiman – eitthvað sem hefur tilfinningalegt gildi – og fær tillögur um hvernig megi skreyta þessa hluti. Þannig er hægt að spila úr hlutunum á fjölbreyttan hátt en starf okkar blómaskreytingamanna felst jú mjög mikið í því að veita ráðgjöf á þessu sviði.“

Hvað er fólk að skreyta?

„Það er fyrst og fremst veisluborðið en það er misjafnt hvernig staðið er að þessu. Veislur eru ýmist í leigðum söllum eða heima-húsum og skreytingarnar fara svolítið eftir því. Í kringum fermingarkertið er yfirleitt einhver blómaskreyting og þar við hlið liggur gestabókin. Blómin sem standa á borðinu eru ýmist blómaskreyting eða afskorin blóm í vasa



Sniðugir borðskreytingavasar sem hægt er að setja eitt eða tvö blóm í.

og yfirleitt miðar fólk við að hafa þannig oft bleika litinn sem einn lit gegnumgangandi í fermingunni. Stelpurnar velja sér kjól og miða allar skreytingar út



Borðskreyting sem er tilvalin á fermingarborðið enda lifandi blóm ómissandi fyrir stærstu stundir lífsins. Bleikur er blíður og fallegur litur sem hentar vel daginn sem ungmennið endurnýjar skírmarheiti sitt enda er bleikur litur kærleikans.

frá misjafnlega ljósum eða dökkum bleikum litbrigðum. Þetta getur verið sérlega fallegt og skemmtilegt og gefur veislunni mjög ljúft og notalegt yfirbragð.“

Hvað þarftu langan fyrirvara á pantanir?

„Það er náttúrlega alltaf betra að hafa góðan fyrirvara til að hægt sé að panta réttu blómin. Eins verða þau að vera tilbúin á réttum tíma. Búin að opna sig og komin á sitt fallegasta stig. Blómin eiga ekki að skarta sínu fegursta daginn eftir. Ef blóm eru búin að opna sig þá þarf líka færri blóm til að rétta stemningin myndist. Opn blóm segja svo miklu meira en þau sem enn eru lokuð.“

-mhg



Blái liturinn ætti varla að fara fyrir brjóstið á fermingardrengjunum enda fallegur og táknrænn litur.



Skreytingar þurfa ekki að vera íburðarmiklar til að skapa góða stemningu.



High Peak Sherpa 55+10
Góður göngupoki, stillanlegt bak og stækkanlegt aðalhólf.



Fermingartilboð 9.990 kr.
Verð áður 12.990 kr.

Flott hugmynd að fermingargjöf

Einnig til 65+10 Fermingartilboð 10.990 kr.

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580



Stefán er farinn að hlakka til að fermast.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Finnst skemmtilegt í fermingarfræðslunni

Stefán Sigurjónsson fermist hinn 24. mars í Hafnarfjarðarkirkju. Hann segist hafa verið ákveðinn í að láta ferma sig frá því að hann var tíu ára. „Allir í bekknum mínum ætla að láta ferma sig en við fermumst ekki öll í einu því við erum svo mörg,“ segir Stefán.

Eftir athöfnina verður Stefán með veislu heima hjá sér og er undirbúningur fyrir hana hafinn. „Ég er aðeins búinn að hjálpa til og ég held að það verði bæði kökur og matur,“ segir hann.

Stefán er búinn að vera í ferm-

ingarfræðslu í allan vetur og segir að hún hafi bara verið skemmtileg. „Við fórum til dæmis að skoða kirkju sem ég man ekki alveg hvað heitir en hún er fræg og það var mjög gaman.“

Stefán er búinn að kaupa sér fermingarföt og segist vera orðinn frekar spenntur fyrir fermingunni. Hann veit líka alveg hvað hann langar að fá í fermingargjöf. „Mig langar í fartölvu. Ég vona að ég fái hana en ég er ekki alveg viss. Ég er samt búinn að láta vita að mig langi í hana.“

-eð

● KRISTILEGAR GJAFIR

Ferming er kristin athöfn. Það vill stundum gleymast í öllu veislustússinu þar sem skreytingar og merktar servíettur ráða ríkjum. Í Kirkjuhúsinu á Laugavegi má nálgast gjafir sem minna á tilgang fermingarinnar.



Litlir krossar með litríka sögu. Þessir fallegu krossar eru gerðir í El Salvador og með kaupum á þeim má styrkja Hjálparstarf kirkjunnar. 1.650 krónur stykkið.



Bænaþókin geymir fjölda bæna sem henta vel í margs konar aðstæðum. Nýjar bæni og gamlar, kunnar og óþekktar. 3.980 krónur.



Íkonar, annars vegar af Jesú Kristi og hins vegar af Maríu mey. 2.500 krónur stykkið.



Stór kross frá El Salvador. 4.700 krónur.



Gleði heitir þessi fallega stytta og kostar 2.500 krónur.



Biblían frá grunnni, eldsnögg ferð frá 1. Mósebók til Opínberunarbókarinnar. 1.860 krónur.



Hjarta úr gulli. 1.990 krónur stykkið.

Upplifun í fermingargjöf

Sífelld fleiri foreldrar kjósa að gefa börnum sínum heldur upplifanir í fermingargjöf en veraldlega hluti líkt og fartölvur og mp3-spilara. Eitt af því sem notið hefur vinsælda síðustu ár er að gefa börnunum ferðir í sumarskóla þar sem þau geta lagt stund á tungumálanám.

Enskuskóli Erlu Ara hefur staðið fyrir námsferðum fyrir unglina á aldrinum 13 til 16 ára frá árinu 2000, í samvinnu við Kent School of English. Stór hluti þeirra unglina sem fara til Englands með Enskuskóla Erlu Ara hefur einmitt fengið ferðina í fermingargjöf.

Það hljómar kannski ekki spennandi að sitja á skólabeck á sumrin en enskuskólinn er alls ekki lest-

ur einn. Nemendur taka þátt í dagskrá í skólanum þar sem þeir geta farið í fótbolta, tennis, blak, sund og tekið þátt í baðstrandaferðum, farið á diskótek og margt annað. Á laugardögum er haldið í dagsferðir til Canterbury, Cambridge og víðar um ensk sveitahéruð.

Auk þess að bæta enskukunnáttuna verður þessi upplifun oft til þess að unglignir verða sjálfstæðari og fá aukið sjálfstraust og eignast nýja vini.

Enskuskóli Erlu Ara stefnir á ferð til Kent í lok júlí. Námsferðin kostar rúmlega 160 þúsund krónur en innifalið er flug, kennsla, gisting, fæði, öll dagskrá, allar ferðir og þjónusta hópstjóra.

Nánari upplýsingar á www.enskaferiralla.is.



Unglingar úr Enskuskóla Erlu Ara í heim-sókn í Dover-kastala.



Íslenskir unglingar við ströndina í Broadstairs.

TAKTU ÞÁTT Í FERMINGARLEIK KLASSA

Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það.

Leggðu 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn og þú færð 5.000 kr. til viðbótar frá Landsbankanum. Dregið verður úr þátttakendum sem geta unnið MacBook fartölvu og iPod shuffle.



 Landsbankinn

STAFRÆNIR MYNDARAMMAR



Lenco
AUDIO-VIDEO

DF701

7" TFT LCD RAMMI fyrir stafrænar myndir að 5 milljón punkta upplausn, rauf fyrir SD/MMC kort, Autoplay og Slideshow. Styður JPEG skrár.

VERÐ 10.990

FRÁBÆRT VERÐ



Með skiptanlegri umgjörð!

PHILIPS 7FF1CV og 7FF1M4

Hágæða 7" LCD RAMMI fyrir stafrænar myndir með SD / MMC / MS / CF kortalesara, USB tengingu við myndavél eða tölvu, stillanlegu birtustigi, Browse, Slideshow og Thumbnails og tímastilli. Gengur fyrir rafhlöðum eða spenn. Getur staðið lárétt eða lóðrétt. Geymir yfir 50 myndir. Stærð í sm (bxhxd): 21,2x16,4x10,5

VERÐ 24.990

FRÁBÆRT VERÐ pr.stk.

Micro Boom Box



enox. DMB7500CR

MP3 og WMA SPILARI með útvarpi, 512MB minni, stafrænu útvarpi með 10 stöðvaminnum, Aux inn og heymartólstengi, upptaka úr útvarpi eða í gegnum line-in, USB tengi og innbyggðri hleðslurafhlöðu. Tekur SD minniskort. Geymir u.þ.b. 125 MP3 lög eða 250 WMA lög. Ötrúlegur hljómur með hágæða JBL hátölurum.

TILBOÐ 4.990

FULLT VERÐ kr. 9.990



SanDisk

M240

MP3 OG DIKTAFOÐN

1GB MP3 SPILARI með innbyggðum diktafón og háhraða USB 2.0 tenging við tölvu. Spilar MP3, WMA. Baklýstur skjár.

1GB

TILBOÐ 5.990

FULLT VERÐ kr. 9.990



SanDisk C240FM

MP3 SPILARI MEÐ ÚTVARPI

1GB Sansa MP3 SPILARI með FM útvarpi, microSD kortalesara, diktafóni og háhraða USB 2.0. Sýnir ljósmyndir. Spilar MP3 og WMA. Innbyggð hleðslurafhláða sem endist í allt að 15 tíma í einu.

1GB

VERÐ 9.990

FRÁBÆRT VERÐ



SPILAR MP3 DISKA

JVC UXN1W

Lítill og nett MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 GEISLASPILARA og útvarpi, 20w magnara með Hyper Bass Pro, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Aux inngangi að framan, klukku og fjarstýringu

TILBOÐ 19.990

FULLT VERÐ kr. 24.990

Spilar CD-R/RW



PHILIPS MCM760 Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og WMA

2x150w MÍKRÓ SAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, Incredible Surround og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, USB, Aux inn, heymartólstengi, segulbandi og viðarklæddum hátölurum. Afritar frá CD yfir á MP3 með USB.

TILBOÐ 29.990

FULLT VERÐ kr. 39.990

SPILAR MP3 DISKA



FIMM DISKA DVD SPILARI

JVC UXG70

MÍKRÓSAMSTÆÐA með 5 diska DVD spilara, 160w magnara, Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, RDS útvarpi með 30 fm og 15 AM stöðvaminnum, Sound Turbo II með kvikmynda- eða tónlistastillingu, Aux Inngangi að framan, USB tengi, Scart og Component tengi, Digital Optical og Subwoofer útgöngum, heymartólstengi og fjarstýringu.

VERÐ 44.990

FRÁBÆRT VERÐ

Spilar DVD, DVD-Audio, DVD+R/RW, DVD-R/RW, S(VIDEO) og DivX - Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG



UNITED

LTV15L52

15" LCD SJÓNVARP með Digital Comb filter, 8w stereo hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS, heymartólstengi og VGA tengi. Er bæði fyrir 12 og 220V.

TILBOÐ 34.990

FULLT VERÐ kr. 39.990



enox. LTV7417HD SJÓNVARP OG TÖLVUSKJÁR

17" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12w Nicam stereo hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS, heymartólstengi og VGA tengi. Er bæði fyrir 12 og 220V.

VERÐ 39.990

FRÁBÆRT VERÐ



UNITED

LTV27W63

27" LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS, heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 89.990

FULLT VERÐ kr. 109.990

FRÁBÆRAR FERMINGARGJAFIR



7.1 MEGA PIXEL

OLYMPUS MJ770 3 LITIR

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom, Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm), 2.5" LCD Skjár (230.000 pixlar), Frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB tengingu, 18MB innbyggðu minni og tekur xD kort. Er vatnsheld að 10m dýpi, höggheild upp í 1.5m hæð, þolir þrýsting að 100kg, þolir allt að -10°C frost.

VERÐ 38.990

FRÁBÆRT VERÐ

**HÖGGHELD
VATNSHELD
ÞOLIR ALLT
AÐ 10M DÝPI**



6 MEGA PIXEL

OLYMPUS FE190

STAFRÆN MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu (35mm samb.: 38 - 114mm), 2.5" LCD skjá, hreyfimyndataku, 3 myndstærðum, 22Mb innra minni og USB tengingu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ 17.990

FULLT VERÐ kr. 22.990



7.1 MEGA PIXEL

OLYMPUS FE230

STAFRÆN MYNDAVÉL með 7.1 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu (35mm samb.: 38 - 114mm), 2.5" LCD skjá, hreyfimyndataku, 20Mb innra minni og USB tengingu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ 19.990

FULLT VERÐ kr. 24.990



TVÖFÖLD
HRISTI
VÖRN

FRÁBÆR VIÐ ÖLL BIRTUSKILYRÐI
BrightLight Technology

7.1 MEGA PIXEL

OLYMPUS MJ740SIL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital, 6.4 - 32mm linsu, 2.5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndataku með hljóði, hristivörn, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB tengingu og 17 Mb minni. Tekur xD kort.

TILBOÐ 24.990

FULLT VERÐ kr. 33.990

FÆST BÆÐI
RAUÐ OG
SILFURLIT

370 MYNDA
RAFHLEDA

SUPER
LIFE
BATTERÍ



10.1 MEGA PIXEL

CASIO EXZ1050 EXILIM

Stafraen MYNDAVÉL með 10,1 milljón punkta upplausn, EXILIM Engine 2.0, Anti Shake DSP, betri fókus með Auto Framing, BESTSHOT, Super Life rafhleðu sem endist 370 myndir, mjög bjartur (1200 cd/m2) og skýr 2.6" LCD Wide-screen skjár (114.960 pixlar), 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 7.9 - 23.7mm linsu, hágæða hreyfimyndataku, 15Mb innra minni og rauf fyrir SD/MMC korti.

TILBOÐ 29.990

FULLT VERÐ kr. 34.990

DIGITAL SLR - SKIPTILINSUR

TVÆR
LINSUR
FYLGJA



8 MEGA PIXEL

SYSTEM

OLYMPUS E5000ZKIT

Digital SLR MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, tveimur linsum; 14-45mm og 40-150mm, 2.5" LCD skjá, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki úr myndum, þremur manual stillingum, sjö myndstærðum, 21 programme Modes, tímarofa og USB 2.0 tengingu. Notar CompactFlash, Microdrive og xD kort.

TILBOÐ 79.990

FULLT VERÐ kr. 99.990



DIGITAL
NIGHT
SCOPE

JVC GRD740

INNBYGGÐ
KYRRMYNDAVÉL

Digital DV TÖKUVÉL með 2,7" LCD skjá með 1/6 CCD upptökufloðu með 800.000 dílum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 34x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

TILBOÐ 29.990

FULLT VERÐ kr. 39.990

STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR ÁN SPÓLU



JVC GZMG130 30GB

Órsmá Digital Media TÖKUVÉL með 30GB hörðum disk (allt að 37.5 tíma upptaka) og innbyggðri kyrrmyndavél, 1/6" upptökufloðu með 800.000 dílum, 2,7" LCD skjá, 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptöku, USB 2.0 og titringsdeyfi. Tekur SD/SDHC kort kort.

TILBOÐ 49.990

FULLT VERÐ kr. 69.990

Everio Share Station

SKRIFAR
BEINT Á
DVD DISKA

20GB
HARÐUR
DISKUR



JVC GZMG47SHARE

að hann á margar góðar minningar frá Íslandi. „Ertu frá Íslandi?“ endurtekur hann eftir að ég hef upplýst hann, eins og hann trúir vart sínum eyrum. „Ég dýrka Ísland! Það er einn uppáhaldsstaðurinn á plánetunni. Ég fór aftur þangað um daginn. Þekkirðu Halla Hanson?“ Mér líður allt í einu eins og ég sé staddur í eldhúspartí í menntaskóla. Hérna er hann orðinn svo æstur að ég lýg, kinka bara kalli og svara játandi til þess að halda honum gangandi. Ég hef þó enga hugmynd um hvern hann er að tala um. „Já, er það? Hann var bílstjórinn minn! Aðstoðarmaður, andlegur gúrú og næringarráðgjafi. Ég fór til Íslands með það í hausnum að ég væri svo stór og sterkur,“ segir Gerard og syngur nánast orðin hálf hljandi, hann minnir mig allt í einu á tíu ára frænda minn þegar hann er að segja mér sögur af einu af mörgum ævintýrum sínum. „Svo þegar ég lenti á flugvellinum hitti ég þennan risa, Halla Hanson, og hann er eins og Súpermann! Faðmaði mig um leið og ég kom út og ég var bara eins og lítið barn miðað við þennan mann. Þá vissi ég að ég væri kominn til Íslands. Þekkirðu Ingvar Sigurðsson leikara?“ Já, auðvitað. „Hann er búinn

HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNSTOKKS

I'M BOO KARAFLA

HÖNNUÐUR
NORWAY SAYS

VERÐ
7.400 KR.



FOUR FLOWER VASE BLÓMAVASI

HÖNNUÐUR
MATTI KLENNELL

VERÐ
13.300 KR.

LOUNGE CHAIR & OTTOMAN

HÖNNUÐUR
CHARLES & RAY EAMES 1956

VERÐ
439.500 KR.



COSY INGREY LAMPI

HÖNNUÐUR
HARRI KOSKINEN

VERÐ
19.900 KR.

Ný sending frá MUUTO komin í höfn
Opíð frá kl. 10-18 virka daga, 11-17 laugardaga og 12-16 sunnudaga.

„EFNIÐ ER HINN FRJÓASTI AKUR FYRIR LEIKHÚSIÐ.“ Hilmar Jónsson og Andri Snær Magnason á sviði Hafnarfjarðarleikhússins.



Andlega borgarastríðið fer á svið

Hafnarfjarðarleikhúsið frumsýndi Draumalandið í gærkvöldi, leikverk byggt á metsölubók **Andra Snæs Magnasonar**. En hvernig datt **Hilmari Jónssyni** leikstjóra eiginlega í hug að gera leikgerð eftir sögunni?

Hugmyndin er spröttin upp úr þeim innblæstri sem bókin var mér og öllum í kringum mig,“ segir Hilmar. „Í mínu umhverfi var um lítið annað rætt en þessa bók. Fljótlega kviknaði því hugmynd um að þetta efni væri hinn frjóasti akur til umfjöllunar fyrir leikhúsið.“

En það er nú ekki beint söguþráður í bókinni, eða hvað?

„Nei, en það er samt ákveðin uppbygging, framvinda og niðurstaða. Ef við tölum um hið leikræna í bókinni þá er mikil dramatik í átökum þessara tveggja sjónarmiða, með eða á móti álverum og virkjunum. Svo er bókin líka full af hugleiðingum og hugmyndum sem er gaman að takast á við á sviði. Aðkoma okkar að bókinni er fólgin í undirtitli hennar, Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. Þar fengum við okkar vinkil: hver er þessi hrædda þjóð og við hvað er hún hrædd? Annars er bókin bara til grundvallar og við erum ekki síst að fjalla um núð.“

„Þetta er tryllir!“ segir Andri Snær og hlær. „Ég las leikrit eftir David Hare um einkavæðingu bresku járnbrautanna. Þetta leikrit sló algjörlega í gegn í konunglega leikhúsinu. Það var ekki síst vegna þess sem ég sagði ókei við þessari fáránlegu hugmynd. Ég ákvað að gefa leikhópnum frjálshar hendur og var lítið að þvælast fyrir.“

Gæti ekki verið meira drama

En hvernig er staðan í álvers- og virkjunarmálunum í dag? Er Andri Snær til dæmis ánægður með að helsta afleiðingin af bókinni hans sé þrefaldað fylgi vinstri grænna?

Andri Snær og Hilmar skelli-hlæja við þessari spurningu.

”

Við erum með einhvern skrifstofumann sem er forsætisráðherra og hann fær ágætis tölur. Það eru einhverjir sem græða en flestir skulda reyndar miklu meira en þeir eiga.

Andri dregur augað í pung og segir á ensku: „Ég hef skapað skrímli.“ Svo hlæja þeir ennþá meira. Ég reyni að vera ýttinn og spyr: Er þetta það sem þú vildir? Andri verður vandræðalegur og ræskir sig:

„Ha? Nei sko, þegar þau sögðu mér hérna að Megas myndi syngja lokalagið í leikritinu þá sagði ég að ég væri ánægður með að þó ekkert annað kæmi út úr bókinni en að Megas syngi Draumalandið þá væri ég ánægður. Nei, grílaust þá skiptir öllu máli að þeir sem leggja áherslu á þessi mál uppskeri rækilega. Stefnan er að gera landið að stærstu álbræðslu í heimi, það er mjög mikið í húfi.“

„Það er fyrirhuguð stækkun á álverinu hér í bænum og Hafnarfjörður er allur undirlagður í samræðum og tilfinningum um það mál. Umræðan er lifandi,“ segir Hilmar. „Það skemmtir okkur mjög hérna í leikhúsinu að þegar við til dæmis hlauptum inn á Súfista til að fá okkur að borða þá er undantekningarlaust verið að ræða þessi mál við okkur. Það eru miklar tilfinningar í bænum og alveg ljóst að þetta hefur mikil áhrif á marga. Það er allt undir. Annars vegar ertu með afkomu-hræðsluna, að hér fari allt til andskotans og skipulagðir fólksflutn-

ingar geti hafist 1. apríl, og hins vegar ertu með í huga náttúruna, lífið og menninguna sem verður undir í framtíðarsýninni. Við verðum að skilja og virða sjónarmið beggja fylkinganna. Í leikverkinu erum við með öll rökin, með og á móti.“

„Þessi 50/50 staða er gallinn við þessi mál – og sá galli kristallast hérna í bænum,“ segir Andri. „Þótt önnur fylkingin sigri þá hefur samt enginn sigur unnist. Það er ekki gott fyrir andann í samfélaginu þegar báðar fylkingar segja að niðurstaða kosninganna muni beinlínis eyðileggja fyrir þeim framtíðina og lífið. Ef þetta er ekki drama, og ef það er ekki hægt að búa til leikrit úr þessu, þá er náttúrulega ekki hægt að búa til leikrit úr neinu!“

Þjóð án leiðtoga

Umræðan í þjóðfélaginu er mörkuð af þeirri fyrirframgefnu niðurstöðu að allt „fari til fjandans“ ef „rétt“ ákvörðun er ekki tekin. Andra finnst þetta kolvítlaus hugsunarháttur.

„Herinn fór en það gerðist ekki neitt þrátt fyrir áratuga langa umræðu um hið gagnstæða,“ segir hann. „Íbúðaverð er meira að segja miklu herra á Suðurnesjum núna en áður en herinn fór. Samt hangir alltaf yfir okkur einhver ógn og ótti við framtíðina. Það eru teknar af margar ákvarðanir út á þann ótta. Ef álverið í Straumsvík myndi hverfa smám saman þá yrði það engin dramatísk breyting. Ég held að það yrði miklu dramatískara ef álverið væri þrefaldað.“

„Það er ólga í samfélaginu og ólgan stafar ekki síst af því að það er ekkert ígrundað hvað muni verða,“ segir Hilmar. „Þjóðin skiptist í tvennt, með eða á móti, en það er ekki á hreinu hvað verður gert ef þeir sem eru með „vinna“ eða hvað verður gert ef hinn hópurinn „vinnur“. Þjóðin er öll af vilja gerð að gera það sem fyrir hana er lagt. Við erum til í að herða sultarólarnar þegar þannig stendur á. Við erum alveg til í að borga hæstu vexti í heimi af því að það er svo mikil þensla. Við erum öll af vilja gerð en við stöndum frammi fyrir ofsalega erfiðum spurningum og við getum ekkert hlaupt undan

þeim. Þegar við fáum atkvæðisréttinn verðum við bara að gera svo vel að kanna málin ofan í kjölinn. Og það er erfið.“

„Ég myndi segja að við værum þjóð án leiðtoga,“ segir Andri. „Við erum með einhvern skrifstofumann sem er forsætisráðherra og hann fær ágætis tölur. Það eru einhverjir sem græða en flestir skulda reyndar miklu meira en þeir eiga. Til að sú orðræða sé lögleg að framtíð okkar byggist á einum möguleika hlýtur það að stafa af því að þjóðin hefur fengið mjög óskýra mynd af möguleikum um frá leiðtogunum. Við höfum haft leiðtoga sem hafa látið það líðast að segja að ef þú vilt ekki þessa framtíðarsýn þá viltu bara vera fátækur að tína fjallagrös.“

Er þá ekki eina lausnin að við kjósum okkur almennilegan leiðtoga?

„Ómar Ragnarsson,“ segir Andri Snær.

Ómar Ragnarsson – er það málið?

„Nei, ég segi svona,“ segir Andri, flissar og breytir um umræðuefni: „Maður upplifir stemninguna sem andlegt borgarastríð.

Eins og á Húsvík þar sem bóndinn skrifar grein og lýsir því hvernig eigi að eyðileggja heimili fjölskyldunnar sem hefur búið þarna kynslóð fram af kynslóð og á sama tíma þræmmar meðmælaganga í gegnum landið hans. Þetta er ástand sem stjórnmálamennirnir hafa stýrt okkur inn á.“

„Öll átökin sem fara fram inni á sviðinu í Draumalandinu eru úr orðræðu sem hefur átt sér stað,“ segir Hilmar. „Rétt eins og Andri þá vitnum við í fréttir, greinar, samtöl og staðreyndir. Við sýnum umhyggju með þeim persónum sem hafa farið í gegnum alla orðræðuna aftur og aftur og alltaf lent í sama öngstrætinu í yfirborðskenndu rífrildi. Þetta er sýning sem á að fá fólk til að hugsa. En fyrst og fremst er hún skemmtileg.“

Nú ert þú Andri búinn að vera að fjalla um þessi mál meira og minna í heilt ár síðan Draumalandið kom út. Ertu ekki orðinn hundleiður á þessu?

„Þetta er bara smá vertíð. Ég er að vona að þetta leysist allt í kosningunum og ég geti farið að skrifa hækur.“

Andri Snær og Hilmar ... fylla í eyðurnar

Fyrsta orðið sem mér dettur í hug þegar ég heyrði orðið „álver“ er... álfur (Andri Snær) / Hafnarfjörður (Hilmar).

Myndin framan á fermingarbæklingi Smáralindar er... nó komment (Andri Snær) / Sakleysi (Hilmar).

Ég eyddi síðast meira en hundrað þúsund kalli í... vísareikning (Andri Snær) / viðgerðir (Hilmar).

Besti veitingastaður á Íslandi er tvímælalaust... Gallerí fiskur (Andri Snær) / Fjörkráin (Hilmar).

Eiríkur Hauksson verður í... fyrsta sæti ef hann heldur rauða hárinu (Andri Snær) / buxum (Hilmar).

Eftirminnilegasta fermingargjöfin mín var... Tec-græjurnar úr Miklagarði (Andri Snær) / myndavél (Hilmar).

Fyrsta verk mitt sem einvaldur alheimsins verður að... banna Smáralindarbæklinginn (Andri Snær) / skipta um teppi í forstofunni (Hilmar).

Þegar ég keyri framhjá álverinu í Straumsvík... hugsa ég: Digur rass þarf víða brók (Andri Snær) / held ég niðri mér andanum. Ef það verður þrefaldað kafna ég (Hilmar).



Dr. Gunnar tekur viðtal



RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA

KASTARADAGAR



2995-



1995-

995-



2495-



2995-



1495-



995-



3995-



3995-



2995-




1995-




2995-



1995-



3495-



995-

LITIR: STÁL, HVÍTT, ANTIK OG GYLTT



3995-



2995-



1995-



3995-



2995-



2495-



2495-



1495-



995-



2995-



3995-



1995-



995-



995-



995-



1995-



495-



1995-



3995-



2995-

995-

1995-



3995-



4995-



2995-



1495-



4995-



1995-



2995-



1995-



1595-



995-



1695-



995-



1995-



1595-



995-

OPIÐ ALLA DAGA

laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Lágvöruslun með rafmagnsvörur

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

Gríptu tækifærið - komdu núna

50%
AFSLÁTTUR



ÓTRÚLEGT VERÐ!

VENICE 3. sæta sófi

VENICE sófi 3 sæta, ósamsettur, B:202 D:85 H:71 cm, með brúnu áklæði.

* **2.895**
á mán/8 mán

19.980
áður: 39.980

SÓFAVEISLAN H



Settu sófann í þvottavélina ...

Auðvelt og handhægt. Hægt er að taka WASHLINE áklæðið af öllum sófanum, bæði sessunum og sófagrindinni og setja í þvottavél.

RIALTO sófi 3 sæta, B:234 D:91 H:71 cm, með cappucino áklæði.

RIALTO sófi 2 sæta, B:174 D:91 H:71 cm, kr. **39.980** áður kr. 59.980.

30%
AFSLÁTTUR

* **3.329**
á mán/18 mán

48.980
áður: 69.980

WASHLINE



* **3.900**
á mán/12 mán

39.980
áður: 59.980

MALOU svefnsófi, B:198 D:128 H:92 cm, fæst í rauðu og gráu áklæði.



20% afsláttur af grjónasekkjum



* Mánaðarleg meðaltals greiðsla á VISA eða MasterCard staðgreiðslunum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi



10.000 KR.
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR EF
KEYPT ER SETT 3+2

30%
AFSLÁTTUR

NOVELLO 3. sæta sófi, B:240 D:98 cm. 2. sæta sófi, B:212 D:98 cm, fæst í beige og cox áklæði.

2. sæta

* **3.176**
á mán/24 mán

59.980
áður: 89.980

3. sæta

* **3.678**
á mán/24 mán

69.980
áður: 99.980

HELDUR ÁFRAM

20-50% afsláttur



40%
AFSLÁTTUR

SETTIÐ 3+2

ROSWELL sófasett
3. sæta B:218 D:87 H:88 cm.
2. sæta B:161 D:87 H:88 cm,
með dökkbrúnu áklæði.

* **3.678**
á mán/24 mán

69.980
áður: 119.980



50%
AFSLÁTTUR

SAXTON sófi 3. sæta, B:235 D:92
H:80 cm, fæst í sand leðuráklæði.
SAXTON sófi 2. sæta, B:175 D:92
H:80 cm, kr. ~~59.980~~ áður kr. ~~119.980~~

* **3.489**
á mán/30 mán

79.980
áður: 159.980



30%
AFSLÁTTUR

BOSTON tungusófi,
B:240 D:95/153 cm, fæst
með gráu og cox áklæði.

* **3.176**
á mán/24 mán

59.980
áður: 89.980



30%
AFSLÁTTUR

TOSCANA tungusófi,
B:209 D:160/85 H:71 cm,
með dökkgráu áklæði, ósamsettur.

* **3.900**
á mán/12 mán

39.980
áður: 59.980

Kemur úr vögggu heimsins

Það vakti þjóðarathygli þegar Grigol Matchavariani skrifaði bréf í Morgunblaðið þar sem hann sagðist hafa lært íslensku af því að lesa íslensk-rússneska orðabók. Það mikla, að íslenska ríkisstjórnin bauð hjónunum til landsins og hér dvöldu þau í hálf t. Guðrún Helga Sigurðardóttir ræddi við **Irma Matchavariani**, ekkju Grigols, sem flutti alfarið til landsins eftir að eiginmaður hennar lést, og hefur nú búið á Íslandi í tíu ár.

Irma Matchavariani er fædd og alin upp í Tbilisi, höfuðborg Georgíu. Hún er tvítyngd, talar bæði georgísku og rússnesku, enda gekk hún í rússneskan skóla og lauk doktorsprófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum og sögu. „Á kommúnistatímanum var mikilvægt að kunna rússnesku reiprennandi. Ef maður sótti um vinnu hjá hinu opinbera var spurt um rússneskunnáttuna því að öll skjöl voru til dæmis á rússnesku,“ segir hún.

Irma var gift Grigol Matchavariani, lögfræðingi frá Tbilisi. Afi Grigols var menntamaður sem kunnir mörg tungumál og átti Íslandsklukkuna eftir Halldór Laxness. Grigol sá bókina sem lítil strákur uppi í hillu hjá afa sínum, heyrði frásögn hans um að rithöfundurinn byggi á eyju langt úti í Atlantshafi, las bókina og fékk brennandi áhuga á íslensku og Íslandi. Hann las fleiri bækur sem komu út á rússnesku og georgísku og keypti síðan íslensk-rússneska orðabók sem hann fann í fornbókabúð. Aftast í bókinni var málfræðihefti og með aðstoð þess lærði hann íslenska málfræði. Hann æfði sig svo í að tala íslensku einn heima, hlusta á hljóðbækur og tala við þýskukennara sem þau hjónin þekktu. Sjaldan gáfust tækifæri til að hitta Íslendinga.

Með þennan áhuga á landi, þjóð og tungu langaði Grigol til að heim-sækja þessar eyju langt út í Atlantshafi. Loks komst hann í bréfasamband við Íslending í London sem benti honum á að skrifa bréf til Morgunblaðsins. Í bréfinu sem þar birtist kom fram hvernig hann hefði lært íslensku og af hverju. Það vakti svo mikla athygli að Ríkisútvarpið tók við hann síma-viðtal og draumurinn um að heim-sækja landið rættist þegar ríkisstjórnin bauð þeim hjónum til Íslands. „Hann var himinlifandi,“ segir Irma.

Irma og Grigol komu hingað til lands haustið 1992. „Þetta var ævintýralegt ferðalag,“ segir hún og brosir. „Ég gleymi því aldrei! Við fengum að sjá allt!“

Læra af jafnöldrunum

Grigol og Irma fóru aftur til Georgíu hálfu ári síðar, í maí 1993.



Íslendingar þekkja lítið til Georgíu; landsins litla og frjósama í Kákasus, sem er umlukid Rússlandi, Armeníu, Aserbajdsjan, Tyrklandi og Svartahafinu. Georgía telst vaggja heimsins því að í Georgíu er Núi talinn hafa smíðað örkinu sína. Georgíska er eitt af elstu tungumálum í heimi og hefur sérstakt letur. Hún er ekki skyld neinum tungumálum en málfræðin er skyld basknesku og ýmislegt er svipað með þjóðunum tveimur, til dæmis ættarnöfnin og útlit fólksins. En Georgíumenn og Baskar skilja ekki hvorn annan og ekki er vitað hvernig hugsanlegum skyldleika er háttað.

Georgía hafði nýlega fengið sjálfstæði eftir að Sovétríkin leystu upp og ástandið í landinu var í samræmi við það, slæm staða í efnahagsmálum og erfitt að fá vinnu. Grigol fékk samt vinnu í dómsmálaráðuneytinu og starfaði þar þegar hann lést í bílslysi árið 1996. Í framhaldi af andláti eiginmanns síns ákvað Irma að flytja til Íslands með dóttur þeirra sem þá var aðeins sex ára. Irma fékk íbúð á Stúdentagöðum og fór að læra íslensku í Háskóla Íslands.

Irma hefur nú starfað sem túlkur í fjölda ára og það fer vel um mæðgurnar á Íslandi. Hún er á kafi í ýmsum félagsstörfum og henni er sérstaklega annnt um mál-efni innflytjenda og barna þeirra. Hún telur að stuðning vanti fyrir unglunga af erlendum uppruna sem hafa búið lengi á Íslandi.

„Unglingana vantar aðstoð og stuðning, til dæmis við að skilja ýmis hugtök í eðlisfræði og efnafræði. Kennararnir halda að krakkar sem hafa búið hér lengi skilji allt en það er ekki rétt. Það vantar þjónustu fyrir þau börn sem vilja afla sér menntunar,“ segir hún. Irma kveðst vera mjög hrifin af Mentor-kerfinu. Í gegnum það sé hægt að koma upp kerfi þannig að íslenskir krakkar í efri bekkjum geti leiðbeint krökkum af erlendum uppruna sem eru ekki komnir jafnlangt í námi „því að unglingar læra betur af jafnöldrum sínum“.

Irma er nú verkefnisstjóri hjá Mími símenntun og sér um nám fyrir atvinnulíf. Þar segir hún að útlendingar geti bætt við sig námi til að fá menntun sína og reynslu metna að verðleikum. Þeir geti líka tekið námskeið og allt upp í tveggja ára nám á framhaldsskólalaginu. Hún kennir líka Íslendingum rússnesku og rússneskumælandi fólki íslensku.

Margir fluttir burt

Þegar Irma var að alast upp var Tbilisi alþjóðleg borg þar sem bjuggu ekki aðeins Georgíumenn heldur líka Rússar, Armenar, Kúrdar, Aserar, Þjóðverjar, Grikkir, Tyrkir og gyðingar. Tbilisi er enn alþjóðleg og í dag eru stjórnvöld í Georgíu hlynt Bandaríkjamönnum. „Þannig er pólitíkin í dag. Kannski kemur næst forseti sem vill stuðning frá Rússlandi,“ segir Irma. „Þetta er bara lítið land. Georgíumenn voru eitt sinn fimm milljónir. Þrjár milljónir búa í landinu í dag. Ungu fólkið vill fara til nálæggra landa til að vinna. Sumir koma til baka, aðrir ekki eins og gengur. Það hefur mikið gerst í Georgíu. Sumir eru ánægðir og hafa góða vinnu en aðrir eru vonsviknir og óánægðir. Það er eins og alltaf,“ segir hún.

Eldra fólkið rekið

Verkefnið bíða stjórnvalda við uppbyggingu landsins. Gríðarlegt atvinnuleysi og óöryggi er á vinnumarkaði og allt upp í áttatíu prósent íbúanna hafa ekki fasta, örugga og góða vinnu og atvinnuleysi mikið. Kröfurnar á vinnumarkaði hafa jafnframt breyst. Í dag er þess krafist að fólk kunnig ensku og hafi góða tölvuþekkingu. Nokkuð hefur verið um að fólki á aldrinum fimmtíu til sextíu ára hafi verið sagt upp störfum og ungt fólk ráðið í staðinn. Irma segir að eldra fólkið hugsi



ÞENINGAHUGSUNIN HÆTTULEG „Allt snýst um peninga. Það er hættulegt því þá snýst það minna um menntunina. Þegar ég var í háskólanum var maður rekinn úr skólanum ef maður féll á prófi,“ segir Irma Matchavariani, verkefnisstjóri hjá Mími og kennari í rússnesku og íslensku fyrir útlendinga. Hér sést hún með rússneskumælandi nemendum sínum í tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

”

Unglingana vantar aðstoð og stuðning, til dæmis við að skilja ýmis hugtök í eðlisfræði og efnafræði. Kennararnir halda að krakkar sem hafa búið hér lengi skilji allt en það er ekki rétt.

öðruvísi. Það sé mótað af Sovét-tím- anum. Það hafi vænst þess að geta verið áratugi í sömu vinnunni og ekki búið við miklum breytingum. „Hver getur farið á eftirlaun fjörtíu til fimmtíu ára?“ spyr hún.

„Í þorpunum á fólk allavega matinn sem það framleiðir en ekki peninga og verður því að fara til borgarinnar til að selja framleiðsluna og kaupa eitthvað í staðinn. Fólk í bæjunum á erfiðara því að þar geta menn ekki framleitt mikið,“ segir hún og telur fólk í auknum mæli vilja búa í þorpunum til að geta lifað af landinu og framleitt vörur til að selja.

Allt snýst um peninga

Þjóðfélagsleg vandamál eru talsverð í Georgíu og eiga rætur jafnvel að rekja aftur til ársins 1991 þegar Georgía hlaut sjálfstæði. Átök hafa stundum verið við landamæri Georgíu og Rússlands vegna rússneskumælandi grúsúmanna sem þar búa og vilja tilheyra Rússlandi. Frá þessum héruðum hafa líka komið flóttamenn til stærstu borganna Tbilisi og Batumi þar sem þeir hafa fyllt öll hótél og gistiheimili. Irma segir að ríkisstjórnin sé nú að veita þessu fólki að-

stoð til að geta keypt sér húsnæði og komið undir sig fótunum. Skólakerfið í Georgíu er Irma hugleikið. Hún hefur áhyggjur af því að opinbera skólakerfið sé ónýtt og bendir á að aðeins sé um tvennt að velja, fara í einkaskóla eða vera í ríkisskóla og fá einkakennara til að undirbúa prófin. Henni berast fregnir af því að metnaðarfull börn séu send í einkaskóla og að þau börn sem eru í ríkisskólum vilji ekki fara í skólann því að þar sé svo kalt og foreldrarinn kaupir handa þeim einkakennslu. Kennurum í ríkisskólunum sé alveg sama því að þeir séu á svo lágum launum.

„Annað sem er ekki nógu gott er að margir einkaháskólar hleypra öllum inn í skólann ef þeir geta borgað skólagjöldin. Ef nemendurnir falla á prófi þá geta þeir farið aftur í prófið. Þeir geta tekið prófið eins oft og þeir vilja ef þeir bara borga. Allt snýst um peninga. Það er hættulegt því þá snýst það minna um menntunina. Þegar ég var í háskólanum var maður rekinn úr skólanum ef maður féll á prófi,“ segir hún.

„Mig langar til að trúá því að skólakerfið sé enn jafngott og það var þá.“




Kiljur

á frábæru verði

Yfir 100 titlar
í boði

verð frá
199 kr

Fánlegt í Smáralind, Kringlu, Skeifu og á Akureyri



Gildir til 24. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Alveg ofboðslega frægur

Annar eins köttur hefur ekki stigið fram á sjónarsviðið síðan Keli úr Stundinni okkar og jólakötturinn gengu lausir. Nú er það kötturinn **Muri** sem á sviðið en frá unga aldri hefur hann sinnt þétt bókaðri dagskrá í skemmtanaíðnaðinum, komið fram í auglýsingum, verið gestur í sjónvarpsþáttum og átti stórleik sem elskhugi Bjarkar Guðmundsdóttur. **Júlia Margrét Alexandersdóttir** hitti stjórnuna yfir mjólkurglassi og harðfiski.

Umboðsmenn Mura og fósturforeldrar, Gunnlaug Þorvaldsdóttir söngkona og Guðmundur Pétursson gítarleikari segjast hafa verið fljót að átta sig á að Muri væri óvenjulegur karakter. Gunnlaug segir Mura á lista með þeim örfáu, Marilyn Monroe, Marlon Brando og fleirum, sem fæðast með eðli sannrar stjörnu. Í sama streng tók Spike Jonze, leikstjóri að Bjarkarmyndbandinu fræga, *Triumph of a heart*, þar sem Muri fór á kostum. „He is a true star,“ sagði hann um köttinn og vildi jafnframt taka hann með til Hollywood enda hafði Muri sýnt ótrúlegt skap og hæfileika við vinnslu myndbandsins.

Tökurnar á myndbandinu tóku um viku. Muri klæddist jakka-fötum sem voru sérsníðin á hann, keyrði bíl, lék elskhuga eins og hann hefði aldrei gert annað og var þolinmóðari en flestir tvífætlingar sem sinna tókum á borð við þessar. Bið milli atriða var oft löng en alvöru stjórnur þurfa ekki að vera með stæla þannig að í stað þess að henda gemsanum í aðstoðarmenn

sína og heimta evían-vatn sýndi Muri stóíska ró og ótrúlega yfirvegum á þessum löngu stundum sem fór í bið og aftur bið. Á meðan tókumenn stilltu ljósin, færðu dótíð fram og til baka eða létu staðgengi Mura, tuskudýrið, dansa með einhverjum tóngum, labbaði Muri sallarólegur um svæðið eða hvíldi sig í búrinu sínu. Gunnlaug segir hann þó stundum verða pirraðan í leikarastörfum sínum en það sé aðeins þegar aðstaðan fyrir hann á tókustað er ekki nógu góð. Það sé honum mikilvægt að gott kattasalerni sé á staðnum og auðvitað eitt-hvað að narta í, en þetta séu bara grundvallarkröfur. Hann er ekki að ætlast til þess að á staðnum sé franskt eldhús eða nuddari.

Tíður gestur í sjónvarpsþáttum

Ferill Mura hófst í spjallþætti Björns Jörundar á SkjáEinum en þar kom hann fyrst fram með Gunnlaugu til að kynna sýningu Kynjakatta. Síðan þá hefur hann verið eftirsóttur af þáttarstjórnendum vinsælla sjónvarpsþátta og hefur til að mynda komið fram í þætti Gísla Marteins og í þættinum

Hjartslætti á Skjá einum. Hann á ekki langt að sækja hæfileikana því faðir hans, Amor, kom fram í þætti Steinunnar Ólínu og leyfði eiganda sínum að ryksuga feld sinn án þess að kippa sér upp við það. Síðastliðið vor sat Muri fyrir hjá japönskum ljósmyndara, Namiko Kitaura, en hún hefur meðal annars myndað fyrir Vogue og önnur tískublöð ytra en myndin hefur verið sýnd víðsvegar á ljósmyndasýningum erlendis. Í síðustu viku lék hann svo í auglýsingu sem Pegasus sá um að framleiða og mun birtast í sjónvarpi eftir nokkra mánuði.

Muri kann vel við að vera miðpunkturinn hvar sem hann fer og skýrir það kannski hversu vel honum gengur að fara í gegnum erfiðar tölur, því þar er stjarna við hann og áhugi allra beinist að honum einum. Hann kann því ekkert sérstaklega vel við aðra ketti sem ræna hann athyglinni og á það til að slá til þeirra sem honum þykir skyggja á sig. Heimilisástandið getur því verið dramatískt þar sem hann býr með öðrum köttum en hann stillir sig þó oftast því í hópnum eru hans eigin „börn og barnabörn“. Gunnlaug segir hann sýna afkomendum sínum umhyggju en þurfa samt sitt rými, enda önnur kafinn útí vinnandi faðir.

Muri fer ekki út án eigenda sinna en hann fer með þeim í göngutúra þar sem hann fylgir þeim alveg eftir í einn góðan hring og góðir bíltúrar eru hans eftirlæti þar sem hann valsar laus um í bílnum. Hann biður við bílinn á meðan bílhurðin er opnuð fyrir honum og hoppar svo sjálfur kátur upp í og malar af ánægju alla ferðina.

Þannig er hann yfirleitt tekinn með í heimsóknir í stað þess að vera skilinn eftir heima þar sem hann er svo meðfærilegur og kann vel við sig í selskap. Muri er mjög mannelskur og margir telja að hann haldi sig mann. Þannig herm-ir hann í einu og öllu eftir eigendum sínum, eltir þá hvað sem þeir gera, borðar það sama og er með nefið niðri í hvers manns kopp.



SNEMMA BEYGIST KRÓKURINN. Muri sýndi snemma að honum kippti í kynið en faðir hans kom einnig fram í sjónvarpi og hafði alveg sama skap og sonurinn. Hér er Muri aðeins nokkurra vikna gamall.



FYLGIST VEL MEÐ FRAMMISTÖÐU STAÐGENGILSINS. Spike Jonze stýrir tuskubrúðu sem sá um áhættuatriðið fyrir Mura í Bjarkarmyndbandinu og í baksýn má sjá Mura vaka yfir frammistöðunni.



SIJARMÖR SEM VEIT AF SÉR. Í myndbandinu var Muri klæddur í blá jakka-föt sem voru klæðskerastíðin á hann. Hér er hann með umsjónarmanni sínum, Gunnlaugu Þorvaldsdóttur.



PÓSAÐ FYRIR JAPANSMARKAÐ. Muri ásamt Guðmundi Péturssyni gítarleikara og eigenda sínum í myndatöku hjá japönskum ljósmyndara sem meðal annars hefur myndað fyrir Vogue.

KATTARKYN MEÐ DULARFULLA FORTÍÐ

Muri er hreinræktaður Abyssíníuköttur en það kyn á sér merka og dularfulla sögu. Abyssíníukettir eru ein elsta tegund heimilskatta og hvaðan þetta kyn kemur er nokkuð á huldu og eru þar nokkrar kenningar. Margir hallast að því að kettirnir séu frá Egyptalandi enda er yfirbragð þeirra mjög egypskt. Í kringum augun eru þeir með svarta línu, líkt og þeir séu málaðir eins og sjálf Kleópötra og minna þeir helst á litla ljónsunga, með brúngylltan felld sem er algengasti liturinn þó að visu séu þeir líka til í bláum lit, sílfurðum og einhverjum fleirum.

Þannig er ein kenningin sú að Rómverjar hafi flutt með sér ketti frá Egyptalandi til Bretlandseyja meðan aðrir hallast að því að kynið hafi verið ræktað upp með það fyrir augum að rækta kött sem hefði egypskt yfirbragð og útlit. Vinsæl saga af uppruna kattanna tengist svo Abyssíníu (núverandi Eþíópíu) og segir sagan að læða sem hét Zuia hafi verið flutt þaðan til Bretlands árið 1868 og sé hún formóðir allra þessara katta. Margar þjóðir hafa viljað eigna sér köttinn enda ekki skritið því stórglæsilegt útlit hans og magnaður persónuleiki vekur athygli hvar sem hann kemur.

Gáfur þeirra eru miklar og þykja þeir bera þar höfuð og herðar yfir aðra ketti. Hátt vitsmunastig gerir það að verkum að ekki er hægt að skilja þá mikið eftir eina því þá leiðist þeim og þá láta þeir aldeilis í sér heyra. Þeir dramatískustu henda sér jafnvel á útidyrhúrdina þegar eigandinn fer að heiman. Þeir eru forvitnir, félagslyndir, ákaflega ræðnir og hvað sem þú gerir, hvort sem það er að fara á klósettið, út með ruslið eða elda matinn – Abyssíníukisinn eltir þig eins og skugginn af ótta við að hann sé að missa af einhverju skemmtilegu.

Abyssíníukettir eru afar blíðir og þurfa mikla ást en sé þeim misboðið sýna þeir skap sitt. Klifurhæfileikar þeirra eru miklir sem rennir stöðum undir afrískan uppruna þeirra og þeir sækjast í að klifra upp á hæsta punkt íbúðarinnar, efst uppi á bókahillur eða annað sem trónir yfir. Þannig þykja þeir líka afar færir á tveimur fótum – geta gengið langar leiðir þannig og eru ákaflega flink veiðidýr. Því miður verða margir þeirra fyrir bílum og má kenna óttaleysi þeirra um það en þeir eru öruggir með sig og halda jafnvel að bifreiðar séu vinir þeirra í skóginum. Sómaliukettir eru í raun síðhærðir Abyssíníukettir og komu þeir fyrst fram í kringum 1930. Í skapgerð og útliti eru þeir nær alveg eins og Abyssíníukötturinn en báðar tegundirnar eru nú mjög vinsælar í Bandaríkjunum og í Evrópu. Sagt er að enn sé að finna villta Abyssíníuketti í Norður-Afríku.



SONY

KDL46W2000

Besta LCD tæki ársins
-What HIFI



170.000,-
Verðlækkun

429.950,-
verð áður 599.950-

48 TÍMA TILBOÐ Á SONY BRAVIA VERÐLAUNA VEGGSJÓNVÖRPUM

SONY

KDL46V2000

Best buy
-What Video & Widescreen tv

5 stjörnur
- What HIFI



130.000,-
verðlækkun

369.950,-
verð áður 499.950-

80.000,-
Verðlækkun

239.950,-
verð áður 319.950-



SONY

KDL40S2000

Editor's Choice
-What Home Cinema

DCRHC35

CarlZeiss Vario-Tessar linsa
20x Optical Zoom
i.LINK (DV IN/OUT)
Fjarstýring, USB kapall og
tengistöð fylgir



20.000,-
Lækkun


39.950,-
verð áður 59.950-

TAVL1 - ESPRIT

Smart tæki með
yfirburða hljóm,
heimabíóið er innbyggt.

150.000,-
Lækkun

349.950,-
verð áður 499.950-



Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is sími: 588 7669

ÞRIÐJA GRÁÐAN

NAFN: Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson öðru nafni Ziggy Palmer.

FÆÐINGARÁR: 1982, frekar ómerkilegt ár, Falklandsstríðið sennilega það markverðasta, síðan minnr mig að Andropov hafi tekið við af Brésnev sem aðalritari Kommúnistaflokks Sovétríkjanna og Helmut Kohl orðið kanslari Þýskalands.

Á HUNDAVAÐI: Stúdent, verslunarstörf, blaðamaður, ritstjóri Málsins og nú framkvæmdastjóri plötu-útgáfu.



Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson er framkvæmdastjóri From Nowhere Records, plötuútgáfufyrirtækis sem hann setti á fót ásamt tónlistarmanninum Barða Jóhannssyni. Sigurður Pálmi hefur viðskiptavitið í blóðinu enda barnabarn Pálma í Hagkaupum. Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið í New York og fékk að vita meira.

Hvernig lágu leiðir ykkar Barða Jóhannssonar saman?
Við hittumst fyrst í afmæli fyrir um ári síðan og fórum að tala um þetta.

Hvernig verður hugmynd að fyrirtæki til?
Ég sýndi þessu strax áhuga í byrjun. Mánuði síðar hringdi Barði og spurði hvort að ég vildi vera með.

Og hvernig gengur? Er þetta mikið mál og mikil vinna?
Það gengur vel og við höfum náð öllum okkar markmiðum á þeim skamma tíma sem við höfum verið að vinna að þessu. Það er gríðarleg vinna á bak við þetta og mikill hausverkur oft á tíðum. En ef maður ætlar að ná árangri þá þýðir ekkert minna.

Hvert er fyrsta verkefnið?
Að gefa úr Something Wrong með Bang Gang í Bandaríkjunum.

Hvernig er samstarfið við Barða og hvernig skiptið þið verkum?
Samstarfið er með ágætum, við náum vel saman og erum orðnir miklir vinir. Barði býr yfir mikill reynslu og er með ákveðna sýn. Sennilega er vandfundinn slíkur gæða samstarfsmaður. Verkskiptingin er frekar frjáls, þó að ég sjái meira um daglegan rekstur en Barði.

Eru þetta ekki alls ólíkir markaðir, sá evrópski og sá bandaríski?
Nú hef ég ekkert til að bera saman við, eflaust er það svo.

Þið eruð með dreifingarsamning við RYKO, dótturfélag Warner Music. Hvernig fóruð þið að því?
Með stöðugum símhringingum, tölvupóstsendingum og diskasendingum á alla dreifingaraðila í Bandaríkjunum. RYKO kannaðist svo við Barða frá fyrri tíð og þá komumst við í gegnum skiptiborði hjá þeim.

”

Það var annað hvort Út í Rassgati Records eða þetta. Mér fannst From Nowhere vera þjálá. .

Hvaðan kom nafnið From Nowhere Records?
Það var annað hvort Úti í rassgati Records eða þetta. Mér fannst From Nowhere vera þjálá.

Er ekki gott fyrir tónlistarfólk að eiga þá allan rétt með eigin útgáfu? Fá kostnað til baka heldur en að risafyrirtæki ræni það öllum peningum?
Jú, fyrir listamann getur það verið mikilvægt að eiga útgáfufyrirtæki. Ef hann er tilbúinn í þessa vinnu, líkt og Barði, þá er þetta sniðugt. Annars getur líka verið þægilegt að hafa reynda menn í að sjá um útgáfuna svo að listamaðurinn geti einbeitt sér að því að búa til tónlist. Þetta snýst bara um þjónustu sem listamaðurinn fær, er hann tilbúinn til að inna hana af hendi sjálfur eða fá einhvern annan til að gera þetta. Hvað varðar að fá kostnað til baka þá eru listamenn oft ekki í stakk búnir til að leggja út í þann kostnað og þá getur verið gott að leita til plötufrýrtækja.

Ertu bjartsýnn á velgengni Bang Gang í USA? Maður ímyndar sér New York senuna sem ekkert nema eitthvað svakarokk...
Ég er mjög sannfærður um að

Bang Gang eigi efti að ná árangri í Bandaríkjunum.

Hafa einhver lög farið í spilun – og ef svo er, hvernig ganga þau? Hvernær kemur platan út í US?
Find What You Get hefur verið í spilun í bandarísku háskólaútlitum og hefur gengið vel. Var í janúar síðastliðnum í 116. sæti yfir mest spiluðu plötur, en listi þessi, CMJ 200 er samansettur úr listum yfir 400 útvarpsstöðva víðs vegar um Bandaríkin. Platan kemur síðan út víðs vegar um Bandaríkin 3. apríl næstkomandi.

Eruð þið með önnur bönd í sigtinu til að „signa“ á útgáfuna?
Ekkert ákveðið en við fylgjumst lauslega með. Það er betra að halda fókusi á fyrsta verkefnið og gera það vel.

Verður þú þá að vera búsettur úti til þess að sjá um allt dæmið þar ytra?
Já, ég verð hér í New York í nokkra mánuði.

Og hvernig fílarðu borgina?
Gríðarlega vel.

Áttu einhverja uppáhalds tónleika- og veitingastaði sem þú mælir með þar?
Í sannleika sagt þá fer ég voða lítið út og leiðist það mjög, sennilega búinn að fylla kvótann. Aftur á móti er ég gríðarlegur áhugamaður um mat og finnst gaman að prófa mat frá hinum og þessum stöðum. Er einnig mjög hrifinn af stöðum í anda Hard Rock, þó ekki staðnum sjálfum sem er orðinn of mikil túristabúlla. Dallas BBQ dettur mér fyrst í hug, þar er hægt að fá góð svínaríf og hefur verið til síðan ég man eftir mér. Einnig finnst mér fátt betra en að fá mér eina pítsu-sneið, eða fara á kaffihús sem ber fram egg, beikon og pönnukökur. Leiðist hins vegar mjög að fara á einhverja hipp og kúl staði, þar sem

ímynd staðarins er í fyrsta sæti og maturinn í öðru. Slíkir staðir eru fljótir að fara í og úr tísku, en góð matargerðarlist er eilíf. Það þykir víst voða töff að fara á einhvern stað hérna sem heitir Otto. Þangað mun ég aldrei fara.

Þú hefur nú dálítinn fjölmiðlabakgrunn – hjálpar sú reynsla þér í hinum harða PR bransa ytra? Hversu ýtinn þarf maður að vera til að koma hlutum á framfæri?
Reynslan af Mogganum nýtist manni í svo mörgu. Ég hef nú engin bein samskipti við fjölmiðla hérna en það að komast að kjarna málsins og sú gagnrýna hugsun sem maður lærði hjá Sidda og Gústa kemur sér alltaf vel.

Skipta réttu kontaktarnir öllu máli?
Mjög miklu máli.

Er það kostur að vera frá Íslandi? Er mikill áhugi á íslenski tónlist þarna ytra?
Ísland þykir töff, og fólk man betur eftir manni. Áhugi á íslenski tónlist er nú að mestu leyti afmarkaður við Björk og Sigur Rós. Það verður öðruvísi eftir eitt ár.

Segðu mér aðeins frá bakhjörllum ykkar – FL Group? Hvernig kemur fyrirtækið að verkefninu?
FL Group eiga fjárfestingarsjóð sem heitir Tónvís og sjóðurinn á þriðjung í félaginu. Tryggvi Jónsson er framkvæmdastjóri Tónvís og er hann í stjórn From Nowhere Records. Það hefur reynst okkur vel að hafa mann eins og Tryggva í From Nowhere liðinu.

Nú er South by Southwest næst á dagskrá, ekki satt?
Jú Bang Gang spilar 17. mars.

Draumurinn?
Draumar villa manni sýn, ég er bara með raunhæf markmið.

Anna Margrét Björnsson



MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Páskaegg. Komin í búðirnar og tilvalið að taka forskot á sæluna.



Joy Division útlitið fyrir stráka. Snyrtileg klipping, síðar peysuermar og endalaus kóverlög.

Ansjósur. Gerið eins og Ítalir og notið þær óspart í alls kyns sósar til að krydda og salta.

Stuttar kvenklippingar. Síðir toppar eins og á Edie Sedgwick og meira að segja Victoriu Beckham.

■ Á niðurleið



Töskur með lógóum. Það er bara eitthvað ósmekklegt við að flagga risamerki á töskum, alveg sama hvað þær voru dýrar.



Svart naglalakk. Algerlega búið, nú eru silfraðar neglur málið.

Brúðkaupssýningin
Já. Er ekki komið nóg?

Munn-

tóbak. Er þetta ljótt, eða er þetta ljótt, þið fáu geirfuglar sem haldið að þetta geri eitthvað fyrir heildarsvipinn?!



AS SEEN ON TV

BT

40" MEDION LCD VEGGSJÓNVARP OG HEIMABIÓ



HD ready

Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blu-Ray og HD-DVD spilara

HDMI tengi

Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blu-Ray og HD-DVD spilara

Skerpa 1:1200

Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

2 Sjónvarpsmóttakarar

Fylgstu með 2 stöðvum í einu með mynd í mynd

Svartími 8ms

Myndin flöktir ekki og íþröttir komast vel til skila

VGA tengi

Notaðu sjónvarpið serm 40" tölvuskjá

40"

Ég heiti mús...
BT mús

Langvinsælasta **179.999**

Langvinsælasta **TÆKID**

64.000.-
verðlækkun

FYLGIR

FYLGIR

29.999

330W 5.1 heimabió

Ótrúlegur kraftur í litlu og nettu kerfi

DVD spilarar með DivX

Spilar þjappað efni

MP3, WMA og HDCD

Spilar allar tegundir hljómdiska

Tengi fyrir iPod

Lika hljóm tækni fyrir tónlistarsafnið

BT

LÁN



BT 17.775
12 mánaða

BT 9.742*
24 mánaða

BT 7.063**
36 mánaða

* meðalgreiðsla sem miðast við 12 mánaða raðgreiðslusamning
** meðalgreiðsla sem miðast við 24 mánaða raðgreiðslusamning
*** meðalgreiðsla sem miðast við 36 mánaða raðgreiðslusamning

CANON EOS 400D

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT DRAUMAPAKKINN

Lækkað
Verð

149.999

Canon

10 megapixlar - Nýtt í 400D

Nýr fókusbúnaður - Nýtt í 400D

9 autofókuspunktar - Nýtt í 400D

Rykvörn á myndflögu - Nýtt í 400D

18-55mm Canon E-SF linsa - Fylgir

Canon Speedlite 430EX flass - Fylgir

Canon taska - Fylgir



FYLGIR
34.999

Canon Speedlite 430EX flass

Hægt að beina flassi upp

Betri hópmyndir eðlilegri ljósdreifing

Engin rauð augu - falgri myndir

FYLGIR
8.999

iView myndflokunarhugbúnaður

FYLGIR
8.999

1GB Compact
flass minnskort

Canon taska

FYLGIR
4.999

BT

LÁN



BT 14.983
12 mánaða

BT 8.145*
24 mánaða


BT 5.982**
36 mánaða

Wii

BÚÐIN ÞÍN




29.990



6.499

Zelda
Wii




6.499

Wario Wares
Wii



5.999

Excite truck
Wii



6.499

Need For Speed Carbon
Wii



6.999

Wii Play
Fjarstýring fylgir

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI



5.999

Call of Duty 3
Wii

Vesturport BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

MÍÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á BORGARLEIKHUS.IS



SKAPTI ÓLAFSSON

STUÐ MILLI STRÍÐA Harðvítugt hugsjónafólk hefur stundum rétt fyrir sér

KAREN D. KJARTANSDÓTTIR DREKKUR EKKI KAPÍTALSÍKAN DJÖFLADJÚS



Leiðinlegir ofurvinstrisinnad-ir vinir mínir skammast í mér fyrir að vera illgjarn kapitalisti. Í gegnum árin hef ég alið með mér drauma um að vera gallabuxnaklædd kona sem tilbúin er að berjast til dauða fyrir betri heim. Ég hef staðið í brúnni lopapeysu og grátið á Kárahjúkum, ég hef lesið kvæði Þorsteins Erlingssonar um Dettifoss titrandi af andakt og ég hef fullyrt að lífið hefði leikið mig betur ef ég hefði aðeins fæðst sem karlmaður. Af þessum sökum sárna mér illa ígrundaðar ásakanir leiðinlegu of-

urvinstrisinnuðu vina minna.

Ég gæti aldrei fundið til mín á samkomu ungs frjálshyggjufólks eða fundið til samkenndar á fundi ungliðahreyfingar vinstri grænna. Er alltof mikill meðaljón til þess að fá ekki kvalafullan aulahroll þegar ég heyri harðvítugt hugsjónafólk hafa sig í frammi. Sá illi grunur lædist nefnilega alltaf að mér að öfgafólk sé heimskt. Það hlýtur að minnsta kosti að eiga erfitt með að skilja viðhorf annarra í tilverunni fyrst það telur sig hafa dottið niður á hinn eina rétta sannleik sem það finnur sig knúði til að klína upp á aðra í gegnum samræður eða blögg.

Einn af mínum leiðinlegri vinstrisinnuðu vinum gerði sitt

besta fyrir skömmu til að sannfæra mig um að kókakóla væri kapitalískur djöfladju. Ég skelti skollaeyrum við blaðrinu. Allt breyttist þó þegar ég varð vör við auglýsingaherferð Coke Zero. Hvaða kjánur dettur í hug að kynna vöru undir slagorðunum „Af hverju ekki kynlíf með Zero-forleik?“ eða: „Af hverju eru konur ekki með Zero-sköðanir?“ Til upplýsingar má nefna að zero þýðir ekkert og því spyr ég: „Af hverju hafa auglýsingamenn Coke Zero ekkert hugvit?“ Þeir hafa fengið mig, skoðanalausu meðaljónuna, til að sannfærast um sannindi þess að þarna sé svo sannarlega um kapitalískan djöfladju að ræða.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ER ÞETTA Í LAGI?

Um 50 þúsund Íslendingum finnst í lagi að keyra eftir að hafa fengið sér einn. Finnst þér það í lagi?

Á undanförunum fimm árum hafa 68 einstaklingar slasast alvarlega í umferðarslysum sem rekja má til ölvunaraksturs.

BARA EINN ER EINUM OF MIKIÐ

VÍN BÚÐ



UMFERÐARSTOFA



Kl. 14.30

Vinjetustíðdegi í Amtsbókasafninu á Akureyri. Þar les rithöfundurinn Ármann Reynisson úr verkum sínum ásamt Sögu Jónsdóttur leikkonu, Kristjáni Þór Júlíusssyni fyrrverandi bæjarstjóra Akureyrar, séra Solveigu Láru Guðmundsdóttur, Hermanni J. Tómassyni, formanni bæjarstjórnar, Svanfríði I. Jónasdóttur, bæjarstjóra á Dalvík, Jóhanni Ingimarssyni listamanni og Óla G. Jóhannssyni myndlistarmanni. Kristján Edelstein leikur á gítar.

Klettasalat og afbyggður líkami

Tvær sýningar verða opnaðar í gallerí Kling & Bang í dag. Spænski listamaðurinn Alejandro Vidal heldur sína fyrstu einkasýningu hér á landi og sýnir myndbandsverk og ljósmyndir í afgirtu rými en í galleríinu gefur einnig að líta vídeóverk þýska listamannsins Johns Bock. Bock starfaði náið með aðstandendum Kling & Bang gallerísins árið 2005 þegar hann gerði myndina Skipholt en hún var sýnd á Listahátíð sama ár. Í tilkynningu um mynd Bocks, Stúlka með klettasalati, er vísað til þess að listamanninum hafi verið fjarstýrt af



yfirnáttúrulegum öflum og líkami stúlkunnar í myndinni hafi því verið þvingaður til svívirðilegra athafna. Þannig hafi líkami fórnarlambssins verið afbyggður, teikningum komið fyrir á honum og á honum gerð ýmis próf og greiningar. Atriði í fyrrgreindri mynd eru ekki við hæfi barna. Sýningarnar tvær standa til 13. maí en galleríð er opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14-18.

MYND JOHNS BOCK Stúlka með klettasalati er ekki við hæfi barna.



> Ekki missa af...

fæðingu Nagnú í Tjarnarbiói kl. 18 í kvöld. Þar standa sex listamenn að uppákomu í nafni ljóðlistarinnar en markmið þeirra er að skoða sem flesta kima mannsandans. 150 sæti, tónlist, kvikmyndir, orð, raddir og ljós verða notuð til að reyna á mörk ljóðsins. Allir eru hjartanlega velkomnir.

menning

menning@frettabladid.is

Pétur og úlfurinn

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus. Sýningum lýkur í apríl!

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís. 7. sýn. í kvöld lau. 17/3 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 örfá sæti laus, mið. 28/3 örfá sæti laus, fim. 29/3 örfá sæti laus, fös. 30/3 örfá sæti laus, lau. 31/3 örfá sæti laus, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4, fös. 20/4, lau. 21/4.

Ath. nemendaafsláttinn og hópafláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.

ÍMYNDUNARVEIKIN eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia. Franskur gestaleikur með íslenskum texta. Fim. 22/3 örfá sæti laus, fös. 23/3 nokkur sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette. Frumsýning lau. 31/3 uppselt, sun. 1/4 örfá sæti laus, fös. 13/4.

Kúlan

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðsýning Bernds Ogronniks eftir verki Prokofievs. Í dag lau. 17/3 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 18/3 kl. 13:30 nokkur sæti laus og 15:00 uppselt. Aukasýningar lau. 24/3 kl. 13:30 og kl. 15:00, sun. 25/3 kl. 13:30 og kl. 15:00. Allra sýðustu sýningar!

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opin fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.

Leikhúsbloggíð er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

Þrennra tónleika hylling

Rússnest tónskáld hefur á undanförunum mánuðum notið mikillar athygli á Bretlandseyjum og á Norðurlöndum. Hún heitir Sofia Gubaidulina og er talin með merkari tónskáldum okkar tíma. Nú beinir tónlistargeirinn á Íslandi augum sínum og listgæfni að verkum hennar. Frúin ætlaði að koma í heimsókn en ekki verður af því: aldræður bóndi hennar veiktist og hún afboðaði sig. Sjálf er hún 75 ára.

Sofia Gubaidulina var leiðtogi nýbylgjunnar í rússneskri tónlist upp úr 1960 ásamt Edison Denizov og Alfred Schnittke. Tónlist þeirra var í andófi við þá opinberu aðila í Sovétríkjunum sem heimtuðu svokallað félagslegt raunsæi. Þau voru fordómalaus og forvitin um tilraunakenndar hefðir í tónlistarlífi Evrópu á liðinni öld.

Sú forvitni og fordómaleysisið reyndust Sofíu og skoðanaþræðum hennar dýrt. Oft var komið í veg fyrir flutning verka hennar eins og lítilmótlegu yfirvaldi er hægst til að tukta tónskáld til spektar. Flytjendum var hreinlega fyrirskipað að hætta við flutning, oft á síðustu stundu. Dmitrí Sjostakovítsj var öllum hnútum kunnugur í slíku kúgunarferli og gaf tónskáldinu unga mottó: Þræddu áfram þínar villigötur.

Sofia Gubaidulina fæddist í október 1931 og ólst upp í Kazan, borg tataranna. Móðir hennar var rússnesk, faðir hennar tatarí, tónlistarkennarar hennar komu allir úr hinu öflugra gyðingasamfélagi sem þrífst í Kazan.

Í fyrstu var það Bach sem heillaði hið unga tónskáld, á eftir komu þeir Mozart, Haydn og Beethoven. Bach hefur alltaf fylgt henni – eins og mörgum tónlistarmönnum. Fíðlukonsert hennar „Offertorium“ byggir á hinu konunglega



CAPUT-HÓPURNIN FLYTUR TÓNLIST GUBAIDULINA Í LANGHOLTSKIRKJU Tónskáldið nýtur mikillar hylly um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

stefi meistarans úr Tónaförnninni. Á efnisskrá Caput er Hugleiðing Gubaidulínu um kóral Bachs „Vor deinen Thron“.

Tónlist hennar hefur verið lýst sem tilfinningaþrunginni og hlaðinni óráðri merkingu – hún er sögð dularfull, myrk einlæg og björt og bæði gamaldags og framúrstefnuleg.

Sofia Gubaidulina fór fyrst til Vesturlanda árið 1985, vakti strax mikla athygli og nýtur nú alþjóðlegrar viðurkenningar sem eitt helsta tónskáld samtímans. Hún býr nú skammt frá Hamborg í Þýskalandi.

Tónlistarunendur fá notið sköpunarverka hennar á þrennum tónleikum. Hinir fyrstu fara fram í Langholtskirkju á morgun kl. 17 en þar leikur CAPUT-hópurinn ásamt söngkonunni Ingibjörgu Guðjónsdóttur og Graduale-kórnum. Ingibjörg syngur hið viðamikla „Hommage à T. S. Eliot“

en textinn þess er sóttur í „Fjóra kvartetta“ skáldsins. Önnur verk á efnisskránni eru Concordanza fyrir kammersveit og Hugleiðing um „Vor deinen Thron“ fyrir strengjakvartett, kontrabassa og sembla eftir Gubaidulínu og frumflutningur á tónverki Elínar Gunnlaugsdóttur „...í laufinu“ við ljóð Matthíasar Johannessen úr „Sálmum á atómöld“. Stjórnandi á þessum tónleikum verður Guðni Franzson en stjórnandi Graduale-kórsins er Jón Stefánsson.

Á þriðjudaginn leikur Valgerður Andrésdóttir verk Gubaidulína á Tíbráttónleikum í Salnum en Sif Tulinius fíðluleikari leikur konsert eftir Gubaidulínu, Offertorium, með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói næstkomandi fimmtudag.

Sif hefur unnið með Gubaidulínu og það er að frumkvæði hennar sem þessir tónleikar allir eru haldnir. pb@frettabladid.is

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“

DAGUR VONAR

SÍÐAN SKEIN SÓL	DAGUR VONAR
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl.20 Miðav.3.900	Lau 24/3 kl.20 UPPS. Sun 25/3 kl.20 UPPS. Mið 18/4 kl.20 Fim 19/4 kl.20 Fim 26/4 kl.20 Fös 27/4 kl.20
VILTU FINNA MILLJÓN?	
Í kvöld kl.20 Fös 23/3 kl.20 Lau 31/3 kl.20 Sun 15/4 kl.20	
MEIN KAMPF	
Sun 18/3 kl.20 AUKAS. Allra síðasta sýning	
HÖRDUR TORFA	
Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl.20 Miðav.3.100	
EILÍF HAMINGJA	
Í samstarfi við Hið lífandi leikhús Sun 18/3 kl.20 Sun 25/3 kl.20 Sun 22/4 kl.20 Sun 29/4 kl.20	
LADDI 6-TUGUR	
Lau 24/3 kl.20 UPPS. Lau 24/3 kl.22:30 UPPS. Lau 31/3 kl.14 UPPS. Þri 3/4 kl.20 Mið 4/4 kl.20 UPPS. Mið 4/4 kl.22:30 Fim 5/4 kl.20 UPPS. Sun 15/4 kl.14 UPPS. Mán 16/4 kl.2 UPPS. Fim 19/4 kl.14 Fim 19/4 kl.17 Fim 19/4 kl.21 UPPS. Fös 27/4 kl.20 UPPS. Fös 27/4 kl.22:30 UPPS. Fim 10/5 kl.20 UPPS.	
FEBRÚARSÝNING ÍD	
Sun 18/3 kl.20 5.sýning Blá kort Sun 25/3 kl.20 Síðasta sýning	
SÖNGLEIKURINN ÁST	
Í samstarfi við Vesturport Í kvöld kl.20 UPPS. Fim 22/3 kl.20 UPPS. Fös 23/3 kl.20 UPPS. Fim 29/3 kl.20 UPPS. Fös 30/3 kl.20 UPPS. Lau 31/3 kl.20	
ALVEG BRILLJANT SKILNÆÐUR	
Þri 20/3 kl.20 UPPS. Mið 28/3 kl.20 AUKAS.	
MEZZOFORTE	
Þri 27/3 kl.21 Miðaverð 2.500	
BORGARLEIKHÚSIÐ	

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

Rokksveit

Rúnars Júlíussonar

í kvöld

Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatseðill á leikhúskvöldum

SÆMUNDUR FRÓÐI

frumsýning mið. 14. mars kl. 20:00 uppselt
2. sýn. sun 18. mars kl. 14:00 laus sæti
3. sýn. fim. 22. mars kl. 12:15 uppselt
4. sýn. sun. 25. mars kl. 14:00 laus sæti
5. sýn. þri. 27. mars kl. 10:00 uppselt
6. sýn. þri. 27. mars kl. 12:30 uppselt

LANGAFI PRAKKARI

lau. 17. mars kl. 13:00 uppselt
sun. 18. mars kl. 16:00 laus sæti
þri. 20. mars kl. 9:30 og 13:00 uppselt
fim. 22. mars kl. 10:00 uppselt
fös. 23. mars kl. 10:00 uppselt

Miðapantánir í s. 562 5060 - Möguleikhúsið

Draumalandið

efir Andra Snae Magnason

- 22. mars fimmtud. 2. sýn kl. 20:00
- 23. mars föstud. 3. sýn kl. 20:00
- 24. mars laugard. 4. sýn kl. 20:00
- 29. mars fimmtud. 5. sýn kl. 20:00
- 30. mars föstud. 6. sýn kl. 20:00
- 31. mars laugard. 7. sýn kl. 20:00

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

14 15 16 17 18 19 20

Laugardagur

OPNUN

- 13.00 Nýr listasalur og verslun, **STARTART**, verður opnaður á **Laugavegi 12b**. Sjó listamenn standa að galleríinu og taka þeir móti gestum milli 13-16.
- 15.00 Ljósmyndasýningin **Sporlaust** eftir **Katrínu Elvarsdóttur** verður opnuð í **Þjóðminjasafni Íslands**. Katrín setur á svið lítila sögu á **Veggnum** fyrir framan Myndasalinn þar sem má fylgjast með nokkrum börnum sem virðast ein á ferð úti í skógi.
- 16.00 Nemendur í undirbúningsdeild **Myndlistarskólans** í **Reykjavík** opna sýningu í **Gallery Tukt, Pósthússtræti 3-5**. Verkin á sýningunni eru unnin í ljósmynda-

áfangu og tölvuáfangu námsins. Sýningin er opin milli 9-17 alla virka daga og stendur til 31. mars.

- 18.00 **Safn**; samtímalistasafn við Laugaveg 37 tekur þátt í frönsku menningarhátíðinni **Pourquoi Pas?** og opnar þrjár metnaðarfullar sýningar íslenskra og franskra listamanna. Á annari hæð **Safns** verða einkasýningar **Sigurðar Árna Sigurðssonar** og franska listamannsins **Hugues Reip**. Á grunnhæð og reyndar í allri safnbyggingunni verður sýningunni **Exhibitions' ruins / Emotional Landscapes** komið fyrir en sýnendur eru yfir átta talsins, á aldrinum 28 til 82 ára. Sýningarstjóri **Mathieu Copeland** og er sýningin gerð sérstaklega fyrir Safn.

TÓNLEIKAR

- 16.00 **Frimúrarakórinn** heldur tónleika í **Frimúrahúsinu**.
- 16.00 Söngdeild **Tónlistarskóla Kópavogs** frumflytur óperuna **Acis and Galatea** eftir **Händel** í **Salnum**. Leikstjóri er **Anna**

Júlíana Sveinsdóttir en meðleikari **Krystyna Cortes**. Dagskráin verður endurtekin kl. 16 á morgun.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 13.00 Árleg ljósmyndasýning **Blaðljósmyndarafélags Íslands** stendur yfir í **Gerðarsafni** í **Kópavogi**. Á sama stað má sjá sérstaka sýningu á ljósmyndum sex ljósmyndara sem ber yfirskriftina **Kárahjúkar**. Sýningunni lýkur 18. mars

MÁLÞING

- 12.00 **Mímír**, félag stúdentna í íslenskum fræðum heldur **Mímisþing** í samstarfi við **ReykjavíkurAkademíuna**, JL-húsinu við Hringbraut. Skipulögð dagskrá stendur frá kl. 12-17.30 með tveimur hléum þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og kaffi.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekkí síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Gamanleikritið
BAR PAR
Leikstjóri: Gunnar I. Gunnsteinsson
Adalhlutverk: Guðlaug Elisabet Ólafsdóttir Steinn Ármann Magnússon
Næstu Sýningar: Sun. 18. mars Fös. 23. mars Fös. 30. mars
Miðasala: Á Nasa, einnig á www.nasa.is og www.midi.is
Einn Carlsberg fylgir miðanum!

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við vestrurport
Lau 17/3 kl. 20 UPPS.
Fös 23/3 kl. 20 UPPS.
Fös 30/3 kl. 20 UPPS.
Fim 22/3 kl. 20 UPPS.
Fim 29/3 kl. 20 UPPS.
Lau 31/3 kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ABBA BABB!
eftir Dr. Gunna
FRABÆR
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
18. mars kl. 17.00 uppselt
25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus
1. apríl kl. 14.00 og 1. apríl kl. 17.00
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI Giacomo Puccini
SUOR ANGELICA
ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR: Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
Frum-sýning mið. 21. mars kl. 20 - **NOKKUR SÆTI LAUS**
2. sýn. sun. 25. mars kl. 20 - 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik
CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING - UPPSELT**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Þjóðárópera Íslandinga í 25 ÁR

„Glens og grín Bjarna Hauks um pabbahlutverkið er ein besta skemmtun sem í boði er í Reykjavík um þessar mundir“
FJÓRAR STJÖRNUR
Jón Viðar, ÍSAFOLD
Pablinn
BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN) Í FRÁBÆRRI GAMANSÝNINGU
MARS
17/3 UPPSELT, KL. 20.00
18/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, KL. 20.00
22/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, KL. 20.00
23/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, KL. 20.00
24/3 UPPSELT, KL. 20.00
30/3 LAUS SÆTI, KL. 20.00
31/3 LAUS SÆTI, ATH KL. 19.00
31/3 KL. 22 LAUS SÆTI, ATH. KL. 22.00
APRÍL
4/4 LAUS SÆTI KL. 20.00
13/4 LAUS SÆTI KL. 20.00
14/4 LAUS SÆTI KL. 20.00
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA!!
Miðasalan í Iðnó er opin 11 - 16 virka daga. Sími miðasölu er 562 9700.
pabbin.is

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
SYNIR
ANNÆÐ KVÖLD
Í OKKAR NAFNI
SOFT DEATH OF A SOLITARY MASS eftir André Gingras
IN THE NAME OF THE LAND eftir Roberto Oliván
SÝNINGAR: 18.03 - 25.03 - **NÆSTSÍÐASTA SÝNING!**
MIÐASALA: s. 568 8000 - www.id.is

SÖNGLEIKURINN
LEG
EFTIR HUGLEIK DAGSSON & FLÍS
LEIKSTJÓRI: STEFÁN JÓNSSON

★★★★★
Kristrún, Fréttablaðið

„Þetta er Borat leikhúsanna“.
Addi, hugi.is

„Þetta leikrit er algjör snilld“.
blog.central.is/hunangskoddi

„Yndislega geggjaður og "morbid" húmor“.
Lísa Páls, Rás 2

„Tónlistin sem Flís sá um var æðisleg... ég hlakka sjúklega til að komast yfir diskinn“.
Síla Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„Leg er eiginlega skylduáhorf... drepfyndin og góð sýning“.
Ingimar B, Blaðið

„Leg er skemmti-legasta leikrit sem ég hef séð“.
Margrét Hugrún Gústavsdóttir, Fréttablaðið

LEG DISKURINN ER KOMINN ÚT!

Landsbankinn **epal** **ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

Í tilefni 120 ára afmælis Landsbankans fá Námufélagar 35% afslátt af miðaverði á allar sýningar gegn framvisun Námukortsins.

> Við mælum með...

... Alex & Chloe skartinu, fæst í Glam-úr og er „mega glam og glossy“!



útlit
utlit@frettabladid.is

**SMEKKURINN: ÝR ÞRASTARDÓTTIR, NEMI****Veikust fyrir Símoni Birgissyni**

Spáirðu mikið í tískuna? Já ég myndi segja að ég fylgist aðeins með, rúnta um búðir og skoða hvað er nýtt. Mér finnst mjög gaman að fletta í gegnum tískublöðin, en ég hef aldrei efni á því að taka almennilega þátt.

Stíllinn þinn? Svona mix af vintage og rokki, ég elska seventístískuna: stuttir leðurjakkar, þröngar buxur og kúrekaskór.

Þinn uppáhaldsfatahönnuður?/ fatamerki? Ég er mjög hrifin af Vivienne Westwood, Balenciaga, Henrik Vibskov, Jeremy Scott og Gareth Pugh.

Áttu þér tískufyrirmynd? Sigríður

Klingenberg og Gestur Páll eru tiskuaekon.

Hverjir eru litirnir þínir? Ég er mest fyrir svart.

Hverju ertu veikust fyrir almennt? Töffurum og Símoni Birgissyni.

Bannað? Brjóstaskora og g-strengur upp á bak.

Uppáhaldsverslun? Liborius, trílógía og Kronkron, en þar sem ég hef ekki efni á neinu þar verð ég líka að segja Bónusskór, Spútnik og Hjálpræðisherinn.

Hvaða áratugur/tímabil finnst þér hafa haft flottustu tiskuna? Sixtís-tímabilið var mjög töff, falleg

föt og flott augnmáling, annars hafa öll tímabil sinn sjarma.

Uppáhaldsflikurnar? Stuttur leðurjakki sem ég fékk í London, hver sem fer í hann verður átomatískt rokkari, svo á ég mjög fallegan hvítan kanínupels og Marilyn Monroe jakkinn minn var guðsgjöf.

Hverju ætlaðu að henda úr fataskápnum fyrir vorið? Ullarsokkum og kuldaskóm.

Hvert færirðu í verslunarferð með fullt af peningum? Ég myndi ferðast í framtíðina og koma til baka með öll nýjustu fötin frá virtustu hönnuðunum, keypt á útsölu og eiga afganginn!

**DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA**
Elsa María Blöndal**Reif í skóinn**

Tískubylgjur verða til með einstaklingum. Yfirleitt eru það utangarðsunglingar sem vilja eitthvað nýtt og annað en það sem er í gildi í dag. Þessir krakkar safnast fyrst saman á litlum börum þar sem helst enginn sér þá, hlusta á skrytna tónlist og klæðast skrytnum fötum. Þeir verða sjálfkrafa hluti af einhvers konar neðanjarðarmenningu sem krefst breytinga og vill ekki þrífast í þeim leiðindaferhyrningi sem samfélagið setur þeim. Í þessum hóp af fólki af öllum stærðum og gerðum, ljósmyndarar, listamenn, leikarar, tónlistarfólk, stílistar, hugsuðir og heimspekingar. Allir eiga það sameiginlegt að þeim líður eins og þeir séu komnir heim þegar þeir stíga fæti inn á barinn sinn, kaffihúsið eða klúbbinn og hitta vinina sem eru þeim líkt og fjölskylda og eiga sér svipaða drauma og tilfinningar.

Og hvernig sýnir þessi þéttskipaði kjarni fólks hvað þau eru að meina út á við? Hvernig sýna þau hvers þau eru megnug? Með klæðaburði!

Hipparnir gerðu það á sjöunda áratugnum, pönkararnir á þeim á áttunda og reifararnir á þeim níunda. Allar þessar bylgjur voru byltingarkenndar hvað varðar klæðaburð og fatahönnun. Minni byltingar (þó ekki minna áhugaverðar) eiga sér þó stað hvert sem lítið er og geta af sér æðislega fatahönnuði og tiskuspekúlanta. Þessa dagana siglir skemmtileg bylgja yfir Bretland sem kölluð hefur verið nýja reifið eða New Rave. Samkvæmt upplýsingum mínum eru þetta mestmegnis breskir utangarðsklúbbakrakkar sem fengu leið á að gera ekki neitt og ákváðu að undirstrika og umfaðma eigin furðulegheit og gera skemmtilega hluti af alvöru með tilheyrandi glimmeri og glow-prikum. Mér koma strax í hug nokkrir ungir breskir fatahönnuðir sem hafa sprottið upp úr þessari senu. Gareth Pugh og Christopher Kane eru að taka tiskuheiminn með trompi og lífga við breska fatahönnun sem hefur verið meira og minna í andaslitrunum síðustu 20 árin (Stella McCartney, Alexander McQueen og auðvitað frá Westwood eru þó algjörar undantekningar). Hönnuðurinn Giles Deacon er líka með eindæmum atorkusamur líkt og Henry Holland sem fékk skemmtilega og einfalda hugmynd og gerði sannarlega alvöru úr henni.

Þetta sýnir og sannar enn og aftur að af litlum neista kviknar oft mikið bál. Munum því öll eftir að rækta litla neistann innra með okkur.

**Hárskraut og höfuðskraut**

Jæja, nú er allt að smella saman. Eftir miklar vangaveltur er maður búinn að velja kjól og finna hina fullkomnu skó í stíl, háir hælur sem undirstrika fallega leggina. Kápan er eins og punkturinn yfir i-ið og manni líður eins og maður sé nýstíginn út úr einhverri góðri kvikmynd. En það er samt eitthvað sem sárlega vantar. Maður brýtur heilann svo í brakar. Allt frá naglalakki upp í kinnalit er á sínum stað... engin lykkjuföll á sokkabuxunum... hárið nýblásið og

fínt. Hananú! Hárið. Það vantar eitthvað fallett til að undirstrika fina hárið og hvað er betur til þess fallið en falleg hársþöng með satínslaufu eða litríkum perlum? Eða jafnvel litrík fjaðraspenna? Fullkomið til að fullkomna lúkkið. Hér eru nokkur góð dæmi sem tínd voru til í búðum Reykjavíkur sem og höfuðbúnaður frá tiskuhönnuðum úti í heimi sem gaman er að skoða og fá hressandi innblástur frá!

- emb



Kóngablá fjaðraspöng úr Gyllta kettinum, Austurstræti.



Breið, svört silkipöng með fjórum svörtum blómavafningum úr KVK, Laugavegi.



Appelsínugul og svört fjaðraspöng úr Gyllta kettinum, Austurstræti.



Breið, svört silkipöng með svartri og fjóluþlári glimmerslaufu úr KVK, Laugavegi.



Hárspöng með páfuglafjöðrum úr Gyllta kettinum, Austurstræti.



Drapplituð hársþöng með hvítum, föbléikum og gylltum perlum úr KVK, Laugavegi.



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
OPID TIL KL. 18 Í DAG

BIRNASkólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net**Húsið hans Henrys**

Slagorð og myndir á T-bolum hafa löngum verið vinsælt viðfangsefni. Hvergi er betra að tjá skoðanir sínar og koma röt-tækum slagorðum á framfæri. Uppáhaldshljómssveitir manna og tiskuíkon hafa selst á T-bolum eins og heitar lummur og nægir að nefna Che Guevara, Elvis og Rolling Stones í því samhengi. Nýlega spratt upp náungi, Henry Holland að nafni, með einstaklega fina hugmynd. Hann stofnaði lítið tiskuhús sem hann nefndi House of Holland og bjó til samansafn af mega flottum sláandi litríkum T-bolum sem hann

**FJÓLUBLÁR**
Gareth Pugh í Elvis og Rolling Holland-ból.**OG HEFNDIN...** Giles Deacon svarar fyrir sig.

kallar „Fashion Groupie“. Á þá skellir hann svo slagorðum þar sem hann lofsyngur marga tiskuhönnuði samtímans en gerir nett grín að þeim í leiðinni. Á einum stendur skýrum stórum stöfum: Cause Me Pain Hedi Slimane, á öðrum Get Yer

Freak On Giles Deacon, á þeim þriðja Give Us A Tickle Richard Nicolls. Hljómar eins og skemmtilegt einkadjók sem gekk aðeins of langt og hefur náð útbreiddri athygli! Hægt er að fjárfesta í bolunum á www.house-ofholland.co.uk

- emb



FALLEGA SNIÐINN KJÓLL Með litblæ eins og maður standi í miðjum skógi.

Giles Deacon er draumur

Giles Deacon er draumamaður allra tískuunnenda. Ekki er hann aðeins hávaxinn, skarpleitur, myndarlegur og kurteis breskur herramaður. Hann er líka með eindæmum hæfileikaríkur tískuhönnuður sem hefur verið lengi í bransanum. Deacon hefur meðal annars unnið fyrir Bottega Veneta og Gucci en þessa dagana er hann upptekinn við vinnslu á handtöskulínu fyrir hið rótgróna tískufyrirtæki Mulberry og við hönnunarsamstarf við New Look (svipað og samstarf Stellu McCartney og H&M) ásamt því að hanna sína eigin fatalínu undir nafninu Giles. Og þar, skal ég segja ykkur, eru áhugaverðir hlutir að gerast!

Í sýningu sinni fyrir vor og sumar 2007 spannar hann saman pönk, goth og S&M áhrif í stórfenglega veislukjóra sem sýndu að herra Deacon er bæði mjög klár skreðari og hefur líka húmor fyrir því sem hann er að gera.

Hann bætti svo einni skrautfjöður í hattinn með haust og vetrarsýningu sinni um daginn. Þar fór ekki á milli mála að Deacon er náttúruunnandi og var sýningin öll í skógarlitum, jarðarlitum, ættflokkaþremum og svörtum kínverskum fasanafjöðrum. Og skórnir, ja hérna skórnir! Æðisgengnir!

„Við komumst á gott skrið í þetta skiptið og bara æddum áfram og þetta varð útkoman,“ var útskýring herra Deacons á aðferðum sínum og litla vinahersins sem hann safnar í stúdíóið sitt. Útkoman varð víðáttumikil og stórfenglega hlaðin sýning með þremum, bólstrum, reimum og tröllauknu kaðlaprjóni. Og maður hefur á tilfinningunni að allir hafi skemmt sér konunglega við að búa þessi fót til.



MANNI VERÐUR EKKI KALT Á EYRUNUM Í ÞESSU!

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Húsið hans Henrys

Slagorð og myndir á T-bolum hafa löngum verið vinsælt viðfangsefni. Hvergi er betra að tjá skoðanir sínar og koma róttækum slagorðum á framfæri. Uppáhaldshljómsveitir manna og tískuíkon hafa selst á T-bolum eins og heitar lummur og nægir að nefna Che Guevara, Elvis og Rolling Stones í því samhengi. Nýlega spratt upp náungi, Henry Holland að nafni, með einstaklega fína hugmynd. Hann stofnaði lítið tískuhús sem hann nefndi House of Holland og bjó til sam-



FIÓLUBLÁR Gareth Pugh í Holland bol.

ansafn af mega flottum sláandi lit-

ríkum T-bolum sem hann kallar „Fashion Groupie“. Á þá skellir hann svo slagorðum þar sem hann lofsyngur marga tískuhönnuði samtímans en gerir nett grín að þeim í leiðinni. A einum stendur skýrum stórum stöfum: Cause Me Pain Hedi Slimane, á öðrum Get Yer Freak On Giles Deacon, á þeim þriðja Give Us A Tickle Richard Nicolls. Hljómar eins og skemmtilegt einkagrín sem gekk aðeins of langt og hefur náð útbreiddri athygli!

Hægt er að kaupa bolina á www.house-ofholland.co.uk

- emb



FASHION GROUPIE Henry Holland bolir með attitjúð.



OG HEFNDIN... Giles Deacon svarar fyrir sig.



Vegleg tilboð í DMK

Allt að 50% afsláttur!

Meðal þeirra fríðinda sem fylgja því að vera í DMK þjónustu SPRON er að reglulega eru fá en vegleg tilboð frá völdum fyrirtækjum auk þess sem viðskiptavinum í DMK býðst Einkaklúbbskortíð frítt.

Með því að fara inn á spron.is getur þú kynnt þér þessi frábæru tilboð sem gilda til 1. júní 2007.

Nýttu þér tækifærið – sæktu um DMK á spron.is

Þau fyrirtæki, sem nú veita viðskiptavinum í DMK afslátt, eru:

- Casa
- InnX
- Sjónvarpsmiðstöðin
- Vouge
- Lystadún-Marco
- Ólavía og Oliver

 **spron**

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

Yfirstjórn RÚV skorin upp

Umfangsmikill niðurskurður var í gær gerður á yfirstjórn RÚV. Páll Magnússon útvarpsstjóri segir breytingarnar miða að aukinni skilvirkni. Þórhallur Gunnarsson er nú yfir sjónvarpi og dr. Sigrún Stefánsdóttir yfir útvarpi RÚV. Stöður Boga Ágústssonar, Bjarna Guðmundssonar og Dóru Ingvadóttur eru lagðar niður.

„Ég get ekki tjáð mig um þá hluta málsins sem snúa að nafngreindum einstaklingum. Það væri vægast sagt óviðeigandi og ónægð af minni hálfu,” segir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Í gær, á dramatískum fundi í Útvarphúsinu við Efstaleiti, kynnti Páll umfangsmiklar breytingar á skipuriti RÚV. Veruleg fækkun er í yfirstjórn fyrirtækisins. Fimm heyrta beint undir Pál:

Þórhallur Gunnarsson er nú dagskrárstjóri sjónvarps auk þess að ritstýra áfram Kastljósi, dr. Sigrún Stefánsdóttir er dagskrárstjóri útvarps, yfirmáður fréttastofu útvarps er Óðinn Jónsson, fréttastjóri sjónvarps er Elin Hirst og Bjarni Kristjánsson hefur verið ráðinn yfir rekstur og fjármál. Bjarni er viðskiptafræðingur, var eitt sinn fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins og áður framkvæmdastjóri Áburðarverksmiðjunnar.

Að sögn Páls er þarna á ferðinni einföldun á yfirstjórninni, fækkun

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Stýrir nú sjónvarpssviði RÚV auk þess að halda áfram um ritstjórnartauma Kastljóss.



DRAMATÍSKUR FUNDUR Í ÚTVARPHÚSINU Þögn sló á mannskapinn sem enn er að melta tíðindin en skipuritið hefur verið skorin hressilega upp. Elin Hirst og Óðinn Jónsson mega þó glöð una við sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

yfirmanna í því skyni að auka skilvirkni og stytta boðleiðir.

„Verið er að gera stjórnunarhlutann snarpari og hvassari en er í dag. Stjórnendum fækkar hér innan dyra og hver um sig á að gera meira. Í gamla skipuritinu voru þrjár framkvæmdastjórnar svokallaðir. Stöður þeirra ráðherraáðnu framkvæmdastjóra eru nú lagðar niður,” segir Páll.

„Sömmuleiðis er staða dagskrárstjóra Rásar eitt og Rásar tvö, og forstöðumanns svæðisútvarps gerð að einni.“ Staða Boga Ágústssonar, forstöðumanns fréttasviðs, er þannig lögð niður og Bjarna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra sjónvarps. Til kynnt var í gær að hann yrði tímabundið skipaður útvarpsstjóri í 15 daga hinnar deyjandi stofnunar, áður en hún verður ohf-uð, sem

án efa mun styrkja eftirlaunaréttindi hans. Bjarni verður við svo búið ráðinn sérlegur aðstoðarmaður Páls.

Staða Rúnars Gunnarssonar, dagskrárstjóra innlendrar dagskrárdeildar, breytist og fer, staða Margrétar Oddsdóttur sem áður stýrði Rás eitt einnig sem og Dóru Ingvadóttur sem var framkvæmdastjóri Útvarps. Þá verður staða yfirmanns íþrótta-

deildar, þeirri sem Samúel Örn Erlingsson hefur gegnt, lögð niður og heyrir deildin undir Þórhall. Ekki liggur fyrir hvað verður um þetta fólk á þessu stigi. Sumum hefur verið boðin staða eins og í tilfelli Sigrúnar

DR. SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR Nú stýrir hún ekki aðeins Rás 2 heldur er yfir öllum útvarpsmálum RÚV ohf.

Stefánsdóttur, aðrir fara á eftirlaun og aðrir velta því nú fyrir sér hvort þeir þiggi áfram starf við fyrirtækið í breyttri mynd. Svo er til dæmis með Boga Ágústsson sem fagnar þessari breytingu. Ætlar að halda áfram og þá taka upp þráðinn í fréttamennsku.

jakob@frettabladid.is

PÁLL MAGNÚSSON Segir breytingarnar til þess fallnar að auka skilvirkni og stytta boðleiðir.



ÁGENGUR KLÆÐSKIPTINGUR Sienna Miller sætir ofsóknum klæðskiptings sem kallar sig Peter. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Svefnlaus af ótta

Sienna Miller fær ekki mikinn svefn þessa daga. Leikkonan sætir ofsóknum klæðskiptings sem kallar sig Peter, og hefur ráðið sér lífverði vegna ótta við hann. „Undarlegum bréfum rignir bókstaflega yfir Siennu. Aumingja stelpan hefur verið svo hrædd að hún getur ekki sofið,“ sagði heimildarmaður Daily Star um ástandið hjá leikkonunni.

Sienna lætur ofsóknirnar þó ekki stöðva sig alveg. Eftir frumsýninguna á myndinni Factory Girl setti hún stefnuna á St. Martin hótelið í London ásamt stur sinni og vinum, og hélt partíinu gangandi nóttina á enda.



Meiri þrældómur Þórhalls

Gleði Þórhalls Gunnarssonar með hina nýju stöðu var tvíþent þegar Fréttablaðið náði af honum tali.

„Þetta þýðir meiri þrældóm. Ef ég ætla að stýra Kastljósinu áfram og bæta þessu við mig. En við sjáum til,“ segir Þórhallur.

Aðspurður hvort þetta hafi verið lengi í deiglu segir hann að það taki til nokkurs tíma. Og rifar upp fyrir blaðamanni slúður sem Fréttablaðið birti einmitt um að þetta stæði til – að hann tæki við þessari tilteknu stöðu.

Þórhallur segir breytinga að vænta sem komi þá fram í haust. En tíma taki að átta sig á því úr hverju þeir hjá RÚV hafi að mæta. Með vísan til þess að Þórhallur er lærður leikari segir hann drauminn að vinna meira leikið efni, ef fjármagn sé til staðar, og með vísan í mastersgráðu hans þá segist Þórhallur einfaldlega vilja halda áfram að búa til



ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Veltir því nú fyrir sér hvort ekki sé rétt að koma sér upp íbúð í Útvarphúsinu.

gott sjónvarp.

„Ég veit hins vegar ekki hvað mínum nánustu finnst um þetta. Ég verð enn meira burtu frá heim-

ili mínu og hef þó verið mikið frá. Ég verð að koma mér upp íbúð héra í Útvarphúsinu,“ segir Þórhallur.

Bogi sáttur við skipuritið

„Ég er mjög sáttur við þetta skipuriti. Þetta eru nákvæmlega þær áherslur sem ég hef verið að berjast fyrir og því er hvorki fyrir klögumálum né kvörtunum hjá mér að fara. Það er verið að leggja áherslu á dagskrármálin sem er einmitt það sem Ríkisútvarpið á að ganga út á,“ segir

Bogi Ágústsson en staða forstöðumanns fréttasviðs, sem hann gegndi, var lögð niður samkvæmt nýju skipuriti. „Ég er ekki búinn að ákveða hvað ég ætla að taka mér fyrir hendur en hver veit nema ég setjist við skrifborðið og fari aftur að skrifa fréttir,“ bætir hann við.

BOGI ÁGÚSTSSON Getur vel hugsað sér að fara aftur að skrifa fréttir.



RainMate frá Rainbow




Enginn filter - Frí heimsending
VERÐ: 12.900

Sjálfstætt lofthreinsi og rakataeki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefta. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf

Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800



NÝ SENDING

Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi

ZIKZAK
TÍSKUHÚS

TUNGLIÐ



Nýtt í bió FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!
EPIC MOVIE
 ÞESSI ER STÓR... VIÐ MÆLDUM!
 UPPLIFÐU MYNDINA SEM FÉKK ENGIN ÓSKARSVERÐLAUN!

FRÁBÆR GAMANMYND ÞAR SEM GERT ER GRÍN AF HELSTU STÓRMYNDUM SÍÐASTA ÁRS.

VENUS
 "ÓVÉNT KVÍKMYNDAPERLA SEM ENGINN MÁ LÁTA FRAM HJÁ SÉR FARA."
 - SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR, RÁS 1

NORBIT
 Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?

VENUS
 "FRÁBÆR SKEMMTUN"
 - S.V. MBL

NORBIT
 "FRÁBÆR LEIKUR OG EFTIRMINNILEG MYNDI"
 - B.S. FRETTLAÐIÐ

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000
 REGNBOGINN SÍMI 551 9000
 Borgarbió SÍMI 462 3500

EPIC MOVIE	Kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA
EPIC MOVIE SÝND Í LÚXUS	Kl. 2, 4, 6, 8 og 10
NORBIT	Kl. 1, 3, 20, 5, 40, 8 og 10, 20
THE NUMBER 23	Kl. 8 og 10, 15 B.I. 16 ÁRA
GHOST RIDER	Kl. 3, 5, 30, 8 og 10, 30 B.I. 12 ÁRA
AINNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL	Kl. 1 og 2 STUTTMYND
NIGHT AT THE MUSEUM	Kl. 1, 3, 20 og 5, 40

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á **mid.is**

450 kr. í bió!

Sími 553 2075 LAUGARÁS **Bió** - bara lúxus

EPIC MOVIE
 FRÁBÆR GAMANMYND ÞAR SEM GERT ER GRÍN AF HELSTU STÓRMYNDUM
 ÞESSI ER STÓR...
 ... VIÐ MÆLDUM!

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS
 EDDIE MURPHY EDDIE MURPHY
 Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?

NORBIT
 TÖPÞYNDIN Á ÍSLANDI

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 7

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10

SMOKIN' ACES
 V.J.V. Topp5.is SV. MBC X
 MEGI BESTI LEIÐGANGINGINN VINNA

Sýnd kl. 8 og 10, 15 B.I. 16

450 KR. Í BIÓ
 ÖLDIR Á ALLAR SÝNINGAR
 MERKTAR MEÐ RAUÐU

MIDASALA ÖPNAR KL. 1.30

Nýtt lag frá Mínus

Nýtt lag með rokksvitinni Mínus, Futurist, fer í útvarps-spilun á þriðjudag. Lagið er að finna á væntanlegri plötu Mínus, The Great Northern Whalekill, sem kemur út 16. apríl.

Platan var tekin upp í Los Angeles í janúar og febrúar á þessu ári og eru á henni ellefu glæný lög. Um upptökustjörn á plötunni sáu Joe Barresi og S. Husky Höskuld.

Þrjú ár eru liðin síðan Mínus sendi frá sér plötuna Halldór Laxness, sem fékk mjög góðar viðtökur. Áður hafði sveitin gefið út plöturnar Hey Johnny og Jesus Christ Bobby.

Mínus verður ein þeirra sveita sem hita upp fyrir Cannibal Corpse á Nasa í lok júní. Sveitin spilaði síðast á tónleikum Incubus.

MÍNUS Rokksveitin Mínus gefur út plötuna The Great Northern Whalekill í apríl.




Krakkastuð!

Plata Dr. Gunna frá 1997, Abbababb!, er líklegast best heppnaða barnaplata frá því að Eniga Meniga kom út. Hafnarfjarðarleikhúsið sýnir nú leikrit byggt á þessu smíldarverki Dr. Gunna og nú er komin út plata með lögum leikverksins sem inniheldur heil sextán lög.

Fjórið á völdin á plötunni og tóninn er strax gefinn í fyrsta laginu, stuðlaginu Abbababb! þar sem áhrifin frá Devo leynd sér ekki. Á eftir blasa síðan við lög sem einnig voru á upprunalegu plötunni en nokkur ný fá einnig að fljóta með. Skemmtilegust þeirra eru án efa „60's garage“ lagið Hr. Rokk og Fylustrákarnir og hið eiturhressa Hr. Diskó sem er hálfgerð ábreiða af Daddy Cool með Boney M (sem Dr. Gunni tilnefndi á blogg sínu sinni um daginn sem eitt af bestu lögum sögunnar). Af upprunalegu plötunni sakna ég þó helst Upp í sveit og Ó, kisa mín.

Aðalsmerki plötunnar eru glettnir textar, eins og Dr. Gunna er einum lagið. Einfalt rím og barnslega einfalda textar, oft yndislega súra, er auðvelt að gleypa og ekki þarf margar spilanir þangað til maður byrjar sjálfur að raula með.

Það sem skilur þessa plötu helst frá forvera sínum eru flytjendurnir sem voru töluvert betri á fyrri plötunni. Sigurjón Kjartansson setur þó skemmtilegan svip á plötuna, Álfrún Örnólfsdóttir skilar sínu vel og Atli



TÓNLIST

Abbababb!

Dr. Gunni og vinir hans

★★★

Slær forvera sínum ekki við enda vandasant verk að gera nær alveg eins plötu á betri hátt. Fjórið heldur sér þó frá upphafi til enda og er helst kostur plötunnar.

Þór Albertsson kemur á óvart. Aðrir bæta litlu við lögin og ná ekki alveg að gefa þeim þann persónuleika sem þarfnast. Hljómur plötunnar er líka örlítið flatur, kannski er hljóðjöfnunni um að kenna, en nokkur lög ná þó skemmtilegri vídd. Platan á samt vafalaust eftir að kæta krakka á öllum aldri og getur komið öllum í gott stuð. Steinþór Helgi Arnsteinsson

Sími: 553 2075 LAUGARÁS **Bió** - bara lúxus

Ódýrt í bió

EPIC MOVIE
 ATH. SÝND KL.2

NORBIT
 Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?
 ATH. SÝND KL.2

ARTUR OG MÍNIMOARNIR
 ISLENSKY TAL

LAUGARÁS Bió 450 kr. á 2 sýningar

www.ellingsen.is

Hinn nýi lífsstíll

Hymer-hjólhýsin eru sannkölluð eðalhjólhýsi enda vantar ekkert upp á, hvorki í lúxus né þægindum. Frábær hönnun og stórkostlega útfærðar hugmyndir. Hér er hugsað fyrir öllu, jafnt í tæknibúnaði og öryggisatriðum.

Það eru ekki bara sniglarnir sem hafa húsið sitt með sér á ferðalögum.

Komdu og skoðuðu Hymer-hjólhýsin og A-húsin um helgina.



Opið laugardag 10-16
 sunnudag 12-16



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Ellingsen

- fullt hús evintýra

KVIKMYNDAUPPLIFUN ÁRSINS

PREPARE FOR GLORY!

★★★★★
VJV TOPPS.IS

STÆRSTA OPNUN ÁRSINS Í BANDARÍKJUNUM

VIP
DOLBY
CINEMA
zero

EDDIE MURPHY

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS

Hefur þú einhvern tíman gert mjög stór mistök?

NORBIT

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI

25

RÓMANESK GAMANMYND

hugh grant drew Barrymore

music & lyrics

BLOOD & CHOCOLATE

BREAKING AND ENTERING

SMOKIN' ACES

Frönsk- Kvikmyndahátíð 3. Mars Til 1. Apríl Háskólabíó

300.	kl. 4 - 6:30 - 9 - 10:40	B.16	FORELDRAR	kl. 3:45
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 8 - 10:15	B.12	PARIS, JE T'AIME	kl. 15:20
LETTERS FROM...	kl. 5:30	B.16	HORS DE PRIX	kl. 17:40 - 20:00
BLOOD DIAMOND	kl. 8	B.16	TELL NO ONE	kl. 22:20
DREAMGIRLS	kl. 5:30	B.17	MON PETIT DOIGT	kl. 15:45 - 17:45
			LES AMANTS	kl. 20:00

ÁLFABAKKA

300.	kl. 1:30 - 5:30 - 8:15 - 10:30	B.16	BREAKING AND ENTERING	kl. 5:50	B.12
300. VIP	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30		BRIDGE TO TERABITHIA	kl. 2 - 4 - 6:10	Leyfð
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 8 - 10:30	B.12	VEFURINN...	M/- Ísl. tal. kl. 1:30 - 3:40	Leyfð
MUSIC & LYRICS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	Leyfð	FRÁIR FÆTUR	M/- Ísl. tal. kl. 1:30 - 3:40	Leyfð
SMOKIN ACES	kl. 5:50 - 8 - 10:20	B.16	SKOLAD Í BURTU	M/- Ísl. tal. kl. 2 - 3:40	Leyfð

KRINGLUNNI

300.	kl. 5:30 - 8 - 10:10 - 10:30	B.16	DIGITAL
NORBIT	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	Leyfð	
MUSIC & LYRICS	kl. 5:50 - 8	Leyfð	DIGITAL
BRIDGE TO TERABITHIA	kl. 1:30 - 3:30	Leyfð	
VEFURINN H...	M/- Ísl. tal. kl. 1:40 - 3:50	Leyfð	DIGITAL

KEFLAVÍK

300	kl. 5 - 8 - 10:30	B.16
LAST KING OF SCOTLAND	kl. 10	B.16
BRIDGE TO TERABITHIA	kl. 2 - 4	Leyfð
NUMBER 23	kl. 8	B.16
VEFUR KARLOTTU	Ísl. tal. kl. 2	Leyfð

AKUREYRI

300	kl. 5:40 - 8 - 10:20	B.16
THE BRIDGE TO ...	kl. 2 - 4	Leyfð
VEFURINN...	M/- Ísl. tal. kl. 2	Leyfð
MUSIC & LYRICS	kl. 4 - 6 - 8	Leyfð
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 10	B.12

Björk hefur fengið nóg

Í nýlegu viðtali á heimasíðu MTV segist Björk Guðmundsdóttir vera eins og margir aðrir óhress með gang mála í heiminum.

„Þar sem ég er tónlistarkona vildi ég tala fyrir hönd fólksins á götunni sem er yfirhöfuð frekar fúlt,“ segir Björk Guðmundsdóttir í viðtali við MTV. „Ég er bara ein af þessum röddum og það að einhver eins og ég sé búinn að fá nóg sýnir þá erfiðu tíma sem við lifum á.“

Björk segist hafa orðið fyrir miklum áhrifum af heimsókn sinni til bæjar í Indónesíu þar sem 180 þúsund manns fórust í tsunamiflóðunum gríðarlegu. „Þau urðu að breyta golfvelli í fjöldagröf. Og lyktin ... kom líklega mest á óvart. Maður gat fundið lyktina af dauðanum ári eftir atburðina,“ sagði hún.

Björk gefur út sjöttu hljóðversplötu sína Volta 7. maí og mun spila víða um heim á þessu ári. Hún verður aðalnumerið ásamt bandarísku roksveitinni The Smashing Pumpkins, sem er byrjuð aftur eftir nokkurra ára hlé, á Virgin-tónlistarhátíðinni í Toronto sem verður haldin 8.-9. september. Virgin



BJÖRK Björk Guðmundsdóttir mun spila á tónlistarhátíð í Toronto í Kanada í september.

Group, fyrirtæki Richards Branson, er styrktaraðili hátíðarinnar. Á meðal fleiri þekktra nafna á hátíðinni eru The Killers, Interpol, Amy Winehouse og Jamie T.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögnum mun Björk spila á styrkt-

artónleikum á Nasa 1. apríl nk. og 9. apríl heldur hún síðan stóra tónleika í Laugardalshöll með hljómsveit sinni. Eftir það mun hún spila á hinum ýmsu tónlistarhátíðum, þar á meðal á Hróarskeldu, Glastonbury og Coachella.

Brúðkaup í vændum

Spjallþáttadrottningin Ellen DeGeneres og leikkonan Portia di Rossi ætla að ganga í það heilaga í sumar. Þær hafa verið saman síðan árið 2004. Di Rossi, sem er hvað frægust fyrir leik sinn í Ally McBeal, og síðar Arrested Development, var þá nýhætt með söngkonunni Francescu Gregorini, stjúpdóttur Ringo Starr. Di Rossi hafði forðast allar spurningar um kynhneigð sína og samband við Gregorini á meðan á því stóð, en kom opinberlega út úr skápnunum eftir að hún og Ellen DeGeneres byrjuðu saman.

Samkvæmt National Enquirer er það Di Rossi sem krefst þess að þær gifti sig. Athöfnin fer væntanlega fram á heimili þeirra í Kaliforníu í júní.



BRÚÐUR OG BRÚÐUR Portia di Rossi vill ólm giftast Ellen DeGeneres, samkvæmt heimildum National Enquirer.

Hættið að kvarta

Leikkonan Elizabeth Taylor hefur gefið ungu stjórnnum í Hollywood góð ráð varðandi framtíðina og segir að þær eigi að hætta að kvarta undan vandræðunum sem fylgi frægðinni. „Frægð kostar ykkur einkalíf ykkar. Þið eigið engan rétt á einkalífi,“ sagði Taylor í sjónvarpsviðtali við Entertainment Tonight. Á hún þar við stjórnur á borð við Lindsay Lohan, Britney Spears og Paris Hilton. „Ef við viljið vera út af fyrir ykkur skuluð þið ekki leita eftir athygli. Það er þægilegt að vera heima hjá sér og þið



ELIZABETH TAYLOR Leikkonan hefur gefið ungu stjórnnum í Hollywood góð ráð.

getið gert það að góðu athvarfi.“

Taylor segir að þær ungu stjórnur sem séu sífellt úti á lífinu geti sjálfum sér kennt um athyglina sem þær fá. „Sumar af þessum ungu stelpum eru sífellt í kringum fjölmiðlana. Ef þið viljið hafa þetta þannig þá verður þetta þannig. Það eru samt milljón leiðir til að komast hjá þessu.“

Hvetur Taylor stúlkurnar til að læra af hennar reynslu og halda partí fyrir fræga fólkið heima hjá sér. „Þið getið eignast ykkar eigin vinahóp og verið með honum.“

10% vaxtaauki!

spron
www.spron.is

SPARBÍÓ laugardag og sunnudag

SPARBÍÓ* — 450kr

STÆRSTA OPNUN Á FJÖLSKYLDUMYND Í BANDARÍKJUNUM Í ÁR

★★★★★
S.V. MBL

BRIDGE TO TERABITHIA KL. 2 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK. OG Í KEF

EKKI STÍÐ KL. 2 Í SAMB. AKUR Á SUNNUDAG

VEFUR KARLOTTU M/- ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK. OG Í KEF

MÖRGESAKJÖM ER HAFIÐ!

FRÁIR FÆTUR M/- ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

SKOLAD Í BURTU

SKOLAD Í BURTU M/- ÍSL TAL. KL. 2 Í ÁLFABAKKA

SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

> Hvar var Drummerinn?

Sigurður Ingimundarson, þjálfari körfuknattleikslíðs Keflavíkur, vandaði „stuðningsmönnum“ liðsins ekki kveðjurnar eftir tap liðsins fyrir Snæfelli í Stykkishólmi. Hann sagðist vera sár og svektur með að fólkið hefði snúið baki við liðinu um leið og það gæfi aðeins á bátinn en Joey Drummer og félagar voru víðs fjarri á leiknum. Nýjstu tölur segja að fjórir keflvískir áhorfendur hafi verið á leiknum. Verður áhugavert að sjá hversu margir mæta í Sláturhúsið í dag.



sport
sport@frettabladid.is

RAGNA INGÓLFSDÓTTIR: ÞARF AÐ SAFNA STIGUM Á MÓTUM TIL ÞESS AÐ KOMAST Á ÓLYMPIULEIKANA

Ætlar ekki að fórnna Íslandsmóttinu

Ragna Ingólfssdóttir getur orðið fyrsti íslenski badminton-spilarinn í sextán ár til þess að keppa í badminton á Ólympíuleikum nái hún markmiði sínu og komist á leikana í Peking á næsta ári. Framundan eru ótal ferðlög út um allan heim og á þessum mótum vonast Ragna til þess að safna það mörgum stigum að hún vinni sér inn keppnisrétt á leikunum.

„Ég fer til Japans í byrjun apríl, fer síðan til Evrópu og svo til Nýja-Sjálands og Ástralíu og eftir það stefni ég á þátttöku í Asíumótunum,“ segir Ragna sem á eftir að fljúga í kringum hnöttinn á næstu mánuðum. „Þetta eru þvilík ferðlög en ég hef þjálfara minn með í þessum ferðum þannig að ég verð ekki ein að ferðast. Fyrir síðustu Ólympíuleika var ég alltaf ein og það var svolítið leiðinlegt. Núna er ég með það góða styrki að ég get tekið þjálfaran minn með,“ segir Ragna sem ætlar þó að keppa á Íslandsmóttinu hér heima í lok þessa mánaðar. „Ég stefni á að vinna fimmta Íslandsmeistarátílinn í röð. Það skiptir miklu máli fyrir mig að halda þessum titli hér á Íslandi og það hjálpar að

kynna mig hér heima. Það eru mót á sama tíma og Íslandsmótið sem ég hefði getað farið á en ég vel frekar að fara á Íslandsmótið þótt að það gefi engin stig,“ segir Ragna og hún er kát með gengið í vetur. „Það er búið að ganga miklu betur en ég bjóst við. Það er búið að vera mikil gleði og sælúvima hjá manni síðustu mánuði en ég hef náð að halda haus og skila mínu,“ segir Ragna.

Það þarf margt að ganga upp svo Ragna nái þessum háleitu markmiðum. „Ég þarf að standa mig vel á þessum mótum og komast allavega í undanúrslit og úrslit á þessum mótum sem ég kem til með að taka þátt í í Evrópu. Ég er búið að vinna ásíka spilara núna og það er mjög sterkt og ég þarf að vinna leiki á Asíumótunum. Svo umfram allt þarf ég að losna við að meiddast. Ég er í alls konar meðferðum hjá nuddara og sjúkraþjálfara til þess að koma í veg fyrir það. Ég hugsa mikið um mataræði og reyni að hafa stjórn á öllum þessum hlutum utan við badmintonið sem skipta svo miklu máli,“ segir Ragna að lokum.



GIGGS OG FERGUSON Hafa átt mjög gott og farsælt ár.

Enska úrvalsdeildin:

Ferguson og Giggs bestir

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, og Ryan Giggs, leikmaður Man. Utd, voru í gær útnefndir stjóri og leikmaður febrúarmánaðar í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er í annað sinn sem þeir eru valdir bestir á sama tíma á þessu tímabili en það gerðist einnig í ágúst.

Lið United lék mjög vel í febrúar og vann þrjá góða sigra. Ryan Giggs reyndist einu sinni sem oftast betri en enginn með mörk gegn Tottenham og Fulham en Giggs hefur skorað nokkur mjög mikilvæg mörk fyrir United á þessari leiktíð.

- hbg

Gott að fá eitthvað í kassann

Birgir Leifur Hafþórsson gerir það gott á TCL Classic-móttinu sem fram fer á Hainan-eyju í Kína. Birgir Leifur komst í gegnum niðurskurðinn.

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson komst í fyrrinótt í gegnum niðurskurðinn á TCL Classic-móttinu á Hainan-eyju í Kína. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni. Hann lék vel í gær, á tveimur höggum undir pari og sex alls eftir fyrstu tvo hringina.

66 kylfingar komust í gegnum niðurskurðinn en Birgir Leifur var í 37.-54. sæti eftir fyrstu tvo hringina. Sannarlega frábær árangur.

„Jú, þetta hefur verið ferðarinnar virði. Það er frábært eftir svona langt ferðalag að fá allavega eitthvað í kassann til baka,“ sagði Birgir Leifur við Fréttablaðið í gær. Ljóst er að hann mun fá eitthvert verðlaunafé í sinn hlut en hversu mikið fer eftir árangri hans.

„Þetta var stöðugt og gott hjá mér í dag. Ég var virkilega ánægður með teighöggin hjá mér, þau voru löng og bein. Það eina sem var að angra mig voru þúttin. Það fór bara ekkert niður. Þessir fuglar sem ég fékk í gær voru einfaldlega gefins. Ég var mikið að tvíþúttu en sem betur fer ekkert að þríþúttu.“

Birgir Leifur segir að flatirnar hafi reynst sér erfiðar. „Það er þetta einkennilega gras sem heitir Bermúdagrass, það vex í allar áttir.



KÁTUR Í KÍNA Birgir Leifur Hafþórsson sést hér ásamt kínverskum kylfusveini sínum, sem Birgir segir vera mikinn fagmann.

Maður er alltaf að venjast því betur og betur. Ég náði því ekki í dag, það hlýtur að koma á morgun.“

Hann segir að áætlun sín fyrir síðustu tvo dagana sé að halda áfram á sömu braut og hann hefur verið á. „Á þessum velli verður maður samt að taka ákveðnar áhættur. Á þessum höggum til að ná fugli eða jafnvel erni. Það hefur heppnast mjög vel hjá mér hingað til.“

Eiginkona Birgis Leifs Elísabet Halldórsdóttir er honum til halds og trausts í Kína. „Þetta er eina vitið. Best væri auðvitað að vera með alla fjölskylduna með, hafa þetta eins og heima hjá sér.“

Að lokum segir hann að Hainan-eyja sé undurfögur og fólkið yndislegt. „Þetta hefur verið frábær ferð. Það er allt fyrir okkur gert, veðrið er frábært og völlurinn meiriháttar. Ég get hiklaust mælt með þessum stað.“

eirikur@frettabladid.is

Enska landsliðið:

Scott Parker í landsliðið

FÓTBOLTI Steve McClaren, landsliðsleikmaður Englands, valdi í gær 23 manna æfingahóp fyrir landsleikina gegn Ísrael og Andorra.

Það sem kom mest á óvart var að McClaren skyldi velja Scott Parker, miðjumann Newcastle, í hópinn en hann hefur ekki komist í landsliðshópinn ansi lengi. Owen Hargreaves snýr einnig aftur eftir meiðsli.

Ben Foster byrjaði í síðasta leik Englands en fastlega er búist við því að Paul Robinson komi aftur í liðið núna.

Ashley Cole er í leikbanni í öðrum leiknum en mun spila hinn. David Beckham er ekki í hópnum þar sem hann er meiddur en búist var við að hann fengi sæti í hópnum.

Hópurinn: Robinson (Tottenham), Foster (Man. Utd), Carson (Liverpool); G. Neville (Man. Utd), Richards (Man. City), Ferdinand (Man. Utd), Terry (Chelsea), Woodgate (Real Madrid), Carragher (Liverpool), A. Cole (Chelsea), P. Neville (Everton); Gerrard (Liverpool), Hargreaves (Bayern München), Lampard (Chelsea), Lennon (Tottenham), Parker (Newcastle), Carrick (Man. Utd), Dyer (Newcastle), Downing (Middlesbrough); Johnson (Everton), Rooney (Man. Utd), Defoe (Tottenham), D. Bent (Charlton).



NÚTÍMALEGUR SKÓLI Á GÖMLUM GRUNNI



Landakotsskóli er traustur og framsækinn grunnskóli fyrir nemendur á aldrinum 5 – 15 ára. Í skólanum fer fram metnaðarfullt skólastarf eins og sjá má á góðum árangri nemenda á samræmdum prófum. Auk þess er verið er að þróa spennandi nýbreytni í verk- og listgreinum og tungumálakennslu allt frá 5 ára aldri. Auk íslensku læra nemendur ensku, frönsku, spænsku, dönsku og þýsku. Boðið er uppá góða kennslu í litlum bekkjum og notalegu umhverfi.

Skráning nemenda fyrir skólaárið 2006/2007 stendur nú yfir.

Upplýsingar um skráningu veittar í síma 510 8200 eða á heimasíðu www.landakot.is

LANDAKOTSSKÓLI
Stofnsettur 1896

For further information about the school visit our website www.landakot.is/english.html



SKEMMDARVERK Farið var með Hellissandsvöllum eins og æfingasvæði fyrir utanvegakstur. MYND/GUNNAR ÖRN ARNARSON

Skemmdarverk á æfingavelli Víkings í Ólafsvík:

Spólað og spænt á Hellissandsvelli

FÓTBOLTI Óprúttir aðilar unnu nýverið skemmdarverk á Hellissandsvelli, æfingavelli Víkings í Ólafsvík, er bíl var ekið á vellinum og hann spólaður og spændur. Gunnar Örn Arnarson, framkvæmdastjóri félagsins, skoðaði aðstæður og segir að það hafi verið til happs að völlurinn hafi verið þakinn snjó.

„Það gæti samt verið að völlurinn verði seinna tilbúinn en vanalega. Það er búið að bera sand í ójöfnurnar til að jafna völlinn út,“ sagði hann.

„Þetta er ferlegt og alveg óskiljanlegt að einhver skuli láta sér

þetta í hug að gera þetta. En það er líklega búið að komast til botns í málinu um hver hafi verið þar að verki,“ sagði Gunnar. „Það er svo undir bæjaryfirvöldum komið til hvaða aðgerða verður gripið í framhaldinu.“

Gunnar segir að völlurinn hafi vanalega verið tilbúinn til notkunar í upphafi apríl. „Hann er í miðju hrauninu þannig að það stendur aldrei neitt vatn í vellinum, það rennur beint í gegn,“ sagði hann. Þess fyrir utan nota yngri flokkar félagsins völinn mikið en sjálfur keppnisvöllurinn er í Ólafsvík.

- esá



HVERJIR EIGA SÍÐASTA ORÐIÐ KR-ingurinn Fannar Ólafsson lætur ÍR-inginn Ómar Sævarsson heyra það.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keflavíkurlíðið í úrslitakeppni körfuboltans:

Hefur komið til baka í síðustu skipti

KÖRFUBOLTI Snæfell getur í dag orðið fyrsta liðið í sjö ár til þess að slá Keflavík út úr átta liða úrslitum úrslitakeppninnar en liðin mætast í öðrum leik sínum í úrslitakeppninni klukkan 16.00 í Keflavík. Snæfell vann fyrsta leikinn 84-67 í Hólminum og klárar einvígið með sigri í dag.

Keflavík tapaði á fimmtudagskvöldið fyrsta leiknum sínum í úrslitakeppni og er þetta aðeins í þriðja skipti á síðustu 19 árum sem Keflavík er 0-1 undir í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Það

hefur hins vegar gerst mun oftari að Keflavíkurlíðið hefur tapað fyrsta leik í einvígi.

Þar hafa Keflvíkingar sýnt mikinn styrk því þeir hafa unnið þrjú síðustu einvígin sem liðið hefur tapað fyrsta leik. Þeir unnu ÍR 3-1 í undanúrslitunum 2005 eftir að hafa tapað fyrsta leik á heimavelli, unnu úrslitaeinvígið gegn Snæfelli 2004 3-1 eftir að hafa tapað fyrsta leik á útivelli og unnu undanúrslitaeinvígið 2004 gegn Grindavík þrátt fyrir tap í Grindavík í fyrsta leik.

- óó



SJÁ PEIR LEIÐ? Sverrir Þór Sverrisson og félagar í Keflavík komnir upp að vegg.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

KR-ingar upp að vegg:

Kunnugleg staða hjá KR

KÖRFUBOLTI Fimmta árið í röð verða „óvænt“ úrslit í fyrsta leik í einvígi KR-inga í átta liða úrslitum, það er heimaliðið tapar fyrsta leiknum.

KR-ingar töpuðu eins og kunnugt er 65-73 fyrir ÍR í DHL-Höllinni í Iceland Express deildinni á fimmtudagskvöldið og þurfa því að vinna í Seljaskóla í dag til þess að tryggja sér oddaleik.

KR-ingar þurfa ekki að örventa ef að sagan heldur áfram að endurtaka sig því þrjú síðustu ár hefur einvígið farið í oddaleik og það lið sem lenti 0-1 undir vann síðan úrslitaleikinn og tryggði sér sæti í undanúrslitunum.

KR-ingar sjálfir hafa samt aðeins einu sinni komist upp úr átta liða úrslitum í þessi fjögur skipti en það var í fyrra þegar þeir töpuðu fyrsta leik í DHL-Höllinni en unnu síðan tvo leiki í röð og fóru áfram.

- óó

ÓVÆNTU ÚRSLITIN Í ÁTTALIÐA ÚRSLITUNUM:

2003
KR (4. sæti)-Njarðvík (5. sæti) 87-90
Njarðvík vann 2-0

2004
Grindavík (2.)-KR (7.) 95-99
Grindavík vann 2-1

2005
Snæfell (2.)-KR (7.) 89-91
Snæfell vann 2-1

2006
KR (3.)-Snæfell (6.) 68-71
KR vann 2-1

2007
KR (2.)-ÍR (7.) 65-73
2. leikurinn í dag

José Mourinho:

Vill halda Terry og Lampard

FÓTBOLTI Tvær af stærstu stöðum Chelsea-liðsins, John Terry og Frank Lampard, eru í samningaviðræðum við félagið þessa dagana. José Mourinho, stjóri Chelsea, segir að þeir eigi að vera áfram enda tilheyri þeir félaginu.

„Það væri hreint frábært að hafa þá hér áfram og ég tala nú ekki um ef það er hægt til ársins 2010. Ég myndi elska að vera með þá áfram hjá mér. Þeir tilheyra Chelsea og eru hluti af sögu Chelsea. Þegar leikmenn sem eru svona sterkar stöðir innan félagsins og eru svona samofnir sögu þess þá er alger óþarfi að gera breytingar,“ sagði Portúgalinn skemmtilegi sem staðfesti enn og aftur að hann ætlaði sér ekki að yfirgefa félagið - sama hvað sögurnar um ósætti hans og Abramovich, eiganda Chelsea, væru háværar.

„Svona er bara fótboltinn. Það er alltaf eitthvað ef. Ég er búinn að endurtaka 50 sinnum á síðustu tíu dögum að ég vil vera áfram hjá Chelsea. Hvernig væri að menn færu að taka mark á því sem ég segi.“

- hb

Nám í Fjöltækniskóla Íslands hentar m.a. þeim sem vilja ljúka stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með véltækni, -raftækni, -skipstækni- eða einkaflugmannsprófi.

Þeim sem vilja verða skipstjórnar, flugmenn, vélstjórnar, vélfræðingar hjá orkufyrirtækjum eða vilja undirbúa sig fyrir háskólanám á tæknisviði.

SKRÚFUDAGUR

Opið hús í Fjöltækniskólanum við Háteigsveg í dag kl. 13:00 - 16:30. Lukkupottur, heppnir gestir 15 ára og eldri geta unnið útsýnisflug yfir Reykjavík og tíma í flughermi. Þyrla Landhelgisgæslunnar sýnir björgun kl. 13:30.

Komdu og taktu þátt í skemmtilegri dagskrá og kynntu þér það nám sem er í boði.

NÁMSKYNNING

- Stúdentspróf
- Einka- og atvinnuflugmannspróf
- Vélstjórnar- skipstjórnarpróf
- Alþjóðleg réttindi

DAGSKRÁ

- Véla-, siglinga- og flughermar
- Nemendur og kennarar að störfum við vélar og tæki
- Þyrla Landhelgisgæslunnar sýnir björgun kl. 13:30
- Turninn verður opinn gestum
- Ókeypiss ferðir á milli Fjöltækniskólans og Flugskólans á Reykjavíkflugvelli
- Dregið úr lukkupotti kl. 16:00. Tímar í flughermi og útsýnisflug yfir Reykjavík í verðlaun. Útsýnisflugðið er strax að útdrætti loknum
- Kvenfélögin Hrönn og Keðjan selja kaffiveitingar gegn vægu gjaldi

Allir velkomnir





HARÐIR Sverre Jakobsson og Róbert Gunnarsson taka hér fast á hinum frábæra Frakka, Nikola Karabatic, í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Kiel lagði Gummersbach: Gummersbach úr leik

HANDBOLTI Hann var þétt setinn bekkurinn í Kölnarena í gærkvöld þegar Kiel sótti Íslendingaliðið Gummersbach heim. Alls voru seldir 19.400 miðar á leikinn og komust mikið færri að en vildu á völinn. Kiel var fyrir leikinn í efsta sæti deildarinnar en Gummersbach sat í því þriðja tveimur stigum á eftir Kiel og því gríðarlega mikið undir í leiknum.

Fyrri hálfleikur var ógnvænlega hraður og minnti á köflum á tennis. Liðin keyrðu miskunnarlaust upp hraðann og það bar til tíðinda þegar stillt var upp í venjulega sókn.

Róbert Gunnarsson fór hreint á kostum í hálfleiknum þar sem hann skoraði ein sex mörk og tók fjölda frákasta.

Kiel leiddi lengstum í hálfleiknum og það gátu þeir ekki síst þakkað franska landsliðsmarkverðinum Thierry Omeyer sem varði eins og berserkur. Með hann sem besta manni leiddu gestirnir í leikhléi með fimm markum, 18-23.

Munurinn hélt áfram að aukast í síðari hálfleik. Omeyer varði áfram eins og óður maður og þar að auki töpuðu leikmenn Gummersbach boltanum klaufalega og var refsað grimmilega.

Kiel gat líka skipt grímt af bekknum og það munaði um breiddina í þessum leik. Lokatölur voru 37-42.

Vonir Gummersbach um þýska meistaratitilinn eru nánast engar eftir þetta tap.

- hbg



GRÉTAR RAFN Kominn í átta liða úrslit UEFA-bikarsins með liði sínu.

Dregið í UEFA-bikarum:

AZ Alkmaar mætir Bremen

FÓTBOLTI Það var dregið í átta liða úrslit UEFA-bikarsins í gær.

Íslendingaliðið AZ Alkmaar, sem Grétar Rafn Steinsson leikur með, mætir þýska liðinu Werder Bremen og spilar fyrri leikinn á heimavelli.

Sevilla og Tottenham mætast einnig í mjög áhugaverðri viðurneign. Espanyol mætir síðan Benfica og að lokum mætast Bayern Leverkusen og Osasuna.

Sigurvegari leiks AZ og Bremen mætir vinningsliðinu úr leik Espanyol og Benfica. Sigurvegarinn úr leik Leverkusen og Osasuna mætir því annað hvort Sevilla eða Tottenham.

Leikirnir fara fram 26. apríl og 3. maí.

- hbg

Stjarnan vann gríðarlega mikilvægan sigur á Val í DHL-deild kvenna:

Íslandsmeistararitillinn á hraðferð í Garðabæinn

HANDBOLTI Þeir 130 áhorfendur sem lögðu leið sína í Laugardalshöll í gærkvöldi áttu eflaust allan á spennandi leik þegar tvö efstu lið DHL-deildar kvenna, Stjarnan og Valur, áttust við. Sú var ekki raunin því Stjarnan rúllaði yfir Val, 33-20, og sýndi og sannaði að það er langbesta lið deildarinnar í dag.

Stjarnan byrjaði leikinn af miklum krafti og komst í 8-1 strax á fyrstu 10 mínútum leiksins. Þennan mun náði Valur ekki að minnka þótt Stjarnan hafi ekki skorað mark á síðustu sjö mínútum fyrri hálfleiks. Vörn gestanna úr Garðabænum var frábær í leiknum og fyrir aftan hana varði Florentina Grecu eins og hún best getur.

Stjarnan var sjö mörkum yfir í hálfleik, 8-15, og hélt uppteknum hætti eftir hlé. Eftir kortersleik í seinni hálfleik var munurinn orðinn þrettán mörk, 11-24, og öll von Valsstelpna um að ná stigi úr leiknum fokin út í veður og vind. Stjarnan gaf ekkert eftir þótt munurinn hafi verið þetta mikill og kláraði leikinn með stæl, 20-33.

Ágúst Jóhannsson þjálfari Vals hefur gefið upp alla von um að ná Stjörnunni þótt enn séu fimm umferðir eftir af mótinu. „Stjörnu-stúlkur áttu skilið að vinna þennan leik og eru orðnar Íslandsmeistarar.“

Aðalsteinn Eyjólfsson þjálfari Stjörunnar var ekki sammála

kollega sínum hjá Val. „Mótið er ekki búið. Það eru enn tölfræðilegir möguleikar á að við missum þetta frá okkur.“

Aðalsteinn átti eins og flestir von á hörkuleik og kom honum lítil mótstaða Vals á óvart. „Mínir leikmenn mættu gríðarlega einbeittir til leiks og einbeitingin skein úr hverju andliti. Ég er gríðarlega stoltur af mínu liði, stelpurnar hafa unnið mjög vel að því að laga okkar leik eftir tapið gegn Val 6. janúar. Allt sem við lögðum upp með gekk upp.“

- gmi

SIGURFAGN Aðalsteinn Eyjólfsson fagnaði sigri sinna stúlkna hreint ógurlega í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sókn og spennna í Fjósinu

Grindavík getur tryggt sér sæti í undanúrslitum Íslandsmótins á morgun eftir 105-112 sigur á Skallagrími í Borgarnesi í framlengdum leik. Varnarleikurinn var ekki í fyrirrúmi í leiknum en sóknarleikurinn þeim mun betri.

KÖRFUBOLTI Það er ljóst að allt getur gerst í úrslitakeppni Iceland Express deildar karla og dæmi um það er 105-112 sigur Grindavíkinga í Borgarnesi í gær. Þorleifur Ólafsson tryggði Grindvikingum framlenginguna þegar hann jafnaði leikinn í 94-94 en það var einkum frammiastað Jonathans Griffin í lokin sem lagði grunninn að sigri Grindavíkur. Griffin skoraði 15 stig í fjórða leikhliða og framlengingu og refsaði Skallagrímismönnum hvað eftir annað þegar þeir gleymdu að stíga hann út en hann tók 4 stór sóknarfráköst á lokakaflanum.

„Þetta var svakaleikur og hörku skemmtun og synd að þessi leikur hafi ekki verið í sjónvarpinu. Tapið í fyrra blundar ekkert í okkur í ár því þeir voru bara betri en við í fyrra. Við lítum öðruvísi á dæmið í ár,“ sagði Páll Axel Vilbergsson, fyrirlíði Grindavíkur, eftir sigurinn í Borgarnesi. „Við erum búnir að vera á mikilli uppsveiflu undanfarið og erum svo sem ekkert að einbeita okkur að Skallagrími. Við spiludum vel í kvöld en erum samt að fá á okkur alltof mörg stig. Það þarf oft að minna okkur á það að spila vörn. Við ætlum að spila betri vörn á sunnudaginn og vinna þann leik,“ sagði Páll Axel.

Skallagrímismenn voru mjög ósáttir í leikslok og létu reiðiköstin dynja á öllum sem heyrta vildu eftir leikinn en það eru hins vegar leikmennirnir sem þurfa að bita í skjaldarrendurnar ætli þeir sér ekki að fara snemma í sumarfrí í ár. Það leit nokkrum snum út fyrir að Skallagrímsskotvélín færir almennilega í gang en Grindvikingar náðu alltaf að svara, fyrst með 20-4 spretti í lok annars leikhliða sem færði þeim fimm stiga forustu í hálfleik, 54-59 og svo



PÁLL AXEL STERKUR Grindvikingurinn Páll Axel Vilbergsson átti enn einn stórleikinn fyrir Grindavík í gær þegar hans lið vann góðan útsigur á liði Skallagríms í Borgarnesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

með því að komast aftur yfir eftir að Skallagrímismenn höfðu komið mjög grimmir inn eftir leikhléið. Lokaleikhlutinn var jafn og spennandi og liðin skiptust á að hafa forystuna.

Pallarnir í liði Grindavíkur, Axel Vilbergsson og Kristinsson, voru báðir erfiðir við að eiga og þá átti Björn Steinar Brynjólfsson (17 stig, 5 þristar) frábæra innkomu af bekknum. Griffin og Þorleifur voru hins vegar þeir sem drógu vagninn í sóknarleiknum í lokin.

Það munaði miklu fyrir Skallagrím að Makedónarnir Dimitar Karadzovski og Jovan Zdravovski, fundu ekki fjölinna sína og settu sem dæmi aðeins niður 2 af 12 þriggja stiga skotum sínum. Grindvikingar höfðu góðar gætur á Darrell Flake sem á endanum missti þolinmæðina og fékk á sig afdrifurka óþróttamannslega villu þegar mínúta var eftir af framlengingu. Grindvikingar fengu fyrir vikið fimm stiga sókn og leikurinn var þeirra.

ooj@frettabladid.is

Íslandsmeistarar Njarðvíkur hófu úrslitakeppnina með góðum sigri á Hamri/Selfoss, 79-75:

Hamar/Selfoss stóð í Íslandsmeisturunum

KÖRFUBOLTI Fyrir leikinn í kvöld mátti búast við öruggum sigri heimamanna er Njarðvík tók á móti Hamri/Selfoss í 8-liða úrslitum Iceland Express deildar karla í körfuknattleik. En leikurinn var allt annað en ójafn því mikil spennna var í leiknum undir lokin þar sem Njarðvík knúði fram sigur á lokasekúndum leiksins, 79-75.

Ekki var mikið skorað á upphafsmínútum leiksins en deildarmeistararnir náðu þó fljótlega tókum á leiknum og voru ávallt skrefinu á undan.

Annar leikhliða var keimlíkur þeim fyrsta, Njarðvíkingar voru að leika fínan körfubolta á meðan Hamri/Selfoss voru að einbeita sér að allt öðrum hlutum – tuði í dómurum leiksins. Gestirnir voru þó fljóttir að jafna sig á því og komust inn í leikinn með frábærum kafla undir lok leikhlutans og staðan í hálfleik var 40-39.

Jafnræði var með liðunum í upphafi þriðja leikhliða og skiptust liðin á að skora. Njarðvík var þó ávallt með stóru tana á undan en Hamri/Selfoss var í baráttuhug komst yfir í fyrsta sinn í leiknum 48-51 þegar tæpar 4 mínútur lifðu af þriðja leikhliða.

Gestirnir héldu áfram að sýna góðan karakter og leiddu eftir þrjá leikhliða, öllum að övörum, 58-60. Lið Hamars/Selfoss var ekkert á því að gefa Njarðvíkingum færi á sér í upphafi síðasta leikhlutans og komust fljótleiga í 61-65 þegar 7 mínútur voru eftir af leiknum.

Þegar 5 mínútur voru eftir af leiknum hafði Hamri/Selfoss bætt við forskotið, 63-70, og sýndu enga miskunn. Brenton jafnaði leikinn í 70-70 þegar aðeins 3 mínútur voru eftir og mikil spennna kominn í leikinn.

Njarðvíkingar sigu svo framúr á lokasekúndunum með stig-

um af vítalínunni, en Hamri/Selfoss fékk dæmt á sig tæknivísi undir lokin sem reyndist liðinu dýrt. Þess má einnig geta að þegar 6 sekúndur voru eftir og Njarðvík átti boltann komu gestirnir ekki inn á völinn og létu leiktímann renna út í mótmælaskyni.

Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, var sáttur með sigurinn en alls ekki spilamennsku liðsins. „Þetta var ekki erfiðara heldur en ég bjóst við. Ég var alls ekki sáttur með leik minna manna.“ Hefur þú séð lið ekki mæta til leiks undir lok leiks eins og í kvöld?

„Nei, aldrei séð það áður. Ætli þeir hafi ekki séð marga fótbolta-leiki að undanförmu. En ég hlakka til að mæta þeim í næsta leik.“

- hþ

TILPRIF Egill Jónasson treður í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR



ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla:

SKALLAGRÍMUR-GRINDAVÍK 105-112

Stig Skallagríms: Pétur Már Sigurðsson 19, Hafþór Ingi Gunnarsson 18, Darrell Flake 18 (9 fráköst, 8 stoðs.), Dimitar Karadzovski 16, Jovan Zdravetski 13 (6 fráköst, 7 stoðs.), Axel Kárason 9, Pálmi Þór Sævarsson 9, Finnur Jónsson 3.

Stig Grindavíkur: Jonathan Griffin 29 (11 fráköst), Þorleifur Ólafsson 21 (6 stoðs.), Páll Axel Vilbergsson 20 (12 í 1. leikhliða), Páll Kristinsson 18 (12 fráköst), Björn Steinar Brynjólfsson 17 (5 stoðs., hitti úr 5 af 10 3ja stiga), Davíð Páll Hermannsson 2.

NJARÐVÍK-HAMAR/SELFOS 79-75

Stig Njarðvíkur: Brenton Birmingham 23, Jeb Ivey 21, Friðrik Stefánsson 9, Igor Beljanski 9, Egill Jónasson 8, Jóhann Ólafsson 5, Guðmundur Jónsson 4.

Stig Skallagríms: George Byrd 19, Friðrik Hreinsón 15, Svavar Pálsson 15, Marvín Valdimarsson 11, Lárus Jónsson 9, Bojan Bojanovic 6.

DHL-deild kvenna:

VALUR-STJARNAN 20-33 (8-15)

Mörk Vals: Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 5, Brynja Steinsen 4/3, Sigurlaug Rúnarsdóttir 4, Drífa Skúladóttir 3, Rebekka Skúladóttir 1, Katrín Andrésdóttir 1, Soffía Rut Gísladóttir 1, Alla Georgíjssdóttir 1.

Varni skot: Jolanta Slapikieni 9, Pavla Skavronkova 8/1.

Mörk Stjörnunna: Rákel Dögg Bragadóttir 10/5, Sólveig Lára Kjærnsted 5, Kristín Guðmundsdóttir 5, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 4, Kristín Clausen 4/1, Anna Bryndís Blöndal 3, Elísabet Gunnarsdóttir 2/1.

Varni skot: Florentina Grecu 22, Helga Vala Jónsdóttir 2/2.

STADAN:

1. STJARNAN	18	16	0	2 571:361	32
2. VALUR	19	13	2	4 508:443	28
3. GRÓTTA	18	12	2	4 461:404	26
4. HAUKAR	18	11	1	6 506:449	23
5. FRAM	18	7	3	8 407:445	17
6. HK	18	7	1	10 494:550	15
7. ÍBV	18	6	2	10 441:497	14
8. FH	18	2	2	14 408:51	16
9. AKUREYRI	17	0	1	16 331:467	1

Þýski handboltinn:

GUMMERSBACH-KIEL 37-42

Róbert Gunnarsson var markahæstur í liði Gummersbach með níu mörk og Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 5.

MELSDUNGEN-LEMGO 26-27

Logi Geirsson lék ekki vegna meiðsla en Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði x mörk fyrir Lemgo.

MAGEBURG-BALINGEN 30-21

LAGER SALA



TÓNLIST - TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR OG DVD TÓNLIST

DVD MYNDIR



999 kr.

DVD TÓNLIST



1.399 kr.

999 kr.

TÓNLIST




1.499 kr.

1.299 kr.

849 kr.

499 kr.

TÖLVULEIKIR



999 kr.

NÝJAR
VÖRUR
DAGLEGA!

VERÐ FRÁ
99KR



OPID ALLA
DAGA VIKUNNAR
11-19

LAGERSALA SKÍFUNNAR SKEIFUNNI 17

RAY LIOTTA

Ray fæddist árið 1954 og var ættleiddur 6 mánaða gamall. Hann nam leiklist við háskólann í Miami og árið 1987 hlaut hann Golden Globe-tilnefningu fyrir leik sinn í myndinni *Something Wild*. Premur árum síðar lék í myndinni *Goodfellas* en túlkun hans á glæpamanninum Henry Hill varð hans eftirminnlegasta til þessa. Ray giftist leikkonunni Michelle Grace árið 1997 og eignaðist með henni eina dóttur. Þau skildu árið 2004. Síðastliðinn febrúar var Ray handtekinn fyrir ölvunarakstur og verður dómur kveðinn upp í málinu síðar í þessum mánuði. Ray leikur í þáttunum Smith sem sýndir verða á Sirkus kl. 21.30.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR REYKSPÓLAR MEÐ FJARSTÝRINGUNA Á FÖSTUDAGSKVÖLDUM

Herra Kolbeins í kláminu

Á þessum stað fyrir um tveimur mánuðum var kvartað undan því hversu ómerkileg dagskrá sjónvarpsstöðvanna var á föstudagskvöldum. Svo virðist sem sjónvarpsstjórnarnir hafi tekið fullt tillit til þeirrar góðfúslegu ábendingar (sic) því nú þarf maður nánast að reykspóla með fjarstýringuna á föstudagskvöldum og nýta sér plús-effectinn ótæpalega.

Gettu betur er frábær þáttur. Þó ekki sé meiningin að efna til ritdeilu við vinnufélaga minn Bergstein þá verð ég að lýsa mig fullkomlega ósammála honum hvað varðar framgöngu Sigmar Guðmundssonar í hlutverki spyrils. Bergstein vildi meina, í nýlegum Við tækistöðum, að Sigmar sé of strangur og tekur til sín alla leið heim í stofu þegar hann hastar á salinn. Þarna er um að kenna viðkvæmri lund rýnisins – Sigmar er frábærlega röggssamur spyrill og stendur sig vel.

En nú hefur Sigmar fengið harða samkeppni frá góðum vini sínum. Herra Kolbeins er mættur til leiks. Sjálfur Rauði turninn. Sjónvarpsstöðin Sirkus spilar nú út ásnúm í erminni. Ásgeir Kolbeins mun fylgjast með menningu en ekki síður tísku og skemmtanálifinu landsmanna, þar sem táknmal

klámsins er ekki sparað, í nýjum þætti.

Meðan þessu fer fram er Einar Bárðarson og co í stuði í X-Factor á Stöð



2. Alveg mátti hafa gaman af þeirri karóki-vitleysu ef maður gekkst undir þær forsendur sem fyrirbær-ið sjálf gefur sér. En þetta fór út í tóma steypu þegar Kapteinninn var sendur heim og ég hét því að horfa aldrei aftur á þetta. Einari og Höllu tókst með ekkasögum að vinna mig aftur að skjánum. Því hvað virkar betur en táraflóð fullorðins fólks í sjónvarpinu?

Silvía Nótt, af öllum, verður svo útundan í öllu framboðinu. Ósanngjarn. Silvía lenti illa í hinni nautheimsku þjóðarsál sem snerist í einni svipan gegn henni af því að vegsemdin kemur að utan: Reykul og lífil sálin hrökk í kút þegar hún fékk ekki staðfestingu á því að húmorinn væri frábær.

En að þessu öllu sögðu: Föstudagskvöldin eru um þessar mundir frábær sjónvarpskvöld.

EKKI MISSA AF



► **20.20 Spaugstofan** SJÓN-
VARPIÐ



► **20.25 Herbie: Fully Loaded**
STÖÐ 2



► **20.00 Ray** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.30 American Dad** SIRKUS



► **22.00 Scream 2006** SKJÁR-
EINN

SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 08.01 Fyndin og furðuleg dýr
- 08.06 Litla prinsessan
- 08.17 Halli og risaeðlufatan
- 08.29 Snillingarnir
- 08.53 Trillurnar
- 09.19 Hundabúfan
- 09.29 Leyniþátturinn
- 09.42 Matta föstra & ímynduðu vinir h.
- 10.04 Heimskautalíf
- 10.30 Stundin okkar
- 10.55 Kastljós
- 11.30 Gettu betur (4:7) e.
- 12.35 Formúla 1 - Tímataka
- 13.55 Íslandsmótið í handbolta
- 15.05 Alpasyrpa
- 16.00 Meistaramót í sundi
- 18.00 Táknálsfréttir
- 18.10 Vesturálfur (6:22)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Jón Ólafsson
- 20.20 Spaugstofan
- 20.50 Fróken Júlía

Bresk bíómynd frá 1999 byggð á leikriti eftir August Strindberg.

22.30 Falinn (Caché)

00.25 Donnie Brasco

02.30 Formúla 1

05.00 Dagskrárlök

► **BÍÓ** STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Ray

08:30 Fíaskó

10:00 Little Black Book

12:00 Celeste in the City

14:00 Fíaskó

16:00 Little Black Book

18:00 Celeste in the City

► **20:00 Ray** Einstaklega vönduð og vel leikin verðlaunamynd um líf og starf tónlist-argóðsagnarinnar Ray Charles. Aðalhlutverk: Regina King, Jamie Foxx, Kerry Washington.

22:30 The Woodsman

00:00 Poolhall Junkies

02:00 Jeepers Creepers 2

04:00 The Woodsman



- 07.00 Ruff's Patch
- 07.10 Barney
- 07.35 Myrkfælnu draugarnir (e)
- 08.00 Engie Benjy
- 08.10 Gordon the Garden Gnome
- 08.40 Grallararnir
- 09.00 Justice League Unlimited
- 09.25 Kalli kanína og félagar
- 09.45 Tracey McBean
- 10.00 A.T.O.M.
- 10.25 Eddie's Million Dollar Cook-Off
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Bold and the Beautiful
- 14.40 X-Factor
- 16.00 X-Factor - úrslit símakosninga
- 16.30 The New Adventures of Old Chr
- 17.05 Sjálfstætt fólk
- 17.45 60 mínútur
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Lottó
- 19.05 Ísland í dag og veður
- 19.15 How I Met Your Mother

Önnur sería þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem notið hafa mikillar hylly í Bandaríkjunum.

19.35 Joey - NÝTT

20.00 Stelpurnar

► **20.25 Herbie: Fully Loaded**

Hressandi fjölskyldumynd um kappakstursbílinn Herbie sem hefur sjálfstæðan vilja. Aðalhlutverk: Matt Dillon, Michael Keaton, Lindsay Lohan.

22.10 Emile

Athyglisverð mynd sem segir frá tilraunum Emile til að bæta fyrir mistök fortíðarinnar. Aðalhlutverk: Ian McKellen, Deborah Unger, Tygh Runyan. Leikstjóri: Carl Bessai.

23.40 Welcome to Mooseport

Sprenglægleg gamanmynd með Ray Romano úr Everybody Loves Raymond og Gene Hackman þar sem gert er stólpagrín að bandarískri pólitík.

01.25 The Fighting Temptations

03.25 Murder Investigation Team

04.40 How I Met Your Mother

05.05 Joey - NÝTT

05.25 Stelpurnar

05.50 Fréttir

06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp

TÍVI

SIRKUS TV

- 16.35 Trading Spouses (e)
- 17.20 KF Nörd
- 18.00 Britney and Kevin: Chaotic
- 18.30 Fréttir
- 19.10 Dr. Vegas (e)
- 20.00 South Park (e)
- 20.30 American Dad

Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt. Stan Smith er útsendari CIA og er alltaf á varðbergi gegn hryðjuverkahættum. Fjölskyldulíf hans er heldur óvenjulegt því fyrir utan konu hans og börn búa á heimilinu kaldhæðna geimveran Roger og Klaus hinn þýskumælandi gullfiskur.

21.00 Gene Simmons: Family Jewels

21.30 Smith (e)

Bobby hefur góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur. Og enginn venjulegur þjófur. Ráðin hans eru þaulskipulögð og djörf. Hann er þó ekki einn í þessu því Bobby hefur góðan hóp með sér og ekkert verkefni er of stórt fyrir þau. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (*Goodfellas*), Virginia Madsen (*Sideways*) og Amy Smart (*Stargate* and *Hutch*).

22.20 Supernatural

Spennuþættir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.

23.10 Chappelle's Show (e)

Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.

23.40 Tuesday Night Book Club - NÝT (e)

00.30 Twenty Four - 2 (e)

01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttavikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 11.05 Vörutorg
- 12.05 Rachael Ray (e)
- 15.05 Top Gear (e)
- 16.00 Psych (e)
- 16.50 What I Like About You (e)
- 17.15 What I Like About You (e)
- 17.40 Fyrstu skrefin (e)
- 18.10 World's Most Amazing Videos (e)
- 19.10 Game tívi (e)
- 19.40 Everybody Hates Chris (e)
- 20.10 What I Like About You (19:22)

Gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Þegar pabbi þeirra tekur starfstilboði frá Japan flytur unglingsstúlkun Holly inn til eldri systur sinnar, Valerie.

20.35 What I Like About You (20:22)

21.00 High School Reunion (2:6)

Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gómul mál.

► **22.00 Scream 2006**

Ný verðlaunaháttíð þar sem þeir sem hafa skarað fram úr í hrollvekjum, sci-fi og fantásíumyndum eru heiðraðir.

23.45 After Image

Spennumynd frá árinu 2001 skyggna konu sem fellur fyrir ljósmýndara lögreglunnar og saman leita þau að geðveikum morðingja. Aðalhlutverkin leika John Mellencamp og Terylene.

01.15 Dexter (e)

02.05 The Silvia Night Show (e)

02.35 Fyndnasti Maður Íslands 2007 (e)

03.35 Vörutorg

04.35 Tvöfaldur Jay Leno (e)

SKJÁR SPORT

- 11.45 Upphitun
- 12.15 Man. Utd. - Bolton (beint)
- 14.35 Á vellinum með Snorra Má
- 14.50 Chelsea - Sheff. Utd (beint)
- 16.50 Á vellinum með Snorra Má
- 17.05 Blackburn - West Ham (beint)
- 19.25 Sampdoria - Palermo (beint)
- 21.30 Charlton - Newcastle
- 23.30 Tottenham - Watford
- 01.30 Dagskrárlök

Ertu á leið í Leifsstöð?

Komdu við í nýrri og glæsilegri verslun

OPTICAL STUDIO Í LEIFSTÖÐ

15 MÍN. AFGREIÐSLA Á ÖLLUM AFGENGUSTU GLERAUGUM
SJÓNMÆLINGAR
LINSUR
SÓLGLERAUGU

Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSTÖÐ

Þjónusta- og ábyrgðaraðilar
Optical Studio Smáralind og Keflavík.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.25

Kappakstursbjallan Herbie

Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Lindsay Lohan í aðalhlutverki. Myndin er úr smíðu Disney og er ný mynd í hinum sívinsæla og sígilda myndaflokki um undrabílinn Herbie. Þótt hann sé bara lítill bjalla þá er Herbie ótrúlega góður kappakstursbíll, sérstaklega ef bílstjórinn er góður við hann og aðra. Herbie er nefnilega bíll sem hefur sjálfstæðan vilja, tilfinningar og getur meira að segja orðið skotinn í öðrum bílum. Aðalhlutverk: Matt Dillon, Michael Keaton, Lindsay Lohan. Leikstjóri: Angela Robinson.



Við mælum með CACHE Sjónvarpið kl. 22.30

Frönsk verðlaunamynd frá 2005 eftir Michael Haneke. George Laurent, sem er umsjónarmaður bókmennatáttar í sjónvarpi, fær sendar persónulegar kvikmyndir af sér og fjölskyldu sinni sem hafa verið teknar í laumi. Hann veit ekki hver sendandinn er en smám saman verða myndirnar persónulegri og líklegt er að sendandinn hafi þekkt George í nokkurn tíma. George stendur ekki á sama en þar sem ekki er um neinar beinar hótanir að ræða neitar lögreglan að hjálpa honum að komast til botns í málinu. Meðal leikenda eru Daniel Auteuil og Juliette Binoche.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45	Veðurfregnir	06.50	Bæn	07.00	17.05	Fimm fjórðu
Fréttir	07.05	Laugardagur til lukku	08.00	18.00	Kvöldfréttir	
Fréttir	08.05	Músik að morgni dags	09.00	18.25	Auglýsingar	
Fréttir	09.03	Út um græna grundu	10.00	18.26	Hlustir	
Fréttir	10.05	Veðurfregnir		18.52	Dánarfregnir og auglýsingar	
10.15	Krossgötur			19.00	Kringum kvöldið	
11.00	Vikulokin			19.30	Stefnumót	
12.00	Hádegisútvarp			20.10	Íslensk þjóðmenning - Uppruni Íslendinga	
12.20	Hádegisfréttir			21.05	Pipar og salt	
12.45	Veðurfregnir			22.00	Fréttir	
13.00	Laugardagsþátturinn			22.10	Veðurfregnir	
14.00	Til allra átta			22.15	Lestur Passíusálma	
14.40	Glæta			22.21	Flakk	
15.30	Með laugardagskaffinu			23.10	Danslög	
16.00	Fréttir			00.00	Fréttir	
16.08	Veðurfregnir			00.10	Útvarpað á samtengdum rásum	
16.10	Orð skulu standa					

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 08.30 PGA Tour 2007 - Highlights
- 09.25 Þýski handboltinn (Gummersbach - THW Kiel)
- 10.40 Pro bull riders (Phoenix, AZ - Phoenix Open)
- 11.35 World Supercross GP 2006-2007
- 12.30 NBA deildin (Milwaukee - San Antonio)
- 14.15 Þýski handboltinn (Hamburg - Flensburg) Bein útsending.
- 15.50 Iceland Expressdeildin 2007 (Keflavík - Snæfell) Bein útsending.
- 17.45 Götubolti
- 18.20 Spænski boltinn - upphitun
- 18.50 Spænski boltinn (Recreativo - Barcelona) Bein útsending. Eiður Smári Guðjohnsen er að stimpla sig inn í lið Børsunga eftir að hafa farið rólega af stað á nýju ári.
- 20.50 PGA Tour 2007 Bein útsending
- 22.50 Alí's 65th
- 23.40 Hnefaleikar (Erik Morales - MA Barrera)
- 01.00 Barrera vs Juan Marquez

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
- 21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

- 6.30 Gurli Gris 6.35 Noddy 6.50 Disney Sjov 7.50 Frikvartar 8.15 Kæra Sebastian 8.45 Dragejageme 9.10 Tróldspejlet 9.35 Lovens vogtere 10.00 Børneblæksprutten 10.15 Ungdómsprogram 10.30 Viften 11.00 TV Avisen 11.10 Poul Martinsen kavalkade 11.55 OBS 12.00 Boogie Listen 13.00 Danish Music Awards 2007 15.10 Hiv stikket ud med Master Fatman 16.10 Før søndagen 16.20 Held og Lotto 16.30 Kaj og Andrea 17.00 Når pandaen får tømmermænd 17.30 TV Avisen med vejret 17.55 SportNyt 18.30 Danni 19.00 Matador 20.00 Kriminalkommissær Barnaby 21.35 Liberty Stands Still 23.10 Den 11. time 23.40 Boogie Listen

NRK1

- 6.30 Pysjpopbaluba 6.31 Fiffi og blomsterbarna 6.40 Bosse 6.50 Harry med þetta full av dinosaurer 7.00 Mikkes klubbhus 7.40 Jubalong 8.20 Kári og Børni 8.45 NRKs sportslærdag 8.50 V-cup skiskyting 9.40 V-cup langrenn 11.25 V-cup skiskyting 12.15 V-cup langrenn 14.45 V-cup kombinert 14.55 V-cup kombinert 15.45 V-cup alpint 16.15 Sport i dag 17.00 Jubalong 17.30 Familien 18.00 Lördagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Hvilket liv! 19.25 Topp 10 20.30 Med hjertet på rette staden 21.15 Løvebakken 21.40 Veterinær på safari 22.10 Kveldsnytt 22.25 Salto, salmiakk og kaffe 0.05 Alfred Hitchcock presenterer

SVT 1

- 7.00 Bolibompa hlásar þá 7.01 Meckar-Micke 7.15 Dagens visa 7.20 Zoé Kézako 7.35 I Mumindalen 8.00 Karamelli 8.30 Sagotrædet 8.45 Klister 9.00 Skidskytte: Världscupen 10.00 24 Direkt: Socialdemokraternas extrakongress 11.50 Antikrundan 12.50 SM-final í bandy 15.00 Leende guldruna ögon 16.00 Sá ska det låta 17.00 Disneydags 18.00 Skokartongens hemlighet 18.25 Radiohjälpen: Världens bäst 18.30 Rapport 18.45 Sportnytt 19.00 Stina! 20.00 Brottskod: Försvunnen 20.45 The Robinsons 21.15 Bingo Royale 22.00 Rapport 22.05 Berlin Alexanderplatz 3.05 Sändningar från SVT24

Nýr Chevrolet Lacetti Station á aðeins 26.980,- á mán.*

- 100% fjármögnun.....
- Engin útborgun.....
- Í erlendri mynt, vextir 4,27%.....
- 3 ára ábyrgð.....



Chevrolet Lacetti frá GM stærsta bílaframleiðanda í heimi Verð: 1.899.000,-

**Engin útborgun...
...og þú ert kominn á nýjan fjölskyldubíl!**

Lacetti

Vertu klár – engin útborgun fyrir nýjan bíl

Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun og borgar aðeins 26.980 kr. á mánuði.

Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með 3ja ára ábyrgð og Chevrolet gæðastimplinum.

Vertu því klár, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.



Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000 www.benni.is Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahorníð hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ös, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.



CHEVROLET

*m.v. 84 mánaða bílaáætlun (erlendri mynt, vextir 4,27%) Aukbætur á mynd. Afkæmur

DYNAMO REYKJAVÍK

PERSÓNAN



Grímur Sigurðarson

Aldur: 29 ára.

Starf: Lögmaður á Opus.

Fjölskylda: Kvæntur Guðrúnu Helgadóttur, flugmanni hjá Atlanta.

Foreldrar: Sigurður Grímsson tæknifræðingur og Birna Pálsdóttir viðskiptafræðingur.

Búseta: Aðalstræti í Reykjavík.

Stjórnumerkir: Steingeit.

Grímur Sigurðarson og félagar hans á lögmannsstofunni Opus kynntu í vikunni þá nýjung að stofan verður opin að næturlagi.

Guðbjörg gerði mistök með skrifum sínum

„Staða Guðbjargar er óbreytt og hún má halda áfram að sinna kennslu í þeim námskeiðum sem hún er skráð fyrir,“ segir Þorbjörn Broddason, prófessor í félagsfræði og ábyrgðarmaður fyrir nám í fjölmiðlafræði til BA-prófs. Á vefsíðum í gær var því haldið fram að Guðbjörg Hildur Kolbeins hefði



LEKTOR Guðbjörg Hildur Kolbeins hefur ekki viljað tjá sig um málið við fjölmiðla.

sagt starfi sínu lausu sem stundakennari í fjölmiðlafræði í skeyti til nemenda en Þorbjörn segir það vera fjarri sannri. „Mér hefur í það minnsta ekki borist slíkt bréf. Og ég sem ábyrgðarmaður þessa náms myndi fá slíkt bréf,“ útskýrir Þorbjörn.

Hart hefur verið sótt að Guðbjörgu Hildi Kolbeins eftir að hún skrifaði færslu á blogg sínu sinni um forsiðu fermingarþækling Smáralindar. Mörgum þótti skrifin vera meiðandi og gróf og Fréttablaðið greindi nýverið frá því að foreldrar fyrirsætunnar íhuguðu að höfða meiðyrðamál á hendur Guðbjörgu. Þá hefur Háskólinn og fjölmiðlafræðin verið dregin inn í umræðuna og hann sakaður um

að hygla þessum skoðunum og að þær séu jafnvel runnar undan rifjum deildarinnar. Þorbjörn segir þetta af og frá. Þessi skrif hafi algjörlega verið á ábyrgð Guðbjargar og hafi ekkert með félagsvísindadeildina né Háskólann að gera. „Við kærur okkur ekkert um að vera bendluð við þessa umræðu,“ segir Þorbjörn en vill þó ekki meina að ástæða hafi verið til að ávíta Guðbjörgu fyrir skrif sín. Hann hafi heldur ekki rætt þetta við Guðbjörgu en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um stöðu hennar innan háskólans.

Þorbjörn viðurkennir að vissulega hafi Guðbjörgu orðið á með skrifum sínum en áréttar þó að hún hafi vakið máls á mjög mik-

ilvægum hlut sem sé sá boðskapur sem birtist í auglýsingum. Hvort hann teldi rétt að hún bæðist afsökunar sagði Þorbjörn: „Það verður hver að eiga það við sig hvort hann biðst afsökunar eða ekki.“ Ekki náðist í Guðbjörgu við vinnslu fréttarinnar.

ÞORBJÖRN BRODDASON Segir það ekki í sínu valdi hvort Guðbjörg biðjist afsökunar eða ekki.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 gáski 6 tónlistarmaður 8 hallandi 9 tímabils 11 klaki 12 fimur 14 rækilegar 16 skóli 17 örn 18 veitt eftirfor 20 stöðug hreyfing 21 þráður.

LÓÐRÉTT 1 ílát 3 í röð 4 baptisti 5 loka 7 hringur 10 forsögn 13 líða vel 15 titra 16 skref 19 í röð.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 skáli, 3 rs, 4 skirani, 5 lés, 6 kl, 8 ská, 9 árs, 11 ís, 12 lípur, 14 nánar, 16 fg, 17 arí, 18 elí, 20 íð, 21 taug.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Mona Sahlin
- 2 Bjarni Guðmundsson
- 3 Khalid Sheik Mohammed

SMÁUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir
150.000
gestir
daglega.**

**Stór-
markaður
í stofunni
heima.**

**PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

SVEINN ANDRI SVEINSSON: AÐDRÓTTANIR GRUNÐVÖLLUR FYRIR MÁLSÓKN

Jónas Freydal í meiðyrðamál við Tryggva í Fold

„Þetta eru alvarlegar aðdróttanir. Allsvakalegar. Og ljóst að skjólstaðingur minn ætlar ekki að láta þetta yfir sig ganga. Augljósasti kosturinn í stöðunni er að höfða meiðyrðamál,“ segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður.

Jónas Freydal, annar sakborninga í því sem kallað hefur verið Stóra málverkafölsunarmálið, hyggur á meiðyrðamál á hendur Tryggva Páli Friðrikssyni, listaverkasala í Galleríi Fold. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu bótafröfur nema tugum milljóna. Sveinn Andri segir að téð ummæli, sem hafa birst í Listapóstinum sem Galleríi Fold gefur út – meðal annars á netinu þar sem þau er enn að finna – hafi valdið Jónasi ómældum skaða en tilgangurinn með kærni sé tvíþættur. „Fá það tjón bætt sem menn verða fyrir og síðan kemur í ljós hvernig tekst að meta það tjón. Hitt er svo aðalmálið að menn þurfa að þola ómerkingu orða sinna og bera kostnað við að auglýsa þá ógildingu.“

Umræddar aðdróttanir í Listapóstinum taka til langs tíma en þar er oftlega varað við því að fólk eigi í viðskiptum við Jónas, sem kallaður er „hrappur“ og það fullyrt að hann sé falsari. Dæmi: „Síðan hófust falsanirnar fyrir alvöru. Pétur Jónas málaði myndir á færibandi, oft upp úr listaverkabókum, og Jónas Pétur var eins og þeyti-spjald um alla Danmörku að leita uppi myndir sem líktust verum íslenskra málara.“

Eru ummæli af þessu tagi að finna víða á myndlist.is en höfundar greina þar eru Jóhann Ágúst Hansen og Tryggvi Páll. Ábyrgðarmaður

TRYGGVI Í FOLD Segir Jónas hafa fengið dóma fyrir alls konar afbrot.



SVEINN ANDRI Jónas var sýknaður og samfélagið virkar ekki þannig að skotleyfi sé á menn sem hafi sætt ákæru.

Listapóstsins er Elín Björk Jónsdóttir, kona Tryggva.

Sveinn Andri segir algerlega borðleggjandi að þarna sé grundvöllur fyrir meiðyrðamál. Svo mörg og svæsin séu ummælin. Og vísar til þess að Jónas var sýknaður í Hæstarétti síðla í maí árið 2004. „Þótt mönnum sé í nöb við umbjóðanda minn er ekki þar með sagt að þeir hafi á hann skotleyfi. Þannig virkar samfélagið ekki.“

Að sögn lögmannsins er svo til sérstakrar skoðunar þáttur Ríkisútvarpsins í málinu en þangað inn virðast ýmis ummæli óvildarmanna Jónasar hafa runnið hindrunarlaust inn.

„Alveg klár afstaða í fréttaflytningi og virðist fréttastofa útvarps hafa misst fótanna í þessu listaverkamáli á sínum tíma,“ segir Sveinn Andri.

Jóhann Ágúst segir aðspurður að þessi væntanlega kærna komi flatt upp á sig. Og hann kannast ekki við að hafa vegið ómaklega að Jónasi með skrifum sínum á Listapóstinn.

„Ég get ekki ímyndað mér að ég hafi sagt eitthvað um hann sem ekki hefur verið sagt um hann einhvers staðar annars staðar. En okkur hefur ekki borist nein kærna enn og því erfið að kommentera á þessu stigi,“ segir Jóhann sem vill meina að engin óvild sé ríkj-



JÓNAS FREYDAL Lögmaður hans, Sveinn Andri, segir Jónas ekki ætla að láta þessar svakalegu aðdróttanir yfir sig ganga.



JÓHANN ÁGÚST Neitar því að Foldarfólki sé í nöb við Jónas Freydal.

andi í garð Jónasar frá Listapósts-fólki eða Galleríi Fold.

„Ég nenni nú ekki að ræða við þig um Jónas Freydal,“ segir Tryggvi í Fold og lætur sér hvergi bregða. En bætir þó þessu við: „Jónas Freydal hefur fengið dóm fyrir alls konar afbrot, meðal annars falsanir. Og það er ekkert flóknara. Það er eina sem þarf að hafa eftir mér í þessu.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri JPV útgáfu, hefur alið vel gullkálfi sinn og uppgötvun **Hugleik Dagsson** sem hefur verið iðinn við kolann. Forlagið hefur nú gert samning við Hugleik um útgáfu tveggja bóka til viðbótar og er sú fyrsta væntanleg ný strax í apríl og ber vinnuheitid Ókei bæ.



Og það er nákvæmlega það sem **Þórir Guðmundsson** á Vísi segir. Ókei bæ. Þó ekki við Vísi heldur Kompás þar sem hann hefur verið í ritstjórn. Eru kenningar uppi um að þar ráði nokkru ýfingarféttaskýringabáttarins við biskupsstofu en þar er kona hans, **Adda Steina Björnsdóttir**, talsmaður biskups. Herra **Karl Sigurbjörnsson** setti út á fréttaflytning **Kristins Hrafnsonar** um stöðu kirkjunnar í þættinum. Kristinn svaraði til baka með greinargerð um málið en ekki er að vænta frekari viðbragða frá biskupsstofu. Nema þá kannski þessara og þá með afar óbeinum hætti.



Og mikil spennan ríkir meðal starfsfólks Kaupþings fyrir ársráðið bankans í kvöld. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er Eurovision þema kvöldsins og hafa ýmsar bollaleggingar verið meðal starfsfólksins um hver verði leynigetur kvöldsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða það hinir síkátu og aldönsku Olsen-bræður sem stíga stökk undir kvöld og flytja lagið Fly on the Wings of Love en það naut mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum. Kaupþingsmenn vita sínu viti og kunna best við góð rauðvín sem eldast best enda er skemmst að minnast spilamennsku Duran í áramótaveislu Ármanns Þorvalds-sonar í London.



Flott að fá Emmy-verðlaun í afmælisgjöf

„Þetta er náttúrliga rosalega gaman en það hefur verið svo brjáláð að gera hjá mér að ég hef eiginlega ekki enn gert mér fyrir þessu,“ segir Máni Svavarsson en hann er tilnefndur til Emmy-verðlauna fyrir tónlistarstjórnun og tónverk í Latabæjarþáttunum.

Flokkurinn sem Máni er tilnefndur í er fyrir sjónvarps-efni að degi til og meðal keppinauta íslenska tónlistarmannsins er tónlist úr hinum geysivinsælu Sesam Street og Bratz. „Við erum á síðustu metrunum í framleiðslu næstu syrpu og þetta er góð innspýting fyrir þá vinnu,“ bætir Máni við. Hann hefur fengið gríðarlega mikið af heillaóskaskeytum

og þá sérstaklega frá samstarfsaðilum Latabæjar í Bandaríkjunum. „Fyrir þá er þetta stórmál enda eru þetta stærstu verðlaunin í bandarísku sjónvarpi þótt við á Íslandi höfum kannski ekki fylgst vel með þeim,“ segir Máni.

Verðlaunin verða afhent 15. júní og reiknar Máni fastlega með því að halda til Los Angeles og ganga niður rauða dregilinn með öllum hinum sjónvarpsstjórnunum fyrir framan Kodak Center, sömu höll og Óskarinn er afhentur. „Ef ekki núna hvenær þá?“ segir Máni en svo skemmtilega vill til að tónskáldið fagnar fertugsafmæli sínu sama dag. „Vonandi fær maður því bara verðlaunin í afmælisgjöf, það væri nú varla hægt að

hugsa sér betri gjöf,“ segir Máni og hlær.

Latabæjarþættirnir eru því komnir með tvær tilnefningar til Emmy-verðlaunanna en þeir Magnús Scheving og Jonathan Judge voru sem kunnugt er tilnefndir fyrir leikstjórn þáttarins í sérstökum barnaflokki Emmy. Þá hefur þátturinn gert strandhögg á breskri grundu og tókst smáskífurni Bing Bang að komast í fjórða sæti smáskífulistans þar í landi auk þess sem stefnan er sett á að koma á fót orkuátaki meðal breskra barna.

-fgg

MÁNI SVAVARSSON Fagnar fertugsafmæli sínu á sama tíma og Emmy-verðlaunin eru afhent.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Vinsælustu kiljurnar

Viltu vinna milljarð?

1. sæti*



Flugdrekahlauparinn

4. sæti**

Skipið

2. sæti**



Franskar konur fitna ekki

Komin aftur í kilju



Alkemistinn

10. sæti**

Ellefu mínútur

Komin aftur í kilju



Munkurinn sem seldi sportbílinn sinn

9.000 eintök seld

Dexter í dimmum draumi

Núna á Skjá einum

Lestu á lægra verði!

JPV

JPV ÚTGÁFA

*Metsölulisti Eymundsson - 7. mars - Aðallisti

**Metsölulisti Eymundsson - 7. mars - Skáldverk - kiljur

www.jpv.is



BAKÞANKAR

**GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR**

Stríðið

Nú eru um það bil fjögur ár síðan ég rölti ásamt Tóta félaga mínum niður á Lækjartorg í mildu veðri á föstudegi, í kaffipásu frá vinnu, til þess að mótmæla stuðningi Íslands við innrásina í Írak. Þarna var talsvert af fólki. Búið var að setja upp pall og þar voru ræður haldnar. Skeggjaður smiður fór þarna í forsvari og talaði sköruglega yfir hópinn. Síðar um daginn gerðu nokkrir menn (ekki ég og Tóti samt) sér lítið fyrir og máluðu slagorð gegn stríðinu með rauðri málningu á Stjórnarráðið.

YFIR áttatíu prósent þjóðarinnar voru á móti stuðningnum við innrásina. Sameinuðu þjóðirnar voru á móti þessari innrás og vopnaleitarmenn í Írak og sérfræðingar í málefnum þess, eins og Hans Blix og fleiri, voru á móti. En samt einhvern veginn gerðist hið undarlega, hið gjörsamlega ófyrirsjáanlega, á einum eftirmiðdegi: Íslendingar studdu þetta stríð. Voru komnir á lista yfir svokallaðar staðfastar þjóðir sem vildu fara með hernaði, í trássi við alþjóðalög, á hendur öðru ríki.

ÞETTA var grundvallarbreyting á allri utanríkisstefnu Íslands. Andstaðan við þessa ákvörðun magnaðist, en samt einhvern veginn gerðist ekki neitt. Sama ríkisstjórnin hélt velli áfram. Og svo sagði forsætisráðherrann að allt væri í stakasta lagi í Írak og að þeir sem væru á móti þessum stuðningi væru afturhaldskommatittir. Og svo kom annar forsætisráðherra og sagði að stuðningur okkar skipti engu máli vegna þess að við sem þjóð skiptum engu máli á alþjóðavettvangi hvort sem er.

MENN hafa farið undan í flæmingi í allar áttir með þennan stuðning, en eitt stendur eftir kristaltært: Kröfu okkar afturhaldskommatitta um að stuðningur Íslendinga við þetta stríð verði dreginn til baka hefur alls ekki verið sinnt. Þvert á móti hafa yfirvöld beinlínis lagt fé í flutning stríðsgagna til Íraks, um 44 milljónir á síðasta ári samkvæmt fréttum. Við erum beinir, blygðunarlausir, þátttakendur eftir sem áður.

UM 750 þúsund manns hafa látið í stríðinu í Írak. Það er tvöföld íbúatala Íslands og ríflega það. Upplýsingar streyma fram á sjónarsviðið í hverjum mánuði um það hvernig rökstuðningur hinna staðföstu fyrir innrásinni var byggður á lygum og blekkingum, eins og margir reyndar vissu alla tíð. Þetta voru staðfastar blekkingar.

EN það er eins og allt þetta bíti ekki neitt. Nú tala menn bara um að ráðast inn í Íran, eins og svoléiðis innrás sé upplagt og elegant næsta verkefni. Mér er spurn: Mun þá sagan endurtaka sig? Stigvaxandi lygar og blekkingar. Stuðningur Íslands. Mótmæli á föstudegi. Skeggjaður smiður. Málning á stjórnarráðið. Áttatíu prósent á móti. Ráðherra hrópar „Afturhaldskommatittir“. Um 750 þúsund manns deyja og enginn axlar ábyrgð á neinu? Ef öflin sem flæktu okkur í Íraksstríðið vilja ekki gera þann stuðning sinn upp, hver er þá tryggingin fyrir því að þau flæki okkur ekki í stríð við Íran líka?

Bjart og ferskt

SVEPA kanna 1 l 195,-

DIOD glas 25 cl ýmsir litir 195,-

995,-

KAVALKAD 3 pottar, 1 l, 1,5 l og 2 l hentar fyrir gas-, keramik- og járnhellur

PLASTIS ísmolabox 18x18 cm ýmsir litir/ýmsar gerðir 150,-

CHARMÖR hliðardiskur 11x21 cm 250,-
CHARMÖR djúpur diskur 21x21 cm 495,-
CHARMÖR skál 15x15 cm 295,-
Einnig til í hvítu

SYNTES skál Ø14 cm 195,-

CHARM eplaskeri Ø10,5 cm 295,-

ALLESBY vinda Ø24, H15 cm 595,-

IDEALISK tesía 195,-

KONTRA espressóboli m/undirskál 195,-

SLIPAD hnifastandur 5 hnifar, marglitað 1.390,-

AKUT eldhúshöld 3 stk. 75,-

IKEA/365+ sykurkar/rjómakanna/bakki/sykurtöng 995,-

EDERA servíettur 33x33 cm 295,-

HÄLSA hitabúsi úr stáli 0,5 l 595,-

LENA metravara B150 cm, ýmis mynstur 595,-

**Tilfni til breytinga
Dagana 8. mars - 22. apríl**

<p>Morgunmat frá kl. 9:00 - 11:00 mánudaga - laugardaga</p> <p>195,-</p> <p>IKEA Restaurant & Café</p>	<p>Kryddbakaður lax með graslaukssósu, kartöflum og grænmeti</p> <p>490,-</p> <p>IKEA Restaurant & Café</p>	<p>IKEA</p> <p>Opið virka daga 10.00 - 20.00 Opið laugardaga 10.00 - 18.00 Opið sunnudaga 12.00 - 18.00</p> <p>Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun</p> <p>www.IKEA.is</p>
---	--	--